# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **8. desember 2012** | 289. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




# ÁST OG SANNGIRNI

**Arnar Bjarnason og Rakel Halldórsdóttir hafa verið saman í 21 ár, eiga fimm börn og reka verslunina Frú Laugu saman. Á námsárunum á Ítalíu kynntust þau bændamörkuðum og fyrir þremur árum létu þau þann draum rætast að ráðast í rekstur slíks markaðar í Reykjavík.** 30

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








UNNUR BIRNA 110



LÍF Í BLOKK 74

**3 SÉRBLÖÐ**

Myndavélar | Fólk | Atvinna
















**DÝRASTA BÓKIN UM LAX SELD Á EBAY 4**

**SÖNNUNARBYRÐIN ER KOMUFARPEGANNA 6**

**ENGIN SORPA, BANKI, VÍNBÚÐ EÐA PÓSTUR Í GRAFARVOGI LENGUR 8**

„Það ætti að loka þessum verksmiðjum en það er ekki auðvelt verk.“ 12

Kalpona Akter um fataverksmiðjur í Bangladess

## SKOÐUN 16→27



**FJÁRLÖG OG VERÐBÓLGA 16**
Þorsteinn Pálsson um fjárlögin.

**ÚTRÝMUM KYNBUNDNU OFBELDI 18**
Þögnin hefur verið rofin, skrifar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

**MIKILVÆGI HLUTABRÉFASKRÁNINGA 22**
Páll Harðarson um hlutabréfamarkaðinn.

## HELGIN 28→68



**TÚRANDI ÆTTARMÓT 28**
FM Belfast komin á kreik eftir barneignarleyfi.

**BÆKUR Í BÍÓ 38**
Tugir íslenskra skáldsagna bíða þess að vera kvikmyndaðir.

**BABB Í BJÖRGUNARBÁTINN 42**
Björgunarskip Landsbjargar þarfnast endurbóta.

**HÚSIN Á EYRINNI 46**
Arkitektúr 19. aldar nýtur sín á Ísafirði.

**UMSLÖG ÁRSINS 50**
Plötuumslög ársins tekin til kostanna.

**KRAKKASÍÐA 66**

**KROSSGÁTA 68**

**JÓLAMYNDIR HARÐHAUSANNA 56**
Bíómyndir fyrir fullorðin jólabörn.



## MENNING 74→110



**SAGA UM SÖGU 76**
Ritdómur um Fjarveru Braga Ólafssonar.

**BLÍÐA AÐ BJÓÐA 82**
Lilja Nótt Þórarinsdóttir flytur einleik um vændi.

**SKREYTUM HÚS ... 96**
Saga jólatrjánna rakin.

**UPPGJÖR Á ÁRAMÓTUM 110**
Áramótabomba Mið-Íslands og Önnu Svövu til höfuðs Skaupinu.

## SPORT 102→104



**RÚSSAR ENN MEÐ FAST TAK 102**
Íslenska kvennalandsliðið úr leik á Evrópumótinu í handbolta eftir tap gegn Rússlandi.

**MANCHESTER MUN NÖTRA 104**
Stórslagur ársins í enska boltanum á morgun þegar Manchester United og Manchester City mætast.

AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 30%

LJÓSAKRÓNA

VERÐ 49.900,- TILBOÐ 34.900,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF



## FIMM Í FRÉTTUM HRYÐJUVERKAÓGN OG HANDBOLTI



**Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, bar vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í svokölluðu Vafningsmáli sérstaks saksóknara.



**Jón F. Bjartmarz**, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, ræddi í vikunni um hryðjuverkaógn á Íslandi, sem hann telur umtalsverða.



**Guðríður Arnardóttir**, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, hefur í vikunni staðið í orðasennu við Gunnar Birgisson, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um samskiptahefðina í bæjarstjórn Kópavogs.



**Jón Ólafsson** athafnamaður var í vikunni dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða Landsbankanum 455 milljónir króna, auk dráttarvaxta.



→ **Hrafnhildur Skúladóttir**, fyrirliði íslenska landsliðsins í handknattleik, hefur haft í nógu að snúast vegna Evrópumeistaramótsins í Serbíu sem stendur yfir þessa dagana. Gengi liðsins hefur ekki verið eins gott og vonir stóðu til.



**BJARGAÐ** Slökkviliðsmenn reistu stiga við húsið svo að maðurinn, sem var í íbúð á þriðju hæð, gat komist út um glugga og niður. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

# Íbúar sannfærðir um að kveikt hafi verið í

Íbúar við Laugaveg 51 eru sannfærðir um að kveikt hafi verið í húsnæðinu í gær. Manni var bjargað út um glugga á þriðju hæð. Allt húsið mikið skemmt af reyk. Mikið tjón í versluninni Maníu. Íbúi hefur farið fram á endurbætur síðan 2005.

**BRUNI** Íbúar við Laugaveg 51 auk eiganda verslunar þar segja íkveikju það eina sem komi til greina að hafi átt sér stað þegar eldur braust út í mannlausri íbúð á annarri hæð hússins upp úr hádegi í gær. Ekkert rafmagn hefur verið á íbúðinni í nokkra mánuði.

Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til þegar vegfarendur sáu mikinn reyk stíga út um glugga húsnæðisins. Manni var bjargað við illan leik út um glugga á þriðju hæð og var hann fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar. Allt húsið er mikið skemmt af reyk.

Verslunin Manía er á jarðhæð hússins og urðu miklar skemmdir á henni af völdum vatns og reyks. María Birta Bjarnadóttir, eigandi verslunarinnar, segist enga skýringu geta fundið á eldsupptökum aðra en íkveikju.

„Það er ekkert annað sem kemur til greina. Íbúðin hefur verið mannlaus í svo langan tíma. Það er ekki einu sinni rafmagn á henni,“ segir hún. Að hennar sögn eru einungis tveir sófar, borð og eitt rúm inni í íbúðinni, en hún fór þangað inn fyrir nokkrum dögum. Hún hefur enga hugmynd um hver gæti verið þar að verki.

Starfsfólk Maníu var í óða önn í gær að bjarga verðmætum í gær. Stórt gat var gert í loftið til að hleypa vatni niður og mikla reykjarlykt lagði um allt rýmið. Óvíst er hvenær verslunin verður opnuð á ný, en María er tryggð fyrir tjóninu.

Friðrik Guðmundsson, íbúi á efstu hæð hússins, er sammála Maríu um að ekkert annað komi til greina en að kveikt hafi verið í. „Þetta var íkveikja. Það er ekkert rafmagn á íbúðinni og fólk hefur verið að valsa þarna út og inn í langan tíma. Alls konar fólk og margir með lykla,“ segir hann. „Ég er búinn að berjast gegn því frá árinu 2005 að það sé búið í þessu skrifstofuhúsnæði sem uppfyllir engin lagaleg skilyrði um slíkt. Ég hef verið í samskiptum við byggingafulltrúa borgarinnar í fjölda ára varðandi þetta, en hann hefur aldrei gert neitt í málinu. Svo endar þetta svona.“

Fleiri íbúar sem Fréttablaðið ræddi við voru á sömu skoðun og Friðrik og María. Slökkviliðsmenn á svæðinu vildu þó ekki taka undir grunsemdir íbúanna, en sögðu málið fara í rannsókn til lögreglu sem myndi skera úr um eldsupptök.

> Þetta var íkveikja. Það er ekkert rafmagn á íbúðinni og fólk hefur verið að valsa þarna út og inn í langan tíma. Alls konar fólk og margir með lykla.
>
> *Friðrik Guðmundsson, íbúi á efstu hæð*

sunna@frettabladid.is



NÝTT KORTATÍMABIL
OPIÐ TIL 22
Í KVÖLD
Laugardagur Opið 10-22
13.00 Gói, Þröstur Leó og Hinn eini sanni jólaandi
14.00 Einar Mikael sýnir magnaðar sjónhverfingar og sagar konu í sundur!
Einar Mikael áritar dvd diskinn Hókus Pókus í Hagkaupum kl. 15.00
15.00 Íþróttaálfurinn og Solla stirða sprella með krökkunum
15.15 Dregið út í Jólin á einu bretti í beinni útsendingu Rásar 2
16.00 Helgi Björns syngur vel valin lög
Sunnudagur Opið 13-18
14.00 Flautukór SK
15.00 Skoppa og Skrítla bregða á leik
16.00 Ingó og jólasveinar í jólagír
Kaffitár
Ilmandi aðventukaffi og ljúffengar piparkökur alla helgina í boði Kringlunnar og Kaffitárs
JÓLASVEINAR
heilsa upp á krakkana og bjóða upp á myndatöku með sér á milli 14 og 16 alla helgina.
JÓLAGJAFA-HANDBÓK KRINGLUNNAR ER KOMIN ÚT
Má einnig sjá á kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

## 1.12.2012 → 7.12.2012



**375 þingræður** voru haldnar um fjárlagafrumvarpið og **128 athugasemdir** gerðar við þingræðurnar.



**19**
**22**
Íslenska kvennalandsliðið tapaði fyrir Rúmeníu.



**550 KÍLÓ**
af kannabis hafa verið haldlögð af lögreglu á síðustu fimm árum.



**2,2% hagvöxtur**
Greining Danske Bank spáir 2,2% hagvexti á næsta ári.




Áætlað er að **230 ÞÚSUND LÍTRAR** af sterku áfengi seljist á árinu, 40% minna en árið 2008.



Bandarískt vélmenni sló met þegar það synti 16.668 kílómetra á rúmlega einu ári.

**16.668 KÍLÓMETRAR**



**68%** af gestum Sundhallarinnar eru karlmenn.

Borgaryfirvöld áforma nú **2.500** manna byggð í stað **18.000** manna byggðar sem lagt var upp með í Úlfarsárdal.






Hæsta tréð á Íslandi er 25 metra hátt. Árið 1900 var hæsta tréð 8 metrar.

**6 TIL 9 ÁR**
gætu liðið þar til boraðar verða tilraunaholur til að leita að olíu á Drekasvæðinu.



# Aldrei skrifuð dýrari bók um lax

Bókin Salmon – Salmon: With a Chapter on Iceland er nú til sölu á eBay fyrir 400 þúsund krónur. Bókin var gefin út í 100 eintökum árið 1979. Kristján Eldjárn fekk fyrsta eintakið og Karl Bretaprins annað. Bókin er prentuð á 100 prósenta bómullarpappír, sem er afar sjaldgæft.

**BÆKUR** „Ég held mér sé óhætt að segja að það hafi aldrei verið skrifuð dýrari bók um lax og hún stendur vel undir verðmiðanum. Þetta er afskaplega vönduð bók," segir Haraldur Stefánsson, fyrrverandi slökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli.

Haraldur er góðvinur Bandaríkjamannsins Joseph P. Hubert, sem árið 1979 gaf út bókina Salmon – Salmon: With a Chapter on Iceland, en eitt eintak bókarinnar er nú til sölu á uppboðsvefnum eBay á 3.250 dollara eða um 400 þúsund krónur.

Hubert veiddi mikið á Íslandi og varð hugfanginn af laxveiðiám landsins en hann veiddi oftar en ekki með Haraldi. Hubert býr nú í Duluth í Minnesota. Haraldur segir að hann sé hættur að veiða enda kominn á níræðisaldur.

Bókin var aðeins gefin út í 100 eintökum og eru þau öll tölusett. Fyrsta eintakið var afhent Kristjáni Eldjárn, forseta Íslands, en það eintak er nú geymt í lokaðri geymslu í Þjóðarbókhlöðunni. Bókin er ekki til útláns en fólk getur samt að sjálfsögðu fengið að skoða hana á bókasafninu.

Karl Bretaprins fékk bók númer tvö og Mamie Eisenhower, ekkja Dwight Eisenhower, fékk bók númer þrjú sem nú er geymd í bókasafni Hvíta hússins. Haraldur fékk síðan sjálfur bók númer fjögur. Fimmta eintakið er á bókasafni Atlantic Salmon Federation og það sjötta á bókasafni bandaríska þingsins.

Mikið hefur verið lagt í útgáfu bókarinnar. Hún er prentuð á pappír sem er unninn úr 100 prósenta bómull. Í henni eru veiðikort, vegakort og blátt innsigli með skógarhanafjöður. Þá er bókin myndskreytt með tuttugu fallegum teikningum eftir hinn sænskættaða Harvey D. Sandström. Í bókinni eru enn fremur tíu ljósmyndir af laxaflugum og eru þær prentaðar á ljósmyndapappír.

Fyrstu fjórir kaflar bókarinnar fjalla um laxveiði almennt, til dæmis veiðitækni og búnað. Síðustu fimm kaflarnir fjalla síðan um laxveiði á Íslandi og er sérstaklega fjallað um fjórar ár; Laxá í Dölum, Grímsá, Norðurá og Miðfjarðará.

Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxa (NASF), kannast ágætlega við Hubert en hefur ekki heyrt í honum í mörg ár.

„Ég hef séð þessa bók og hún er mjög glæsileg," segir Orri. „Ég get vottað það að Hubert er mjög fær veiðimaður þó að hann sé nú svolítill furðufugl eins og reyndar margir veiðimenn. Ég veiddi meðal annars með honum í Hítará og Hann nálgaðist veiðina þannig að hann reyndi ávallt að koma sér í stöðu sem næst fiskinum til að geta kastað stutt."

**trausti@frettabladid.is**

> **Ég get vottað að Hubert er mjög fær veiðimaður þó að hann sé nú svolítill furðufugl eins og reyndar margir veiðimenn.**
> *Orri Vigfússon, formaður NASF*





**BERGHYLUR Í NORÐURÁ** Bókin er myndskreytt með teikningum eftir hinn sænskættaða Harvey D. Sandström sem kom til Íslands með Hubert þegar þeir unnu að gerð bókarinnar. Sandström er fæddur í Minnesota eins og Hubert.

## Prentuð á 100 prósenta bómullarpappír

Bókin er prentuð í Bandaríkjunum á 100 prósenta bómullarpappír. Kristín Michelsen, skrifstofustjóri hjá Hvítlist, segir algengt að bækur séu prentaðar á blandaðan pappír þar sem bómullarhlutfallið er í kringum 10 til 15 prósent. Hún segist ekki vita til þess að bækur hafi verið prentaðar hérlendis á 100 prósenta bómull. „Þessi pappír er dýr og almennt ekki notaður í bækur nema þá mjög fínar bækur. Bómullin gerir pappírinn mjög mjúkan og það er til dæmis mjög gott að þrykkja á þennan pappír."



**INNSIGLI** Bókin er með innsigli yfir skógarhanafjöður. Þessi mynd er af bókinni sem er í Þjóðarbóklöðunni og merkt númer 1.

### → Frétt frá 1979

Hér sést Haraldur Stefánsson afhenta Kristjáni Eldjárn fyrsta eintakið.


Íslenzku þjóðinni þakkað!

### → Fluguspjald fylgir

Með bókinni fylgja leiðbeiningar um hvernig velja á flugu eftir veðri.




### → Kort af fjórum ám

Í bókinni eru veiðikort af Norðurá, Grímsá, Laxá í Dölum og Miðfjarðará.








## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SNJÓKOMA** NA-til í dag en ekki víst að það verði mjög jólalegt þar sem vindur verður allhvass eða hvass A-lands. Kólnar í veðri í dag. Hægir um á morgun og víða bjartviðri en þykknar upp V-til síðdegis. Slydda V-lands á mánudag en þurrt að kalla A-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 0° | Gautaborg | -1° | London | 4° | Orlando | 26° | San Francisco | 15° |
| Basel | 5° | Frankfurt | -2° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 15° | Ósló | -8° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | -3° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 22° | New York | 10° | París | 3° | | |




**Á morgun**
Strekkingur A-til en annars hægviðri.




**Mánudagur**
8-13 m/s SV til, annars hægari.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Útsölustaðir: Skútuvogur, Grafarholt, Selfoss, Akureyri, Egilsstaðir, Hvolsvöllur, Vestmannaeyjar og Reyðarfjörður
STÆRRI JÓLATRÉ, LÆGRA VERÐ
RISASTÓR JÓLATRÉ
AÐEINS 9.990 KR
Sérvalinn úrvals Normannsþinur
200-250 cm.
JÓLATRÉ
notaðu ávísunina!
2.000,-
Handhafa
Tvöþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.
Þú átt ávísun
notaðu hana um helgina
rennur út á mánudag!
25% afsláttur
AF ÖLLUM ÚTISERÍUM*
JÓLA HAND BÓKIN
2.000 kr. ávísun á bakhlið jólahandbókarinnar, sem kom til þín í vikunni.
JÓLASVEINAR
SKEMMTA BÖRNUNUM
Í SKÚTUVOGI
laugardag kl. 15:00
sunnudag kl. 15:00
JÓLAHLAÐBORÐ
HÚSASMIÐJUNNAR SKÚTUVOGI
ALLA HELGINA
kl. 12-14 og 18-20.
VIRKA DAGA KL. 18-20
Aðeins 1.490kr
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
LÆGSTA LÁGA VERÐ
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“

Búin að vera föst í tæpt ár:

# Komin heim frá Kólumbíu

**SAMFÉLAGSMÁL** Hjónin Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir og Friðrik Kristinsson eru komin heim til Íslands með dætur sínar tvær, sem þau ættleiddu frá Kólumbíu.

Fjölskyldan hafði verið föst í Kólumbíu í tæpt ár vegna hremminga fyrir dómstólum. „Við erum svo glöð að vera komin heim með dætur okkar. Okkur finnst við vera svo óendanlega rík og erum svo þakklát fyrir yndislegu stelpurnar okkar.“ skrifuðu hjónin í fyrrakvöld. - þeb

Farþegi hlúði að konu eftir að hún varð fyrir strætisvagni í Kópavogi í gærmorgun:

# Kona á níræðisaldri þungt haldin á spítala

**SLYS** Kona á níræðisaldri lá í gærkvöldi þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítalans eftir að hafa orðið fyrir strætisvagni í Kópavogi um níuleytið í gærmorgun. Konan slasaðist mikið og hlaut töluverða áverka.

Franz Gunnarsson var farþegi í strætisvagninum þegar slysið varð. „Bílstjórinn snögghemlaði og við fundum högg þegar hann keyrði á konuna. Hann greinilega sá hana ekki, hún var klædd í dökk föt og það var dimmt,“ segir hann. „Ég hringdi á sjúkrabíl og hlúði að konunni þar til hún komst til meðvitundar og þeir mættu á staðinn, en það blæddi annaðhvort úr höfðinu á henni eða munni. Hún hefur fengið högg við að lenda á jörðinni.“

Að sögn Franz var bílstjóranum verulega brugðið, sem og öllum þeim fáu farþegum sem í vagninum voru. „Hann var ekki á mikilli ferð, en náði ekki að hemla alveg niður. Þetta hefði þó getað farið verr. Krökkunum í vagninum var verulega brugðið og ég reyndi að útskýra fyrir þeim hvað sjúkraflutningamennirnir voru að gera,“ segir hann. „Bílstjórinn var í miklu uppnámi. Maður heyrði ópin í honum áður en bíllinn skall á henni, þegar hann var að hemla sá hann í hvað stefndi.“ Konan var að ganga yfir götu við Engihjalla, en þar var ekki gangbraut. Að sögn Franz var mikil umferð á svæðinu og konan hefur greinilega ekki tekið eftir vagninum.

Ekki fengust upplýsingar um líðan konunnar í gærkvöldi. - sv



**KEYRT Á KONU** Kona á níræðisaldri varð fyrir strætisvagni og slasaðist alvarlega í Kópavogi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI






# Sönnunarbyrðin er á komufarþegunum

Þó ekki sé hægt að skylda farþega til að hafa kvittanir með öllum hlutum sem þeir tóku með sér að utan er það þeirra að sanna við heimkomu að þegar hafi verið greidd af þeim gjöld. Tollstjóri segir alla hluti í raun vera tollskylda við komuna.

**TOLLAMÁL** Sönnunarbyrði vegna uppruna þeirra hluta sem farþegar koma með til landsins liggur hjá þeim sjálfum, en ekki tollgæslunni. Tollstjóri segir að í grunninn sé um að ræða kröfu farþega um tollfrelsi og því heyri það upp á þá að sýna fram á að þeir eigi rétt á því. Talsmaður neytenda segir hæpið að ganga svo gegn hagsmunum neytenda.

Tollgæslan beinir þeim tilmælum til þeirra sem fara utan með verðmæti, sem eru tollskyld að þau taki með sér kvittun eða annars konar sönnun um að greitt hafi verið tilheyrandi aðflutningsgjöld af viðkomandi hlut.



SNORRI OLSEN



GÍSLI TRYGGVASON

Snorri Olsen tollstjóri játar því að í raun sé ekki hægt að skylda fólk til þess að taka kvittanir með sér til að sanna uppruna vöru. Málið þurfi þó að skoða á réttum forsendum.

„Almenna reglan er sú að allt sem þú tekur með þér til landsins er tollskylt. Undanþágan, samkvæmt lögum, er að ferðamenn njóta tollfrelsis upp að ákveðnu marki. Ef verðmæti vörunnar er umfram það, þarf viðkomandi að sýna fram á að búið sé að greiða af henni. Ef því væri farið á hinn veginn væri útilokað að við gætum stoppað nokkurn einasta mann í svona málum.“

Snorri segir þó að ef ferðamaður er stöðvaður með vöru, til dæmis myndavél, sem er augljóslega ekki nýkeypt, geti það verið trúverðugt og ekkert væri þá gert í málinu. Tollverðir taki afstöðu til hvers tilfellis og ef svo vill til að vafi leikur á um fullyrðingu ferðamannsins, er varan tekin af viðkomandi, tímabundið. Þá fær hann tækifæri til að finna kvittun eða aðra sönnun fyrir því að sannarlega sé búið að greiða aðflutningsgjöld af vörunni og fær hana þá aftur.

„Geti viðkomandi alls ekki sýnt fram á með nokkrum hætti að búið sé að greiða af hlutnum, þá ber hann því miður hallann af því og ég skil vel að menn geti orðið sárir yfir því.“

Fyrir nokkrum árum var hægt að skrá hluti hjá tollinum áður en haldið var utan, en Snorri segir að jafnvel það hafi ekki falið í sér sönnun um að gjöld hafi verið greidd og því standi slíkt ekki lengur til boða.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir aðspurður að almennt finnist honum ekki þess háttar fyrirkomulag réttlátt. „Það er hæpið að snúa alveg við sönnunarbyrðinni fyrir því að neytandi hafi keypt vöru áður en hann fór úr landi. Alla vega ekki án þess að bjóða upp á einfalda málskotleið til óháðs aðila. Hagsmunir einstaklinga fyrir því að fá að kaupa og fara með hluti úr landi og aftur heim hljóta að vega þyngra en skattheimtuhagsmunir ríkisins.“ thorgils@frettabladid.is




**Í TOLLINUM** Þó að ekki sé hægt að skylda farþega við komuna til landsins til þess að framvísa kvittunum fyrir vöru sem þegar hafa verið greidd af aðflutningsgjöld er það þeirra að sanna að svo hafi verið gert. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> **Geti viðkomandi alls ekki sýnt fram á með nokkrum hætti að búið sé að greiða af hlutnum, þá ber hann því miður hallann af því og ég skil vel að menn geti orðið sárir yfir því.**
>
> *Snorri Olsen tollstjóri*






Orðið við óskum um auknar heimildir til netaveiða á síld á Breiðafirði:

# Bætt við 300 tonnum í netin

**SJÁVARÚTVEGUR** Ákveðið hefur verið að bæta 300 tonnum við heimildir til síldveiða með reknet í Breiðafirði og telst það lokaúthlutun þessa fiskveiðiárs. Heildarmagnið er þá orðið 900 tonn.

Undanfarin tvö fiskveiðiár hafa verið stundaðar veiðar á síld í reknet á Breiðafirði að haustlagi og fyrri part vetrar. Síldveiðar bæði stórra og smárra báta á Breiðafirði nú í haust hafa gengið vel, og þá virðist sýking í síldinni heldur á undanhaldi.

Bæjarstjórn Stykkishólms hafði fyrr í vikunni skorað á ráðherra að auka síldarkvóta til netaveiða á Breiðafirði. Í áskorun bæjarstjórnar segir að öll rök séu fyrir því að hagkvæmt og rétt sé að heimila síldveiðar smábáta í net í mun meira magni en gert er.

„Netaveiðarnar eru umhverfisvænar og koma sjómenn með gæðahráefni til vinnslu. [...] Þegar fyrirkomulag veiða og vinnslu er með þessum hætti er verðmætaog atvinnusköpunin eins og best verður á kosið,“ segir í bréfi bæjarstjórnar. - shá



**Í HÖFN** Mikill áhugi er á síldveiðum í net á Breiðafirði, sem kristallast í ákvörðun um aukinn kvóta.

# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 6. - 9. desember afnemum við VSK* af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

**NÝTT VISATÍMABIL**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.




*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. desember.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**LANDSBANKINN** Bankarnir hafa flutt sig um set einn af öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**VÍNBÚÐ** Í þessu húsnæði var Vínbúðin þar til henni var lokað árið 2009. Þá stóð til að finna nýtt og stærra húsnæði fyrir Vínbúðina í hverfinu, en af því hefur ekki orðið.




# Engin Sorpa, banki, vínbúð eða póstur

**Síðustu misseri hefur ýmsum þjónustustofnunum og fyrirtækjum verið lokað í Grafarvogi. Íbúar óttast að fleiri gætu fylgt í kjölfarið.**

„Við höfum verið að velta þessum málum fyrir okkur alveg frá því að Sorpa var flutt úr hverfinu, því hér eru tvær sorpvinnslustöðvar en íbúar þurfa að fara út úr hverfinu með úrgang. Sorpið er svo flutt aftur inn í hverfið til að vinna það og svo aftur út,“ segir Elísabet Gísladóttir, formaður íbúasamtaka Grafarvogs.

> **Þegar verið er að skipuleggja þessi hverfi er gert ráð fyrir þessari þjónustu.**
>
> *Elísabet Gísladóttir, formaður íbúasamtaka Grafarvogs.*

Á síðustu misserum hafa ýmiss konar þjónustustofnanir lokað útibúum sínum í Grafarvogi. Þar er nú engin Sorpa, enginn banki, engin lögreglustöð, engin vínbúð og ekkert pósthús. Grafarvogur er næstfjölmennasta hverfi borgarinnar á eftir Breiðholti, en þar búa rúmlega átján þúsund manns. „Ég tók þetta fyrir á fundi hverfaráðs og spurði hvað borgin sæi sér fært að gera til að þróunin verði ekki þessi í stóru hverfum borgarinnar, að þau séu bara svefnhverfi. Þegar verið er að skipuleggja þessi hverfi er gert ráð fyrir þessari þjónustu.“ Elísabet segir íbúa hafa verið mjög undrandi yfir þessari þróun í hverfinu. Margir sem búi í Grafarvogi hafi flust þangað einmitt vegna þess að þar eru lítil hverfi og nærþjónusta. „Borgin segist ekkert geta gert í þessu. Það er spurning hvort það þurfi ekki að endurskipuleggja borgir og hverfi.“

Hún bendir einnig á að borgaryfirvöld vilji draga úr umferð. „En þetta þýðir hins vegar að maður þarf að fara úr hverfinu til að sækja alla þjónustu.“ Að auki óttast hún að minni þjónusta þessara stofnana og fyrirtækja muni hafa þær afleiðingar að fleiri fari úr hverfinu. Þegar fólk þurfi að sækja ákveðna þjónustu út úr hverfinu nýti það tímann og sinni öðrum erindum á sama stað.

thorunn@frettabladid.is



**PÓSTURINN OG BANKARNIR** Pósthúsið í Grafarvogi var það síðasta af þessum fyrirtækjum til þess að flytja sig burt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ARION BANKI** Bankinn var sá síðasti af bönkunum til þess að loka útibúi sínu í Grafarvogi, en það var gert í mars í fyrra.




**LÖGREGLUSTÖÐ** Hverfisstöð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var áður í þessu húsi.












Hæstiréttur staðfestir að Síminn hafi gerst sekur um samkeppnisbrot:

# Sektin hækkuð um 20 milljónir

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hækkaði á fimmtudag á ný sekt sem Símanum hafði verið gert að greiða fyrir brot á samkeppnislögum úr 30 milljónum króna í 50 milljónir.

Málið má rekja aftur til ársloka 2009 þegar Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði gerst brotlegur við skilyrði sem samkeppnisráð setti fyrirtækinu árið 2005. Var Síminn þá sektaður um 150 milljónir.

Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem í mars 2010 staðfesti að Síminn hefði brotið alvarlega af sér. Sektin var hins vegar lækkuð í 50 milljónir króna, meðal annars vegna versnandi afkomu Símans. Þessari ákvörðun skaut Síminn til dómstóla.

Í byrjun þessa árs komst Héraðsdómur Reykjavíkur að því að Síminn hefði brotið gegn banni við að tvinna saman fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Brotið væri þó ekki jafn umfangsmikið og áfrýjunarnefnd ætlaði og sektin var lækkuð í 30 milljónir. Þennan dóm hefur Hæstiréttur nú staðfest, utan að sektargreiðslan var hækkuð á ný. - óká

## Úr umfjöllun Samkeppniseftirlitsins

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 var lagt bann við því að Síminn tvinnaði saman sölu á fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Var þetta liður í því að tryggja að keppinautar Símans í internetþjónustu gætu á jafnréttisgrundvelli boðið viðskiptavinum sínum upp á eftirsóknarvert sjónvarpsefni því ella gæti það leitt til alvarlegra samkeppnishamla fyrir minni keppinauta. Síminn braut gegn þessu banni með því að láta sjónvarpsefni Íslenska sjónvarpsfélagsins, flutning þess og dreifingu fylgja frítt með í verði ADSL-tenginga Símans vegna internetþjónustu og raskaði þar með samkeppni.

Síminn

# Klingjandi jólagleði um helgina



**Opið til 22 alla daga til jóla**

Smáralind verður sannkölluð jólaparadís um helgina. Allar verslanir fullar af fallegum jólavörum, hátíðlegar uppákomur og næg bílastæði.

Sjáumst, Smáralind

## Laugardagur 8. desember

| | |
|---|---|
| 14.00 | Íþróttaálfurinn og Solla skemmta viðstöddum |
| 15.00 | Graduale kór Langholtskirkju syngur hátíðarlög |
| 16.00 | Skótískusýning með nýrri skólínu frá Hagkaup – Sigrún Lilja for 101 |
| 17.00 | Hugljúfir harmonikkutónar í flutningi Margrétar Arnardóttur |
| 18.00 | Sylvía Erla Scheving frá Söngskóla Maríu Bjarkar flytur jólalög |
| 20:00 | Bokka í Blakkáti býður gestum upp á jólaglögg* á meðan Raggi Bjarna syngur ljúf jólalög undir píanóspili Þorgeirs Ástvalds |

*Á meðan birgðir endast

## Sunnudagur 9. desember

| | |
|---|---|
| 14.00 | Kór Kársnesskóla syngur hátíðarlög |
| 15.00 | Eyjólfur og Sjonni spila jóladjass |
| 16.00 | Sylvía Erla Scheving frá Söngskóla Maríu Bjarkar flytur jólalög |
| 17.00 | Hugljúfir harmonikkutónar í flutningi Margrétar Arnardóttur |
| 19.30 | Hlynur Agnarsson leikur sígild jólalög á píanó |
| 20:30 | Ingibjörg og Hó! Hó! Hó! halda uppi jólastuði |

Smáralind

smaralind.is Opið til 22 alla daga til jóla og til 23 á Þorláksmessu Finndu okkur á Facebook

ENNEMM / SIA / NMS5690

## HEIMURINN




### Jarðskjálfti og flóð

**1 JAPAN** Jarðskjálfti, sem mældist 7,3 stig, reið yfir út af austurströnd Japans í gær. Í kjölfarið fylgdi allt að eins metra há flóðbylgja, sem olli nokkru tjóni á sömu slóðum og flóðbylgjan mikla á síðasta ári. Skjálftinn fannst víða í norðaustanverðu Japan. Meðal annars hristust háhýsi í Tókíó í nokkrar mínútur. Enduruppbygging á hamfarasvæðunum frá í fyrra er varla komin af stað.

### Mashaal til Gasa



**2 PALESTÍNA** Khaled Mashal, leiðtogi Hamas-samtakanna, kom í fyrstu heimsókn sína til Gasasvæðisins í gær. Þar hitti hann Ismail Haniyeh, leiðtoga samtakanna á Gasa, og aðra forystumenn samtakanna þar. Mashal fór á barnsaldri frá Vesturbakkanum. Hann hefur verið leiðtogi Hamas síðan 1996, en höfuðstöðvar hans voru fyrst í Jórdaníu, síðar í Sýrlandi og nú síðast í Katar.

### Chavez úr meðferð

**3 VENESÚELA** Hugo Chavez, forseti Venesúela, er kominn aftur heim eftir tíu daga súrefnismeðferð á sjúkrahúsi á Kúbu. Hann hefur átt í baráttu við krabbamein í hálft annað ár, en sagðist fyrir nokkrum mánuðum vera laus við það mein. „Eins og þið sjáið er ég mjög ánægður með að vera kominn hingað aftur,“ sagði Chavez við heimkomuna, og virtist stálsleginn.




# Vilja rannsókn vegna lífeyrisskuldbindinga

**Hafnarfjarðarbær ber 1,7 milljarða króna kostnað vegna lífeyris fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar. Bærinn vill að sérstakur sakóknari rannsaki mál tengd sparisjóðnum. Minnihlutinn í bæjarstjórn spyr um ábyrgð meirihlutans.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ítrekar við sérstakan saksóknara að hann rannsaki eftirmál greiðsluþrots Byrs með tilliti til hagsmuna bæjarins.

Nú liggur fyrir að Hafnarfjarðarbær þarf að taka á sig 1.700 milljóna króna skuldbindingu vegna lífeyris fyrirverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH). Starfsmennirnir greiddu frá árinu 1973 í Eftirlaunasjóð Hafnarfjarðar. Sparisjóðurinn gekk inn í Byr á árinu 2008. Byr varð gjaldþrota í kjölfar hrunsins.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfirði, segir það hafa verið sjónarmið bæjarins að lífeyriskröfur starfsmanna SPH ættu forgang í þrotabú BYRS, líkt og launakröfur. Nýlegur dómur Hæstaréttar í sambærilegu máli þýði hins vegar að bærinn verði að taka ábyrgð á lífeyrisgreiðslunum. Sú skuldbinding nemi nú áðurgreindum 1,7 milljörðum króna.

Í bókun á bæjarstjórnarfundi á miðvikudag lýsti minnihluti sjálfstæðismanna áhyggjum af skuldbindingunni og minnti á að bæjarráðið hefði 12. maí 2010 óskað eftir skoðun sérstaks saksóknara á greiðsluþroti Byrs. Ekkert virðist hafa komið út úr því. Þeir lögðu til að aftur yrði þess óskað að sérstakur saksóknari skoðaði hvað leiddi til fyrrgreindrar niðurstöðu og hverjir bæru ábyrgð.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi segir sjálfstæðismenn vilja að í leiðinni sé skoðað hvað bæjaryfirvöld gerðu til að reyna að afstýra því að bærinn sæti uppi með ábyrgð á eftirlaunaskuldinni. Hafnarfjörður sé væntanlega eina bæjarfélag landsins sem þurfi að ábyrgjast eftirlaunagreiðslur hóps bankastarfsmanna.

„Þetta er liður í því að fá allt upp á borð og ætti að vera fagnaðarefni fyrir meirihluta Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, en fulltrúar þeirra hafa ítrekað rætt um mikilvægi „gagnsæi“ og „öxlun ábyrgðar“ í bæjarstórn Hafnarfjarðar og víðar,“ segir Rósa.

Meirihluti Samfylkingar og VG í bæjarstjórn kvaðst taka undir áhyggjur af skuldbindingum og áhyggjur af dræmum viðbrögðum sérstaks saksóknara. Guðrún bæjarstjóri vísar því hins vegar alfarið á bug að bæjaryfirvöld hafi ekki staðið nægilega vel að málum.

„Ég sé ekki með hvaða hætti bæjaryfirvöld hefðu getað komið í veg fyrir hæstaréttardóminn og þá forsendubreytingu sem hefur orðið. Það er dæmt samkvæmt því að viðkomandi fyrirtæki fari á hausinn. Og ekki gátum við komið í veg fyrir að Byr yrði gjaldþrota,“ segir Guðrún.

Aðspurð segir Guðrún menn meðal annars vilja láta skoða 7.920 milljóna króna arðgreiðslu hjá Byr á árinu 2008 og 1.800 milljón króna lán til Exeter Holding það sama ár.

gar@frettabladid.is



**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Hafnarfirði vísar því á bug að bæjaryfirvöld hafi getað varist því að taka yfir 1.700 milljóna króna skuldbindingu vegna lífeyris fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR** Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks telur að meirihlutinn í Hafnarfirði hljóti að fagna þætti skoðun á þætti bæjaryfirvalda.






# 20% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM NÆSTU DAGA











HEIMA
HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.

Þaulskipulagt morð:

## Myrti stúlku vegna hávaða

**SVÍÞJÓÐ** Rúmlega þrítugur maður í Svíþjóð hefur játað að hafa myrt þrettán ára gamla stúlku í september.

Maðurinn var pirraður á hávaða í fjölbýlishúsinu sem hann bjó í, og taldi hávaðann að mestu koma úr íbúð fjölskyldu stúlkunnar. Hann keypti hamar, járnsög og fleira um tveimur vikum áður en hann réðist að stúlkunni. Samkvæmt sálfræðimati á maðurinn við mikla geðræna erfiðleika að stríða og er ekki sakhæfur. - þeb

Kaupverðið ekki gefið upp en talið vera um 22 milljarðar:

# Landsbankinn selur Aurum

**VIÐSKIPTI** Þrotabú Landsbanka Íslands tilkynnti á fimmtudagskvöld um sölu á um 60 prósenta hlut sínum í breska félaginu Aurum Holdings Limited, en Aurum á verslanakeðjurnar Goldsmiths, Mappin&Webb og Watches of Switzerland. Kaupandinn er bandaríski fjárfestingasjóðurinn Apollo Global Management. Kaupverðið fæst ekki uppgefið en breskir fjölmiðlar hafa talið að heildarvirði félagsins sé um 36,3 milljarðar króna. Miðað við það verð hefur þrotabú bankans fengið tæpa 22 milljarða króna fyrir hlut sinn. Don McCarthy, sem var einnig stór eigandi í Aurum, hættir sem stjórnarformaður.

Bankinn eignaðist hlutinn þegar búið tók yfir BG Holding, þá dótturfélag Baugs. Aurum var endurfjármagnað árið 2009 þar sem skuldum upp á 8,5 milljarða króna var breytt í nýtt hlutafé auk þess sem Aurum fékk nýtt lán upp á um tvo milljarða króna. Reksturinn hefur batnað til muna eftir þetta og jókst hagnaður hennar um 53 prósent á rekstrarárinu 2011. - þsj



**HÆTTUR** Don McCarthy, sem verið hefur stjórnarformaður Aurum Holdings, mun stíga til hliðar samhliða sölunni.

Minni byggð í Úlfarsárdal:

## Ekkert samráð um breytingar

**SKIPULAGSMÁL** Meirihluti borgarstjórnar hafði ekki samráð um breytingar á skipulagi í Úlfarsárdal við fagráð, íbúasamtök eða íþróttafélög, þrátt fyrir að það hefði verið eðlilegt. Þetta segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna í íþrótta- og tómstundaráði borgarinnar.

Þá segir að íbúasamtök og knattspyrnufélagið Fram hafi hafnað áformunum og vilji að staðið sé við gildandi skipulag. - þeb

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114
150 REYKJAVÍK
WWW.SJUKRA.IS

Sjúkratryggingar Íslands

Átt þú von á lyfjaskírteini?

Kannaðu málið í Réttindagátt á sjukra.is.

www.sjukra.is

**Lyfjaskírteini** sem veita aukna greiðsluþátttöku í lyfjum eru nú **rafræn**. Þegar þú kaupir lyf sjá öll apótek hvort þú hafir fengið útgefið skírteini.

Hægt er að fylgjast með afgreiðslu lyfjaskírteinis í **Réttindagátt** á **www.sjukra.is**. Ef þú skráir netfang þitt munum við tilkynna þér með tölvupósti næst þegar möguleg réttindi myndast.

**Hjálpaðu okkur að tryggja rétt þinn.**



**SAUMAVÉLAR Í BRUNNU HÚSI** Meira en hundrað manns brunnu inni í þessari verksmiðju þegar eldur kom þar upp 24. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Verksmiðjan hafði misst starfsleyfið

Fjölmargar fataverksmiðjur í Bangladess, sem framleiða ódýr föt handa vestrænum neytendum, eru starfræktar án þess að aðstæður þar þættu boðlegar á Vesturlöndum. Hundruð þeirra uppfylla ekki skilyrði um brunavarnir í Bangladess.

**BANGLADESS, AP** Fataverksmiðjan í Bangladess sem brann í lok nóvember með þeim afleiðingum að 112 starfsmenn létu lífið hafði misst starfsleyfið í júní og hefði átt að vera lokuð.

Slökkvilið landsins hafði neitað að endurnýja starfsleyfið vegna brunahættu. Eigandi verksmiðjunnar, Delwar Hossain, hefur viðurkennt að einungis þrjár af átta hæðum verksmiðjunnar hafi verið löglegar. Þrátt fyrir það var hann að láta reisa níundu hæðina ofan á hinar.

Stjórnvöld vissu vel af þessu en létu það óátalið að verksmiðjan starfaði áfram frekar en að takast á við eina öflugustu iðngrein landsins, fataiðnaðinn.

„Það ætti að loka þessum verksmiðjum, en það er ekki auðvelt verk," segir Kalpona Akter hjá verkalýðssamtökum sem berjast fyrir réttindum starfsfólks í fataverksmiðjum. „Hver sá góði opinberi eftirlitsmaður sem vill grípa til harðra aðgerða gegn óhlýðnum verksmiðjum af þessu tagi yrði rekinn úr embætti. Hver vill taka þá áhættu?"

Hún segir að Tazreen-verksmiðjan, sem brann 24. nóvember, hafi engan veginn verið sú eina í landinu sem svo er ástatt um. Líklega vanti starfsleyfi fyrir um helming þeirra 4.000 fataverksmiðja, sem starfræktar eru í Bangladess. Í þessum verksmiðjum eru framleidd föt með þekktum vestrænum vörumerkjum, ætluð til sölu í verslunum á Vesturlöndum. Launin í verksmiðjunum eru lág og þar af leiðandi er kostnaðurinn við framleiðsluna mun minni en ef fötin væru saumuð á Vesturlöndum. Þess vegna er hægt að selja þau á lægra verði fyrir vikið handa neytendum á Vesturlöndum.

Eigandinn Hossain stofnaði fyrirtæki sitt árið 2004 og rekur nú tugi verksmiðja sem svipaðar eru þeirri sem brann. Margir aðrir eigendur slíkra verksmiðja í Bangladess eru þingmenn eða sitja í öðrum mikilvægum embættum í landinu.

Fataiðnaðurinn er það öflugur og stórtækur að sérstök lögregludeild hefur verið stofnuð í Bangladess til þess eins að sjá um að starfsemi þessara verksmiðja gangi snurðulaust fyrir sig.

Baráttufólk fyrir réttindum verkamanna í þessum verksmiðjum hefur ítrekað upplýst stórfyrirtæki á Vesturlöndum, sem láta sauma föt í þeim, um aðstæðurnar. gudsteinn@frettabladid.is

### Vestrænu vörumerkin

Meðal þeirra fyrirtækja á Vesturlöndum sem hafa látið Tazreen-verksmiðjuna sauma handa sér föt og vefnaðarvörur fyrir lágt verð eru:

- Disney
- C&A
- KiK
- Walmart
- Sears
- IKEA
- Carrefour
- Li & Fung
- ENYCE
- Edinburgh Woollen Mill
- Piazza Italia
- Teddy Smith
- Ace
- Dickies
- Fashion Basics
- Infinity Woman
- Karl Rieker GMBH & Co.
- True Desire

**„Hver sá góði opinberi eftirlitsmaður sem vill grípa til harðra aðgerða gegn óhlýðnum verksmiðjum af þessu tagi yrði rekinn úr embætti.**

*Kalpona Akter*
*verkalýðssamtökum í Bangladess*

Jólatilboð á www.eirvik.is









JÓLAGJAFIRNAR fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD- BLANDARAR

CRISTEL jura magimix

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is









★ JÓLABALL Á SPÍRUNNI ★

Krakkar! Stekkjastaur og Stúfur halda jólaball á Spírunni kl. 15.00 á sunnudag. Dansað í kringum jólatréð! Taktu mynd af börnunum með jólasveininum. Ókeypis inn!

spíran. BISTRO · GARÐHEIMUM

OPIÐ TIL KL. 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# DÚNDURTILBOÐ – MIKILL AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR



**SÖDAHL DÚNFYLLTIR PÚÐAR**
Margar stærðir og mikill fjöldi munstra og mynda. Verið má þvo í þvottavél.

25% AFSLÁTTUR
EF KEYPTUR ER KASSI




realflame

**ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.**
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haustdögum. Logar í þrjár klukkustundir.

FULLT VERÐ **790** STK

KASSI 24 DÓSIR 25% AFSLÁTTUR KR. 14.220

30% AFSLÁTTUR



**KENTUCKY** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.

**13.293**

FULLT VERÐ: 18.990

50% AFSLÁTTUR



BEST SELLER 2012! IDdesign

**VALERIE** borðstofustóll, krómlappir. Litur: Svart.

**7.995**

FULLT VERÐ: 15.990

20% AFSLÁTTUR

## DÖNSK HÖNNUN OG GÆÐI Í SÉRFLOKKI



**UMBRIA SÓFINN FRÁ HIRTI KNUDSEN Í DANMÖRKU**
Umbria sófinn er til í mjög mörgum útfærslum og gerðum. Við eigum hann tveggja- og þriggja sæta í þremur breiddum, með og án tungu. Einnig eigum við hornsófa og hornsófa með tungu. Val um fjóra liti á áklæði og svart og hvítt leður.

KOMDU OG FINNDU ÞINN SÓFA Á FRÁBÆRU VERÐI UMHELGINA

**VERÐDÆMI**

TUNGUSÓFI B: 245 CM
**199.992**
VERÐ FRÁ: 249.990

TVEGGJA SÆTA B:180 CM
**135.992**
VERÐ FRÁ: 169.990

ÞRIGGJA SÆTA B: 220 CM
**151.992**
VERÐ FRÁ: 189.990

20% AFSLÁTTUR

**ÖLL KERTI**



25% AFSLÁTTUR



**ANDREW** borðstofustóll. Svart, brúnt og hvítt leður.

**14.993**

FULLT VERÐ: 19.990

20% AFSLÁTTUR



**FELDUR** Allir púðar og skinn frá Feldi.

– TAKMARKAÐ MAGN!

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU!

## OPNUM KL. $10^{00}$

## FYRSTIR KOMA – FYRSTIR FÁ

50% AFSLÁTTUR

**LINEA** borðstofuborð.
180 x 90 H 75 cm. Hvítlakkað.



32.995

FULLT VERÐ: 65.990

100.000 AFSLÁTTUR

3+2 SETT





**MONTWELL** leðursófi. 3ja sæta. B 216 H 85 D 90 cm. Leður svart.
**MONTWELL** leðursófi. 2ja sæta. B 163 H 85 D 90 cm.

189.980

FULLT VERÐ: 289.980

50% AFSLÁTTUR



**BIONDI** stóll
með snúningi.
74 x 82 x H 78,5 cm.
Litur: Dökk-grár

39.990

FULLT VERÐ: 79.980

100.000 KR. AFSLÁTTUR

79.990

FULLT VERÐ: 179.990

**SKOVBY** sjónvarpsskápur, eik. B:162 D:47 H:52 cm. Innbyggður nemi fyrir fjarstýringar sem gerir þér kleift að stjórna tækjum í lokuðum skápnum.



**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ:** Virka daga 10-18, laugard. 10-18 og sunnud. 13-17

# SKOÐUN

Ný vídd er orðin til í Norðurlandasamstarfinu:

## Norrænar varnir

Ákvörðun stjórnvalda í Finnlandi og Svíþjóð um að taka þátt í loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins (NATO) á Íslandi hefur vakið athygli, ekki sízt vegna þess að með því verður samvinna ríkjanna og NATO enn nánari.

Hin hliðin á málinu er ekki síður athyglisverð. Óhætt er að segja að eins og mál hafa þróazt undanfarin ár hafi orðið til ný vídd í Norðurlandasamstarfinu. Það snýst nú að verulegu leyti um hluti sem áður voru þar bannorð; utanríkis-, öryggis- og varnarmál, þar með talið hernaðarsamstarf.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í samtölum Fréttablaðsins við Erkki Tuomioja, utanríkisráðherra Finnlands, og Frank Belfrage, aðstoðarutanríkisráðherra Svíþjóðar, í tengslum við utanríkisráðherrafund NATO í Brussel, kemur skýrt fram að Norðurlandasamstarfið er fremur í brennidepli hjá þeim en tengslin við NATO.

Tuomioja bendir þannig á að þegar Stoltenberg-skýrslan um aukið norrænt varnarsamstarf kom út fyrir tæpum fjórum árum hafi margar tillögur í henni í raun verið þegar komnar til framkvæmda. Tvennt nýtt hafi hins vegar verið í skýrslunni; tillagan um sameiginlegt norrænt eftirlit með loftrými Íslands og hin um að norrænu ríkin samþykktu formlega samstöðuyfirlýsingu, þar sem þau skuldbinda sig til að koma hvert öðru til aðstoðar ef ógn steðjar að.

Samstöðuyfirlýsingin var samþykkt í fyrra, en undanskilur reyndar beina hernaðarógn. Með ákvörðuninni um sameiginlegt loftrýmiseftirlit má segja að flestar tillögur Stoltenbergs séu komnar að meira eða minna leyti til framkvæmda. Tuomioja segir að Finnar hafi metið það svo að Norðurlandasamstarfinu hafi miðað fram á við á öllum sviðum, líka í varnarmálum, og ákvörðunin hafi því verið eðlilegt framhald á skrefum sem áður voru stigin.

Góður stuðningur er við þátttöku í loftrýmiseftirlitinu í Svíþjóð og Finnlandi, ekki sízt vegna þess að málið er þar sett undir norrænan hatt, eins og fram kom í fréttaskýringu hér í blaðinu í gær. Að einhverju leyti hlýtur það sama að eiga við hér á landi. Þótt aðild Íslands að NATO hafi notið víðtæks stuðnings undanfarna áratugi, er þátttaka í Norðurlandasamstarfinu enn síður umdeild.

Samstarf og samfélag Norðurlanda er eitthvað það nánasta sem um getur. Að sjálfsögðu hlýtur norræna samstarfið þess vegna líka að snúast um öryggis- og varnarmál, nú þegar kalda stríðið er búið og þær aðstæður úr sögunni sem gerðu að ekki mátti ræða slík mál.

Þá er reyndar áhugaverð staða uppi, ekki sízt fyrir stjórnmálamenn á vinstri vængnum, sem hafa aldrei mátt heyra minnzt á þátttöku Íslands í neinu varnarsamstarfi. Það er ekki lengur hægt að setja varnarmál Íslands í einn kassa, merktan vonda NATO. Þau eiga líka heima í kassanum sem er merktur Norðurlandasamstarf og fólki yzt á vinstri vængnum hefur þótt eftirsóknarvert að gramsa í.

Kannski finnst gömlum varnarandstæðingum jafnvel skárra að finnskar og sænskar orrustuþotur hafi eftirlit með íslenzka loftrýminu en til dæmis brezkar eða bandarískar. Finnland og Svíþjóð eru alltént sjaldan útmáluð sem árásargjörn herveldi, jafnvel þótt þau taki iðulega þátt í aðgerðum með NATO sem villta vinstrið fordæmir, til dæmis í Afganistan og Líbíu.

Norðurlandavæðing loftrýmiseftirlits gæti stuðlað að auknum skilningi í þeim herbúðum á nauðsyn þess að Ísland taki þátt í varnarsamstarfi. Það væri skref í rétta átt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

VILLAGE
LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
40–70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Erum innst við Lyngháls.
Ekið fyrir neðan ÁTVR í austur – í sama húsi og GoPro Hugvit á jarðhæð.
Opið í dag frá 13-15.
Opið næsta þriðjudag frá 16-18.
Facebook: Village á Íslandi

Tilvalið að kaupa fallegar jólagjafir á ótrúlegu verði.

## SPOTTIÐ




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Fjárlög og verðbólga



Þingmenn stjórnarandstöðunnar þæfðu aðra umræðu fjárlaga rækilega. Forystumenn ríkisstjórnarinnar segja að með því hafi þeir verið að brjóta niður innviði ríkiskerfisins.

Þær yfirlýsingar féllu saman við fjölduppsagnir hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Talsmenn þeirra staðhæfa að rætur uppsagnanna liggi í ákvörðun velferðarráðherra um launahækkun til forstjóra spítalans. Hún varð aldrei vegna þess að innan ríkisstjórnarinnar var tekið í taumana.

Velferðarráðherra sækist nú eftir því að verða formaður Samfylkingarinnar. Hefði hann verið í þeirri stöðu þegar þessi ákvörðun var tekin er óvíst að nokkur hefði haft áhrifavald til að stöðva atburðarásina. Þá hefði allur vinnumarkaðurinn farið í uppnám á svipstundu með þekktum afleiðingum óðaverðbólgu.

Formaður Sjálfstæðisflokksins fullyrti á Alþingi í vikunni að aðeins væri ein leið til að mæta óskum hjúkrunarfræðinga: Að auka verðmætasköpunina. Þetta er ekki rétt. Það er annað ráð: Að borga með stýfðum krónum. Velferðarráðherrann hafnaði leið formanns Sjálfstæðisflokksins. Með því var hann í raun að velja leið verðbólgunnar.

Þegar verðbólgan er notuð til að leysa deilur af þessu tagi borga launþegar sjálfir launahækkunina og kjör þeirra sem skulda rýrna. Þessi einfalda mynd sýnir álitaefnin sem fjárlagaumræðan á að snúast um. Eftir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór er engin samræmd stefna í ríkisfjármálum, launamálum og peningamálum.

Launastefna ríkisstjórnarinnar á að birtast í fjárlögum. Það vill velferðarráðherra ekki og segir að hún eigi bara að mælast með verðbólgukrónum í fjáraukalögum eftir kosningar. Það er gamla Ísland.

Þegar aukin útgjöld til velferðarmála eru greidd með lántökum er verið að grafa undan undirstöðum velferðarkerfisins til lengri tíma. Þessa setningu kunnu ráðherrarnir í byrjun kjörtímabilsins meðan Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hélt þeim við efnið. Það er nú gleymt. Enginn spyr hvers vegna.

## Fjárlög og vextir

Forsætisráðherra réðist fyrir skömmu á stjórnendur Seðlabankans fyrir hækkun stýrivaxta. Mörg atriði hafa áhrif á vaxtastigið. Afgerandi þættir eru hvort nægu aðhaldi er beitt í ríkisrekstrinum og hvort laun þróast í samræmi við verðmætasköpun og framleiðni. Seðlabankinn steytir ekki görn við ríkisstjórnir. Álit hans birtist bara í vaxtaákvörðunum.

Ríkisstjórnir ráða sjálfar hvort ríkisfjármálin eru í samræmi við það verðbólgumarkmið sem þær eru ábyrgar fyrir og þær hafa afgerandi áhrif á launastefnuna. Athafnir ríkisstjórnarinnar á báðum þessum sviðum stangast nú á við verðbólgumarkmiðið.

Vaxtahækkanir við þessar aðstæður eru þar af leiðandi á ábyrgð ríkisstjórnarinnar þó að ákvarðanir um þær séu teknar af Seðlabankanum. Afleiðingin er minni fjárfesting, minni verðmætasköpun en þörf er á og verri hagur heimila en efni standa til.

Þessi skortur á samhæfðri efnahagsstefnu gengur einnig þvert gegn aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og því markmiði að geta tekið upp stöðugri gjaldmiðil eða styrkt krónuna. Enginn yfirheyrir ráðherrana um þennan tvískinnung.

## Fjárlög og fjölmiðlar

Í raun réttri ætti umræðan á Alþingi og úti í þjóðfélaginu að snúast um afleiðingar þess að ákvarðanir í ríkisfjármálum stangast á við opinber markmið um stöðugleika. Trúlega hefur stjórnarandstöðunni mistekist að koma þeim skilaboðum út fyrir veggi þinghússins.

Í gegnum fjölmiðla hefur almenningur fengið rækilegar upplýsingar um tvennt: Annars vegar um fjölda klukkutíma sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa talað. Hins vegar um þramm þingmanna stjórnarflokkanna fram og til baka í þingsal með andófsspjöld gegn málþófi stjórnarandstöðunnar.

Lítið hefur hins vegar farið fyrir frásögnum um mismunandi mat á efnahagslegum áhrifum fjárlaganna. Þegar úrslit liggja fyrir í prófkjörum eru stjórnmálafræðingar gjarnan fengnir til að leggja mat á áhrif þess að einn frambjóðandi nær betri árangri en annar. Þetta er virðingarvert.

Þegar kemur að fjárlögunum er sjaldan kallað á hagfræðinga til að leggja mat á röksemdafærsluna eða greina hvernig ákvarðanir á einstökum sviðum tengjast og geta virkað hver gegn annarri ef heildarsýn og samhæfingu skortir. Frásagnir af rökræðum stjórnar og stjórnarandstöðu eru ekki rúmfrekar. Sennilega vegna þess að stjórnarþingmenn koma sér hjá þeim. Almenningur á samt rétt á að fá rök og mótrök og mat á þeim.

Ef fjölmiðlarnir legðu meiri rækt við efnislega hlið fjárlaganna myndi það ugglaust hafa bætandi áhrif bæði á framgöngu ríkisstjórnarinnar og umræðuhætti stjórnarandstöðunnar. Þeir þurfa líka að bæta sig.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is og Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is DÆGURMÁL: Kjartan Guðmundsson kjartan@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is


Kokkurinn
síkáti, Siggi Hall
hefur nú töfrað
fram nýja bók,
Jólaréttirnir.
Að hætti Sigga Hall
Jólaréttirnir
Að hætti Sigga Hall Jólaréttirnir
Siggi Hall
Iceland
Kalkúni
og tvær fyllingar
Jólaréttirnir er matreiðslubók fyrir
mataráhugafólk og nauðsynleg
í öllum eldhúsum um jólin.

## Skoðun visir.is

**3.270**
MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER
**Berir leggir og upphafning fávísinnar**
*Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur*

**770**
FIMMTUDAGUR 6. DESEMBER
**Opið bréf til þingmanna**
*Kristófer Sigurðsson, unglæknir á Norðurlandi*

**647**
ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER
**Réttu upp hönd ef...**
*Hjálmar Sigmarsson, MA-nemi í kynjafræði*

**589**
MÁNUDAGUR 3. DESEMBER
**Það eru barnréttindi**
*Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur*

**435**
FIMMTUDAGUR 6. DESEMBER
**Spennufíklar í sæstrengsspreng**
*Jón Helgi og Rúnar Þórarinssynir*

**405**
MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER
**Galdrafár á Grímsstöðum**
*Tryggvi Harðarson, fv. bæjarfulltrúi og varaþingmaður*

**315**
MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER
**Mín innri bóndakona**
*Charlotte Böving*

**264**
ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER
**Að sýna náunganum væntumþykju**
*Guðný Ósk Laxdal, nemi í 4-H í MA*

## Þrjátíu þúsund

Getur hugur okkar rúmað það að jafn margir einstaklingar lendi í kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur og allur íbúafjöldi Kópavogs? Við verðum oft ónæm fyrir einhverjum tölum og prósentum því slík tölfræði virðist gefa okkur takmarkaða og oft firrta mynd af veruleikanum. Hvað værum við t.d. lengi að lesa upp fullt nafn allra þeirra þrjátíu þúsund einstaklinga sem hafa lent í kynferðisofbeldi?

*Anna Bentína Hermansen og Þóra Björt Sveinsdóttir í Fréttablaðinu 5. desember*

## Hvað gerði ég vitlaust?

„Hvað gerði ég vitlaust?“, „Hvað get ég gert til að sjá til þess að þetta komi ekki fyrir aftur?“ eru hræðilegar jöfnur en þær geta verið mun erfiðari: „Hvernig tryggi ég að hann fari ekki í börnin?“, „Hvernig tryggi ég að enginn sjái hvernig mér tókst að klúðra málunum?“, „Mun hann stoppa núna?“ Enginn getur fullkomlega sett sig í spor þolanda kynbundins ofbeldis án þess að þurfa að þola það á eigin skinni.

*Guðni Rúnar Jónasson í Fréttablaðinu 6. desember*

## Brotnar niður skipulega

Þær eiga það sammerkt konurnar að það er kerfisbundið búið að brjóta þær niður. Þær telja að þetta sé þeim að kenna og að þær geti ekki á nokkurn hátt leitað réttar síns af því að maðurinn sé miklu klárari en þær [...] Þær telja að þær geti ekki náð fram sannleikanum í raun.

*Margrét Steinarsdóttir í þættinum Okkar á milli á RÚV 4. desember.*

# Útrýmum kynbundnu ofbeldi!

SAMFÉLAGSMÁL



**Jóhanna Sigurðardóttir**
forsætisráðherra

Einn allra stærsti áfanginn í sögu jafnréttisbaráttunnar á síðustu áratugum felst óneitanlega í að þögnin um kynbundið ofbeldi hefur verið rofin og jafnframt hefur baráttan gegn því verið sett á dagskrá grasrótarsamtaka, stjórnmálanna og samfélagsins alls. Við vitum að á meðan kynbundið ofbeldi er við lýði eru mannréttindi og velferð, líf og heilsa fótum troðin. Í hvert einasta skipti sem fórnarlömb stíga fram og greina frá ofbeldinu og ná eyrum samfélagsins höfum við færst nær markmiðum okkar um samfélag án ofbeldis, samfélag virðingar fyrir mannréttindum allra og reisn og almennrar velferðar.

### Áfangasigrar

Ríkisstjórn mín hefur gripið til margvíslegra úrræða til að stemma stigu við kynbundnu ofbeldi og til að fjölga þeim úrræðum sem við getum beitt gegn því. Austurríska leiðin svokallaða um að fjarlægja beri ofbeldismenn af heimilum fremur en fórnarlömbin hefur verið lögfest. Sömuleiðis hefur bann við kaupum á vændi verið leitt í lög. Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi ásamt bókun um mansal á síðasta ári og í júní á þessu ári samning Evrópuráðsins gegn mansali. Þar með hefur Ísland tekið á sig skuldbindingar um forvarnir gegn mansali, verndun fórnarlamba og hertar aðferðir við rannsókn og saksókn slíkra mála. Nú er unnið að endurskoðun fyrstu aðgerðaáætlunar Íslands gegn mansali, en hún var samþykkt í mars 2009. Okkur er í fersku minni stofnun Kristínarhúss á síðasta ári, fyrir fórnarlömb mansals og vændis en ríkisstjórnin hefur stutt við rekstur Kristínarhúss og Kvennaathvarfsins með fjárframlögum.

### Sitjum ekki auðum höndum

Umræðan um meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu hefur haldið áfram af fullum krafti á síðustu misserum og er skemmst að minnast ráðstefnu um málið sem innanríkisráðuneytið, lagadeild HÍ og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarrs um fjölskyldumálefni stóðu fyrir í ársbyrjun. Þar lögðu fulltrúar alls staðar að úr kerfinu saman á ráðin um hvernig tryggja megi betur en nú er gert að lögum verði komið yfir gerendur kynferðisbrota. Þá hafa nokkur ráðuneyti einnig staðið fyrir ráðstefnu og aukinni umræðu um klámvæðinguna út frá lagalegu og samfélagslegu sjónarhorni og leitast við að svara hvaða hlutverk löggjafinn og stjórnvöld geta gegnt til að stemma stigu við henni. Jafnframt hefur tækifæri verið nýtt á vettvangi Jafnréttissjóðs til að styrkja veglega fræðilega rannsókn af afdrifum kynferðisbrota í réttarkerfinu, en þess er vænst að með henni verði skapaður traustur þekkingargrundvöllur fyrir frekari lagaleg úrræði á þessu sviði.

### Vekjum vitund!

Í apríl síðastliðnum var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þriggja ára verkefni sem ber heitið Vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Samþykkt var að verja til þess 25 mkr. á árinu 2012, 16 mkr. á árinu 2013 og aftur 16 mkr. árið 2014. Vitundarvakningin er liður í aðgerðum stjórnvalda vegna fullgildingar sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum sem var samþykktur í Lanzarote í október 2007. Ísland hefur verið aðili að sáttmálanum frá því í febrúar 2008, en hann var fullgiltur fyrr á þessu ári. Einnig má minna á að unnið hefur verið að gerð nýrrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi á vegum velferðarráðuneytisins um nokkra hríð og eru vonir bundnar við að hún líti dagsins ljós innan skamms.

**→ Í hvert einasta skipti sem fórnarlömb stíga fram og greina frá ofbeldinu og ná eyrum samfélagsins höfum við færst nær markmiðum okkar um samfélag án ofbeldis.**

Mikilvæg skref hafa því verið stigin í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi á liðnum árum og þau hafa sannarlega skilað árangri. En meira þarf til og ég heiti á okkur öll að leggja baráttunni lið með ráðum og dáð. Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi er mannréttindabarátta sem skiptir okkur öll miklu máli.




Cadbury
Roses
Cadbury
Roses
Cadbury
Roses
Cadbury
Roses
Hafðu það notalegt með Cadbury yfir hátíðirnar
Cadbury

tl.is

TÖLVU LISTINN

# MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI



TOSHIBA

Toshiba C850-19D

79.990

## ÓTRÚLEGT VERÐ VEGNA MAGNKAUPA FYRIR JÓLIN

15,6" fartölva sem hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 320GB harður diskur. Allt að 5,5 klukkutíma rafhlöðuending. Kemur með nýja Windows 8 stýrikerfinu og námskeiði hjá Promennt í kaupbæti.

### WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

PROMENNT

## HEIMILISTÖLVAN



acer ACER AT X1440 004

Borðtölva fyrir heimili sem tekur lítið pláss á borði en er nægilega öflug í alla hefðbundna tölvuvinnslu með AMD E-1200 Dual Core örgjörva.

79.990

## MKV FULL HD SJÓNVARPSFLAKKARI



UNITED UNITED 9560

Frábært verð fyrir FULL HD sjónvarpsflakkara sem spilar einnig MKV skrár. HDMI tengi fyrir bestu gæði og fullkomin fjarstýring.

12.990

## FRÁBÆR KAUP TOSHIBA



TOSHIBA SAT C855D-12P

15,6" fartölva með öflugum AMD E2 örgjörva, AMD HD 7340 skjákorti, 6 GB vinnsluminni og 640 GB hörðum diski. Kemur með nýja Windows 8.

99.990

## LOKUÐ HEYRNARTÓL PHILIPS

Philips SHP2000



Þægileg og lokuð Philips heyrnartól á frábæru verði. Góður hljómur.

3.490

## FLAKKARI Í VASANN

Clickfree C2 Rugged



500GB flakkari sem þolir hnjask og allt að meters fall. Sérhannaður til að þola daglega notkun og mjög meðfærilegur. Öflugur afritunar hugbúnaður fylgir.

13.990



Átt þú eftir að koma með þinn spjaldtölvumiða ?

Komdu um helgina á Suðurlandsbraut og athugaðu hvort þú átt spjaldtölvu hjá okkur.




6 VERSLANIR UM ALLT LAND

# OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

Laugardag 11-18
Sunnudag 13-18



WACOM Wacom Bamboo Pen A6

Nýjasta gerðin af Bamboo Pen teikniborðunum frá Wacom. 1.024 þrýstipunkta snertiflötur, fjórir stillanlegir flýtihnappar og ArtRage 2.6 fylgir með.

**12.990**

## 23,6" W-LED FULL HD SKJÁR

AOC E2450SWDA

Geggjað verð fyrir skjá með nýjustu W-LED baklýsingartækni og frábæra 20.000.000:1 skerpu. 16:9 skjáhlutfall og 1920 x 1080 háskerpu upplausn.




**26.990**

## ÞRÁÐLAUS PRENTARI



EPSON Epson XP202

Nettur þráðlaus prentari, ljósritunarvél og skanni með frábærri 1200x2400 dpi upplausn. Hægt að prenta beint úr snjallsímum og spjaldtölvum.

**13.990**

## EIN BESTA 7" SPJALDTÖLVAN

nexus 7 — 32GB



Mjög hraðvirk spjaldtölva með öflugum 4 kjarna Tegra 3 örgjörva og 1GB vinnsluminni. Stórt og gott 32GB minni. IPS+ skjár með góða skerpu og litadýpt. Nvidia GeForce Tegra 3 skjákort. Ótrúlegur hljómur og allt að 10 tíma rafhlöðuending.

**59.990**

## RAZER LEIKJAMÚS



Razer Abyssus

Fimm stjörnu leikjamús sem hönnuð er fyrir kröfuharða leikjaspilara. 3.500dpi nákvæmni, 1ms svartími, forritanlegir takkar og töff hönnun.

**5.990**

## HÁTALARI FYRIR SPJALDTÖLVUR OG SNJALLSÍMA



JBL

JBL MICRO2BLACK / MICRO2ORANGE

Ótrúlegur hljómur úr þessum netta JBL hátalara sem hægt er að beintengja í spjaldtölvu til að fá betri hljóm eða taka þráðlausan á 11.990.

**7.990**



| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## ORÐ VIKUNNAR
1.12.2012 → 7.12.2012




## UMMÆLI VIKUNNAR

„Ég hef bara mjög skýra stefnu: Ef það er leðjuslagur, þá fer ég í leðjuslaginn.“

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, segist ekki saklaus þegar talað er um slæma umræðuhefð í bæjarstjórn.

„Það er enginn vafi á því að peningamálastefna á Íslandi frá stofnun lýðveldisins hefur brugðist algjörlega.“

Lars Christiansen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank, segir lausnina þó ekki endilega liggja í því að skipta um gjaldmiðil.

„Þetta er skítafléttа.“

Orðaskipti Alexanders K. Guðmundssonar og Friðfinns Ragnars Sigurðssonar, fyrrverandi starfsmanna Glitnis, um fyrirhugað milljarða lán bankans til Vafnings/Milestone voru rifjuð upp við aðalmálferð dómsmáls gegn Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni.



„Það er alveg ljóst í hvaða „krónólógíska“ samhengi þetta var; það voru margir mánuðir sem liðu frá því hún hóf störf og þar til samband okkar hófst.“

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, svarar í DV gagnrýni vegna ráðningar sambýliskonu hans til VR.

# Mikilvægi hlutabréfaskráninga

FJÁRMÁL



**Páll Harðarson**
forstjóri, NASDAQ OMX Iceland

Velmegun Íslands í gegnum tíðina hefur verið nátengd því hvernig atvinnulífinu reiðir af. Örfá af stærri fyrirtækjum landsins sem gegna stóru hlutverki sem atvinnuveitendur eru nú á hlutabréfamarkaði en þau hafa að miklu leyti fjármagnað sinn vöxt í gegnum kauphöll. Hlutabréfamarkaðurinn er núna að glæðast, en einhverra hluta vegna hefur það verið útbreiddur misskilningur að einungis stór fyrirtæki eigi erindi inn á markað. Við sjáum það svo á nýskráningum og á þeim sem hafa áætlanir um að koma á markað að um er að ræða fyrirtæki í stærri kantinum, frekar en ekki. En þetta er ekki staðreyndin þegar litið er til annarra markaða á Norðurlöndunum. Hvers vegna koma ekki fleiri smá og millistór fyrirtæki á markað hér og njóta þeirra vaxtarmöguleika sem þar er boðið upp á?

**Fjármögnun = vöxtur**

Vöxtur lítilla og meðalstórra fyrirtækja er grundvallaratriði fyrir vöxt efnahagslífsins, það er geta þeirra til að skapa ný störf og viðhalda þannig góðum gangi í efnahagslífinu. Lítil og meðalstór fyrirtæki í dag eiga sum hver í erfiðleikum með að fá aðgang að fjármagni til að stækka. Þar fyrir utan gætu nýjar eiginfjárreglur frá ESB, svonefndar Basel III-reglur, hækkað lántökukostnað vegna bankalána. Við erum því sannfærð um að Kauphöllin muni og þurfi að leika lykilhlutverk í framtíðarfjármögnun fyrirtækja. Fyrir þessu eru nokkrar ástæður:

- Kauphöllin býður upp á sjálfstæða fjármögnun fyrir fyrirtæki og þar með tækifæri fyrir þau til að þróast og vaxa á eigin forsendum. Við sjáum dæmi þessa nú þegar á þeim stóru fyrirtækjum sem hafa vaxið á íslenskum markaði undanfarin 20 ár.
- Kauphöllin býður upp á fjármögnun á breiðum grunni. Hlutafjárútboð veitir öllum sem vilja fjárfesta, bæði litlum og stórum fjárfestum, tækifæri til að taka þátt í vexti fyrirtækis.
- Kauphöllin býður upp á gagnsæi. Gagnsæi er okkar leiðarljós. Við erum sannfærð um að gagnsæi sé ekki bara gott fyrir fjárfesta, heldur einnig fyrir fyrirtæki þar sem þau þurfa stöðugt að vera á tánum í sínum rekstri.

Í bandarískri rannsókn, sem unnin var af IHS Global Insight, kom í ljós að 92 prósent af öllum störfum hjá skráðum fyrirtækjum í Bandaríkjunum höfðu orðið til eftir að þau voru skráð á hlutabréfamarkað.

**Fleiri skráningar**

Þrátt fyrir þessa staðreynd er lítið um skráningar smærri fyrirtækja enn sem komið er sem sér vissulegar margar mismunandi skýringar. Okkur ber þar af leiðandi að velta við hverjum steini til að ýta úr vegi öllum óþarfa hindrunum fyrir fyrirtæki til að vaxa og efnahagslífið að dafna. Við höfum talað fyrir lagabreytingum í þá átt að veita lífeyrissjóðum svigrúm til að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja á First North-markaði Kauphallarinnar. Við höfum talað fyrir breytingum á ákvæðum laga um auðlegðarskatt til að tryggja að hluthöfum í skráðum fyrirtækjum sé ekki mismunað í samanburði við hluthafa í óskráðum fyrirtækjum. Við höfum eflt okkar fræðslustarf um markaðinn og Kauphöllina, til að hvetja til aukinnar umræðu um markaðinn og gagnrýna hugsun.

**→ Við höfum talað fyrir lagabreytingum í þá átt að veita lífeyrissjóðum svigrúm til að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja á First North-markaði Kauphallarinnar. Við höfum talað fyrir breytingum á ákvæðum laga um auðlegðarskatt til að tryggja að hluthöfum í skráðum fyrirtækjum sé ekki mismunað í samanburði við hluthafa í óskráðum fyrirtækjum.**

Sé miðað við vaxtarmarkaði svipaða First North t.d. í London, þá er árlegur vöxtur lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar 37 prósent. Tíu prósent fyrirtækja á First North-markaðnum í Svíþjóð færa sig upp á Aðalmarkað frá First North á hverju ári, sem sýnir að First North-markaðurinn virkar sem stökkbretti fyrir frekari vöxt fyrirtækja.

Við verðum að þora að endurskoða og hugsa upp á nýtt og allir þeir sem hafa áhuga á að endurvekja vöxt í efnahagslífinu þurfa að taka þátt. Kauphöllin er hluti af mikilvægu vistkerfi, þar sem ríkisstjórn og bankar, lífeyrissjóðir, fjárfestingarsjóðir, áhættufjármagnssjóðir, fyrirtæki, stjórnmálamenn og fjárfestar hafa allir hlutverk.

Vöxtur sem byggist á blómlegu atvinnu- og efnahagslífi og stuðlar að góðum lífskjörum Íslendinga hlýtur að vera eitthvað sem við viljum öll.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

Stökkur lambahryggur
Í KARAMELLUHJÚPI

FYRIR 8-10 MANNS
2 lambahryggir, um 2,5 kg-hvor

Karamelluhjúpur
100 g hrásykur, 2 dl rauðvín,
1 dl soja, 1 dl balsamikedik,
2 msk Dijon sinnep

Raspur
100 g grófur brauðraspur
fersk- salvía, steinselja og rósmarín
sjávarsalt og heill rósapipar

Kartöflublíní
4 stórar bökunarkartöflur
5 eggjahvítur, 2 egg
330 ml pilsner, 3 msk hveiti
1 tsk lyftiduft
1 sítróna (mega vera fleiri)
sjávarsalt

Grænertumauk
500 g grænertur (mega vera frostnar), 500 ml rjómi, 3 greinar mynta (má sleppa), 2 msk ólífuolía

Suðrænt salat
2 agúrkur, 2 grasker, 3 rauð greip,
3 appelsínur, 1 chilli, smá engifer
2 dl góð olía, ferskt dill,
balsamikedik (um 3 msk niðursoðið)

Takið lundina undan hryggnum. Sneiðið hrygginn í kótilettur og lundina í bita, um einn á mann og 3-4 kótilettur. Saltið og piprið. Steikið kótiletturnar í ofni við 180°C í 2 mín. takið út og hvílið í 10 mín. Endurtakið. Steikið kótelettur í 5x2 mín. alls (10 mín. hvíld á milli) og lund 4x2 mín. alls. Penslið kjötið með karamellubráðinni að lokinni steikingu og veltið upp úr raspinu rétt áður en borið er fram.

Karamelluhjúpur
Brúnið sykur, setjið allan vökva útí og sjóðið. Sinnepi bætt við.

Raspur
Salvía, steinselja og rósmarín saxað smátt og blandað saman við brauðrasp. Nuddið vel saman. Sjávarsalt og rósapipar sett útí.

Kartöflublíní
Sjóðið kartöflur og stappið þær eða maukið. Sláið saman eggjum og eggjahvítum og hrærið saman við kartöflurnar ásamt pilsner. Rífið sítrónubörk útí deigið og smá sítrónusafa. Lyftidufti með hveitinu er að síðustu bætt við þar til deigið er hæfilega þykkt. Saltið að vild. Bakið u.þ.b. 10 sm, ½ sm þykkar kökur, 2-3 á mann.

Grænertumauk
Sjóðið upp á rjóma með myntunni. Leyfið því að standa dálítið, svo að rjóminn taki bragð. Takið myntuna úr og bætið ertum útí. Hitið allt vel og maukið síðan vel í matvinnsluvél ásamt ólífuolíunni.

Suðrænt salat
Skerið grasker niður í teninga og bakið í ofni við 180°C í 20 mín. Skrælið gúrku og skerið niður. Blandið söxuðum chilli og rifnum engifer saman við. Saltið og piprið. Sneiðið lauf af appelsínu og greip, blandið saman við olíuna, söxuðu dilli og niðursoðnu balsamikediki.

Bindið 3-4 kótilettur saman í toppinn með graslauk, skreytt með rósmarín og tímían. Berið fram ásamt ásamt lundinni, kartöflublíní, suðrænu salati og grænertumauki.



LAMBAKJOT.IS

# FORD **EXPLORER** Limited AWD **frá 9.580.000 kr.**

Komdu og skoðaðu nýjasta 7 manna AWD Ford Explorer jeppann hjá Brimborg. Prófaðu ríkulega útbúinn Ford Explorer sem sameinar þægindi fólksbíls og jeppa fjölskyldunnar. Háþróuð driftækni og fjöðrunarbúnaður. Berðu saman verð og gæði við samkeppnina. Samvirkni ólíkra eiginleika lætur drauma þína rætast. Glæsileg hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **EXPLORER** Limited AWD

- Sjö manna jeppi með stóru farangursrými
- Fjarstart fyrir kalda morgna
- Raddstýrt samskiptakerfi frá Microsoft (SYNC)
- Öflugt hljómkerfi frá Sony
- 11 hátalarar og bassabox
- Voldugar 20" álfelgur
- Hágæða leðurinnrétting
- Þægilegt lyklalaust aðgengi og starthnappur
- Bakkmyndavél sem eykur öryggi og þægindi
- Veldu verksmiðjuábyrgð sem hentar þér

FRÁ

**9.580.000 kr.***

* Ford Explorer Limited 7 manna AWD 3,5 TiVCT V6 bensín, 290 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 12,4 l/100 km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

**Jólabækur á frábæru verði!**



GERÐU VERÐSAMANBURÐ

Hlaupið í skarðið eftir J.K. Rowling **3.690,-**



ÓDÝRAST Í A4*

Mánasöngvarinn eftir Margréti Örnólfsdóttur og Signýju Kolbeinsdóttur **2.395,-**



Gleðigjafar eftir Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur og Thelmu Þorbergsdóttur **3.475,-**

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum A4 Austurvegi 65, Selfossi

A4

* Samkvæmt verðkönnun ASÍ frá 5. des. 2012

# Úrtölufólkið og spýjan

PJÓÐFÉLAGSMÁL



**Sr. Örn Bárður Jónsson**
sóknarprestur í Neskirkju

Hvað ef landnámsmennirnir forðum daga hefuðu snúið við og sagt „Þetta er bara vesen. Hættum við að leita á vit nýrrar framtíðar“?

Hvað ef Leifur, Þorfinnur, Guðríður og co. hefðu hætt við förina til Ameríku og aldrei fundið hina nýju álfu?

Hvað ef bandamenn í seinni heimstyrjöldinni hefðu sagt „Við skulum ekkert vera að skipta okkur af þessum málum. Látum þetta bara eiga sig“?

Hvað ef Lúther hefði ekki þorað að negla greinarnar 95 á dyr hallarkirkjunnar í Wittenberg og við værum enn föst í viðjum þröngsýni og afturhalds?

Hvað ef við hefðum ekki þorað að færa út landhelgina í 12 mílur, 50 mílur, 200 mílur?

Hvað ef Vestmannaeyingar hefðu ekki nennt upp á land í gosinu? Hvað ef þeir hefðu hætt við að dæla köldum sjó á hraunið? Hvað ef Guðlaugur hefði snúið aftur til skipsflaksins í stað þess að synda í land?

Hvað ef við hefðum ekki þorað að taka á hruninu? Og svo framvegis og framvegis.

Eða erum við kannski í þeim sporum að þora ekki að taka á hruninu?

Nú hrópar úrtölufólk hátt á málþingum og í fjölmiðlum og vill snúa þjóðinni til baka, þjóðinni sem er á ferð á vit nýrrar framtíðar. Hættum við, segja þau, förum varlega, skoðum þetta betur, snúum við, hættum við ferðina til fyrirheitna landsins, höfum þetta bara eins og það hefur verið, spillt, rotið, gruggugt, óskýrt, óréttlátt, ósanngjarnt, ójafnt – ó, ó, ó!

Já, svei, segi ég nú bara.

### Höldum för okkar áfram

Það tók fámennan hóp 116 daga að setja saman bandarísku stjórnarskrána árið 1787 sem margar stjórnarskrár frjálsra landa hafa síðan verið byggðar á. Hún var samþykkt með naumum meirihluta í mörgum ríkjum en náði þó í gegn. Það tók stjórnlagaráð 115 daga að ljúka gerð nýrrar stjórnarskrá fyrir Ísland árið 2011, stjórnarskrá sem fær flotta dóma þeirra erlendu sérfræðinga sem búa yfir alvöru þekkingu og kunna að lesa hana í samhengi við aðrar stjórnarskrár heimsins. En hér heima á klakanum eru úrtölumenn, einkum af félagsvísinda- og lögfræðisviðum háskólanna, orðnir hásir við að öskra á fólk um að snúa við, fara til baka. Mér koma til huga orð Salómons konungs, þess vitra manns: „Eins og hundur sem snýr aftur til spýju sinnar, svo er heimskingi sem endurtekur fíflsku sína.“

**➜ Ætlum við að að vera þær gungur að snúa við? Ætlar þú, þjóð mín, að snúa aftur til spýjunnar?**

Ætlum við að að vera þær gungur að snúa við? Ætlar þú, þjóð mín, að snúa aftur til spýjunnar?

Hlustum ekki á úrtölufólkið, brýnum alþingismenn okkar til að sýna nú djörfung og dug og klára málið án þess að eyðileggja listaverkið sem stjórnarskrárfrumvarpið er. Höldum för okkar áfram, ferðinni til nýrrar framtíðar, fegurri veraldar, réttlátara samfélags.

# Frelsið mun gjöra yður sanna

STJÓRNMÁL



**Finnur Þór Vilhjálmsson**
lögfræðingur

Því fylgir jafnan einkennileg blanda af kátínu, furðu og ónotum að lesa frásagnir af boðunarsamkomum langt leiddra hægrimanna. (Með því á ég bara við jaðarhópinn sem heldur fastar í ósýnilegu höndina en skynsemi sína.) Í Morgunblaðinu 20. nóvember sl. var viðtal við erlendan farandpredikara sem hélt stólræðu yfir innvígðum úr þessum hópi á dögunum. (Og blaðamanni Morgunblaðsins, ef gera ber einhvern skilsmun þar á.) Trú- eða teboðinn var Daniel nokkur Mitchell, bandarískur starfsmaður Cato Institute í Washington DC, USA, og pípa nú kannski strax reykskynjarar hjá mörgum en látum gott heita og höldum áfram.

### Doktor í hagfræði, doktor í hagfræði, doktor í hagfræði

Til að tryggja eftirtekt lesenda og kannski eitthvað meira taldi blaðamaður Morgunblaðsins augsýnilega nauðsynlegt að tiltaka ekki bara einu sinni, ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum að Mitchell væri með doktorsgráðu í hagfræði. Sjálf umfjöllunin var svo á kósí-kunnuglegum slóðum. „Meira frelsi og velmegun ef umsvif ríkisins eru lítil.“ Og: „Við viljum hagvöxt því þá hefur fólk það betra.“ Og: „Flatir skattar eru æskilegir samkvæmt hagfræði og siðfræði“. Gott og vel – það er trúfrelsi á Íslandi. Hápunkturinn var hins vegar ekki þarna heldur undir myndinni með viðtalinu.

Einn útúrdúr fyrst: Fram kom í viðtalinu hverjir safnaðarmeðlima höfðu veg og vanda af komu Mitchell hingað. Þar voru tvö hátimbruð nöfn, annars vegar Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt en hins vegar Samtök skattgreiðenda. Ég veit ekki með hið fyrrnefnda en af gramsi á netinu virðist hið síðara vera nafn á bloggsíðu Skafta Harðarsonar. Og ekki mikið meira. Ef til vill er þó eitthvað fleira í skúffu þessa félags, ég veit það ekki, en manni fyrirgefst vonandi að verða hugsað til gamanmála Flosa heitins Ólafssonar um Berg og Stóra-Aðalberg.

### Ein-tök? Sam-eind?

Óháð því má velta nánar fyrir sér þeirri tilhneigingu hjá sumum að koma á fót í kringum sjálfa sig, en kannski ekki svo marga aðra, einhverjum nostursamlega skírðum „samtökum“. Koma svo þaðan í frá helst ekki fram sem maður sjálfur heldur sem holdgerð Samtökin. Maður hefði kannski hneigst til að heimfæra þetta undir metnaðarfulla og e.t.v. dálítið misskilda félagshyggju. Það er þó víst ekki nokkuð sem maður myndi kenna Skafta Harðarsyni eða ýmsum öðrum sem þetta stunda. Hvað þá?

Ef gengið er á hold- og höfuðgervinga svona samtaka og þeir spurðir hverjir eða hversu margir aðrir séu undir skikkjunni og memm í klúbbnum er svo oftar en ekki viðkvæðið að fara undan í flæmingi eða jafnvel neita blákalt að gefa nokkuð upp um það.

Úr verður eitthvað í ætt við ævintýrið um hina keisaralegu nekt. Nema hvað barnið bendir ekki á bera kallinn og hrópar heldur er nógu kurteist og tillitssamt (eða meðvirkt) til að spyrja hann fyrst í hálfum hljóðum einslega hvort hann sé nú alveg örugglega viss um að vera í öllum fötunum. Og keisarinn, á fremur efnisrýrum þveng einum klæða (í víðlesnu og virðulegu blaði er rétt að gæta lágmarksvelsæmis í myndgervingum), svarar með nokkrum þjósti að hann geti nú ekki tjáð sig neitt um það en hinu megi fólk treysta að sjálfum líði honum líkt og kappklæddum.

### Endalok heimspekinnar?

En ég var að tala um guðspjallið samkvæmt Daniel Mitchell sem Morgunblaðið miðlaði lesendum sínum fyrir skömmu. Ógetið var um hápunktinn úr helgihaldinu. Og þar dugir ekkert minna en að vitna beint til endursagnar myndatextasmiðs Morgunblaðsins á egghvössu innsæi dr. Daniel Mitchell:

„Hann nefnir að það sé mun fýsilegra að búa í ríku landi, líkt og Íslandi, en fátæku, eins og Indlandi.“

Nú eru skattalækkanir góðar og blessaðar þar sem við á. Öll viljum við fá sem mest í vasana og skattana eins lága og unnt er hverju sinni. En hér er annað og meira undir. Aldrei áður í heimssögunni (kannski gat Churchill betur fullyrt svona en ég) hefur jafnsnyrtilega, í jafnfáum orðum og á jafnbarnslega bláeygan hátt verið smættuð niður sjálf lífsgátan. Dömur mínar og herrar í heimspekideildunum, þið getið pakkað niður doðröntunum og tekið ofan flöskubotnana, kannski bara drifið ykkur loksins í leiser en því næst heim og hallað ykkur og svo strax í fyrramálið fengið ykkur alminlega vinnu: Daniel Mitchell og Mogginn eru búnir að þessu fyrir ykkur.

**➜ Nú eru skattalækkanir góðar og blessaðar þar sem við á. Öll viljum við fá sem mest í vasana og skattana eins lága og unnt er hverju sinni. En hér er annað og meira undir. Aldrei áður í heimssögunni (kannski gat Churchill betur fullyrt svona en ég) hefur jafnsnyrtilega, í jafnfáum orðum og á jafnbarnslega bláeygan hátt verið smættuð niður sjálf lífsgátan.**

### Vöxtur með vorinu

Eða ekki. Ég veit ekki með aðra en við lestur þessa viðtals í Morgunblaðinu varð mér einkum hugsað til eins, og það var ekki hvað ég gæti loksins grætt og grillað mikið ef ég fengi allt þetta frelsi sem boðað var, heldur var það Peter Sellers sem Chance úr kvikmyndinni Being There, klæddur í kjól og hvítt og með Mónulísubros, segjandi undirfurðulegum rómi við bergnuminn hóp fyrirmenna: „There will be growth in the spring.“

Alveg hreinskilnislega í þetta sinn held ég að sjaldan í heimssögunni hafi jafnsnyrtilega, í jafnfáum orðum og á jafnbarnslega bláeygan hátt verið rifin niður hin brenglaða sjálfsmynd hagfræðinnar, sem sumir kyndilberar eða sjálfskipaðir stafnbúar hennar þreytast ekki á að troða upp á hana beint eða óbeint, nefnilega að hún sé innst inni raunvísindi en ekki félagsvísindi. (Eins og hið síðara sé annars eitthvað til að skammast sín fyrir!) Vonandi er að þessi eðlisáttunarvandi rjátlist sem fyrst af þeim sem við hann stríða. Vonandi er að þeir leyfi hagfræðinni að vera það sem hún í raun er og hvorki meira né minna en það: samnefnari fyrir misjafnlega viðeigandi tilgátur, stundum kenningar, um manninn og samfélagið en ekki – alls ekki! – fyrir nein járnhörð náttúrulögmál um hið sama.




# HJÓNAGJÖFIN YKKAR

## Stillanlegt og þægilegt!




Chasmere heilsuýnur,stillanlegur botn og lappir
**499.900**
2x90x200
Fáanlegt í öllum stærðum

Tempur heilsudýnur,stillanlegur botn og lappir
**649.900**
2x90x200
Fáanlegt í öllum stærðum

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

12 mánaða vaxtalaus lán* á Chiro collection

* 3,5% lántökugjald

Chiro DeLuxe heilsurúm á jólatilboði kr. 224.720 með:
**56.180 kr. afsláttur**
160x200 cm

AÐEINS
**19.722,-**
afb. á mánuði í 12 mánuði

## Chiro heilsudýnur
### NÝ HÖNNUN

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýsti jöfnunarefni.






## TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Fyrir alla í fjölskyldunni

TILVALIN JÓLAGJÖF
**20%** jólaafsláttur af öllum Tempur-koddum










## NÝTT Á RÚMIÐ

Þegar mjúkt á að vera mjúkt getur þú treyst okkar vörumerkjum. Betra bak er einungis með sérvalin sængurverasett, svo ekki sé talað um Aloe Vera bómullar-lökin sem slegið hafa í gegn.




www.betrabak.is

**Betra BAK**
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17
Sunnudaga frá kl. 13-17

# Alþjóðasamvinna um heilbrigðismál

HEILBRIGÐISMÁL



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

Ríki heims hafa átt með sér víðtækt samstarf um heilbrigðismál um langt skeið. Með undirritun stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) 22. júlí 1946 og formlegri stofnunar hennar 7. apríl 1948 tók WHO yfir verkefni og hlutverk Heilbrigðisnefndar Þjóðabandalagsins ásamt fleiri viðfangsefnum. Alls var um að ræða 43 alþjóðasamninga um heilbrigðismál og a.m.k. 7 alþjóðlegar stofnanir sem hin nýja alþjóðasamvinnustofnun um heilbrigðismál tók yfir.

### Alþjóðasamstarfið

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina var stór hluti heimsbyggðarinnar að rísa úr rúst eftir hildarleik ófriðarins. Á þessum tíma var komið á fót alþjóðlegum stofnunum og samtökum sem hafa látið sig heilbrigðismál miklu varða og starfað í náinni samvinnu við WHO á mörgum sviðum. Má þar nefna Evrópuráðið, Alþjóðabankann, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og síðar Evrópusambandið. Hjá þessum aðilum varð samvinna um heilbrigðismál ekki aðeins liður í að bæta heilsufar þjóða heldur sömuleiðis aðgerð til að treysta efnahaginn og friðinn um víða veröld.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er ábyrg fyrir stefnumótun og samræmingu heilbrigðismála á vegum hinna Sameinuðu þjóða. WHO er þannig forystuafl í heilbrigðismálum á heimsvísu, forgangsraðar viðfangsefnum heilbrigðisrannsókna, setur viðmið og gæðastaðla í heilbrigðisþjónustu, byggir vinnu sína á sannreyndum stefnumiðum, veitir aðildarríkjum tæknilega aðstoð og fylgist með og metur þróunina í heilbrigðismálum.

### Mikilvægir þættir

Í heilbrigðismálum hefur Evrópuráðið í Strasbourg einkum gert sig gildandi gegnum heilbrigðisnefnd sína. Ráðið hefur einnig haldið utan um Lyfjaskrá Evrópu („European Pharmacopoeia“) frá 1964, en í henni er að finna sameiginlega staðla sem skylt er að nota í öllum aðildarríkjunum til að tryggja gæði lyfja. Alþjóðabankinn hefur síðustu áratugina lagt vaxandi áherslu á að styðja við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu og stuðla að umbótum í heilbrigðiskerfum þróunarlanda. Fjárfesting í heilsu er mikilvæg fyrir efnahagslega uppbyggingu hvar sem er í heiminum.

OECD hefur í auknum mæli beint sjónum sínum að heilbrigðismálum. Til að byrja með var athyglin nær einskorðuð við heilbrigðisútgjöldin, en nú safnar stofnunin og gefur út víðtækar upplýsingar um heilbrigðismál í aðildarríkjunum. Jafnt ríkisstjórnir sem ráðgjafarfyrirtæki eins og Boston Consulting Group, McKinsey og Deloitte nýta sér þessar upplýsingar. OECD starfar sömuleiðis náið með WHO og framkvæmdastjórn ESB við samræmingu upplýsinga á þessu sviði. Þótt heilbrigðismál séu fyrst og fremst málefni hvers aðildarríkis fyrir sig innan ESB þá felur Evrópusamstarfið í sér fjárhagslegar skuldbindingar og kröfur um samhæfingu í stefnumótun og rannsóknum á heilbrigðis- og velferðarsviðinu.

### Afskipti eða einangrun

Íslendingar hafa um áratugaskeið verið virkir þátttakendur í allri alþjóðasamvinnu um heilbrigðismál. Megináherslan hefur verið á starfsemi WHO og á síðasta áratugi gegndi Ísland til dæmis formennsku í framkvæmdastjórn WHO með góðum árangri. Í öðrum alþjóðastofnunum og á norrænum vettvangi hafa fulltrúar Íslands tekið þátt í margvíslegum verkefnum og nýtt sér þá kosti sem beinn aðgangur að þessari starfsemi veitir.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur af ýmsum ástæðum dregið verulega úr þátttöku í erlendu samstarfi og er óhætt að fullyrða að síðustu árin höfum við ekki náð að fylgjast nægjanlega vel með helstu alþjóðastraumum á sviði heilbrigðismála, nema þá til málamynda. Það er því mikil hætta á að mótun nýrrar framtíðarsýnar og gerð áætlana í heilbrigðismálum geti ekki uppfyllt þær kröfur sem gera verður til að ná viðhlítandi árangri og tryggja að íslensk heilbrigðisþjónusta verði áfram sambærileg við það sem best gerist annars staðar. Verði ekki brugðist við þessu ástandi á skynsamlegan hátt er hætt við að framtíðin verði beinn og breiður vegur einangrunar og afskiptaleysis fjarri lífæðum hins alþjóðlega samfélags.

**→ OECD hefur í auknum mæli beint sjónum sínum að heilbrigðismálum. Til að byrja með var athyglin nær einskorðuð við heilbrigðisútgjöldin, en nú safnar stofnunin og gefur út víðtækar upplýsingar um heilbrigðismál í aðildarríkjunum. Jafnt ríkisstjórnir sem ráðgjafarfyrirtæki eins og Boston Consulting Group, McKinsey og Deloitte nýta sér þessar upplýsingar.**



# Vernd barna óháð landamærum

RÉTTINDI BARNA



**Halla Gunnarsdóttir**
aðstoðarmaður innanríkisráðherra

Síðastliðið sumar voru gerðar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Breytingarnar létu ekki mikið yfir sér en fólu í sér þýðingarmikið skref í alþjóðlegri baráttu gegn ofbeldi gegn börnum. Þar á meðal var gerð sú breyting að mögulegt er að sækja til saka íslenskan ríkisborgara eða einstakling sem býr hér á landi fyrir brot gegn barni utan landsteinanna, óháð því hvort brotið sætir refsingu í því landi sem það er framið.

### En hvað þýðir þetta í reynd?

Ímyndum okkur íslenskan mann sem ferðast til Kambódíu og kaupir þar vændi af barni. Löggæsluyfirvöld í Kambódíu eru máttlaus þegar kemur að því að takast á við vændi, mansal og misnotkun á börnum og konum en allt er þetta afar útbreitt í landinu. Landlæg spilling er meðal orsaka.

Íslendingurinn þarf fyrir vikið í engu að óttast að vera sóttur til saka fyrir brot sitt. Í versta falli gæti hann greitt lögreglunni smáaura og verið laus allra mála. Glæpur hans felur hins vegar í sér brot á alþjóðlegum sáttmálum um réttindi barna, jafnt sem íslenskum lögum og á þeim grunni getur hann átt yfir höfði sér lögreglurannsókn á Íslandi, komist íslensk lögregluyfirvöld á snoðir um glæpinn.

Þessi löggjöf er ekki gripin úr lausu lofti. Hún er liður í fullgildingu Íslands á Sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu gegn börnum. Sáttmálinn, sem er kenndur við Lanzarote á Spáni, kveður sérstaklega á um að ríki skuli vera með skýra löggjöf í þessum efnum og efna til rannsókna og saksókna eftir því sem kostur er.

### Taka sjálfir myndir

Á ráðstefnu Evrópuráðsins og ítalskra stjórnvalda í Rómarborg á dögunum var þetta sérstaklega rætt og því velt upp að hvaða marki þessi þáttur sáttmálans hefði gagnast. Ekki hefur oft verið sakfellt á þessum grunni í Evrópu en þó eru nokkur dæmi um slíkt. Áþreifanlegustu sönnunargögnin eru þegar menn taka sjálfir myndir af verknaðinum og hafa þær í fórum sínum. Í slíkum tilfellum er mögulegt að sakfella menn jafnvel þótt brotaþolinn – eða brotaþolarnir eins og oft vill vera í málum sem þessum – finnist ekki. Þá eru þess dæmi að brotaþolum hafi, ásamt nánustu fjölskyldu, verið flogið til Evrópu til að bera vitni fyrir dómi og hafa slík mál leitt til sakfellinga.

Annað dæmi gæti verið að foreldrar sem búa á Íslandi ferðast til Kongó með dóttur sína og láta skera kynfæri hennar burt (stundum kallað umskurður en réttara væri að nota orðið afskurður eða limlesting á kynfærum). Í slíku máli mætti saksækja foreldrana á Íslandi, jafnvel þótt afskurður sé ekki saknæmur í Kongó. Ákvæði þessa efnis hafa verið inni í íslenskum hegningarlögum frá árinu 2005.

### Algild réttindi barna

Á Íslandi hafa engin mál af þessum toga komið til kasta dómstóla. Hins vegar er líklegt að Íslendingar séu einnig í hópi þess fjölda sem ferðast til landa þar sem réttarvernd barna er takmörkuð gagngert til að beita börn ofbeldi.

> **→ Löggæsluyfirvöld í Kambódíu eru máttlaus þegar kemur að því að takast á við vændi, mansal og misnotkun á börnum og konum en allt er þetta afar útbreitt í landinu. Landlæg spilling er meðal orsaka.**

Með löggjöfinni eru send skýr skilaboð: Réttur barna er algildur, ekki afstæður, og okkur ber að vernda börn gegn grófu ofbeldi, sama hvar þau búa og hvaða vernd þeirra eigin stjórnvöld geta veitt. Á Rómarráðstefnunni voru ríki Evrópu hvött til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja þessum lögum og hrinda þeim í framkvæmd með öllum tiltækum ráðum.

Fá verkefni eru jafn aðkallandi og að stöðva ofbeldi og illa meðferð á börnum. Til þess þurfum við að horfa á óræktina í eigin garði en að sama skapi að láta órækt í öðrum görðum aldrei afskiptalausa. Þetta verkefni er á ábyrgð okkar allra.

## AF NETINU

### Hlutdrægni

Mín gamla vinkona Jóhanna Hjaltadóttir sagðist í viðtali á dögunum ekki vita um neina rökstudda gagnrýni á Ríkisútvarpið fyrir hlutdrægni. Ég skal nefna eitt skýrt dæmi. Það er ekki, að í Speglinum hefur síðustu árin verið rætt margsinnis við alla prófessorana í stjórnmálafræði nema einn, og þarf ég ekki að heita verðlaunum fyrir rétta svarið við því, hver sá eini er.

Dæmið er miklu betra. Í fréttum Sjónvarpsins af Icesave-málinu var alltaf talað um Icesave-skuldina. Jafnvel þau Jóhanna og Steingrímur viðurkenndu ekki neina slíka skuld, heldur aðeins kröfu Breta á hendur okkur, sem við yrðum hugsanlega að verða við, ef þeir neyttu aflsmunar.

Eini íslenski aðilinn, sem ég veit um, að viðurkenndi þessa kröfu Breta, var Ríkisútvarpið með því að tala alltaf um Icesave-skuldina, en ekki um Icesave-kröfuna, sem hefði verið tiltölulega hlutlaust orðalag. Þetta var engin skuld. Þetta var krafa.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Hannes

*Hannes Hólmsteinn Gissurarson*





**Þórður Helgi Þórðarson, útvarpsmaður**

### Í mat hjá Gísla

„Gísli Einarsson, já sá Gísli, ætlar að bjóða okkur nokkrum í mat í Borgarnesið blíða og það ætti að vera nóg til að lifa á næstu vikurnar. Svo eru það fyrstu tónleikar dótturinnar og föndur með börnunum.“



**Snæbjörn Ragnarsson, Skálmaldarmeðlimur**

### Tvennir tónleikar

„ Ég ætla að spila tvisvar með Skálmöld á Gamla Gauknum, fyrst fyrir alla aldurshópa og svo „venjulega“ tónleika um kvöldið.“



**Heiða Eiríksdóttir, söngkona**

### Próflestur

„Ég ætla að klára ritgerð um myndina High and Low eftir Kurosawa og læra fyrir japönskupróf sem ég fer í á mánudag.



**Elísabet Ronaldsdóttir, klippari**

### Þvottafjallið klifið

„Ég ætla að halda áfram að láta mig dreyma um að bjarga heiminum á meðan ég tekst á við þvottafjallið og krónískt samviskubitið.“

# TÚRANDI ÆTTARMÓT

Meðlimir hljómsveitarinnar **FM Belfast** standa á tímamótum, en danssveitin er aftur komin á kreik eftir barneignaleyfi undanfarna mánuði. Þeir eru sammála um að fjölskyldulífið breyti tónleikaflakkinu, en halda hins vegar ótrauðir áfram þrátt fyrir að mjaðmaverkir geri vart við sig og ljóstra því upp að ný plata sé í bígerð.

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

Við höfum verið að vinna með UNICEF fyrir dag Rauða nefsins sem var í gær. Við gerðum lag sem heitir Öll í kór. Þetta var mjög skemmtileg vinna. Við fengum fjórtán gestasöngvara til þess að syngja með okkur. Við gerðum líka myndband við lagið ásamt Saga Film.

*Nýkomin heim frá útlöndum, hvar voruð þið að spila?*

Við vorum Bern í Sviss. Spiluðum þar í partíi fyrir fatabúð þar sem nefnist Fizzen. Hún átti 20 ára afmæli. Skemmtilegast þótti okkur að fá fondue og raclette (raclette er tegund af osti sem þeir bræða yfir brauð, kjöt eða kartöflur). Vissuð þið að það er hægt að fá McRaclette á McDonalds í Sviss? Þeir segja að það sé jafnvel betra en Big Mac.

*Nú eru þið öll orðin fjölskyldufólk, hefur það ekki áhrif á tónleikaflakkið um heiminn?*

Já, það hefur alls konar áhrif. Í fyrsta lagi höfum við lítið farið út að spila undanfarna mánuði þar sem flest okkar hafa verið í barneignarleyfi. Þetta mun svo líklega hafa þau áhrif að við förum í styttri ferðir fyrst um sinn. Við erum satt að segja enn að finna út hvernig við viljum gera þetta. Þetta mun allt saman koma í ljós smám saman.

*Koma börnin kannski bara með? Ef þau koma með, hvernig líkar þeim tónleikalífið?*

Fyrsta ferð Fróða, sonar Árna og Lóu, var til Sviss um daginn. Hann er fæddur til að ferðast eins og Agnes, dóttir Árna Vil, sem stóð sig með prýði á tónleikaferð í Berlín í sumar. Alda dóttir Örvars hefur líka komið með í ferðir og fór í fyrsta skipti á svið eins árs. Þau munu svo örugglega tjá sig eitthvað um tónleikalífið þegar þau byrja að tala. Þau eru hins vegar frekar róleg yfir þessu eins og er.

*Koma kannski makar með líka?*

Já, já, makar, barnapíur, systkini, foreldrar og vonandi einhvern tímann ömmur og afar. Við erum túrandi ættarmót.

*Hefur eitthvað breyst við það að danssveitin varð fjölskyldusveit? Erfiðara að dansa fram undir morgun uppi á sviði?*

Jú, það er mun erfiðara að dansa fram undir morgun. Meirihluti meðlima er með einhvern verk í mjöðmunum sem þeir hafa ekki fundið fyrir áður. En við höfum brugðist við þessu með því að gera hreyfingar sem hafa lítil líkamleg áhrif á okkur. Flest okkar eru líka á leiðinni í pilates eða hot yoga til þess að liðka limina.

*Hvað er í bígerð?*

Að finna út úr tónleikaferðum þar sem börn eru með í för. Fara í stúdíó eins oft og við getum. Fylgja eftir laginu sem við gerðum fyrir UNICEF. Hjálpa sem flestum að komast að þeirri niðurstöðu að það er ekki bara gott að vera foreldri heldur er enn betra að vera heimsforeldri, og undirbúa jólin. Það verður t.d. vínyll til sölu frá okkur á markaði hjá Kex Hosteli 22. desember. Tilvalið í jólapakkann.

*Ný plata á leiðinni?*

Við erum að vinna í nýrri plötu sem á að koma út á næsta ári. Við vinnum með nýjar strategískar aðferðir sem innihalda tússtöflu, gula post-it miða, bláa málningu og marglita penna. Þessar aðferðir skila sér ágætlega og við erum bara nokkuð bjartsýn.

*Meira heimsflakk?*

Við ætlum í stutta ferð til Bandaríkjanna eftir jól og munum fara í stuttar ferðir til Evrópu. Svo bíðum við auðvitað eftir því að fleiri heimsálfur opni dyrnar fyrir okkur.

*Hvar verður FM Belfast eftir fimm ár?*

Við verðum væntanlega komin með eldri og fleiri börn. Við verðum komin með fleiri og óskiljanlegri verki hér og þar um líkamann og svo verðum við búin að gefa út fleiri plötur.



**HRESSANDI FJÖLSKYLDUSVEIT** Árni og Lóa ásamt syni sínum Fróða, fjögurra mánaða, Örvar með dóttur sinni Öldu, fjögurra ára, og Árni Vilhjálmsson með Agnesi dóttur sinni, 11 mánaða. Á myndina vantar feðgana Borkó og Hjalta sem eru búsettir á Drangsnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stekkjarstaur kom fyrstur ...

Margar kynslóðir barna hafa kynnst jólasveinunum þrettán gegnum vísur Jóhannesar úr Kötlum.

Áttatíu ár eru liðin síðan kverið Jólin koma kom fyrst út. Teikningar Tryggva Magnússonar prýða þar vísur Jóhannesar.

Á dögunum kom út 27. prentun kversins, að þessu sinni í hátíðarútgáfu með hörðum spjöldum. Gera má ráð fyrir að um 100.000 eintök hafi selst af kverinu frá upphafi.

### Hrekkjóttir synir Grýlu

1. **Stekkjarstaur** – sýgur mjólk úr ánum í fjárhúsinu.
2. **Giljagaur** – nær sér í mjólkurfroðu úr mjaltafötum í fjósinu.
3. **Stúfur** – stelur pönnum og borðar viðbrenndu agnirnar af þeim.
4. **Þvörusleikir** – sleikir þvöruna sem notuð var til að hræra í pottum.
5. **Pottaskefill** – Borðar skófir innan úr pottum.
6. **Askasleikir** – sleikti aska að innan ef þeir voru látnir úr augsýn.
7. **Hurðaskellir** – truflaði fólk þegar það hvíldi sig með því að láta marra í og skella hurðum.
8. **Skyrjarmur** – braut lok af skyrsánum og át á sig gat.
9. **Bjúgnakrækir** – klifraði upp á bita og hnuplaði bjúgum sem þar héngu.
10. **Gluggagægir** – kíkti inn um glugga til að athuga hvort inni fyrir væri eitthvað álitlegt til að stela.
11. **Gáttaþefur** – hafði sérlega stórt nef og var næmur fyrir laufabrauðslykt.
12. **Ketkrókur** – krækti í kjöt í gegnum strompinn.
13. **Kertasníkir** – elti börn til að reyna að ná af þeim kertunum þeirra.





GLEÐILEGA HÁTÍÐ

2012



# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ

## Ánægjuleg aðventa í miðborginni

**Það stendur mikið til í miðborginni í dag.
Verslanir og veitingahús verða í sérstöku hátíðarskapi
og taka á móti gestum með lokkandi jólailmi.**

**Viðburðir og skemmtanir um allan bæ, m.a. Graduale Futuri,
Skátakórinn, Sönghópurinn Spectrum, Ungblásarasveit Kópavogs,
Kvartettinn Kvika, jólavættir klifra upp um alla veggi
og jólasveinar einn og annar verða á ferli.**

### Jólamarkaður við Gömlu höfnina

**Opið frá kl. 11–18
Hönnuðir og handverksfólk selja verk sín.
Sérstök jólatilboð og viðburðir fyrir alla
fjölskylduna. Jólasveinar, söngur og
skemmtiatriði — og jólahvalurinn
Rauðhöfði svamlar um.
Sjá nánar Gamla Höfnin á Facebook.**

### Hangið á Hlemmi

**15:00 Agent Fresco fyllir Hlemmtorg
framsæknum hljómum.**

### Kakóstöðvar Rauða krossins

**Söngfólk úr ranni Kristjáns Jóhannssonar
flytur aríur fyrir kakóþyrsta.**

### Framundan í miðborginni

**12. desember
Taktu þátt í tónlistar- og hönnunarveislu
Rauða krossins, 12.12.12 í miðborginni.**

**14. desember—15:30
Jólabærinn Ingólfstorgi opnar.**

**15. desember—16:30
Coca-Cola lestin ekur niður Laugaveg.**



MIÐBORGIN OKKAR

**Verum, verslum og njótum**
— þar sem jólahjartað slær.
www.midborgin.is



Brandenburg



**Á VAKTINNI** Arnar og Rakel í Frú Laugu ásamt yngstu dótturinni, Elísabet Ellen, sem er sjö mánaða gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ást, heiðarleiki og sanngirni

Rakel Halldórsdóttir og Arnar Bjarnason kynntust þegar þau voru sextán og byrjuðu saman nítján. 21 ári, nokkrum prófgráðum og fimm börnum síðar er rekstur þeirra á hverfisversluninni Frú Laugu orðinn aðalstarf þeirra beggja.




**Sigríður Björg Tómasdóttir**
sigridur@frettabladid.is


Lífrænar mandarínur frá Sikiley, grænmeti frá Sólheimum, egg í stykkjatali, ólífuolía frá Ítalíu, ítalskt jólabrauð, pottar, pönnur og pasta af bestu tegund; það er sannarlega margt sem ber fyrir augu í Frú Laugu, bændamarkaðnum sem hjónin Arnar Bjarnason og Rakel Halldórsdóttir settu á laggirnar haustið 2009. Draumurinn var gamall, á námsárunum á Ítalíu kynntust þau því að kaupa vörur beint frá bændum og heilluðust af því fyrirkomulagi. Það blundaði því lengi með þeim að auðvelda Íslendingum aðgengi að vörum beint frá íslenskum bændum, en mörg ár liðu áður en þau hrintu hugmyndinni í framkvæmd.

**Þurfti hrunið til**

„Við fundum að Íslendingar voru ekki tilbúnir og ekki var jarðvegur fyrir slíka verslun þegar við fluttum heim,“ segir Rakel. „Eftir hrunið fannst okkur margt breytast og við afréðum því að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Við fórum að svipast um eftir húsnæði og höfðum augastað á þessu hér, en misstum það í hendurnar á öðrum. Sá rekstur varði ekki lengi þannig að þegar aftur bauðst að leigja það slógum við til. Hér erum við í hverfinu okkar og okkur fannst mjög mikilvægt að bændamarkaðurinn okkar yrði hverfisverslun.“

Rakel hefur gefið sér tíma í miklum önnum til þess að setjast niður með blaðamanni Fréttablaðsins. Við setjumst niður í gluggakistu í versluninni Frú Laugu. Yngsta dóttirin Ellen Elísabet er með í för og situr í fangi móður sinnar. Hún er sjö mánaða og rétt að fara að byrja vist hjá dagmóður. Önnur börn þeirra hjóna eru Gréta, sextán ára, Halldór, 10 ára, Áslaug Birna 5 ára og María Anna 2 ára eru í skólum og leikskólum. Verslunin er lokuð eins og venja er á mánudögum en eiginmaður Rakelar, Arnar, er á hlaupum við að taka á móti vörum eins og aðra mánudaga. Það þarf að raða í hillur og á borð og gera allt tilbúið fyrir vikuna. Þar fyrir utan er verið að leggja lokahönd á útibú Frú Laugu sem opnar brátt við Óðinsgötu 1.

„Við ætluðum okkur ekki sérstaklega að færa út í kvíarnar en vegna endurtekinna fyrirspurna viðskiptavina okkar fórum við að leita að hentugu húsnæði niðri bæ og þetta rak á fjörur okkar,“ segir Rakel sem sinna mun verslunarrekstri á Óðinsgötu, en hún verður nú í fyrsta sinn í fullu starfi hjá Frú Laugu, hætti nýverið hjá Safnaráði þar sem hún hefur verið framkvæmdastjóri síðan þau fluttu heim eftir sex ára dvöl á Ítalíu og í Bandaríkjunum árið 2003.

**Kynntust í Verzló**

Byrjum á byrjuninni, hvernig kynntust þið Arnar? „Við vorum saman í bekk á fyrsta ári í Verzlunarskólanum, árið 1988. Þaðan lá leið mín yfir í MH en við héldum sambandi og byrjuðum saman þegar við vorum nítján ára, og höfum verið saman síðan,“ segir Rakel.

Að loknu stúdentsprófi 1992 lá leiðin í háskólanám. „Ég var í stjórnmálafræði og Arnar í tónsmíðum. Við fórum svo út til Ítalíu 1997, en þar var Arnar í einkatímum hjá Atla Ingólfssyni tónskáldi. Ég var þá heimavinnandi með Grétu litlu. Við bjuggum í fyrra skiptið á Ítalíu í agnarlítilli þyrpingu rétt hjá þorpinu Monghidoro, í Appennínafjöllunum, mitt á milli Bologna og Flórens, en í seinna skiptið í hjarta Toskana, um kílómetra suður af Flórens. Þar kynntumst við dásamlegri matarmenningu Ítala og vöndumst því að geta keypt ólífuolíu og aðrar afurðir beint frá bónda, vínin sömuleiðis. Þetta fannst okkur alveg frábært,“ segir Rakel og bætir við að ítölsk matarmenning hafi heillað þau æ síðan. „Einfaldleikinn sem einkennir hana höfðar mjög mikið til okkar. Áherslan er á hráefnið, það fær að njóta sín og því er auðvitað mikilvægt að hráefnið sé gott.

Það heillaði mig líka við ítalska matarmenningu hversu töm hún er Ítölum. Þeir þekkja sínar hefðir mjög vel og rétti úr sínu umhverfi og héraði. Þeir tala mikið um mat og hafa áhuga á mat og miðla þeim áhuga til ungu kynslóðarinnar. Í leikskólanum sem elsta dóttir okkar var í var börnunum til dæmis kennt að búa til vín. Þau fóru á vínakur, tíndu vínber og settu í bala, fengu svo að traðka á berjunum, eins og tíðkaðist að gera og aðstoða við víngerð. Afraksturinn var svo seldur til foreldranna,“ segir Rakel og brosir.

„Að mínu mati væri hægt að gera mun meira af því að kynna matarhefðir og matargerð í íslenskum skólum. Til dæmis væri hægt að kenna skyrgerð, búa til sultur og saft úr berjum og grauta úr grösum. Þetta er hluti af menningunni sem börn hefðu örugglega ánægju af. Auðvitað getum við foreldrar séð um þetta en ég held bara að það væri gott að fá þessa kennslu inn í skólann líka til að styrkja vitund og hugmyndir barnanna um menningu okkar, uppruna og matarhefðir.“

**Ítalía og Boston**

Ítalíudvöl þeirra Arnars og Rakelar var tvískipt, en í millitíðinni bjuggu þau í Boston. Þar voru þau í námi en ræktuðu líka matar- og vínáhuga. Arnar var í doktorsnámi í tónsmíðum og vann með skólanum í einni fremstu vínbúðinni í Boston og þegar heim var komið fóru þau fljótlega að flytja inn vín. „Við fluttum inn góð, sum lífræn, vín frá góðum framleiðendum. Í dag er áhersla okkar í vínflutningnum að þróast yfir í eingöngu lífræn vín. Við fórum líka fljótlega að flytja inn ólífuolíu og ýmislegt smálegt sem ekki er framleitt hérlendis.“ Innflutningnum sinntu þau með ▶





➜ ... Að mínu mati væri hægt að gera mun meira af því að kynna matarhefðir og matargerð í íslenskum skólum. Til dæmis væri hægt að kenna skyrgerð og búa til sultur og saft úr berjum og grauta úr grösum.

EKKI MISSA AF ÞESSU

# LAGERSALA Á DEKKJUM

## HEFST Í DAG – LAUGARDAG

Vegna sameiningar Sólningar og Pitstop verður Pitstop í Duggvogi lokað um næstu áramót. Af þeirri ástæðu verður **LAGERSALA** á sumar- og vetrardekkjum í Dugguvogi 10 á meðan birgðir endast. **MIKIÐ ÚRVAL OG ÓTRÚLEGT VERÐ!**




# 15-70% AFSLÁTTUR

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP! FYRSTUR KEMUR – FYRSTUR FÆR!**




**VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ!**
Öll geymsludekk hjá Pitstop Dugguvogi flytjast yfir til Barðans Skútuvogi 2

pitstop

DUGGUVOGI 10 (VIÐ SÆBRAUT)

**OPIÐ** LAUGARD. KL. $9^{00}$–$14^{00}$
VIRKA DAGA $8^{00}$–$18^{00}$

## Í SÍNU DAGLEGA LÍFI LEITAST ARNAR OG RAKEL VIÐ AÐ ....

**1. Neyta fæðu sem er framleidd á góðan hátt í sátt við náttúruna**
Við viljum vöru sem framleidd er af alúð og á náttúrulegan og góðan hátt. Þetta þýðir að enginn óþarfi er notaður í framleiðslunni og afurðin er þá án óþarfra aukaefna.Oft er um að ræða afturhvarf til eldri framleiðsluaðferða sem eru meira í takt við náttúruna og varðveita betur næringargildi afurðanna. Dæmi um þetta er steinmölun á mjöli í stað vélmjölunar, náttúruleg hefingu brauðs með súr í stað gers eiturefnalaus grænmetisræktun, „mannúðlegra" ræktun dýra og fleira. Svo má benda á að hægt er að nota sykur með næringarríkum mólössum í stað sykurs sem mólassar hafa verið hreinsaðir úr.

**2. Nota eldunaráhöld sem eru án óþarfa húðunar**
Við notum til að mynda óméðhöndlaða járnpönnu til steikingar og emaleraða járnpotta og ofnföt, eins og amma og langamma áttu.

**3. Nota tilbúin fæðubótarefni, vítamín og steinefni í lágmarki.**
Undantekning frá þessu er járn, en okkar reynsla og þekkingaröflun hefur gefið ástæðu til að ætla að járnskortur sé almennt ekki tekinn nægilega alvarlega og sé hugsanlega ein helsta meinsemd nútíma lifnaðar- og framleiðsluhátta og undirliggjandi orsök fjölda kvilla og sjúkdóma sem fólk í nútímasamfélagi þjáist af. Nægilegt járn er afar mikilvægt til að tryggja grundvöll starfsemi líkamans, svo sem blóðmyndun og súrefnisupptöku, og gera honum kleift að starfa rétt, byggja sig upp og standast álag af öllu tagi, líkamlegt og andlegt.

**4. Hafa boðskap Hippókratesar að leiðarljósi**
„Náttúrulegur eiginleiki líkamans til lækningar innra með okkur er mikilvægasta aflið í því að ná heilsu" og „láttu fæðuna vera meðal þitt og meðal þitt vera fæðuna".

**5. Blanda fæðu almennt á góðan hátt**
Til að mynda að neyta ávaxta sér og blanda ekki miklu próteini og kolvetni saman, þannig að mjög oft er á okkar borðum eingöngu gott, innihaldsríkt salat með kjöti eða fiski.

**6. Borða góðar olíur og fitur rétt.**
Við forðumst hertar fitusýrur og borðum kaldpressaðar jurtaolíur í náttúrulegustu formi ferskar út á mat (mest góðar ólífuolíur). Við borðum dýrafitu í sem hreinustu formi, svo sem smjör og rjóma. Þá reynum við að gufusjóða mat og sjóða og steikja mat hægt og á lágum hita.

**7. Taka öllu ofangreindu ekki allt of alvarlega**
og leyfa sér annað því meðalhófið er best í öllu eins og Plató og fleiri hafa bent á.



**NOTALEGT Á AÐVENTUNNI** Áslaug Birna, María Anna, Rakel, Gréta með Elleni Elísabetu og Halldór heima á Sundlaugarvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

▶ sínum störfum. Arnar kenndi í Listaháskólanum og Nýja tónlistarskólanum, þar sem hann nam píanóleik áður en hann hóf nám í tónsmíðum. Rakel sem kom heim með tvær meistaragráður, í safnafræði og listasögu, og var sem fyrr segir framkvæmdastjóri Safnaráðs.

En svo kom að því að þau stigu skrefið, festu sér húsnæði til verslunarreksturs og síðan hefur ekki verið aftur snúið. „Arnar kennir einu sinni í viku í Nýja tónlistarskólanum, en hefur hætt annarri kennslu. Ég sagði nýlega upp starfi mínu til að fara á fullt í reksturinn með honum. Við erum að stækka við okkur í rekstrinum og svo eru börnin auðvitað orðin fimm, hitt starfið var fullt starf, það er svolítið mikið með barnahópinn," segir Rakel, sem segir það ekki þaulskipulagt að eignast fimm börn, en hún er sjálf úr fimm systkina hópi og þekkir fjörið sem fylgir stórum systkinahópi.

„Við byrjuðum nú samt ósköp rólega. Eignuðumst Grétu árið 1996 og förum út með hana til Ítalíu 10 mánaða gamla. Í útlegðinni bættist Halldór svo í hópinn, hann var einmitt 10 mánaða þegar við fluttum heim en það eru fimm og hálft ár á milli þeirra. Svo kom hún Áslaug Birna í heiminn í ágúst 2007, María Anna í apríl 2010 og Ellen Elísabet í apríl 2012 og þá voru þau orðin fimm."

Barnahópurinn er glæsilegur eins og Fréttablaðið kemst að raun um þegar öllum er stefnt í myndatöku. Allir stilla sér upp hjá mömmu í stofunni heima og svo er haldið með hersinguna út í Frú Laugu. Börnin eru auðvitað heimavön í búðinni og næla sér í epli og gulrætur og súkkulaðimolar freista auðvitað. Gréta vinnur í búðinni í hlutavinnu með námi í Verzlunarskólanum og Listdansskólanum, og það styttist í að Halldór geti staðið vaktina. Þrátt fyrir að síðdegið sé runnið upp, tími sem iðulega reynist litlum börnum erfiður, standa allir sig vel í myndatökunni og Arnar gefur sér tíma til að sitja fyrir á milli þess sem hann afgreiðir kúnna sem láta ekki tilfæringarnar trufla sig við valið á vörum.

### Varð að vera hverfisverslun

Kúnnarnir koma víða að segir Rakel. „Okkur fannst mjög mikilvægt að gera verslunina að hverfisverslun, að hún væri staðsett í íbúðarhverfi. En kúnnarnir eru ekki bara úr hverfinu, þeir koma víða að. Í miðbænum verðum við í minna húsnæði, sú verslun verður svona eins og litla systir Frú Laugu. Og það er gaman frá því að segja að húsnæðið er fyrrum hesthús, sem er skemmtileg tenging við bændamenningu en við gerum auðvitað út á tengslin við bændur. Við seljum vörur frá íslenskum bændum og þær erlendu vörur sem við seljum veljum við frá bændum eða litlum framleiðendum sem við erum í sambandi við."

Deila börnin matarháhuga foreldranna? „Já, börnunum þykir mjög gaman og gott að borða góðan mat. Þau eru dugleg að borða og borða nánast allt, eru alls ekki matvönd," segir Rakel sem segir matinn sem er á boðstólum heimafyrir oft einfaldan, en þau Arnar leggi auðvitað mikið upp úr hráefninu. „En við erum ekki alltaf að elda eitthvað nýtt, við eigum okkar uppáhaldsrétti sem eru oft á boðstólum."

Rakel leitast við að fá öll næringarefni úr mat, en hún tekur þó aukajárn sem á sér sínar skýringar. „Sonur okkar, Halldór, fór að fá flog þegar hann var fimm ára gamall en hann hafði einnig átt við ýmsa líkamlega kvilla að stríða. Flogin ágerðust þrátt fyrir síaukna lyfjagjöf. Eftir að hafa lesið mér til datt mér í hug að hann væri haldinn járnskorti og fékk það síðar staðfest. Ég var þá farin að gefa honum járn öðru hvoru og það virkaði afar vel, hann tók mjög miklum framförum. Ég fann gullið jafnvægi í járngjöfinni og viti menn, þegar hann var átta ára var hann laus við flogin og lyfin," segir Rakel. „Ég hef sjálf þurft að taka járn og tel reyndar að skortur á því mikilvæga efni sé skýring ýmissa kvilla og jafnvel sjúkdóma sem hrjáir fólk í dag."

### Tvö á kaffihús

Fimm börn og fjölskyldufyrirtæki. Sú spurning kviknar óhjákvæmilega hvernig gangi að skipuleggja daginn, koma öllum út úr húsi á morgnana, í rúmið á kvöldin og finna tíma til að rækta sambandið?

„Það gengur nú stundum mikið á á morgnana. En samt gengur nú allt saman furðuvel. Stærri krakkarnir eru dugleg að sjá um sig sjálf en þær þrjár yngstu þurfa auðvitað aðstoð. Við hjónin reynum að eiga notalega stund saman tvö á kvöldin, þegar yngri börnin eru komin í bólið. Þegar færi gefst notum við hádegin til að fara tvö saman á kaffihús eða veitingastað og snæða saman í rólegheitum. Svo höfum við svolítið farið erlendis tvö og börnin verið í góðum höndum ættingja heima á meðan. Yngsta barnið er oft með í þessum tilfellum, enda ekki hægt að skilja ungbarn frá móðurmjólkinni og -faðminum," segir Rakel og bætir við að þeim Arnari hafi frá fyrstu stundu liðið vel saman.

„Við drögum fram það besta í hvort öðru og höfum þroskast vel saman. Ætli það séu ekki bara heit ást, heiðarleiki, sanngirni, jákvæðni, traust, trú og stuðningur sem tryggja sameiginlega okkar góða samband," segir hún að lokum.

## Kökur með góðri samvisku

Jólin nálgast og jólaskrautið er komið á sinn stað. Rakel viðurkennir að hún sé mikil jólamanneskja. „Þessi tími ársins er dásamlegur. Við erum búin að baka svolítið, það tilheyrir aðventunni," segir Rakel og bætir við að hún sé ekki mjög föst í hefðum þegar kemur að jólahaldi. „Ekki þannig að við verðum alltaf að borða það sama til dæmis. Við höfum haft alls konar aðalrétt á aðfangadag. En forrétturinn er reyndar alltaf sá sami, soðinn lax með rjómalagaðri kokteilsósu með eplabitum. Hann er algjörlega nauðsynlegur finnst mér, enda tók ég hann með úr foreldrahúsum. Svo höfum við alltaf ris a la mande í eftirrétt og möndlugjöf. En mjög hóflega skammta því við erum alltaf með einhvern annan eftirrétt líka," segir Rakel sem féllst á að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskrift að uppáhaldssmákökum. „Ég ákvað að láta fylgja uppskriftir að ljúffengu, heitu súkkulaði með rjóma og kökur sem ég bjó til fyrir Grétu mína, sem finnst svo notalegt að fá sér eitthvað gott að narta í. Ekki beint hefðbundnar jólasmákökur, en mjög góðar og hægt að borða þær með góðri samvisku."

**Grétukökur**
Að kvöldi er 1 dl íslenskt bygg, 1 dl kínóafræ og 100 g möndlur sett í vatnsbað (vatn látið fljóta vel yfir í krukku). Næsta dag er skolað af þessu og sett í pott í nýtt vatn og soðið í 10 mín. Látið standa í potti meðan annað hráefni er tekið til.

*50 g döðlur (klipptar eða skornar í bita)*
*50 g hafraflögur*
*50 g kókosmjöl*
*200 g 70% súkkulaði*
*150 g smjör*
*50 g kókosolía*
*3 msk. gott hunang*
*100 g hreinn sykur (indverskur jaggery með mólössum eða hrásykur)*
*1 tsk. vanilludropar*
*2 egg*

Vatnið er síað frá bygg-kínóa-möndlublöndunni og hún sett í skál. Döðlum, hafraflögum, kókosmjöli og vanilludropum hrært saman við. Smjör, hunang og sykur sett í pott og soðið upp (látið freyða). Þessu blandað við hráefnið í skálinni. Eggin tvö eru pískuð og hrærð saman við. Súkkulaðið saxað og því hrært saman við.
Smjörpappír settur á ofnplötu og blöndunni smurt yfir. Bakað við 150°c í 15 mín. Látið kólna á plötunni, skorið svo í ferninga og sett í kökubox. Til að gera kökurnar enn betri má bræða 70% súkkulaði og dreifa yfir kökuna þegar hún kemur úr ofninum.

**Heitt súkkulaði með kanil og chili**
Botnsfylli af vatni sett í meðalstóran pott. Út í það er bætt 200 grömmum af 70% súkkulaði grófsöxuðu og sett í pottinn ásamt 1/2 tsk. af kanil og smávegis chili eða cayenne-pipar, svolítlu sjávar- eða Himalaya-salti og 1-2 msk. af hreinum sykri (indverskum jaggery með mólössum eða hrásykri). Látið freyða upp. Mjólk bætt í þar til blandan er hæfilega þykk. Suðan rétt látin koma upp og tekið af hita. Borið fram með þeyttum rjóma.

# TÓNLIST OG KVIKMYNDIR

*Þú finnur gjöfina í Eymundsson*



## RETRÓ STEFSON SPILAR Í EYMUNDSSON AUSTURSTRÆTI Í DAG KL. 14

Hljómsveitin Retro Stefson kemur og leikur nokkur lög af nýrri plötu sinni og áritar í Eymundsson Austurstræti í dag, laugardaginn 8. desember, kl. 14.

Verið hjartanlega velkomin!

Vildarverð
kr. 2.199,-
Verð kr. 2.799,-






Vildarverð kr. 2.499,-
Latínudeildin
Latin Faculty
Verð kr. 3.199,-




Vildarverð kr. 4.199,-
Nýdönsk
25 ára afmælisplata - 2CD+DVD
Verð kr. 3.299,-




Vildarverð kr. 2.499,-
Skálmöld
Börn Loka
Verð kr. 3.199,-




Vildarverð kr. 2.299,-
Moses Hightowe
Önnur Mósebók
Verð kr. 2.899,-




Vildarverð kr. 2.299,-
Ojba rasta
Ojba rasta
Verð kr. 2.899,-




Vildarverð kr. 3.299,-
Ellý Vilhjálms
Minningartónleikar CD+DVD
Verð kr. 4.199,-

FLYTJENDUR PLÖTUNNAR JÓLIN ALLS STAÐAR VERÐA Í EYMUNDSSON AKUREYRI Í DAG KL. 14.

Þau flytja nokkur velvalin lög af plötunni og árita.

Verið hjartanlega velkomin.




Vildarverð kr. 2.299,-
Jólin alls staðar
Jóladiskur
Verð kr. 2.899,-




Vildarverð kr. 2.499,-
Madagaskar 3
Teiknimynd frá Dreamworks
Verð kr. 2.899,-




Vildarverð kr. 2.699,-
Intouchables
Frönsk perla
Verð kr. 2.999,-




Vildarverð kr. 4.999,-
Frozen Planet
BBC
Verð kr. 5.799,-




Vildarverð kr. 4.799,-
Stiklur 1977-2005
Vinsælustu þættirnir
Verð kr. 5.599,-

Skráðu þig í Vildarklúbb Eymundsson
í næstu heimsókn og fáðu afsláttinn um leið.

Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára

Tilboð gilda til og með 10.12.12 til meðlima í Vildarklúbbi Eymundsson.

# EMBRACING




- Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71, s: 552 1550
- ITA, Gallerý, Hilton Hotel
- Epal Design, Leifsstöð

Umvafin Trú® Embracing Faith® © 2012 Brynja Sverrisdóttir Hönnun: Brynja Sverrisdóttir Ljósmyndir: N.Lapidari

FAITH®




● Listasafn Íslands ● Gullsmiðir S&P, Akureyri ● www.sagashop.is 750 925 ● brynja.com

Hluti af ágóða rennur til Amnesty International

BRYNJA .com

# Leitað til mín sem sáttasemjara

**Guðbjartur Hannesson** býður sig fram til formennsku í Samfylkingunni. Hann segir mestu máli skipta að berjast fyrir jöfnuði og réttlæti.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hafði ekki fyrr hlotið glæsilega kosningu í flokksvali Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi en hann tilkynnti um framboð sitt til formennsku í flokknum. Ákvörðunin kom svo sem ekki á óvart því nafn hans hafði lengi verið í umræðunni um formannsslaginn. Hann segist löngu hafa verið farinn að íhuga formennskuna en hafa ákveðið að bíða niðurstöðu flokksvalsins, enda skipti máli að hann hefði góðan stuðning.

„Ég ákvað að slá til þegar ég sá hver niðurstaðan varð úr flokksvalinu, sem tókst mjög vel. Við fengum mjög góða þátttöku miðað við flokksval yfirleitt. Þó að hún væri innan við helmingur er það meira en víðast hvar annars staðar. Kosningin var hins vegar mjög afdráttarlaus og ég hlaut 77 prósenta stuðning í efsta sætið. Síðan kemur í ljós að um 96 prósent kjósenda setja mig á blað, jafnvel þó að þeir velji annan í fyrsta sætið.“

### Reynir að leita að lausnum

Guðbjartur segir ákvörðun sína byggjast á tvennu. Í fyrsta lagi hafi hann brennandi áhuga á stjórnmálum og hafi verið í þeim í drjúgan tíma.

„Hins vegar voru gríðarlega margir sem leituðu til mín undanfarna mánuði og skoruðu á mig að gefa kost á mér. Þar hafa menn helst talið til að þeir vildu fá mann sem gæti hlustað, væri sáttasemjari og gæti eflt traust í samfélaginu. Ég hef staðið fyrir það að leita að lausnum, en ekki að vera í því að búa til ágreining. Það var eiginlega það sem réði því að ég íhugaði þetta mjög. Niðurstaða flokksvalsins varð síðan til þess að ég tók ákvörðun um að gefa kost á mér og fer núna í það af fullum krafti.“

Auk Guðbjarts hefur Árni Páll Árnason lýst yfir framboði til formanns, en það gerði hann fyrir nokkrum mánuðum. Framboðsfrestur er hins vegar ekki runninn út og óvíst hvenær hann gerir það. Guðbjartur vonast til þess að þeir Árni Páll fái tækifæri til að vera á sameiginlegum fundum í janúar. Þeir félagar hafa ákveðið saman að óska eftir allsherjarkosningu meðal allra félaga í Samfylkingunni.

„Nú er maður að tala við það fólk sem hvatti mann í framboð og hvetja það til að koma fram og styðja mig og vinna með mér. Þetta er nú ekki alveg besti tíminn í þetta, í jólamánuðinum verandi með þingið á fullu og mörg mál að vinna í. Sjáum hvað tíminn dugar.“

Ertu bjartsýnn?

„Já, ég væri ekki að fara í þetta nema ég teldi mig eiga góða möguleika og fer í þetta til að verða næsti formaður. Svo verður bara að koma í ljós hvort það er rétt hjá mér eða ekki. Ég fer í þetta verkefni í ótilgreindan tíma. Þó maður viti aldrei hvað gerist á hverjum tíma þá á ég mörg ár eftir í pólitíkinni, fái ég stuðning til þess.“

En hverjar verða áherslur Guðbjarts, nái hann kjöri sem formaður?

„Í fyrsta lagi held ég að það sé gríðarlega mikilvægt, þegar við horfum til baka til tímans frá stofnun Samfylkingarinnar, að flokkurinn hraktist aðeins af leið með þeim tískusveiflum sem voru fyrir hrun. Samfélagið allt var auðvitað á villausri leið á tímabili. Það sem mestu máli skiptir núna er að skerpa grunngildin á bak við þá stefnu sem við erum að berjast fyrir; það er jöfnuð og réttlæti.

Við sáum það fyrir hrun að misskipting hafði aukist gríðarlega, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum. Við verðum að endurreisa samfélagið á öðrum gildum og erum þegar byrjuð á því. Nú þegar við höfum farið í gegnum erfiðleikana finnst mér að við eigum að fá að taka uppskeruna í þeim anda; að samfélagið verði réttlátara, það verði meiri jöfnuður og enginn útundan í samfélaginu.“

Guðbjartur segir að margt hafi áorkast en betur verði að gera. Um leið og hægt sé að bæta í fjárveitingar, verði að leggja áherslu á það mikilvægasta, góða menntun og öflugt heilbrigðiskerfi.“

„Það er líka hægt að orða það þannig að við viljum fá raunverulega norræna velferð. Þá verðum við líka að horfa til allra þátta. Þegar rætt er um norræna velferð þá á það við um frjálst hagkerfi, en einnig að ríkið taki gjöld og deili þeim út aftur. Við tökum tekjur til að geta jafnað í gegnum skattkerfið. Við erum þegar byrjuð að bæta í m.a. með hækkuðum barnabótum, hækkun greiðslna í fæðingarorlofi, hækkun endurgreiðslna vegna tannlækninga barna, hækkun húsaleigubóta svo nokkuð sé nefnt.

Við vitum að það sem hefur einkennt norræn velferðarkerfi er að það er ríkið sem ber ábyrgð á ákveðnum málaflokkum og sér t.d. um bæði mennta- og heilbrigðismál. Mér finnst þessi grunngildi jafnaðarstefnunnar skipta mestu máli. Auðvitað verða traust velferðarkerfi og öflugt atvinnulíf að haldast í hendur og skapa okkur tekjur. Atvinnuleysi er versti óvinur velferðarinnar.“

### Ég er jafnaðarmaður

Guðbjartur segir að ekki megi gleyma því að huga að fjármálum, halda verði áfram á þeirri braut að halda kostnaði niðri og fara vel með peninga. Vinna þurfi að því, nú í kosningabaráttunni, að fara í gegnum skattkerfið, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, þannig að hægt sé að búa til framtíð með nokkuð stöðugu umhverfi.

„Ég held að kosningaáherslur flokksins verði einmitt nákvæmlega þessi grunngildi. Við berjumst fyrir því að endurreisa samfélagið í þessum anda. Gefa til baka í mennta- og heilbrigðiskerfið.“

Þetta hljóma eins og klassískar vinstriáherslur.

„Kannski er það ástæðan fyrir því að svo margir biðja mig um að leiða vinnuna að ég hef aldrei litið á mig á einhverjum kvarða í þessa veru. Ég er jafnaðarmaður, annars væri ég ekki í Samfylkingunni, og þessi grunngildi eru auðvitað vinstriáherslur. Samtímis er ég auðvitað atvinnulífsmaður og geri mér alveg grein fyrir því að við rekum ekki öflugt samfélag nema að því haldist í hendur velferð og vinna. Atvinnulífið verður að búa við samkeppnishæft umhverfi.“



> „Ég hef sagt það að ef við erum með Sjálfstæðisflokk eins og hann er í dag eigum við litla samleið með honum. En hvernig verður hann í aðdraganda kosninga? Það veit ég ekki.

**VINSTRIMAÐUR** Guðbjartur segist vera vinstrimaður, annars væri hann ekki í Samfylkingunni. Hann segir flokkinn eiga litla samleið með Sjálfstæðisflokknum eins og sá flokkur er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gerði mistök varðandi launahækkun

Launahækkun forstjóra Landspítalans var mál sem reyndist þér erfitt. Setti það flekk á feril þinn?

„Nú er það þannig að nánast á hverjum einasta degi í velferðarráðuneytinu koma upp mál sem eru erfið. Við erum að kljást við bæði athugasemdir sem koma, það koma upp einhverjar uppákomur á einhverjum stofnunum eða annars staðar. Ef maður væri hræddur við að takast á við erfiðleika væri maður ekki í þessu starfi. Hluti af því að vera í stjórnun er að þá fær maður mál sem eru af ólíkum toga, þau geta verið mjög sársaukafull og sársaukafyllstu málin eru þegar maður sér einhvern sem á í erfiðleikum, maður skynjar að það eru raunverulegir erfiðleikar og maður getur ekki hjálpað honum. Það er eiginlega það sem tekur mest á.

Ég fer þarna ákveðna leið til að reyna, að ég hélt, að velja bestu leiðina fyrir spítalann sem reyndist kolröng. Ég endurmat það og baðst afsökunar á því. Það er gott dæmi um að ég er alltaf að taka ákvarðanir og ef ég væri hræddur við að gera einhvern tímann vitleysu mundi ég aldrei taka ákvarðanir. Ég geri mér alveg grein fyrir því, og gerði það sem skólastjóri og í pólitíkinni áður sem sveitarstjórnarmaður, að það verður alltaf að taka þá áhættu að eitthvað af því sem maður gerir sýni sig eftir á að vera röng ákvörðun. Það er bara hluti af því að vera stjórnvald. Þá er bara að vinna úr því. Maður lítur á þetta sem verkefni og reynir þá að finna nýja leið og betri í framhaldinu.“

## → Lítil samleið með Sjálfstæðisflokki

Guðbjartur segir að menn geti lesið í sínar hugmyndir um hverjir séu líklegri til að vinna með honum að þeim lausnum. En hver er óskastaða hans varðandi stjórnarsamstarf?

„Ég hef sagt það að ef við erum með Sjálfstæðisflokk eins og hann er í dag eigum við litla samleið með honum. En hvernig verður hann í aðdraganda kosninga? Það veit ég ekki. Þeir hafa hlaupið í og úr í mörgum málum. Mér finnst þeir svolítið vera að hverfa í gamla gírinn með gömlu lausnirnar. Þá hafa þeir komið með skýra andstöðu við ESB og fleira sem gerir það að þeir fjarlægjast okkur.

Við skulum ekkert fara í grafgötur um það að átökin í stjórnmálum eru auðvitað Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin. Þessi flokkar eru þeir stóru aðilar sem eiga að vera að takast á um hvaða gildi og hvaða form verður á íslensku samfélagi. Þar viljum við fá að vera leiðandi afl.“




Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## FIMM AÐSÓKNARMESTU KVIKMYNDIRNAR SEM GERÐAR HAFA VERIÐ EFTIR BÓKUM

*Samkvæmt upplýsingum frá Smáís*




**1.**
**Mýrin**
**Áhorfendur** 84.428
**Tekjur** *(kr.)* 90.944.070
Frumsýnd árið 2006 í leikstjórn Baltasars Kormáks.




**2.**
**Englar alheimsins**
**Áhorfendur** 82.264
**Tekjur** *(kr.)* 67.788.000
Frumsýnd árið 2000 í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar.




**3.**
**Djöflaeyjan**
**Áhorfendur** 74.754
**Tekjur** *(kr.)* 54.439.400
Frumsýnd árið 2006 í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar.




**4.**
**Svartur á leik**
**Áhorfendur** 62.783
**Tekjur** *(kr.)* 83.370.322
Frumsýnd árið 2012 í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar.




**5.**
**Jóhannes**
**Áhorfendur** 36.223
**Tekjur** *(kr.)* 40.476.210
Frumsýnd árið 2009 í leikstjórn Þorsteins Gunnars Bjarnasonar.



**VINSÆLUST** Mýrin með Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverki er aðsóknarmesta íslenska kvikmyndin sem hefur verið gerð eftir bók. Yfir 84 þúsund manns fóru á hana í bíó.

# ÍSLENSKAR BÆKUR LEITA Í BÍÓHÚSIN




**Freyr Bjarnason**
freyr@frettabladid.is


Aldrei hefur verið vinsælla en einmitt núna að kaupa kvikmyndarétt að íslenskum bókum. Tugir slíkra samninga hafa verið gerðir á undanförnum árum. Rétturinn sjálfur tryggir ekki að myndin verði nokkurn tímann að veruleika og oftar en ekki er hætt við hana.

Fjölmargir kvikmyndaréttir að bókum hafa gengið kaupum og sölum undanfarinn áratug og fer þessum viðskiptum fjölgandi með hverju árinu.

Oftast eru það íslensk fyrirtæki á borð við Zik Zak, Blueeyes Productions og Kvikmyndafélag Íslands sem hafa tryggt sér kvikmyndaréttinn en þó kemur fyrir að erlendir aðilar sjái sér leik á borði og veðji á íslenskan hest.

Sjaldgæfara er að einstaklingar tryggi sér kvikmyndarétt en athygli vakti á dögunum þegar leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson tryggði sér réttinn að glæpasögunni Snjóblindu eftir Ragnar Jónasson. Einnig hefur Hollywood-framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson keypt réttinn að tveimur bókum Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig og nú síðast Kulda.

Samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins hefur kvikmyndaréttur verið keyptur að tæplega fimmtíu bókum á undanförnum árum án þess að myndirnar sjálfar hafa litið dagsins ljós. Annað hvort hefur rétturinn runnið út eða hann er enn í gildi og undirbúningur myndarinnar hefur tafist eða er í fullum gangi.

**Hversu lengi gildir kvikmyndaréttur?**
Þeir sem selja kvikmyndarétt að bókum sínum leigja hann yfirleitt í þrjú ár til að byrja með. Eftir það er hægt að framlengja hann um tvö ár í viðbót ef framleiðsla á myndinni dregst á langinn. Ef ekkert verður af framleiðslunni rennur kvikmyndarétturinn aftur til höfundarins. Þá getur hann samið við annan framleiðanda ef hann vill. Slíkt gerðist til dæmis með Skipið eftir Stefán Mána. Zik Zak keypti réttinn en nýtti sér hann ekki á samningstímanum. Féll hann þá aftur í hendur Stefáns. Einnig gerðist þetta með bækurnar Fólkið í kjallaranum og Sjálfstætt fólk. Kvikmyndarétturinn á þeim bókum hefur verið seldur tvisvar sinnum og núna er fyrirtækið Blueeyes eigandi réttarins.

**Hvernig er greiðslum háttað?**
Samningarnir eru misjafnir eftir því hversu dýra mynd á að gera eftir bókinni. Oft er það þannig að greitt er ein upphæð á ári, til dæmis eitt hundrað þúsund krónur. Yfirleitt er miðað við að leigan sem er greidd á ári nemi 10% af þeirri heildarupphæð sem höfundarnir fá greitt fyrir myndina, sem í þessu tilfelli væri ein milljón. Fyrsta leiguupphæðin er greidd við undirritun samningsins. Þegar búið að borga allan leigupeninginn, til dæmis 300 þúsund eftir þriggja ára ferli, er sú upphæð dregin frá lokagreiðslunni. Sú greiðsla er greidd á fyrsta tökudegi myndarinnar. Ef myndin verður endurgerð í Hollywood fær höfundurinn yfirleitt ákveðna prósentu af heildargreiðslu sinni að launum, til dæmis 30%.

**Hvaða bækur eru vinsælastar?**
Oftast verður glæpasaga fyrir valinu þegar kvikmyndaréttur er keyptur. Til að mynda hefur rétturinn á öllum bókum Yrsu Sigurðardóttur verið keyptur og á þremur eftir Arnald Indriðason. Einnig hafa glæpasögur Stefáns Mána og Óttars M. Norðfjörð verið vinsælar meðal kvikmyndaframleiðenda.

**Hvaða þýðingu hefur kvikmyndaréttur?**
Auk þess að fá pening fyrir að leigja kvikmyndaréttinn fá höfundar góða auglýsingu fyrir bók sína. Salan á bókinni getur aukist til muna, þrátt fyrir að myndin verði hugsanlega aldrei að veruleika. Verði myndin gerð getur það haft töluverðan pening í för með sér og aukið vinsældir höfundarins enn frekar. Möguleiki á framhaldsmyndum er einnig fyrir hendi eða fleiri myndum byggðum á öðrum bókum eftir sama höfund. Verði myndin endurgerð erlendis hefur það einnig í för með sér aukapening fyrir höfundinn og enn betri auglýsingu á bókinni.

**Næsta íslenska mynd eftir bók?**
Kvikmyndin Falskur fugl er væntanleg snemma á næsta ári. Hún er byggð á samnefndri sögu Mikaels Torfasonar sem kom út 1997. Myndin hefur verið í tólf ár í bígerð og er núna loksins orðin að veruleika. Þór Ómar Jónsson leikstýrir og framleiðandi er íslenska fyrirtækið Square One Films.

### → Traust skiptir öllu máli

Kvikmyndaréttur að þremur bókum Stefáns Mána hefur verið keyptur og hefur ein myndanna litið dagsins ljós, eða Svartur á leik, eftir handriti leikstjórans Óskars Þórs Axelssonar. Rétturinn á Skipinu rann út og er kominn aftur í hendurnar á Stefáni Mána og sem stendur á Saga Film réttinn á Ódáðahrauni. Þrír framleiðendur hafa einnig sýnt nýjustu bók hans, Húsið, áhuga.

„Mér finnst málið snúast um að semja við aðila sem maður treystir algjörlega og treysta honum svo til að gera þetta í friði," segir Stefán Máni um reynslu sína af samningum um kvikmyndarétt. „Það eru ekki það miklir peningar í boði. Þetta snýst meira um sæmdina."

Hann segir þvílíkt gaman að sjá mynd gerða eftir bókinni sinni. „Það er svo einmanalegt og dauft að vera rithöfundur og þess vegna er mjög gaman að fá að upplifa eitthvað stærra. Alvöru frumsýningu með rauðum dregli, fullt af fólki og líf og fjör. Það er eitthvað sem við erum ekki vanir."

Aðspurður segir hann lítinn pening í sölu á kvikmyndarétti. „Það er ekki eftir miklu að slægjast fyrir rithöfundinn, því miður, og ég myndi vilja sjá það breytast. Ég tala nú ekki um þegar ekkert gerist. Þú selur réttinn fyrir mjög lítinn pening í hálfgerða leigu. Þetta er tvíeggjað sverð. Maður er oft að gefa frá sér réttinn í ansi langan tíma fyrir lítinn pening og kannski missa aðrir áhugann á meðan."

Meira en sextíu þúsund manns sáu Svartur á leik í bíó. Þrátt fyrir vinsældirnar kveðst Stefán Máni ekki hafa fengið neinar prósentur að ráði. „Þetta tók einhver sjö til átta ár. Það litla sem ég fékk var ég búinn að fá á þessum tíma. Þetta var nú enginn hvalreki fyrir mig en þeim mun meiri ánægja og auglýsing. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt ár."



**STEFÁN MÁNI** Rithöfundinum fannst gaman að upplifa eitthvað stærra þegar Svartur á leik var kvikmynduð.




ENNEMM / SÍA / NM53280

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI



MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

ATÓMSTÖÐIN



ÓRÓI



DJÖFLAEYJAN



# 26 KVIKMYNDIR EFTIR ÍSLENSKUM SKÁLDSÖGUM HAFA VERIÐ GERÐAR Á ÍSLANDI

### 26 kvikmyndaðar síðan 1962

Alls hafa 26 íslenskar kvikmyndir verið gerðar eftir íslenskum skáldsögum frá árinu 1962.

### Mikil fjölgun frá árinu 2000

Frá árinu 2000 hafa komið út 15 kvikmyndir byggðar á íslenskum skáldsögum miðað við 12 áratugina tvo á undan.

### Átján bækur eftir karla

Af þeim 26 kvikmyndum sem gerðar hafa verið eftir íslenskum skáldsögum byggja 18 á bókum eftir karla en 7 á bókum eftir konur. Ein bók er skrifuð af konu og karli.

### Laxness atkvæðamestur

Flestar kvikmyndir hafa verið gerðar hér á landi eftir bókum **Halldórs Laxness**: **Atómstöðin**, **Kristnihald undir Jökli** og **Ungfrúin góða og húsið**. Tvær myndir hafa verið gerðar eftir bókum Indriða G. Þorsteinssonar og Hallgríms Helgasonar. Þess má geta að erlendir framleiðendur hafa einnig komið að gerð þriggja sjónvarpsmynda eftir bókum Halldórs Laxness. Sænsk-íslenska myndin Salka Valka kom út 1954, þýskir aðilar bjuggu til sjónvarpsmyndina Brekkukotsannál sem var frumsýnd 1973 og Paradísarheimt var sænsk-íslensk sjónvarpsmynd í þremur hlutum frá árinu 1980.

### Þorsteinn leikstýrt flestum

**Þorsteinn Jónsson** hefur leikstýrt flestum myndum byggðum á íslenskum skáldsögum: **Punktur, punktur komma strik**; **Atómstöðin** og **Skýjahöllin**. Ágúst Guðmundsson, Guðný Halldórsdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Baltasar Kormákur og Helgi Sverrisson hafa öll leikstýrt tveimur. Sé Útlaginn, sem byggir á Gísla sögu Súrssonar, talin með hefur Ágúst leikstýrt þremur myndum í þessum flokki. Baltasar Kormákur hefur leikstýrt tveimur myndum byggðum á íslenskum leikverkum: Hafinu eftir Ólaf Hauk Símonarson og Djúpinu eftir Jón Atla Jónasson. Einnig hefur Friðrik Þór leikstýrt þáttaröðinni Tími nornarinnar sem byggði á bók Árna Þórarinssonar.

### Feðgar með kvikmyndir eftir bókum

**Indriði G. Þorsteinsson** og **Arnaldur Indriðason** eru eina dæmið um feðga sem báðir hafa skrifað bækur sem hafa verið færðar upp á hvíta tjaldið. Baltasar Kormákur hefur fest kaup á kvikmyndaréttinum á bókinni Fólkið í kjallaranum eftir Auði Jónsdóttur, barnabarn Halldórs Laxness. Þau yrðu þá fyrstu langfeðginin hvers bækur hefðu verið kvikmyndaðar hér á landi.

### Sjónvarpsþættir eftir bókum

Auk kvikmynda hafa verið gerðir sjónvarpsþættir sem byggja á íslenskum skáldsögum. Nýlegustu dæmin eru **Mannaveiðar**, sem byggðir voru á Aftureldingu eftir Viktor Arnar Ingólfsson, **Svartir Englar**, sem byggðu á bókum Ævars Arnar Jósepssonar, **Tími nornarinnar** eftir bók Árna Þórarinssonar, og **Makalaus** sem byggði á samnefndri skáldsögu Tobbu Marinós.

## ➜ Íslenskar bækur kvikmyndaðar hér frá 1962

**79 af stöðinni** *(1962)*
Höfundur **Indriði G. Þorsteinsson**
Leikstjóri **Erik Balling**

**Land og synir** *(1980)*
Höfundur **Indriði G. Þorsteinsson**
Leikstjóri **Ágúst Guðmundsson**

**Punktur punktur komma strik** *(1981)*
Höfundur **Pétur Gunnarsson**
Leikstjóri **Þorsteinn Jónsson**

**Jón Oddur og Jón Bjarni** *(1981)*
Höfundur **Guðrún Helgadóttir**
Leikstjóri **Þráinn Bertelsson**

**Skilaboð til Söndru** *(1983)*
Höfundur **Jökull Jakobsson**
Leikstjóri **Kristín Pálsdóttir**

**Atómstöðin** *(1984)*
Höfundur **Halldór Laxness**
Leikstjóri **Þorsteinn Jónsson**

**Kristnihald undir Jökli** *(1989)*
Höfundur **Halldór Laxness**
Leikstjóri **Guðný Halldórsdóttir**

**Pappírspési** *(1990)*
Höfundur **Herdís Egilsdóttir**
Leikstjóri **Ari Kristinsson**

**Skýjahöllin** *(1994)*
Höfundur **Guðmundur Ólafsson**
Leikstjóri **Þorsteinn Jónsson**

**Benjamín dúfa** *(1995)*
Höfundur **Friðrik Erlingsson**
Leikstjóri **Gísli Snær Erlingsson**

**Djöflaeyjan** *(1996)*
Höfundur **Einar Kárason**
Leikstjóri **Friðrik Þór Friðriksson**

**Ungfrúin góða og húsið** *(1999)*
Höfundur **Halldór Laxness**
Leikstjóri **Guðný Halldórsdóttir**

**Englar alheimsins** *(2000)*
Höfundur **Einar Már Guðmundsson**
Leikstjóri **Friðrik Þór Friðriksson**

**101 Reykjavík** *(2000)*
Höfundur **Hallgrímur Helgason**
Leikstjóri **Baltasar Kormákur**

**Mávahlátur** *(2001)*
Höfundur **Kristín Marja Baldursdóttir**
Leikstjóri **Ágúst Guðmundsson**

**Didda og dauði kötturinn** *(2003)*
Höfundur **Kristlaug María Sigurðardóttir**
Leikstjóri **Helgi Sverrisson**

**Kaldaljós** *(2004)*
Höfundur **Vigdís Grímsdóttir**
Leikstjóri **Hilmar Oddsson**

**Dís** (2004)
Höfundur **Birna Anna Björnsdóttir, Silja Hauksdóttir, Oddný Sturludóttir**
Leikstjóri **Silja Hauksdóttir**

**Mýrin** *(2006)*
Höfundur **Arnaldur Indriðason**
Leikstjóri **Baltasar Kormákur**

**Stóra planið** *(byggð á Við fótskör meistarans)*
Höfundur **Þorvaldur Þorsteinsson**
Leikstjóri **Ólafur Jóhannesson**

**Jóhannes** *(2009, byggð á Andsælis á auðnuhjólinu)*
Höfundur **Helgi Ingólfsson**
Leikstjóri **Þorsteinn Gunnar Bjarnason**

**Órói** *(2010, byggð á Strákarnir með strípurnar og Rótleysi, rokk og rómantík)*
Höfundur **Ingibjörg Reynisdóttir**
Leikstjóri **Baldvin Z**

**Gauragangur** *(2010)*
Höfundur **Ólafur Haukur Símonarson**
Leikstjóri **Gunnar B. Gunnarsson**

**Rokland** *(2011)*
Höfundur **Hallgrímur Helgason**
Leikstjóri **Marteinn Þórsson**

**L7: Hrafnar, Sóleyjar og Myrra** *(2011)*
Höfundur **Helgi Sverrisson og Eyrún Ósk Jónsdóttir**
Leikstjóri **Helgi Sverrisson og Eyrún Ósk Jónsdóttir**

**Svartur á leik** *(2012)*
Höfundur **Stefán Máni**
Leikstjóri **Óskar Axelsson**

## ➜ Bækur sem bíða þess að komast í bíó eða sjónvarp

**Zik Zak**
*Eigendur Skúli Malmkvist og Þórir Snær Sigurjónsson*

**Guðrún Helgadóttir**
Jón Oddur og Jón Bjarni
Öðruvísi dagar

**Robert C. O´Brien**
Z for Zachariah

**Steinar Bragi**
Konur
Hálendið

**Óttar Norðfjörð**
Hnífur Abrahams

**Blueeyes Productions**
*Eigendur: Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir*

**Arnaldur Indriðason**
Grafarþögn

**Auður Jónsdóttir**
Fólkið í kjallaranum
Ósjálfrátt

**Halldór Laxness**
Sjálfstætt fólk
Gerpla

**Kvikmyndafélag Íslands**
*Eigendur: Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson*

**Sólveig Pálsdóttir**
Leikarinn
Korter

**Bragi Ólafsson**
Sendiherrann

**Hughrif**
*Eigendur: Friðrik Þór Friðriksson og Guðrún Edda Þórhannesdóttir*

**Jón Kalman Stefánsson**
Himnaríki og helvíti
Harmur englanna
Hjarta mannsins

**Vigdís Grímsdóttir**
Bíbí

**Guðbergur Bergsson**
Missir

**Pegasus**
*Eigandi: Snorri Þórisson*

**Gerður Kristný**
Garðurinn

**Yrsa Sigurðardóttir**
Aska

**Ólafur Haukur Símonarson**
Fólkið í blokkinni *(Fyrir sjónvarp)*

**Palomar Pictures**
*Eigandi: Sigurjón Sighvatsson*

**Yrsa Sigurðardóttir**
Ég man þig
Kuldi

**Ólafur Gunnarsson**
Öxin og jörðin

**Saga Film**
*Eigendur: Jón Þór Hannesson og Snorri Þórisson*

**Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson**
Í upphafi var morðið

**Stefán Máni**
Ódáðahraun

**Ævar Örn Jósepsson**
Sá yðar sem syndlaus er *(Fyrir sjónvarp)*

**Úr öðrum áttum**

**Teamworx**
**Yrsa Sigurðardóttir:** Þriðja táknið, Sér grefur gröf, Auðnin, Horfðu á mig

**Robert Redford og Fred Berner**
**Ólafur Jóhann Ólafsson:** Aldingarðurinn/Valentines *(Fyrir sjónvarp)*

**True North**
**Ólafur Jóhann Ólafsson:** Slóð fiðrildanna/The Journey Home

**Tenderlee**
**Óttar M. Norðfjörð:** Una

**Mystery Iceland**
**Óttar M. Norðfjörð:** Áttablaðarósin

**Silja Hauksdóttir**
**Auður Jónsdóttir:** Vetrarsól

**Litla gula hænan**
**Auður Jónsdóttir:** Tryggðarpantur

**Yellow Bird og Molten Rock Media**
**Arnaldur Indriðason:** Napóleonsskjölin

**Square One Films**
**Mikael Torfason:** Falskur fugl

**Elf Films**
**Thelma Ásdísardóttir og Gerður Kristný:** Myndin af pabba

**Þorvaldur Davíð Kristjánsson**
**Ragnar Jónasson:** Snjóblinda

**Ása Hjörleifsdóttir**
**Guðbergur Bergsson:** Svanurinn

**Krumma Films**
**Þórarinn Eldjárn:** Baróninn

**Miso Film og Nicolas Winding Refn**
**Hallgrímur Helgason:** 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp

**Óskar Jónasson**
**Bragi Ólafsson:** Gæludýrin *(Fyrir sjónvarp)*

**Björn Brynjúlfur Björnsson**
**Viktor Arnar Ingólfsson:** Flateyjargáta *(Fyrir sjónvarp)*

**October Productions**
**Didda:** Erta




Skemmtilegu jólagjafirnar
BT
2.499
Pottþétt 58
2.699
Steindinn okkar 3
2.899
SVARTUR Á LEIK
Svartur á leik
10.999
Assassin's Creed III
11.999
Farcry 3
12.999
COD Black Ops II
8.999
Coby MP620 MP3 spilari
8GB - 1,8" skjár - FM útvarp
10.999
Coby MP707 MP3 spilari
8GB - 2 skjár - FM útvarp
34.899
Pioneer Ipod vagga með DVD
40W (20W + 20W RMS)
DVD, CD, MP3, WMA, DivX og JPEG
Wii U
nýr heimur
ný upplifun!
hvít basic
66.900
svört premium
77.900
nánar á www.BT.is
og í BT jólabæklingnum
Wii U leikjatölva
1080p Full HD leikjaspilun. Nýtt stjórnborð m. 6,2" 16:9 snertskjá. Innbyggðri hreyfiskynjun, myndavél, hátalara og hljóðnema.
5.899
Blaupunkt útvarpsvekjari
Tvöföld vekjaraklukka
sýnir dagsetningu - 10 stöðva minni
7.899
Blaupunkt RX18E
FM/AM útvarp
9.899
Blaupunkt RX19E
FM/AM útvarp
USB - SD - MP3 afspilun
11.899
Blaupunkt iClock 10
útvarpsvekjari
iPod vagga
15,6"
SAMSUNG
123.900
Samsung 355E5C-S01
Skjár: 15.6" 1366x768 mattur
Örgjörvi: AMD Dual-Core E2-1800
Harður diskur: 500 GB SATA
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Windows 8
13,3"
SAMSUNG
144.900
Samsung Series 5 - 535U3C-A04
Skjár: 13.3" 1366x768 LED
Örgjörvi: AMD DualCore A6-4455M
Harður diskur: 500GB
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Windows 8
15,6"
SAMSUNG
248.900
Samsung Series 7 700Z5C-S03
Skjár: 15,6" HD LED 1600x900
Skjákort: NVIDIA GT640M 1GB
Örgjörvi: Intel i5 3210M 2.5Ghz
Harður diskur: 750GB SATA
SAMSUNG sjónvörp
2 miðar á tónleikana
Hátt í höllinni fylgja öllum sjónvörpum um helgina
(á meðan birgðir endast)
Fram koma: Hjálmar, Ásgeir Trausti, Valdimar, Moses Hightower og Kiriyama Family
HJÁLMAR
Ásgeir Trausti
Valdimar
MOSES HIGHTOWER
KIRIYAMA FAMILY
HÁTT Í HÖLLINNI
51"
Full HD 1080
stærðin skiptir máli!
219.900
Samsung 51" plasma E535
1920x1080p - Full HD - 600Hz
51"
179.900
Samsung 51" plasma E455
1024x768 (720p) - HD Ready - 600Hz
219.900
Samsung 51" plasma E495 3D
1024x768 (720p) - HD Ready - 600Hz
3D
179.900 32"
249.900 40"
319.900 46"
Full HD 1080
Samsung LED 3D ES6575
1920x1080p - Full HD
3D
Skemmtilegu jólagjafirnar fást í BT
65 síður
Nýr og glæsilegur jólabæklingur
www.BT.is
BT Skeifunni - BT Glerártorgi - www.BT.is - s. 550-4444



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS

- Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru fjórtán talsins. Skipin eru staðsett þar sem slysahætta er talin mest vegna sjósóknar. Sérstakir sjóðir sjá um rekstur þeirra í samvinnu við björgunarsveit hvers staðar fyrir sig.
- Áhafnir björgunarskipanna eru mannaðar sjálfboðaliðum en umsjónarmaður hvers björgunarskips er ábyrgur fyrir því að skipið sé ávallt klárt í útkall og að áhafnir fái nauðsynlega þjálfun.
- Áhafnir björgunarskipanna eru í nánu samstarfi við Vaktstöð siglinga en öll boðun til aðgerða á sjó kemur frá vaktstöðinni.
- Viðbragðstími björgunarskipanna er um 5 til 20 mínútur og á skýringarmyndinni má sjá útbreiðslu þeirra og viðmiðun á því hafsvæði sem þeir ná til á fimm til sex klukkustundum eftir útkall.

## BJÖRGUNARSKIPIN SAGA UPPBYGGINGAR

- Árið 1989 kom björgunarskipið Henry A. Hálfdanarson og leysti þar með af hólmi björgunarbátinn Gísla J. Johnsen sem staðsettur hafði verið í Reykjavíkurhöfn frá árinu 1956.
- Árið 1993 kom björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein til Sandgerðis og markviss uppbygging björgunarskipaflotans hefst.
- Á árunum 1996-7 voru fimm björgunarskip keypt frá Þýsku og hollensku sjóbjörgunarfélögunum og voru þau staðsett á Rifi, Ísafirði, Siglufirði, Raufarhöfn og Norðfirði.
- Árið 1998 kom svo ARUN-björgunarskip til Grindavíkur sem keypt hafði verið frá Konunglega breska sjóbjörgunarfélaginu.
- Við sameiningu SVFÍ og Landsbjargar árið 1999 bættist björgunarskipið Þór í Vestmannaeyjum við flota Landsbjargar.
- Hringnum var lokað árið 2005, m.a. með styrkveitingu frá Alþingi, þegar skip voru keypt til Skagastrandar og Hafnar í Hornafirði, en á árinu 2004 höfðu skip verið staðsett í Hafnarfirði, á Patreksfirði og á Vopnafirði.
- Endurnýjun björgunarskipaflotans lauk árið 2006. Þá voru björgunarskipin orðin 14 talsins, þar af 13 sömu gerðar, og gátu brugðist við á öllu hafsvæðinu kringum Ísland og náð þar til hvaða staðar sem er á fimm til sex klukkustundum.

# Björgunarskipin þurfa klössunar við

Leggja þarf í endurbætur og viðhald björgunarskipa Landsbjargar sem eru fjórtán alls. Meta þarf þörfina á öflugri skipum á tiltekna staði á landinu. Lagt er til á Alþingi að leggja verkefninu til minnst 250 milljónir króna á átta ára tímabili.


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Lögð hefur verið fram á Alþingi ályktun um að fela innanríkisráðherra að gera samkomulag við Slysavarnafélagið Landsbjörg um endurbætur og viðhald björgunarskipa félagsins fyrir árin 2014 til 2021. Eins að fela ráðherra að kanna þörf og möguleika á að fá enn öflugri skip á tiltekna staði á landinu, en skipin eru nú fjórtán talsins.

### Gömul en góð

Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að samkomulagið feli í sér fjárframlag af hálfu ríkissjóðs að upphæð 30 milljónir króna hvert samningsár, miðað við verðlag ársins 2012, eða um 250 milljónir á samningstímanum. Er þá ekki talinn kostnaður við nýsmíði.

Flest skip, sem Slysavarnafélagið Landsbjörg notar í dag, eru svokölluð ARUN-björgunarskip sem eru talin mjög örugg og hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður. Þessi skip voru keypt notuð af Konunglega breska sjóbjörgunarfélaginu í mjög góðu ásigkomulagi. Skipin höfðu reglulega farið í skipulagt viðhald en nú er svo komið að tvö til þrjú skip þurfa nauðsynlega á slíkri klössun að halda. Að auki þarf að endurnýja eitt skip að fullu.

Í greinargerð segir að jafnframt megi búast við að öll önnur skip í björgunarskipaflotanum þurfi áþekka klössun á næsta áratug, auk þess sem gera verður gangskör í því að endurnýja tæki og búnað í samræmi við þróun í siglinga- og leiðsögutækjabúnaði síðustu ára. Gott ástand skipanna gefur tilefni til að álykta að þau endist önnur 15 ár hið minnsta, og því hagkvæmt að leggja í kostnað við viðhald þeirra sem gæti numið 20 til 30 milljónum á skip, auk skatta. Kostnaður við nýsmíði á einu skipi, samsvarandi og eru hér nú, er metinn á bilinu 350 til 400 milljónir króna, samkvæmt greinargerðinni. Aðrir sem Fréttablaðið ræddi við telja það vanmat.

### Aðkallandi verkefni

Hörður Már Harðarson, formaður Landsbjargar, segir verkefnið aðkallandi. „Skipin eru gömul og þurfa endurnýjunar við. Þetta hefur verið í skoðun í nokkur ár og mikilvægt að þetta sé sett af stað. Þetta er tiltölulega umfangsmikið verkefni enda þurfa skip stöðugt viðhald og það á ekki síst við um björgunartæki eins og þessi.“

Ljóst er að þörfin fyrir björgunarskipin er mikil en á árinu 2010 voru 76 útköll skráð á landsvísu eða um fimm á hvert skip. Þetta eru eingöngu útköll þar sem hætta eða vá var talin vera fyrir hendi. Þar að auki sinna björgunarskipin ótal öðrum verkefnum og æfingum, meðal annars með þyrlum og varðskipum Landhelgisgæslunnar.

Hörður segir að á fundi forsvarsmanna allra björgunarbátasjóðanna úti um land nýlega hafi verið rætt um að fækka skipum eða finna leiðir til að halda þeim gangandi. Niðurstaðan var að halda öllum skipunum úti en sætta sig við minna fé til rekstursins.

### Strandveiðar breyttu miklu

Um þörfina til að þétta net bátanna segir Hörður ljóst að með strandveiðunum hafi þörfin fyrir björgunarskipin aukist; ekki síst við Vesturland og Vestfirði. Hugsanlegt sé í því samhengi að skip verði færð til, þó engin niðurstaða liggi fyrir um slíkt. Eins sé net bátanna kannski ekki nægilega þétt á Austurlandi, en þá þurfi til þess að hugsa að á bak við hvern bát þarf mannskap. „Bátarnir eru reknir af sjálfboðaliðum og áhugi og mannskapur þarf að vera til staðar, enda er það töluverð útgerð að reka svona skip. Þetta er miklu meira en að segja það,“ segir Hörður. „En fyrir okkur er það spurning um framtíð þessarar útgerðar að við fáum stuðning til lengri tíma litið, svo hægt sé að skipuleggja starfið fram í tímann.“

Þingmenn fjögurra flokka standa að ályktuninni. Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Björn Valur Gíslason, Vinstri grænum, Gunnar Bragi Sveinsson, Framsóknarflokki, og Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingu. Tillagan hefur efnislega verið lögð fram í tvígang áður, á árunum 2007-2009.


**BJÖRGUNARSKIP VIÐ STÖRF** Einar Sigurjónsson, skip Björgunarfélags Hafnarfjarðar, er eitt fjórtán skipa sem Landsbjörg hefur á sínum snærum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Í greinargerð segir að búast megi við að öll önnur skip í björgunarskipaflotanum þurfi jafnframt áþekka klössun á næsta áratug, auk þess sem gera verður gangskör í því að endurnýja tæki og búnað í samræmi við þróun í siglinga- og leiðsögutækjabúnaði síðustu ára.


Ómissandi á jólunum
KÓLUMBÍA
Hátíða kaffi
SELEBES
Konfekt
BISCOTTI
Jólate
SYKURPÚÐAR
www.baddydesign.com
kaffitar.is
Jólagjöfin mín í ár ...
Kaffitár

# HELG

## OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG 11-18 og SUNNUDAG 13-18




Full HD LED · Pixel Plus HD · 400 Hz Perfect Motion Rate · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE · Net TV · Full HD 1080p

**Philips 32HFL5573D**
32" Smart LED sjónvarp með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

VERÐ **109.995**
FRÁBÆRT VERÐ



PRINCESS yonanas

**Princess 282700**
Yonanas ísgerðarvél sem notar allar gerðir af frosnum ávöxtum. Fljótlegt, hollt og gott.

**KYNNINGAR VERÐ 9.995**

MEDISANA® made for Life

VANDAÐAR ÞÝSKAR HEILSUVÖRUR






**NUDDTÆKI - HITATEPPI - BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLAR**

**15% AFSLÁTTUR**




**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surround hljóðkerfi. USB, HDMI, VGA, heyrnatólstengi o.fl.

VERÐ **49.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Panasonic**

**MYNDAVÉLAR**

**15% AFSLÁTTUR**





**PHILIPS**

**RAKVÉLAR**

**MIKIÐ ÚRVAL**

**VERÐ FRÁ 7.995**






wilfa



**Wilfa BL1200B**
Öflugur 1200w Wilfa Knus S blandari með 1.8l skál. Stiglaus hraðastillir ásamt púls. Losa má hnífa og hreinsa. Gúmmítappar fyrir stöðuleika.

VERÐ **16.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PRINCESS

**Princess 112336**
4 in 1 - Heilsugrill með 4 mismunandi plötum, þar á meðal plötum fyrir Belgískar vöfflur.



VERÐ **16.995**
FRÁBÆRT VERÐ

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# ARTILBOÐ

## KAFFIVÉLAKYNNING LAUGARDAG 13-17

DeLonghi Dolce Gusto - illy - Philips Senseo

## LJÚFFENGUR KAUPAUKI UM HELGINA!

**Allir sem kaupa DeLonghi Dolce Gusto vél um helgina fá 2kg dós af QualityStreet að verðmæti 3.900 krónur með.**








NESCAFÉ Dolce Gusto GREAT COFFEE YOUR WAY

DēLonghi

YFIR 25 GERÐIR AF KAFFI

Grand Intenso - Aroma - Chococcino - Latte Macchiato - Cappuccino - Mollbergs - Espresso Intenso - Esspresso Zoega - Mokka - Nesquick - Lemon Íste - Espresso Barista - Americano - ChaiTea - Carmel Latte Macchiato - Cappuccino Ice - Vanilla Latte Macciato - Cortado Espresso - Nestea Peach - Lungo - Cafe au Lait - Latte Macciato Light - Latte Macchiato Unsweet - Zoega Intenso - Dark Temptation - Cortado espresso macchiato - Grande Mild



*Fyrir þá sem vilja hágæða Illy espressó kaffi í bollan, þá er þessi vél algjör snilld.*



illy

**3 LITIR** - HVÍT, SVÖRT OG RAUÐ

## ALSJÁLFVIRKAR VÉLAR

**Mikið úrval af vönduðum alsjálfvirkum kaffivélum frá DeLonghi og Saeco fyrir kaffibaunir**



**1kg af Gevalía baunum fylgir öllum alsjálfvirkum kaffivélum**



## Kynnum nýju Senseo vélarnar og nýja Senseo Kakóið



*Aukahöldur óþarfar - nýja kakóið notar venjulega tvöfalda kaffihöldu.*



PHILIPS Senseo

**Öllum Senseo vélum fylgja 2 Senseo glös og Senseo Classic kaffi**

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**VIRÐULEGT** Snikkarinn hefur augljóslega lagt alúð í endurbætur þessa húss við Aðalstræti 10.



**KRÚTTLEGT** Hér er eitt nýuppgert og lauflaus trén í garðinum eins og listaverk.

# VIRÐING BORIN FYRIR FORTÍÐINNI

Húsin á Eyrinni á Ísafirði bera mörg hver einkenni arkitektúrs 19. aldar. Bárujárn og tré leika aðalhlutverk og litlu gluggarnir brosa framan í heiminn. Pjetur Sigurðsson ljósmyndari þræddi gömlu göturnar.



**PRÝTT ÍSLENSKUM STEINUM** Listmúrari hefur einhvern tíma komið við sögu þessa húss við Tangagötu 4 sem er upphaflega byggt 1884.



**REIÐSKJÓTARNIR BÍÐA RÓLEGIR** Það er eitthvað skandinavískt og vinalegt við þetta umhverfi.



**BJARG VIÐ ÞRÖSKULDINN** Skreytilist einkennir dyra- og gluggaumbúnað og dyrahellan er traust.



**SKIPAGATA 11** Timburklætt og hlýlegt hús sem nostrað hefur verið við – það er að stofni til frá 1850.




**VIÐ SMIÐJUGÖTU** Blúndugardínan á vel heima í þessum glugga og bleik motta býður heimamenn og gesti velkomna í bæinn.


ALLT Í PAKKANN
DEUTER FUTURA
BAKPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
MARGVERÐLAUNAÐIR BAKPOKAR, ÝMSAR STÆRÐIR.
CASALL
MAGAHJÓL
3.790 KR.
MIKIÐ ÚRVAL SPORTAUKAHLUTA.
MIKIÐ ÚRVAL
SPORTBAKPOKAR
FRÁ 4.990 KR.
MARGIR LITIR.
BOLTAR
FRÁ 1.990 KR.
HANDBOLTAR, KÖRFUBOLTAR OG FÓTBOLTAR.
SKÍÐAPAKKAR
20% AFSLÁTTUR
ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÍÐASKÓR.
BRETTAPAKKAR
20% AFSLÁTTUR
ÞEGAR KEYPT ERU BRETTI, BINDINGAR OG BRETTASKÓR.
LEKI
GÖNGUSTAFIR
9.990 KR.
TRAUSTIR OG VANDAÐIR.
MEINDL GÖNGUSKÓR
20% AFSLÁTTUR
GÆÐI Í GEGN – MIKIÐ ÚRVAL.
THE NORTH FACE
MCMURDO DÚNÚLPA
68.990 KR.
HENTAR SÉRLEGA VEL FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR. HVERVENT ÖNDUNARFILMA VEITIR GÓÐA VATNSVÖRN.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**HÆSTIRÉTTUR** Æðsti stjórnlagadómstóll Egyptalands hefur gert athugasemdir við framkvæmd kosninga til þings og stjórnlagaþings, og þess vegna verið sakaður um að standa í vegi fyrir umbótum.



**FORSETINN** Mohammed Morsi er leiðtogi Frelsis- og réttlætisflokksins, sem er stærsti flokkurinn á nýkjörnu þjóðþingi landsins. Flokkurinn er með sterk tengsl við Bræðralag múslíma en boðar lýðræðisumbætur og heitir því að hafa mannréttindi í hávegum. Þrátt fyrir að Morsi hafi lengi verið framarlega í forystusveit Bræðralags múslíma varð hann ekki almennt þekktur í Egyptalandi fyrr en hann bauð sig fram til forseta síðastliðinn vetur.



**NÝJA ÞJÓÐÞINGIÐ** Efnt var til kosninga til beggja deilda nýs þings í lok síðasta árs í áföngum og stóðu í nokkrar vikur. Efnt verður til þingkosninga að nýju eftir að ný stjórnskipan tekur gildi.

## VALDATAFL Í EGYPTALANDI



**BRÆÐRALAG MÚSLÍMA** Mohammed Badie er leiðtogi Bræðralags múslíma sem var stofnað í Egyptalandi árið 1928 til að vinna gegn vestrænum áhrifum. Samtökin voru lengi bönnuð en urðu engu að síður áhrifamikil víða í arabaheiminum.



**STJÓRNLAGAÞINGIÐ** Amr Darrag, framkvæmdastjóri stjórnlagaráðsins, með eintak af nýju stjórnarskránni sem borin verður undir þjóðina um næstu helgi. Í henni er ekki gert ráð fyrir öðrum trúarbrögðum en íslam, gyðingdómi og kristni.



**HERFORINGJARÁÐIÐ** Eftir að Mubarak var steypt af stóli tók herráðið að sér að stjórna landinu en lofaði umbótum og afhenti Morsi völdin í sumar.

# Deilur forseta við dómarana

Tæpum tveimur árum eftir að Egyptar steyptu Mubarak af stóli eru þeir aftur farnir að fjölmenna á götum að krefjast afsagnar forseta. Deilurnar snúast um nýja stjórnarskrá, sem borin verður undir þjóðina í lok næstu viku, og um þau alræðisvöld sem Morsi forseti hefur tekið sér en segir einungis ætluð til að tryggja að ný stjórnskipan verði að veruleika.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



Mohammed Morsi var kosinn forseti Egyptalands í júní síðastliðnum. Hann hlaut 51,7 prósent atkvæða í seinni umferð kosninganna en mótframbjóðandinn Ahmed Shafik hlaut 48,3 prósent. Aðeins munaði nokkrum prósentum á fylgi þeirra.

Þetta voru fyrstu frjálsu forsetakosningarnar í sögu landsins. Morsi leit á sig sem fulltrúa byltingarhreyfingarinnar sem kollvarpaði veldi Hosni Mubaraks í byrjun árs 2011. Shafik var hins vegar síðasti forsætisráðherra Mubaraks og almennt talinn fulltrúi gömlu valdaklíkunnar.

### Margvíslegar rætur

Það sem flækti málið var að stór hluti hreyfingarinnar sem steypti Mubarak af stóli leit alls ekki á Morsi sem fulltrúa sinn heldur sem fulltrúa íslamista sem vilja að íslömsk trú verði grundvöllur stjórnskipunar Egyptalands.

Uppreisnarhreyfingin sem fór af stað í Egyptalandi eins og víðar í arabaheiminum á fyrstu mánuðum ársins 2011 átti sér margvíslegar rætur: óánægju með þrúgandi ofríki þáverandi stjórnvalda og þrá eftir betri lífskjörum og virkari áhrifum almennings í stjórn landsins.

Nokkuð stór hluti mótmælendahópsins virðist beinlínis hafa horft til Vesturlanda og gert sér vonir um lýðfrelsi og lýðræði í vestrænum anda þar sem veraldlegt frjálslyndi næði yfirhöndinni í stjórnskipan landsins. Íslömsk trú ætti ekki frekar en önnur trú að vera grundvöllur ríkisins í neinum skilningi.

### Fengu ekki meirihluta

Þessi hópur var samt greinilega ekki nógu stór til að geta með atkvæðamagni sínu tryggt að í forsetaembættið kæmist einstaklingur sem hann væri fyllilega sáttur við. Frá upphafi var því í röðum þessa hóps kraumandi óánægja með Morsi, ekki síst þar sem hann er sérlegur fulltrúi Bræðralags múslíma, öflugustu samtaka íslamista í arabaheiminum.

Þessi hópur var heldur ekki nógu stór til að tryggja sér meirihluta á þingi landsins, þar sem íslamistar eru í meirihluta. Hann var heldur ekki nógu stór til að tryggja sér meirihluta á stjórnlagaþinginu, sem fékk það hlutverk að semja nýja stjórnarskrá fyrir Egyptaland, því þar eru íslamistar líka í meirihluta.

### Íslamistar

Íslamistar eru hins vegar misjafnlega róttækir. Einungis lítill minnihluti vill í raun að ströngustu afbrigði trúarlaganna verði allsráðandi í samfélaginu, með tilheyrandi trúarlögreglu og hörðum refsingum.

Mikill meirihluti múslíma er samt sem áður fullkomlega sáttur við að íslömskum gildum verði gert hátt undir höfði í stjórnskipan landsins – rétt eins og margir kristnir menn hafa enn í dag ekkert á móti því að kristileg gildi séu í hávegum höfð í stofnunum samfélagsins; án þess að þar séu endilega neinar öfgar á ferð, og án þess að það sé endilega að öllu leyti hugsað ofan í kjölinn.

### Einræðistilburðir

Í Egyptalandi sauð hins vegar upp úr þegar Morsi tók sér nánast alræðisvöld með svonefndri stjórnlagayfirlýsingu hinn 22. nóvember síðastliðinn.

Sjálfur sagðist hann neyddur til að grípa til þessa úrræðis til þess eins að tryggja að markmið byltingarinnar gegn Mubarak næðust og koma í veg fyrir að þær stjórnarskrárumbætur sem lofað hafði verið að ráðast í yrðu að engu. Um leið og ný stjórnskipun tæki gildi myndi þessi stjórnlagayfirlýsing sjálfkrafa falla úr gildi. Völd forsetans yrðu þá í samræmi við það sem nýja stjórnarskráin segði til um.

Ástæðan fyrir ótta Morsis um afdrif stjórnarskrárinnar er fyrst og fremst afstaða æðsta dómstóls landsins, stjórnlagadómstólsins, sem í júní kvað upp þann úrskurð að þingkosningarnar, sem haldnar voru fyrr á árinu og skiluðu íslamistum meirihluta á þinginu, hefðu brotið í bága við stjórnarskrá landsins.

### Átök við dómarana

Þar með voru íslamistar að eigin mati komnir í eins konar stríð við dómarana sem taldir voru grímulausir fulltrúar gömlu valdaklíkunnar, enda flestir skipaðir í embætti á valdatíma Mubaraks.

Þegar hætta þótti á að dómstóllinn myndi einnig ógilda kosningu til stjórnlagaþingsins, og hafði sett úrskurð um lögmæti þeirra kosninga á dagskrá sína nú í byrjun desember, lét Morsi til skarar skríða og gaf út tilskipun sína. Í henni fólst einkum tvennt: Að dómstólar landsins gætu ekki ógilt neinar ákvarðanir forsetans, og að dómstólar landsins gætu ekki ógilt starfsemi stjórnlagaþingsins.

### Kapphlaup við tímann

Ekki var reyndar að sjá að æðsti dómstóllinn ætlaði að taka mark á þessari forsetatilskipun og þess vegna hraðaði stjórnlagaþingið afgreiðslu nýju stjórnarskrárinnar; samþykkti hana á næturfundi í síðustu viku, tveimur dögum áður en dómstóllinn hugðist kveða upp úrskurð sinn um lögmæti eða ólögmæti stjórnlagaþingsins.

Dómararnir brugðust við með því að fara í verkfall, og þar með er dómskerfið í reynd lamað. Og þar við situr, líklega að minnsta kosti þangað til þjóðin hefur sagt álit sitt á nýju stjórnarskránni um næstu helgi.

### Átökin harðna

Síðustu dagana hafa átökin í landinu harðnað jafnt og þétt. Fjöldi fólks hefur tekið þátt í mótmælum nánast daglega, og æ oftar snúast þau upp í óeirðir með grjótkasti og barsmíðum sem nú þegar hafa kostað nokkur mannslíf.

Þarna eigast við stuðningsmenn Morsis annars vegar, sem einkum virðast vera íslamistar tengdir Bræðralagi múslíma, og hins vegar andstæðingar hans, sem virðast ýmist koma úr röðum lýðræðishreyfingarinnar gegn Mubarak eða úr röðum fylgismanna gömlu valdaklíkunnar í kringum Mubarak.



**HREIÐRAÐ UM SIG Á TAHRIR-TORGI** Um síðustu helgi höfðu þúsundir mótmælenda hreiðrað um sig á þessu torgi í Kaíró, sem var miðpunktur uppreisnarinnar gegn Mubarak. Mótmælendurnir krefjast þess að Morsi hætti við að keyra nýja stjórnskipan í gegn og segi helst af sér. Hann segist reiðubúinn í viðræður en vill hvergi gefa eftir. NORDICPHOTOS/AFP

## Valdhafar Egyptalands

**1920-52 Farouk, konungur Egyptalands**
Farouk var í reynd síðasti konungur landsins, þótt nýfæddur sonur hans hafi formlega verið gerður að konungi í tæpt ár.

**1952 Bylting herforingjanna**

**1953-58 Muhammad Naguib**
Einn af leiðtogum herforingjabyltingarinnar gegndi embættum bæði forseta og forsætisráðherra, auk þess að fera formaður byltingarráðsins.

**1958-70 Gamal Abdel Nasser**
Annar helstu leiðtogi herforingjabyltingarinnar tók við af Naguib þegar byltingarráðinu þótti Naguib ætla að taka sér of mikil einræðisvöld.

**1970-81 Anwar Sadat**
Var yfirmaður í hernum og tók þátt í herforingjabyltingunni 1952. Þingforseti og síðar varaforseti þar til hann tók við af Nasser við lát hans.

**1981-2011 Hosni Mubarak**
Var yfirmaður flughersins og varnarmálaráðherra í stjórn Sadats. Gerður að varaforseta 1975 og tók við forsetaembættinu þegar Sadat var myrtur.

**2011 Bylting almennings**

**2012 Mohammed Morsi**
Áður lítt þekktur fulltrúi Bræðralags múslima sigraði í fyrstu lýðræðislegu forsetakosningum landsins og tók við embættinu í sumar.

1920 | 1930 | 1940 | 1950 | 1960 | 1970 | 1980 | 1990 | 2000 | 2010




**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, óméðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

# SJÖFALDA RETRO-UMSLAGIÐ BEST

Eins og venja er um þetta leyti árs leitaði Fréttablaðið til hóps valinkunnra andans manna og kvenna til að velta fyrir sér kostum og göllum á umslögum íslenskra hljómplatna sem komið hafa út á árinu.

## BESTU UMSLÖGIN



**1. SÆTI**
**Retro Stefson** Retro Stefson
Hönnuður: Halli Civelek

„Hrikalega metnaðarfull og glæsileg umgjörð. Það ætti alltaf að vera hægt að velja úr sjö stíliseruðum ljósmyndum framan á plötur.“
*Stígur Helgason*

„Kóverið er ljóðrænt en jafnframt fullt af spennu og krafti. Dásamleg mynd með skírskotun í dans og tilfinningar. Lógó sveitarinnar smekklega hófstillt í horninu.“
*Gréta V. Guðmundsdóttir*

„Sjö mismunandi umslög svo hægt sé að safna og skiptast á. Og öll mjög flott, sveitt og hvetjandi til dans. Vart hægt að hugsa sér betri þjónustu við neytendur.“
*Brynhildur Björnsdóttir*

„Elska hreyfinguna í myndinni. Litasamsetningin er algjörlega fullkomin og umslagið gjörsamlega í takt við anda sveitarinnar.“
*Hanna Eiríksdóttir*




**2. SÆTI**
**Moses Hightower** Önnur Mósebók
Hönnun: Sigríður Ása Júlíusdóttir

„Ég þurfti að sjá þetta nokkrum sinnum til þess að átta mig á því að þetta er snilld en ekki ömurlegt. Áttundi og níundi áratugurinn eru látnir renna skemmtilega saman í hönnuninni, ofboðslega einföld hugmynd sem smellur fullkomlega.“
*Sunna Valgerðardóttir*

„Fyndið, frumlegt og dass af eitís í þessu umslagi. Ég elska „tacky“ og „cheesy“ eitísumslög og því hittir þetta beint í mark hjá mér.“
*Lilja Katrín Gunnarsdóttir*

„Þetta umslag nær sama húmornum og léttleika tónlistarinnar án þess að reyna of mikið. Rembulaust umslag.“
*Kristín Agnarsdóttir*

„Dramatískt „high-concept“-lúkk sem minnir mig á plötukápur Hipgnosis frá áttunda og níunda áratugnum, með grafískri hönnun sem dregur þetta inn í nútímann.“
*Sveinbjörn Pálsson*




**3. SÆTI**
**Ojba Rasta** Ojba Rasta
Hönnun: Ragnar Fjalar Lárusson

„Myndin er eins og tekin beint úr ævintýrinu um Skilaboðaskjóðuna. Eitthvað heillandi við hana.“
*Álfrún Pálsdóttir*

„Ævintýralegt. Sambland af vísindaskáldsöguteiknimynd og Grimmsævintýri á LSD. Svo margt í gangi að mann langar til að horfa á það lengi lengi og hengja það upp á vegg.“
*Sólveig Jónsdóttir*

„Mjög „busy“. Mjög gott. Þetta er í þessum 80‘s overkill-anda. Dýr sem menn er konsept sem klikkar aldrei. Þetta er listaverk.“
*Jóhann Alfreð Kristinsson*



**4-5. SÆTI**
**Enter 4** Hjaltalín
Hönnun: Sigurður Oddsson

„Kómískt, dularfullt og alveg dúndur artí – allt lýsingarorð sem passa við músíkina.“
*Dr. Gunni*

„Myndefni sem ringlar mann og dregur mann nær. Heillar og grípur.“
*Sveinbjörn Pálsson*




**4-5. SÆTI**
**Exorcise** Tilbury
Myndskreyting: Hugleikur Dagsson
Umbrot: Steinn Steinsson

„Þegar Hugleikur Dagsson tekur sig til og mótar plötuumslag getur útkoman ekki verið önnur en frumleg og ögrandi snilld. Þetta er ljóslifandi vitnisburður um slíkt.“
*Kristinn Pálsson*

„Góð litasamsetning og áhugavert myndefni. Umslag sem stendur út í hillunni.“
*Eva Hrönn Guðnadóttir*




**2. SÆTI**
**Vetur** Egill Ólafsson
Ljósmyndir: Jónatan Grétarsson
Útfærsla á skýi og skugga: Finnur Arnar

„Tilgerð ársins. Ég giska á að hönnuðinn hafi dreymt draum, eða martröð, og fundist nóttin góður innblástur fyrir verk sitt: „Þú hélst á skýi, líklega vetrarskýi, eins og strengjabrúðu á dimmu sviði. Svo var N-ið í titlinum öðruvísi á litinn og skakkt. Það var mjög kalt í herberginu, eins og um vetur. Gerum þetta!““
*Sunna Valgerðardóttir*

„Sigið og bláleitt N-ið toppar þetta narsissískasta kóver síðari ára. Það versta (eða besta?) við þetta umslag er að Agli Ólafssyni er nákvæmlega sama hvað mér finnst um það.“
*Stígur Helgason*

„Hugmyndin greinilega mikil en frágangurinn gerir þetta voða sjoppulegt, sveitó og gamaldags. Dramatískt og „high-concept“ eins og Moses Hightower platan, munurinn virðist helst liggja í hönnunarvinnunni.“
*Sveinbjörn Pálsson*

„Ljósmyndin á umslaginu er svo undarleg og sérstök að ef til vill hafa margir húmor fyrir henni. En mér finnst umslagið ekki ganga nógu langt í undarlegheitum ef sú var ætlunin (sem ég efast þó um). Gerir ekkert fyrir mig.“
*Kristín Agnarsdóttir*



**3-4. SÆTI**
**Outside the Ring** Friðrik Ómar
Hönnun: Davíð Terrazas

„Fín plata en umslagið er fráhrindandi og ekki eins töff og lagt var upp með.“
*Dr. Gunni*

„Þetta minnir mig á misheppnað Salvador Dalí málverk.“
*Hanna Eiríksdóttir*




**5. SÆTI**
**Ljúfar stundir** Helga Möller og Ari Jónsson
Málverk: Hafsteinn Reykjalín
Umbrot: Dagný Reykjalín

„Tja – hvað get ég sagt? Kannski er það bara liturinn og fonturinn, en þetta gæti verið bensínstöðvargeisladiskur frá 1978 til 1984, á vondu brúnu árunum. Ekki gott, því miður.“
*Dröfn Ósp Snorradóttir*




**3-4. SÆTI**
**Eftir langa bið** Hreimur Örn Heimisson
Hönnun: Fanney Sizemore

„Biðin hefur verið of löng. Umslagið er muskulegt og allt að því snjáð. Dauflegt og gæti hafa veðrast illa. Afskaplega óspennandi.“
*Jens Guð*

„Ef þú setur þumalinn yfir titil plötunnar gæti þetta verið hver sem er. Björn Jörundur kemur upp í hugann eða maður sem er eftirlýstur af Interpol, en þetta líkist Hreimi því miður ekki neitt og missir því algjörlega marks.“
*Hanna Eiríksdóttir*

## VERSTU UMSLÖGIN




**1. SÆTI**
**Pottapartý með Sigga Hlö** Ýmsir
Hönnun: Pipar/TBWA

„Þetta hallærislega þema slyppi mögulega ef stúlkan á myndinni liti ekki út fyrir að vera tólf ára. Að smella armkútum á hana í heitum potti gerir heldur ekki mikið til að ýta undir þroska hennar. Til að toppa þetta er eins og myndinni hafi verið skellt saman af vitgrönnum unglingum sem voru að læra á tölvu eða útbrenndum hönnuðum sem halda að árið sé enn 1993.“
*Sunna Valgerðardóttir*

„Orð eru óþörf.“
*Álfrún Pálsdóttir*

„Ég hallast að því að þetta sé grín. Potturinn, partíið, sleikurinn og að því er virðist smástelpa í sundlaug með kút. Það er eitthvað óþægilega rangt við þetta!“
*Gréta V. Guðmundsdóttir*

„Ég er í fullri vinnu sem sendiboði þess mikla gleðigjafa en þetta umslag er svo vont að ég held ég sleppi því að hlusta á þáttinn í að minnsta kosti tvær vikur. Get alltaf hlustað seinna á netinu.“
*Kristín Agnarsdóttir*

## UMDEILDASTA UMSLAGIÐ




**Fearless** Legend
Hönnun: Siggi Odds

Jafn mörgum þótti umslag plötunnar Fearless með Legend gott og þeim sem þótti það slæmt.

„Leikurinn með að snúa við augum og munni á andlitsmynd er ekki nýr. Það er aukaatriði. Uppátækið er skemmtilegt og tekið lengra með því að hafa plötutitilinn líka á haus. Þetta groddalega svart-hvíta umslag myndi klæða fæstar plötur. Útfærslan smellpassar hins vegar utan um dökka raftónlist Legend.“
*Jens Guð*

„Það fór um mig mjög ónotalegur hrollur, sem ég kýs að kalla „Aphex Twin hrollur“, þegar ég sá þetta kóver. Það greip mig þörf til að snúa því við þegar ég sá það fyrst en þá er það eins hinum megin líka. Það hræddi mig.“
*Sólveig Jónsdóttir*

## Álitsgjafar

**Álfrún Pálsdóttir** á Fréttablaðinu
**Bertel Andrésson** tónlistaráhugamaður
**Brynhildur Björnsdóttir** dagskrárgerðarmaður
**Dröfn Ósp Snorradóttir** pistlahöfundur og skartgripahönnuður
**Dr. Gunni** rithöfundur
**Eva Hrönn Guðnadóttir** grafískur hönnuður
**Gréta V. Guðmundsdóttir** grafískur hönnuður
**Hanna Eiríksdóttir** verkefnisstýra
**Jens Guð** grafískur hönnuður
**Jóhann Alfreð Kristinsson** grínisti
**Kristinn Pálsson** tónlistaráhugamaður
**Kristín Agnarsdóttir** grafískur hönnuður
**Lilja Katrín Gunnarsdóttir** kynningarstjóri Sagafilm
**Stígur Helgason** á Fréttablaðinu
**Sólveig Jónsdóttir** rithöfundur
**Sunna Valgerðardóttir** á Fréttablaðinu
**Sveinbjörn Pálsson** grafískur hönnuður

markhonnun.is

Tilboðin gilda **8. - 9.** desember




**SKRÍPÓ**
SPRENGHLÆGILEGT SKOPSPIL
**6.958 KR**




**SJÓRÆNINGINN**
SKÁLDUÐ ÆVISAGA
**3.855 KR**




**KRAKKINN SEM HVARF**
**2.766 KR**




**REYKJAVÍKURNÆTUR**
**3.999 KR**




**KAFTEINN OFURBRÓK**
**2.515 KR**



**ÍSLENSKIR KÓNGAR**
**4.498 KR**




**KANTATA**
**4.370 KR**




**STIKLAÐ Á STÓRU**
**UM BÝSNA MARGT**
**3.212 KR**




**STAFAKARLARNIR**
**M/GEISLADISK**
**2.316 KR**




**MÁLARINN**
**4.360 KR**




**ÓSJÁLFRÁTT**
**4.241 KR**




**HÚSIÐ**
**4.370 KR**

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

**nettó bækur**
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri




### → Caroline Wozniacki

Caroline Wozniacki er 22 ára gömul, fædd 11. júlí árið 1990 í Óðinsvéum í Danmörku.

Hún er með lögheimili í Mónakó og gerðist atvinnumaður í tennis árið 2005. Wozniacki hefur unnið sér inn um 1,7 milljarða króna á ferlinum. Tekjur af auglýsingasamningum eru ekki í þeirri upphæð.

Foreldrar hennar voru bæði í afreksíþróttum. Faðir hennar, Piotr, var atvinnumaður í fótbolta og leið hans lá til Danmerkur. Eiginkona hans, Anna, var atvinnumaður í blaki. Sonur þeirra, og eldri bróðir Caroline, Patrik Wozniacki, er atvinnumaður í fótbolta hjá Hvidovre í Danmörku.

Wozniacki var samtals í rúmt ár í efsta sæti heimslistans, alls 67 vikur, en hún féll úr efsta sætinu þann 23. janúar á þessu ári. Á þessari stundu er Wozniacki í 10. sæti. Hún hefur sigrað á 20 atvinnumótum á ferlinum en aðeins einu sinni komist í úrslit á einu af risamótunum fjórum. Hún tapaði í úrslitum á Opna bandaríska meistaramótinu árið 2009.

### → Rory McIlroy

Rory McIlroy er 23 ára gamall, fæddur 4. maí árið 1989 í Holywood á Norður-Írlandi þar sem hann er enn með lögheimili. Hann gerðist atvinnumaður í golfi árið 2007. Á ferlinum hefur hann „önglað“ saman um 2,6 milljörðum króna í verðlaunafé. Tekjur af auglýsingasamningum eru ekki í þeirri upphæð.

McIlroy er einkabarn en foreldrar hans heita Gerry og Rosie. Rory kynntist golfíþróttinni í gegnum föður sinn sem er með 0 í forgjöf og því vel liðtækur í íþróttinni. McIlroy hefur sigrað á 13 atvinnumótum frá því hann gerðist atvinnumaður og hann hefur sigrað á tveimur risamótum nú þegar – Opna bandaríska árið 2011 og PGA-meistaramótinu 2012.

# OFURÍÞRÓTTAPARIÐ GLÍMIR VIÐ NÝJA ÁSKORUN

Íþróttaferlar kærustuparsins **Rory McIlroy** og **Caroline Wozniacki** hafa tekið mismunandi stefnu eftir að þau kynntust sumarið 2011. Norður-írski kylfingurinn hefur tekið risastökk upp á við en danska tenniskonan hefur hrapað eins og steinn niður heimslistann.



**Sigurður Elvar Þórólfsson**
seth@365.is

Rory McIlroy og Caroline Wozniacki eru í fremstu röð á heimsvísu og í hópi þekktustu íþróttamanna og -kvenna veraldar. Þau njóta gríðarlegra vinsælda og áhugi almennings á þeim hefur aukist jafnt og þétt eftir að þau fóru að stinga saman nefjum sumarið 2011. Hið daglega líf hjá „ofuríþróttaparinu“ er ávallt í kastljósi fjölmiðla. Rory McIlroy hefur notið góðs af öllu þessu umstangi á undanförnum misserum en ferill Wozniacki hefur legið niður á við.

Það var boxbardagi í júlí árið 2011 sem varð til þess að Rory McIlroy og Caroline Wozniacki hittust í fyrsta sinn. Þau voru bæði boðsgestir þegar David Haye frá Bretlandi mætti Úkraínumanninum Vladimir Klitschko í Þýskalandi. Klitschko sigraði þar á stigum – svo því sé haldið til haga.

„Frábær bardagi, ég hitti einnig Rory McIlroy, sem sat beint fyrir aftan mig, (broskall), hann er jarðbundinn og góður gaur,“ skrifaði Wozniacki í tísti sem birtist á Twitter daginn eftir bardagann.

Frá þeim tíma hafa þau verið par og glímt við það risaverkefni að vera í fremstu röð á heimsvísu sem atvinnumenn samhliða þeirri athygli sem þau fá.

**Nýjar áherslur í mataræði**

Rory hefur notið góðs af þessu sambandi ef marka má árangur hans eftir að hann kynntist Caroline. Fyrir það fyrsta þá tók Norður-Írinn upp á því að æfa meira en áður og árangurinn lét ekki á sér standa. Wozniacki var í efsta sæti heimslistans þegar þau hittust í fyrsta sinn en Rory var enn að klifra upp þann metorðastiga. Og hann átti einnig eftir að sigra á einu af risamótunum fjórum.

Rory McIlroy tók einnig upp nýjar áherslur í æfingum og mataræði eftir að hann kynntist Wozniacki. Hann æfir undir handleiðslu styrktarþjálfara NBA-körfuboltaliðsins New York Knicks og hefur árangurinn ekki látið á sér standa. „Ég er jafnþungur og áður, en fituprósentan hefur hrapað, og ég er sterkari og stöðugri en áður,“ sagði McIlroy í viðtali við bandaríska karlatímaritið Mens Health.

Wozniacki virðist ekki hafa náð að vinna eins vel úr allri þeirri athygli sem samband þeirra hefur fengið. Hún hefur hrapað eins og steinn niður heimslistann frá því hún kynntist Rory McIlroy. Risamótin hafa ekki verið styrkleiki Wozniacki og á árinu 2012 féll hún úr í 1. umferð á Wimbledon og Opna bandaríska meistaramótinu.

Hún sigraði á sex mótum árið 2010 og endurtók leikinn árið 2011. Á þessu ári hefur hún aðeins sigrað á tveimur atvinnumótum og nýverið réði hún föður sinn sem þjálfara á ný. Hann var þjálfari hennar þegar hún náði efsta sæti heimslistans. Þrátt fyrir að fátt hafi gengið upp á tennisvellinum rakar Wozniacki inn seðlum því hún er næsttekjuhæsta íþróttakona heimsins árið 2011 á eftir tenniskonunni Mariu Sharapovu.

McIlroy sigraði á fjórum mótum á þessu ári og þar af einu risamóti. Hann nýtur gríðarlegra vinsælda hjá stórfyrirtækjum sem keppast við að fá hann til liðs við sig. Búist er við því að Rory McIlroy semji við Nike íþróttavörufyrirtækið á næsta ári – og mun hann fá um 16 milljarða króna í sinn hlut fyrir tíu ára samning.

**Engar áhyggjur af bókhaldinu**

Eins og gefur að skilja þarf ofurparið ekki að hafa miklar áhyggjur af heimilisbókhaldinu en Wozniacki heldur í gömlu hefðina þegar þau fara út að borða. „Rory borgar alltaf reikninginn,“ lét Wozniacki hafa eftir sér í viðtali.

Keppni er stór hluti af sambandi þeirra og hafa margir beðið eftir því að fá að sjá þau keppa hvort við annað í golfi eða tennis. Wozniacki er á þeirri skoðun að þau þurfi að finna aðra íþrótt til þess að keppa hvort við annað.

„Ég hef gefið honum góð ráð varðandi tennis, hann er með góða forhönd, en bakhöndina þarf hann að laga. Ég er viss um að hann getur lagað þetta með minni aðstoð. Sömu sögu er að segja af golfsveiflunni minni. Hún er skelfileg,“ sagði Wozniacki og bætti við. „Ég held ég geti staðfest að ég mun aldrei tapa í tennis fyrir Rory, en það sama gildir um golfið, ég mun aldrei vinna hann. Við þurfum að finna okkur aðra íþrótt til þess að keppa sem jafningjar,“ sagði Wozniacki.

**Gríðarlegur metnaður**

McIlroy var á dögunum útnefndur kylfingur ársins á bandarísku PGA-mótaröðinni í fyrsta sinn á ferlinum. Hann þakkaði unnustu sinni fyrir þann árangur sem hann hefur náð á keppnistímabilinu.

„Ég hef séð hve hart hún leggur að sér við æfingar og hún hefur gríðarlegan metnað. Ég hef lært ýmislegt af henni,“ sagði hinn 23 ára gamli McIlroy á þeim tíma og það verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra þegar nýtt keppnistímabil hefst hjá þeim báðum á nýju ári.



**Í FREMSTU RÖÐ** Þau Rory Mcilroy og Caroline Wozniacki hittust í júlí í fyrra þegar David Haye og Wladimir Klitschko mættust í bardaga.

## Risamótin í tennis og golfi

Golf og tennis eiga það sameiginlegt að vera með fjögur risamót á hverju ári sem eru stærstu viðburðir hvers tímabils. Í golfi karla eru þrjú risamót haldin í Bandaríkjunum; Mastersmótið (Bandaríkin), Opna breska meistaramótið, Opna bandaríska meistaramótið, PGA-meistaramótið (Bandaríkin). Risamótin hjá atvinnukonum í tennis eru Opna ástralska meistaramótið, Opna franska, Wimbledon-meistaramótið og Opna bandaríska meistaramótið. Rory McIlroy hefur fagnað sigri tvívegis á risamóti; Opna bandaríska meistaramótinu árið 2011 og PGA-meistaramótinu 2012.

# „... mjög flott verk.“

EGILL HELGASON / KILJAN




„Hún heldur svo vel utan um þessa þræði – hún lýgur sig inn á þetta form með undraverðum hætti ... mjög vel gert.“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Mér finnst formið afskaplega vel heppnað, hnitmiðað og fágað ... mjög fallegt.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / KILJAN

„Hún er rosalega flinkur höfundur – hvernig hún setur þessa sögu fram og hvernig hún byggir hana upp ... þetta er mjög flott verk hjá henni.“

EGILL HELGASON / KILJAN

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# netto

Kræsingar & kostakjör
*Um jólin!*



KJÖTSEL

## HAMBORGARHRYGGUR

~~VERÐ ÁÐUR 1.989 KR/KG~~

-35%

**1.293** KR/KG

# UNDIRBÚUM **JÓLIN SNEMMA** Í ÁR



KJÖTSEL

**1.393** KR/KG

## HVÍTLAUKSKRYDDAÐ LAMBALÆRI

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



## KRYDDAÐ LAMBALÆRI

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



-40%

## HUMAR SKELFLETTUR 500 G

~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR/PK~~

**1.799** KR/PK



**2.999** KR/PK

## HUMAR SKELFLETTUR 1 KG

~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR/PK~~

| BASSETTS DÓS 800 G | ROSES EÐA HEROES DÓS 800 G | CELEBRATIONS DÓS 855 G | QUALITY STREET DÓS 820 G |
|---|---|---|---|
| **1.349** KR/STK | **1.989** KR/STK | **2.489** KR/STK | **1.899** KR/STK |



## JÓLAPAPPÍR

MIKIÐ ÚRVAL



**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# ÁVALLT **HÁTÍÐLEGT**!

KJÖTSEL

**HANGILÆRI**
Á BEINI
~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.749** KR/KG

-30%



## JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið



**KJÚKLINGUR**
FROSINN
~~VERÐ ÁÐUR 855 KR/KG~~

**727** KR/KG

-50%



**ANANAS**
FERSKUR
~~VERÐ ÁÐUR 249 KR/KG~~

**125** KR/KG

Ópal Sjávarfang



**GRAFINN EÐA REYKTUR LAX**
1/2 FLAK
~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.998** KR/KG




**GLOCKEN SAFAR**
1 L 100% PREMIUM

**178** KR/STK




**JÓAKIM SPIL**
~~VERÐ ÁÐUR 5.998 KR/STK~~

**4.990** KR/STK

**JÓLASVEINAR VELKOMNIR**



ÚRVAL Í SKÓINN

**Tilboðin gilda 6. - 9. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



# Jólamyndir fullorðna fólksins

Hinn sístækkandi haugur jólakvikmynda lumar á ýmsu ef nógu djúpt er grafið. Athugið að atriði í þessari grein eru ekki við hæfi jólabarna.

Haukur Viðar Alfreðsson
haukur@frettabladid.is

Fyrir sumum er það ómissandi hluti af jólahátíðinni að hreiðra um sig með konfekt undir teppi og horfa á góða jólamynd. Vel heppnaðar myndir í þeim geira virðast nærri ódauðlegar og má þar nefna myndir á borð við Christmas Vacation, It's A Wonderful Life og A Christmas Story.

En einnig eru til kvikmyndir sem gerast um jól og eru jafnvel jólalegar, þó þær teljist ekki til eiginlegra jólamynda.

## ← DIE HARD (1988)

Die Hard var lengi þekkt sem „jólamynd pabbans", en staðreyndin er sú að það hafa allir gaman af Die Hard. Þrátt fyrir að vera ofbeldisfull og harðsoðin er hún glettilega jólaleg, enda er sögusviðið Los Angeles á aðfangadagskvöld. Hryðjuverkamenn hertaka jólagleðskap í Nakatomi-skýjakljúfnum en einn gestanna er eiginkona lögreglumannsins John McClane. Það er skallabletturinn Bruce Willis sem fer með hlutverk hans eins og frægt er orðið, en á nýju ári fá aðdáendur að sjá fimmtu myndina um kappann.



## EYES WIDE SHUT (1999)

Leikstjórinn goðsagnakenndi, Stanley Kubrick, kvaddi þennan heim í marsmánuði árið 1999, rúmum fjórum mánuðum fyrir frumsýningu síðustu myndar hans, Eyes Wide Shut. Þessi draumkenndi og erótíski sálfræðitryllir er byggður á stuttu skáldsögunni Traumnovelle eftir austurríska rithöfundinn Arthur Schnitzler sem kom út árið 1926. Í myndinni léku þau Tom Cruise og Nicole Kidman hjón í kynlífskrísu um jól.



## ROCKY IV (1985)

Í fjórðu mynd seríunnar um hnefaleikakappann Rocky Balboa mætir munnskakka mulningsvélin sovéska ofurboxaranum Ivan Drago í Moskvu á jóladag. Þeir eru nú ekki beinlínis jólalegir í hringnum og myndin er sú næstversta í seríunni, enda gerist afar fátt fyrir lokabardagann nema hvert þjálfunar montage-atriðið á fætur öðru. Sígildir frasar Dragos eru þó áhorfsins virði.



## LETHAL WEAPON (1987)

Fyrsta myndin í þessari vinsælu seríu gerist, líkt og Die Hard, um jól, þrátt fyrir að vera alls engin jólamynd. Hið sígilda Jingle Bell Rock slær upphafstón myndarinnar, en jólasteik þeirra félaga, Riggs (Mel Gibson) og Murtaugh (Danny Glover), verður að bíða þar til hverju einasta illmenni hefur verið slátrað.



## P2 (2007)

Angela er snoppufríð skrifstofublók sem er haldið í gíslingu af geðsjúkum öryggisverði í bílakjallara á aðfangadagskvöld. Í einu atriði myndarinnar er hún hlekkjuð við matarborð og neydd til þess að borða jólamat með kvalara sínum. Vissulega nokkuð jólalegt, en á óhefðbundinn máta.



## INSIDE (2007)

Þessi hrottalega franska hrollvekja nefnist À l'intérieur á frummálinu og gengur svo langt í grafísku ofbeldi að áhorfandinn er vís til að verða afhuga jólunum að eilífu.



## SILENT NIGHT, DEADLY NIGHT (1984)

Fjölmargar myndir um raðmorðingja í jólasveinabúningi hafa verið gerðar. Þessi er án efa sú frægasta, en kennara- og foreldrafélög víðs vegar um Bandaríkin reyndu að fá hana bannaða frá kvikmyndahúsum. Í mörgum tilfellum tókst það, en myndin öðlaðist framhaldslíf á myndbandi og telst í hópi svokallaðra költmynda.



## 101 REYKJAVÍK (2000)

Hlynur á í ástarsambandi við kærustu móður sinnar. Þetta veldur eðlilegum flækjum í lífi þeirra þriggja, og allt gerist þetta um jól.



## THE REF (1994)

Á íslenskum vídeóspóluhulstrum hét þessi mynd Hostile Hostages, en myndin segir frá kjaftforum gimsteinaþjófi sem tekur fjölskyldu í gíslingu á aðfangadagskvöld. Uppistandarinn Denis Leary leikur á als oddi í þessari vanmetnu mynd frá leikstjóranum sáluga, Ted Demme.

## Meira af góðu glápi

Margir hafa tekið upp þann sið að horfa á **Lord of the Rings**-þríleik leikstjórans Peters Jackson í afslappelsi jólanna. Myndirnar hafa í sjálfu sér lítið með jólin að gera en fólki virðist almennt líka það vel að sökkva sér í langa og góða myndaseríu í jólafríinu. Það tekur 11 klukkustundir og 23 mínútur að ljúka við allar myndirnar þrjár, horfi maður á lengri útgáfur þeirra, en hér eru fleiri seríur sem tilvalið er að taka fyrir um jól.



*Nauðsynlegt er að eiga nóg að maula með glápinu og ágætt er að miða við 250 grömm af konfekti fyrir hvern klukkutíma sem horft er á.*

**5** myndir — **Home Alone** Átta klukkustundir og 30 mínútur

**6** myndir — **Star Wars** 13 klukkustundir og 28 mínútur

**4** myndir — **Indiana Jones** Átta klukkustundir og ein mínúta

**31** mynd — **Carry On** Einn sólarhringur, 21 klukkustund og 12 mínútur

**3** myndir — 

**Back to the Future** Fimm klukkustundir og 42 mínútur



# MYNDAVÉLAR

LAUGARDAGUR 8. DESEMBER 2012

**Kynningarblað** Pinterest, Fujifilmvélar, ljósmyndakeppnir og dýrasta ljósmyndin



The Gateway to Iceland eftir Skarphéðin Skarphéðinsson var sigurmynd desembermánaðar í fyrra. Myndir hans má sjá á heimasíðu hans wwww.skarpi.is.

# Fagrar desembermyndir

Náttúran getur tekið á sig ægifagrar myndir í deseber, bæði hér og erlendis. Á vefnum ljosmyndasamkeppni.is eru reglulega haldnar ljósmyndakeppnir og nú stendur yfir keppni um mynd desembermánaðar. Hér eru nokkrar myndir sem urður ofarlega í fyrra.

Á vefnum Ljosmyndakeppni.is er netsamfélag ljósmyndara. Þar eru reglulega haldnar keppnir fyrir skráða félaga. Í hverjum mánuði er haldin keppni um mynd mánaðarins auk fleiri keppna. Það eru svo meðlimir samfélagsins sem gefa myndunum einkunnir og kjósa þar með sigurmyndina.

Náttúran getur verið ægifögur á að líta hvar sem er í heiminum eins og þessar myndir frá keppninni um bestu mynd desembermánaðar frá því í fyrra bera með sér.

Vefurinn er opinn öllum og getur hver sem er farið þar inn og skráð sig sem meðlim, tekið þátt í keppnum og kosið um bestu myndirnar. Þar er einnig margvíslegan fróðleik um ljósmyndun að finna auk spjallborðs.



Crater Lake eftir Raymond Hoffmann varð í fjórða sæti í keppni um mynd desembermánaðar í fyrra. Myndin var tekin í ljósmyndaferð í Erta Ale í Eþíópíu. Myndir Raymonds má sjá á www.iceland-photo.com.



Sólsetur við Þingvallavatn eftir Jón Óskar Hauksson varð í öðru sæti.

# Myndir tengja saman heiminn

Sá samfélagsmiðill sem vex hraðast í dag er Pinterest sem gengur út á miðlun ljósmynda og myndbanda. Konur eru í dag helstu notendur vefsins en körlum fjölgar hratt. Mörg fyrirtæki sjá spennandi tækifæri með notkun Pinterest við markaðssetningu sína.

Samfélagsmiðillinn Pinterest er einn sá vinsælasti í heiminum í dag og sá sem vex hvað hraðast ef miðað er við notendafjölda. Líkja má Pinterest við myndrænar tilkynningartöflur eða korktöflur á netinu þar sem hver tafla inniheldur ákveðið þema en notendur vefsins setja inn ljósmyndir eða myndbönd á hverja töflu sem tengjast því þema. Þannig geta töflurnar innihaldið efni sem tengist öllum mögulegum hlutum, til dæmis tísku, matargerð, ferðalögum, brúðkaupum eða hönnun.



Þóranna K. Jónsdóttir, markaðseinkaþjálfari og -ráðgjafi hjá Markaðsmálum á mannamáli. MYND/ÚR EINKASAFNI

Þóranna K. Jónsdóttir, markaðseinkaþjálfari og -ráðgjafi hjá Markaðsmálum á mannamáli, hefur skipulagt námskeið í notkun Pinterest fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hún segir mikil tækifæri felast í notkun samfélagsmiðilsins enda sýni rannsóknir að notendur hans eyði meiri tíma þar en á öðrum samfélagsmiðlum. „Í dag eru notendur um 22,4 milljónir og miðillinn vex hratt eða um 4-5000% milli áranna 2011-2012. Notendur dvelja þar mun lengur en á öðrum samfélagsmiðlum enda hafa aðrir samfélagsmiðlar einblínt meira á texta á meðan Pinterest gengur að nær öllu leyti út á myndir og myndbönd."

## Konur enn í meirihluta

Notendur Pinterest fylgja eftir öðrum notendum vefsins, annað hvort einstaka töflum eða öllum töflum þeirra. „Almennt eru notendur að fylgja eftir ýmsum töflum annarra notenda, allt eftir áhugasviði hvers og eins. Ef viðkomandi hefur til dæmis áhuga á mat og uppskriftum þá fylgir hann eftir ýmsum spennandi aðilum sem eru að setja inn girnilegar uppskriftir eða fróðleik um mat. Um leið eru flestir með eigin töflur þar sem þeir hengja inn myndir og myndbönd sem eiga við, hvort sem það tengist mat, tísku, íþróttum, gæludýr eða hverju sem er. Í dag er til dæmis sérstaklega mikil gróska í kringum hannyrðir, hönnun, tísku, uppskriftir, ferðalög og ýmislegt handverk á Pinterest." Í dag eru flestir notendur Pinterest konur en karlmönnum fjölgar hratt. „Heimildum ber ekki saman um hlutfall kynja en konur eru á bilinu 65-95% notenda vefsins. Karlmenn eru þó að taka við sér og þeim fjölgar hratt."

## Fyrirtæki sjá tækifæri

Fyrirtæki hafa líka tekið hratt við sér. Stærstur hluti notenda vefsins er konur og stærstur hluti kaupákvarðana í heiminum er tekinn af konum. Þóranna segir mörg fyrirtæki því hafa stokkið fljótt af stað og sérstaklega þau sem selja vörur sem tengjast vinsælustu töflum Pinterest. „Þau fyrirtæki sem stíla inn á þennan markhóp hafa rokið þarna inn. Í raun er það þannig að ef fyrirtækið þitt selur vörur eða þjónustu sem er mjög myndræn, áttu mikla möguleika með Pinterest en mörg fyrirtæki eru líka að koma þjónustu á framfæri á mjög áhugaverðan hátt. Vefurinn virkar líka þannig að ef einhver notandi hefur smellt mynd af vörunni þinni inn, þá eru góðar líkur á því að aðrir endurbirti sömu myndir á sínum töflum. Þessar myndbirtingar virka líka þannig að ef birt er mynd beint frá verslun eða söluaðila þá getur sá sem skoðar myndina hoppað beint inn á viðkomandi vefverslun. Það er auðvitað mjög eftirsóknarverður eiginleiki fyrir þau fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu. Ef notandi Pinterest vill kynnast vörunni eða þjónustunni betur og kaupa hana getur hann klárað viðskiptin strax."




Pinterest



## Með frægum á mynd

Á vefnum pho.to er hægt að setja inn mynd af sér eða öðrum og breyta henni með alls kyns frábærum effektum. Þú getur sett andlitsmynd af þér inn á mynd með frægu fólki eða látið andlit þitt hreyfast á ýmsa vegu, sett sjálfan þig eða aðra inn í fyndið umhverfi eða gert þig að forsíðuefni á frægu tímariti. Möguleikarnir eru óteljandi og vel hægt að gleyma sér á þessum vef. Síðan getur þú skellt myndinni inn á Facebook, vinum þínum til undrunar, eða notað sem skjámynd á tölvunni.

Einnig er hægt að setja jólasveinahúfu á þann sem skreytir myndina og útbúa síðan jólakort til viðkomandi. Nú eða setja hann í líkama kattar, ljóns eða annarra dýra. Einnig getur þú sett sjálfan þig inn í rómantískt baðstrandarlíf á framandi eyju.

Hægt er að setja sig á mynd með frægum persónum eins og Justin Bieber, Tom Cruise, Brad Pitt, Lady Gaga, Rolling Stones, Bítlunum og mörgum öðrum. Það er sannarlega hægt að koma vinum sínum á óvart í gegnum þennan vef með hinum ýmsu brellum.

Á meðfylgjandi mynd hefur verið útbúin skemmtileg útfærsla af sex ára stúlku, Júlíönu Þorsteinsdóttur, með Justin Bieber, enda mun hann vera í uppáhaldi hjá henni. Eina sem þarf er mynd af aðdáandanum sem sótt er í eigin myndsafn í tölvunni og sett inn í þartilgerðan ramma. Þá birtist nýja útgáfan með hinum fræga.




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s.512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## JÓLASKÓGUR OPNAR

**Jón Gnarr borgarstjóri opnar Jólaskóginn í Grýludal í Heiðmörk í dag kl. 11.00 og fellir síðan fyrsta jólatréð. Almenningi gefst síðan kostur á að koma og fella eigið tré allar helgar fram að jólum. Margt er um að vera í Jólaskóginum, sölubásar handverksmanna og kaffihús.**














# JÓLIN BEST HEIMA

**HÚSMÓÐIR AF GAMLA SKÓLANUM** *Dóra Takefusa gerir jólahreingerningu og bakar smákökur á milli þess sem hún rekur tvo bari í tveimur löndum.*

Stefnan er að taka jólahreingerninguna og byrja að skreyta í dag. Ég er alin upp við gamaldags allsherjarhreingerningu og fer í eldhússkápana og baðskápana líka þótt amma mín heitin fyndi vafalaust skúmaskot sem hún vildi að ég færi betur í. Ég get hins vegar ekki sett upp jólaskrautið fyrr en allt er orðið fínt," segir Dóra sem er jafnan með þeim allra fyrstu að setja upp jólatréð.

„Ég verð alltaf svo æst þegar ég byrja að skreyta og finnst tíminn annars svo stuttur til að njóta ljósadýrðar jólatrésins. Nú er pressa á heimilinu að höggva tré í Skorradalnum og líklegt að ég fari í skógarhögg eftir jólabaksturinn á morgun," segir Dóra sem ætlar líka að skjótast á barinn Dolly í kvöld til að vera við frumsýningu myndbands Þórunnar Antoníu, vinkonu sinnar.

„Þá hef ég hugfast að það er aldrei gaman að baka smákökur með börnum verandi tæpur til heilsunnar og fer snemma í háttinn," segir Dóra hlæjandi enda heimakær og ekki sú harðasta á partíleikvellinum, að eigin sögn.

### HEIMA ER BEST

Dóra flutti heim frá Kaupmannahöfn á árinu eftir fjögurra ára búsetu. Þar rekur hún enn skemmtistaðinn Jolene ásamt barnum Dolly í Hafnarstræti.

„Ég er mikið jólabarn og kom öll jólin heim til Íslands. Ég gæti ekki hugsað mér að vera annars staðar en heima um jólin. Ég átti ein jól í Los Angeles á árum áður

**SKAPANDI**
„Ég bjóst aldrei við að fara út í bisness og fór fyrst og fremst út í hann til að skapa. Ég hef gaman af því að ögra sjálfri mér og sjá hlutina verða að veruleika án þess að til sé nein formúla fyrir þeim."
MYND/VILHELM

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2










# HLEMMUR Í JÓLABÚNINGI

*Borgin hefur klæðst jólabúning og því gaman að heimsækja miðbæinn.*

Það hefur orðið stökkbreyting á strætóhúsinu á Hlemmi því þar er allt skreytt hátt og lágt. Alla laugardaga fram að jólum verða tónleikar þar í boði jólaborgarinnar Reykjavík. Síðasta laugardag var það hljómsveitin Tilbury sem reið á vaðið en í dag er það Agent Fresco sem ætlar að spila fyrir strætófarþega, gesti og gangandi kl. 15.00 og fram eftir.



**JÓLASTUÐ** Agent Fresco verða á Hlemmi í dag.

Tónleikarnir eru fyrir alla aldurshópa og er tilvalið að enda eða byrja miðborgarjólaröltið á Hlemmi undir góðum tónum Agent Fresco. Hlemmur hefur svo sannarlega verið klæddur í jólabúning en innblástur skreytinganna er jólamyndin Christmas Vacation og hugtakið „magn umfram gæði“.

Á Hlemmi er ekkert sem heitir of mikið jólaskraut. Sýningargluggi hefur sömuleiðis verið skreyttur þar sem hægt er að gægjast aftur í fortíðina. Þar halda tvær ungar framakonur upp á jólin saman, sötra soda stream og opna pakka. Augnablikið var fryst þegar önnur þeirra var í þann mund að opna jólagjöf áratugarins – Clarens-fótanuddtæki. Eftir viku verður það hljómsveitin Retro Stefsson sem skemmtir vegfarendum og Jónas Sig og Ómar Guðjóns 22. desember.

Það er mikið um að vera í jólaborginni Reykjavík og viðburðir daglega til jóla. Hægt er að fylgjast með því sem er að gerast á viðburðardagatali inn á http://christmas.visitreykjavik.is.






FRAMHALD AF FORSÍÐU

og fannst það svo ömurlegt að ég lofaði sjálfri mér að vera aldrei aftur að heiman um jól,“ segir Dóra sem er hjá móður sinni í Njarðvíkum með fjölskyldu sinni á aðfangadagskvöld.

„Þótt Danir séu frægir fyrir huggulega jólastemningu taka íslensk jól öllum öðrum fram. Hér er líka fólkið sem mér þykir vænst um og gera jól að jólum sem samveru, góðum mat og jólapóker. Söknuður er ástæða þess að ég flutti aftur heim. Eftir fjögur frábær ár í Danmörku fattaði ég að í jafn mörg ár hefði ég misst af ástvinum mínum heima. Á þessum tíma missti ég líka stjúpföður minn og gerði mér grein fyrir hvað skiptir mestu máli í lífinu.“

**HEIMÞRÁ OG SÖKNUÐUR**

Dóra býr með unnusta sínum Erni Tönsberg og tveimur börnum. Hún á þrjú hálfsystkin sem hún segir sér afar náin.

„En ég saknaði ekki síður vina minna því vinir verða fjölskylda með tímanum. Þótt maður komi heim annað slagið missir maður af þeim því þá er hist á hlaupum og teknar skýrslur í báðar áttir. Alltaf þegar ég var á leið í flugvélinni til baka fannst mér ég ekki hafa hitt neinn því samveran var engin.“

Dóra segist aldrei hafa verið hluta af vinahópi eða verið í saumaklúbbi.

„Ég á auðvelt með að kynnast fólki og þekki marga en frá hverri stoppistöð lífsins fylgir mér einhver til lífstíðar. Ég velti stundum fyrir mér ræktun vinskapar en er á þeirri skoðun að ekki þurfi að hafa fyrir vináttunni. Hún er einfaldlega til staðar, áreynslulaus og alltaf eins.“

Um helgar reynir Dóra að skipuleggja dagana sem minnst. „Eftir kapphlaup við klukkuna á virkum dögum reyni ég að lofa mér ekki of mikið. Ellegar missir maður af dýrmætum augnablikum tilverunnar með fjölskyldunni í rólegheitunum.“

**TÆKIFÆRI ÚR SKÓLA LÍFSINS**

Dóra segist stundum sakna þess að vera ekki lengur í sjónvarpi.

„Ég sakna þess minnst að vera andlit á skjánum en meira að búa til sjónvarpsefni. Það eru mínar ær og kýr; að búa hluti til. Ég er hugmyndarík og með ríka sköpunarþrá. Þess vegna hefur mér verið bent á að fara í nám í húsgagnahönnun svo ég geti búið til minni hluti í stað fyrirtækja,“ segir hún og skellir upp úr.

Dóra segir líf sitt og starf vera tilviljunum háð. „En ég skapa að sjálfsögðu mitt líf sjálf og hef verið farsæl í því sem ég tek mér fyrir hendur. Ég nenni ekki að gera hlutina ef ég hef ekki trú á þeim og hef uppgötvað að ég er mikið fyrir áskoranir og þrjóskari en andskotinn í að láta hlutina ganga upp. Mér þykir líka gaman að takast á við nýja hluti en geri það ekki án þess að gera mitt besta. Maður verður fyrst og fremst að standa með sjálfum sér og trúa á það sem maður gerir.“



MYND/VILHELM

Dóra segist lánsöm að hafa getað fengist við það sem hana langaði til. „En auðvitað alltaf á minn hátt. Ég er ekki með neina menntun og get því ekki opnað sálfræðistofu þótt ég vildi. Ég er ágætis dæmi úr lífsins skóla og tækifærin sem lífið færir manni. Mig langaði ung að verða leikari eða leikstjóri og leikstjóradraumurinn blundar enn innra með mér eins og sálfræði. Þegar maður er stöðugt í mikilli keyrslu koma tímar sem maður rennir hýru auga til rólegri takta.“

**HAMINGJUSAMUR NAUTNASEGGUR**

Dóra hefur árum saman verið ein af fegurstu konum landsins og aldurinn virðist ekkert ætla að bíta á hana.

„Ég spái lítið í útlitið og held að áhyggjuhrukkur komi helst ef maður hefur of miklar áhyggjur af útlitinu. Ég nota aldrei dýr krem en þvæ húðina með vatni og handsápu á kvöldin og ber á hana Aloe Vera-gel sem gefur náttúrulegan raka. Svo er ég hræðilega löt í líkamsrækt því ég á erfitt með allt sem krefst endurtekninga og er algjör nautnaseggur sem leyfir sér allt. Við borðum jú hollan mat á heimilinu en ég fæ mér ósjaldan tertusneið með kaffibollanum. Ég er því mikill sælkeri því maður þarf líka að njóta lífsins en ætli genin séu ekki góð,“ segir Dóra, sátt í eigin skinni.

„Það er gaman að vera ég og mér líður ósköp vel. Ég segi alltaf að hver sé sinnar gæfu smiður. Ef maður er óánægður í lífinu en í aðstöðu til að skapa sér gott líf er það engum nema manni sjálfum að kenna.“

thordis@365.is

**SAKNAR SJÓNVARPSINS**

„Skjás eins-tímabilið var besti skólinn. Þar starfaði kraftmikið fólk með óbilandi trú og bjó til hið ómögulega á degi hverjum. Víst vorum við ansi oft á mörkunum og sminkan með gloss og púðurdós undir borði í beinni útsendingu því ekki náðist að klára förðun fyrir fyrstu kynningu.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





# JÓLAHÁTÍÐ VIÐ GÖMLU HÖFNINA

**SMÁKÖKUR OG JÓLADRYKKIR** *Gamla höfnin í Reykjavík, bátarnir og næsta nágrenni, er komin í jólabúning. Í dag verður þar efnt til jólahátíðar með skemmtilegri dagskrá, handverki, hönnunarmarkaði og fleiru.*

Uppbyggingin á svæðinu við gömlu höfnina hefur verið mikil undanfarin ár og samstaðan góð meðal atvinnurekenda á svæðinu. „Við hittumst einu sinni í mánuði og spjöllum saman um hvað við getum gert í sameiningu til að gera svæðið áhugaverðara. Út úr því kom vorhátíðin sem við vorum með síðasta vor og svo núna jólahátíð,“ segir Þurý Hannesdóttir hjá Special Tours við gömlu höfnina.

Ýmislegt verður að sjá og skoða við höfnina ásamt skemmtilegum uppákomum á svæðinu. Meðal þess helsta á dagskránni eru tónleikar á Café Haítí þar sem hljómsveitin Belle Ville flytur franska tónlist frá 1930, tríóið Ómagar flytur frumsamin lög, tenórar munu hefja upp raust sína á veitingastaðnum Mar, Hvalasetrið býður upp á smákökur og heitan jóladrykk og Cinema verður með sögustund með myndskreytingum um jólavættirnar. Á Slippbarnum verða svo djasstónleikar og jólahlaðborð. „Það má heldur ekki gleyma því að svæðið hér við höfnina nær alveg að Hörpunni og síðan út á Granda, þar sem Sjóminjasafnið verður með jólaratleik. Það er gönguleið meðfram ströndinni og hægt að labba í báðar áttir.“ Kjörið er því að fá sér göngutúr og líta við á fleiri stöðum í nágrenni gömlu hafnarinnar.

Ferðaþjónustufyrirtækin sem staðsett eru við Slippinn verða með jólamarkað í miðasöluhúsunum. „Þar munu hönnuðir og handverksfólk selja verk sín; prjóna- og saumavörur, skartgripi, jólavörur, kerti, leikföng og fleira auk Mæðrablómsins. Búið er að skreyta öll húsin hér og bátana og setja upp jólatré svo hér er orðið ótrúlega jólalegt.“

Vert er að kynna sér gróskuna á þessu svæði og upplifa alvöru jólastemningu við hafnarsvæðið.

Nánari upplýsingar og ítarlega dagskrá er að finna á heimasíðunni www.visitreykjavik.is/christmas.

■ vidir@365.is

**JÓLALEGT** Þurý Hannesdóttir segir margt skemmtilegt vera að gerast við gömlu höfnina um helgina.

**HÖFNIN**
„Það er gönguleið meðfram ströndinni og hægt að labba í báðar áttir.“

# HANDAVINNA OG HEITT SÚKKULAÐI Í OPNU HÚSI

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík heldur opið hús í dag, laugardag, milli kl. 13.30-17.00. Aðstandendur núverandi nema, eldri nemendur og allir þeir sem eru áhugasamir um rekstur skólans eru hjartanlega velkomnir. Hússtjórnarskólinn hefur haft þann sið undanfarin ár að opna skólann tvisvar á ári, í lok annar í desember og á vorin. Margrét D. Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, býst við miklum fjölda gesta enda hafa opnu húsin verið vel sótt undanfarin ár. Engin formleg dagskrá er að hennar sögn heldur er gestum velkomið að rölta um og skoða skólann auk þess sem nemendur og kennarar verða á staðnum. Núverandi nemendur sýna handavinnu sína, vefnað og allt handverk sem þeir hafa unnið í vetur. Auk þess munu þeir klára handavinnuverkefnin sín á laugardaginn en lokaskil á þeim til prófs eru á morgun sunnudag.
Alls stunda 24 nemendur nám við Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Mikill meirihluti nemenda undanfarin ár er konur en í fjórtán ára skólastjóratíð Margrétar hafa einungis þrír karlmenn sótt nám í skólann, þar af einn á þessari önn. Boðið verður upp á veitingasölu þar sem hægt verður að kaupa kaffi, heitt súkkulaði með rjóma og ljúffengar kökur. Hússtjórnarskólinn er á Sólvallagötu 12.



**MARGRÉT D. SIGFÚSDÓTTIR,** skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík.
MYND/GVA


Cosmo



**Kósí prjónakjóll**
Litir: Svarblátt með gráu, rautt með svörtu
**Verð aðeins**
**9.900 kr.**



**Flottu peysurnar komnar aftur**
Litir: Svart með gráu, grátt með dökkgráu, off white með beige
**Verð aðeins**
**6.990 kr.**

COSMO
Kringlunni

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

## Kraftur á alþjóðavettvangi

### FRAMKVÆMDASTJÓRI MARKAÐS- OG VIÐSKIPTAÞRÓUNAR

Landsvirkjun leitar að framúrskarandi aðila til að leiða markaðsstarf á alþjóðavettvangi og annast samskipti og samninga við alþjóðleg fyrirtæki í hátækni og orkufrekum iðnaði. Markaðs- og viðskiptaþróunarsvið ber ábyrgð á greiningum á erlendum mörkuðum og tækifærum, öflun nýrra viðskipta og samskiptum við þá sem fyrir eru.

Starfið krefst háskólamenntunar, leiðtogahæfileika, reynslu af skyldum störfum og mjög góðrar enskukunnáttu.

Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar á sæti í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra Landsvirkjunar.

**Sótt er um störfin á vef Capacent**
Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is).
Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk.



Landsvirkjun




*Ferðu í kerfi við að hitta okkur?*

### Kerfisstjóri, kerfisstjóri!

Við leitum að hressum starfsmanni í hóp sem sér um krefjandi rekstur viðskiptakerfa Nova. Við erum fjölmörg sem njótum þess að fást við tæknina alla daga og það væri gaman að fá þig í hópinn.

Hjá Nova keyrum við mjög fjölbreytt tækniumhverfi á mismunandi vélbúnaði í stóru og stækkandi VmWare umhverfi. Mörg hundruð vélar keyra í núverandi umhverfi og gerðar eru miklar kröfur um uppitíma og afköst. Við nýtum Agile hugmyndafræði og tökum mið af skemmtilegum Scrum og Kanban vinnuaðferðum í hópavinnu.

**Hæfniskröfur:** Starfsmaður þarf að hafa að lágmarki þriggja ára reynslu af kerfisrekstri. Reynsla af rekstri og góð þekking á Windows hugbúnaðarkerfum og VmWare er skilyrði.

Áhugasamir sendi ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið **starf@nova.is** fyrir 15. desember.

*Við erum fjarskalega spennt að vinna með þér!*

### Starfsmaður í fjarskiptahópi Nova

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í fjarskiptahópinn til að vinna við margvísleg spennandi verkefni, s.s. kjarnanet fjarskiptakerfisins, pakkanetin, dreifikerfin og ýmis hliðarkerfi.

Við rekum, þróum og byggjum upp kerfi til þess að veita viðskiptavinum Nova frábæra þjónustu.

Stöðugt bætast við nýir möguleikar, ný þjónusta og nýjar áskoranir. Við erum hópur sem er alltaf að læra nýja hluti og þróa þekkingu okkar og færni.

Fram undan eru spennandi tímar í farsímalausnum, snjallsímavæðingin, 4G og enn meiri uppbygging á 3G þjónustunni.

**Hæfniskröfur:** Próf í rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði, rafeindavirkjun eða sambærileg menntun. Reynsla er kostur en ef þú ert nýkomin(n) úr skóla erum við alveg til í að gera þig að fjarskiptasérfræðingi framtíðarinnar.

**Sæktu um fyrir 15. des.**

MARKAÐSFYRIRTÆKI ÁRSINS 2009 | ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2012 | ÍSLENSKU VEFVERÐLAUNIN 2010

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands verða sameinuð um nk. áramót til þess að að takast á við aukin verkefni landshlutasamtakanna í framtíðinni. Starfssvæði samtakanna nær frá Ölfusi í vestri að Hornafirði í austri. Atvinnuráðgjafar veita ráðgjöf, hafa umsjón með styrkveitingum til áhugaverðra verkefna og vinna að stefnumótun í atvinnumálum fyrir landshlutann. Lögð er áhersla á hraða, gæði og vönduð vinnubrögð við úrlausn verkefna og er unnið í nánu samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, önnur innlend atvinnuþróunarfélög, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði byggðaþróunar.

## Verkefnisstjórar/ráðgjafar á sviði atvinnu- og byggðaþróunar

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir að ráða tvo verkefnastjóra/ráðgjafa. Annar ráðgjafinn verður með starfsstöð á Hornafirði en hinn á Selfossi.**

**Starfssvið:**
- Samstarf með fyrirtækjum, einstaklingum og sveitarfélögum að atvinnuþróun og nýsköpun á starfsvæðinu.
- Viðskipta- og rekstrarráðgjöf.
- Aðstoð við gerð styrkumsókna.
- Þátttaka og stjórnun nýsköpunar- og þróunarverkefna.
- Stefnumótun í atvinnumálum.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og hagfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og áhugi á atvinnu– og efnahagslífi á landsbyggðinni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Færni í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði, framsýni og metnaður.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. febrúar n.k.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2012** og skal umsóknum með upplýsingum um starfsferil og menntun skilað til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga Austurvegi 56, 800 Selfossi, eða að senda þær á netfangið thorvard@sudurland.is . Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS í síma 480-8200 og Steingerður Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins í síma 848 6385.

Bæði konur og karlar eru hvött til þess að sækja um störfin.
Nánari upplýsingar um starfsemi SASS og Atvinnuþróunarfélagsins er að finna á www.sudurland.is og www.sudur.is.

## Waldorfkennarar

**Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir lausa stöðu ensku og leiklistarkennara við skólann, frá og með janúar 2013.**

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur að leiðarljósi uppeldis- og kennslufræði Rudolfs Steiner, þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins, listræn framsetning og úrvinnsla námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi eru sett í forgrunn.

Nánari upplýsingar hjá solstafir@waldorf.is.

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 62223 12/12

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

## MATSMAÐUR EIGNATJÓNA

**Vörður leitar að tjónamatsmanni til að starfa í hópi metnaðarfullra starfsmanna félagsins. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.**

**STARFSSVIÐ**
- Þjónusta við viðskiptavini félagsins í tengslum við eignatjón
- Mat á tjónum og bótaskyldu, gerð kostnaðaráætlana og uppgjör eignatjóna
- Verkumsjón og samskipti við samstarfsaðila félagsins
- Yfirferð og frágangur gagna sem tengjast tjónum

**HÆFNISKRÖFUR**
- Verk- eða tæknifræðimenntun og/eða meistaragráða í iðngrein
- Frumkvæði, þjónustulipurð og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni
- Gott vald á íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli, auk hæfni í ensku
- Góð tölvukunnátta

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 20. DESEMBER 2012.**

Nánari upplýsingar gefur Harpa Víðisdóttir, mannauðsstjóri: harpa@vordur.is
**Vinsamlega fyllið út umsóknir á vordur.is eða sendið beint á starfsumsoknir@vordur.is**

Vörður tryggingar hf. er alhliða vátryggingafélag í eigu BankNordik. Félagið hefur vaxið hratt á undanförnum árum og í dag starfa um 65 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Allar nánari upplýsingar um félagið má nálgast á **vordur.is**

Vörður | Borgartún 25 | 105 Reykjavík | Sími 514 1000 | vordur.is

vörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu almannaöryggis

Innanríkisráðuneytið auglýsir stöðu sérfræðings á skrifstofu almannaöryggis lausa til umsóknar.
Starfið felur m.a. í sér stefnumótun, verkefnastjórnun og undirbúning stjórnvaldsákvarðana er varða m.a. almannavarnir, neyðarfjarskipti, vernd mikilvægra samfélagsinnviða, netöryggi, þ.m.t. viðbúnað gegn netárásum, vöktun öryggiskerfa, viðbrögð í hættuástandi og samskipti við varnar- og öryggisstofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- A.m.k. þriggja ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á samskiptakerfum og upplýsingatækni
- Reynsla af starfi í stjórnsýslu er æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Þekking á verkefnastjórnun og gerð og framfylgd verkáætlana kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Vakin er athygli á að vegna samskipta við innlendar og erlendar öryggisstofnanir gæti þurft að kanna öryggishæfi umsækjenda.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Gildi ráðuneytisins eru framsýni, mannúð og fagmennska og er lögð áhersla á þau í öllum störfum ráðuneytisins. Nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.innanrikisraduneyti.is

Nánari upplýsingar veitir Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 545 9000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með 23. desember nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

Capacent Ráðninga

# LEIKSKÓLASTJÓRI

NORÐURÞING

Sveitarfélagið Norðurþing nær frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2012 voru íbúar Norðurþings 2883 talsins. Norðurþing rekur einn leikskóla á Húsavík, Grænuvelli og tvær leikskóladeildir í samreknum skólum í Lundi og á Raufarhöfnl leikskólunum eru nemendur á aldrinum átján mánaða til sex ára.

**Sveitarfélagið Norðurþing óskar eftir að ráða leikskólastjóra við leikskólann Grænuvelli á Húsavík.**

**Starfssvið:**
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagi og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- B.ed. í leikskólakennarafræðum
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Stjórnunar og leiðtogahæfni
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

Leikskólinn Gænuvellir var opnaður í september 2007 þegar tveir eldri leikskólar voru sameinaðir, leikskólinn Bestibær og leikskólinn í Bjarnahúsi. Grænuvellir er sjö deilda leikskóli. Áherslur í starfi Grænuvalla hafa verið markviss málörvun og hreyfing. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vinátta, vellíðan. Gott samstarf er við Borgarhólsskóla og Tónlistarskóla Húsavíkur.

Umsjón með ráðningu hafa Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Hvannavellir 14
Sími 540 1000

capacent



Kraftur og kappsemi

# VIÐSKIPTASTJÓRI

## Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í útflutningsdeild.

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu útflutningsdeildar
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölumennsku
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Kappsemi og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

**Sótt er um starfið á vef Capacent.**
Nánari upplýsingar veita:
Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)
Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is)
**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk.**

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

# Yfirlæknir Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands

**Laus er til umsóknar staða yfirlæknis og sviðsstjóra Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Staðan er veitt frá 1. apríl 2013 eða eftir samkomulagi.**

Yfirlæknirinn veitir Leitarstöðinni faglega forstöðu og ber ábyrgð á rekstri ásamt hjúkrunarframkvæmdastjóra (sbr. kröfulýsingu velferðarráðuneytisins).

**Hæfnikröfur:**

- Sérfræðiviðurkenning í læknisfræði.
- Sérmenntun og reynsla í greiningu krabbameina og/eða einu eða fleirum eftirtalinna: Faraldsfræði, lýðheilsu, heilbrigðisstjórnun eða öðrum sérfræðigreinum sem nýtast á Leitarstöðinni.
- Stjórnunarreynsla.
- Leiðtogahæfileikar.
- Færni í samskiptum.
- Reynsla af kennslu- og fræðastörfum.

Starfskjör samkvæmt gildandi kjarasamningi við Læknafélagið.

Upplýsingar um stöðuna veitir Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, í síma 540 1900 eða á nettfangi ragnheidur@krabb.is

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist forstjóra merkt ,,yfirlæknir" í pósthólf 5420, 125 Reykjavík eða á netfangið ragnheidur@krabb.is fyrir 7. janúar 2013.

Krabbameinsfélagið

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins annast skipulega leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum. Gildi Krabbameinsfélagsins eru traust, fagmennska, umhyggja og virðing

# Sérfræðingur á sviði fjár- og áhættustýringar

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

**Íbúðalánasjóður auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á fjármálasviði. Starfið er fjölbreytt og snertir öll starfssvið fjár- og áhættustýringar. Sérfræðingurinn á samstarf við flest svið Íbúðalánasjóðs. Um er að ræða fullt starf.**

## Starfssvið

- Þátttaka í þróun aðferða og kerfa innan áhættustýringar
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Úrvinnsla og framsetning talna og gagna
- Þátttaka í áætlanagerð
- Lausafjárstýring

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af vinnu við fjár- og áhættustýringu
- Reynsla af greiningarvinnu og mjög góð greiningarhæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Samskiptahæfni, samviskusemi og nákvæmni

**Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins við viðkomandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

capacent

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**

**Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

gæludýr.is

**Gæludýr.is óskar eftir:**

## Starfsmanni í verslun okkar á Korputorgi

Vinnutími mán- fim 15-18:30, föstudag 11-18:30 og aðra hverja helgi

**Umsækjendur þurfa að:**

- Hafa reynslu af verslunarstörfum.
- Hafa brennandi áhuga á og vera eigandi gæludýra.
- Hafa metnað í starfi.
- Vera jákvæður og með mjög ríka þjónustulund.

## Starfsmanni í útkeyrslu

Vinnutími er alla virka daga frá kl 17.

**Umsækjendur þurfa að:**

- Vera ratvísir og góðir bílstjórar.
- Hafa brennandi áhuga á og vera eigandi gæludýra.
- Hafa metnað í starfi og vinna vel undir álagi.
- Vera jákvæður og með mjög ríka þjónustulund.

Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á inga@gaeludyr.is,. Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, fjármálastjóri í síma 616-9124.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstjóra Þjóðskrár Íslands

Embætti forstjóra Þjóðskrár Íslands er laust til umsóknar. Þjóðskrá Íslands fer með yfirstjórn fasteignaskráningar, heldur fasteignaskrá, metur fasteignir fasteignamati og brunabótamati og annast rannsóknir á fasteignamarkaðnum. Stofnunin annast almannaskráningu, heldur þjóðskrá og sér um útgáfu vottorða, skilríkja og vegabréfa. Þjóðskrá rekur gáttina island.is og stuðlar að aukinni rafrænni stjórnsýslu í samvinnu við önnur stjórnvöld og veitir þeim þjónustu á því sviði.

Forstjóri Þjóðskrár Íslands stýrir starfi stofnunarinnar og er ábyrgur gagnvart ráðherra og stjórn á starfsemi hennar. Forstjóri Þjóðskrár Íslands skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. A.m.k. fimm ára starfsreynsla í stjórnun er æskileg, sem og reynsla í opinberri stjórnsýslu. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af alþjóðasamstarfi og mjög gott vald á íslensku og ensku og þekking á einu norðurlandamáli er æskileg. Áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum sem og frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi.

Með umsókn skal skila inn framtíðarsýn umsækjanda á starfssemi Þjóðskrár.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Innanríkisráðherra skipar forstjóra Þjóðskrár Íslands til fimm ára í senn, sbr. 8. gr. laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Gert er ráð fyrir að skipað verði í embættið frá og með 1. maí 2013. Um laun og starfskjör forstjóra fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006.

Upplýsingar um starfið veitir Guðný E. Ingadóttir, mannauðsstjóri í innanríkisráðuneytinu í síma 545 9000. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík eða á postur@irr.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Innanríkisráðuneyti,*
*8. desember 2012.*

# ATVINNA

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar auglýsir starf sérkennsluráðgjafa leikskóla, laust til umsóknar. Um er að ræða 50% stöðu og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
Sérkennsluráðgjafi starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og framtíðarstefnu Reykjanesbæjar. Starfið felst meðal annars í að greina sérkennsluvanda nemenda, aðstoða við skipulag sérkennslu, ráðgjöf við foreldra, kennara og starfsfólk leikskóla. Einnig í samskiptum við ýmsar þjónustustofnanir.

**Menntun og hæfni**
Leikskólakennari með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum og / eða öðru því sem nýtist í starfi.
Reynsla af kennslu í leikskóla.
Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
Góð hæfni í samskiptum og sterk löngun til að ná árangri í starfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nánari upplýsingar veitir Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri sérfræðiþjónustu s. 4216700 eða 8956050, gyda.m.arnmundsdottir@reykjanesbaer.is

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2012

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

MEN&MICE

## Leiðtogi í uppbyggingu alþjóðlegs sölustarfs

Menn & Mýs leitar að öflugum stjórnanda til að leiða uppbygginu sölu- og markaðsstarfs fyrirtækisins. Um er að ræða spennandi starf við að leiða söluteymi sem staðsett er í 4 löndum.

Verkefnið er að byggja upp og bæta alþjóðlegt sölu- og markaðsstarf þar sem unnið er við að beina sölu og við að byggja upp net endursöluaðila.

Menn & Mýs starfar á spennandi markaði sem vex hratt og viðskiptavinir félagsins eru fyrst og fremst stór alþjóðleg fyrirtæki.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Góð þekking og reynsla í upplýsingatækni
- Reynsla af stjórnun og alþjóðlegri sölu hugbúnaðarlausna

Menn & Mýs er rótgróið hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar staðlaðar hugbúnaðarlausnir fyrir alþjóðlegan markað. Viðskiptavinir okkar eru alþjóðleg stórfyrirtæki sem þurfa heildstæða lausn við stjórnun og eftirlit á DNS, DHCP og IP tölum. Verkefni fyrir Microsoft, Intel, Xerox, HP, Shell, IMF, Sprint, Nestle, Unilever, Monsanto, Bosch, T-Mobile, VMWare o.fl. eru meðal viðfangsefna okkar.

Upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. desember nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is.
Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

intellecta

# Ertu jákvæð keppnismanneskja?

## Já leitar að öflugum og liprum sölumanni

Við leitum að frábærum vinnufélaga til að bætast í hópinn sem samanstendur einmitt af öðrum jákvæðum keppnismanneskjum. Um er að ræða starf á söludeild Já.

**Helstu verkefni:**
- Sala auglýsinga
- Samskipti við auglýsendur
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðsgerð og gerð samninga

**Hæfniskröfur:**
- Góð samskiptahæfni og jákvætt hugarfar
- Sjálfstæð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta, Word, Exel og Powerpoint
- Reynsla af sölu er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **20. desember nk.**

Ef þú heldur að þú sért sá eða sú sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið **umsoknir@ja.is**

Nánari upplýsingar veitir Helgi Reynir Guðmundsson í síma 861 0199.

118 | Gulu síðurnar | Já.is | Stjörnur.is | Símaskrá | Já í símann | i.ja.is

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur það einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn og auðvelda samskipti þess á milli. Já hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sjá fyrir og mæta nýjum þörfum viðskiptavina, skapa öflugt og spennandi starfsumhverfi, þróa verðmæt viðskiptasambönd og bera sig saman við þá bestu.

já
-er svarið

# BLAND

## Bland.is óskar eftir sölumanni

**Starfssvið:**

Öflugur og hress sölumaður óskast í auglýsingasölu og fleiri spennandi verkefni innan söludeildar Bland.is. Þarf að geta hafið störf strax. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustörfum
- Jákvæðni og hæfni til að starfa í hóp
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund

Upplýsingar veitir Katrín Jónsdóttir, sölustjóri Bland.is.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist í netfangið **katrin@bland.is**. Umsóknarfrestur er til og með **14. desember**.

Sóltún 26 | 105 Reykjavík | Sími: 545 0000 | www.bland.is



## Starfsmaður á öryggissviði

Við leitum að jákvæðum einstaklingi til að sinna þróun og eftirliti með öryggis- og heilbrigðismálum

**Hæfni og bakgrunnur**

- Menntun eða reynslu í forvörnum og öryggisstarfi
- Góða íslensku- og enskukunnáttu
- Samskiptahæfni og getu til að örva samstarfsfólk til dáða
- Tölvufærni
- Reynslu af öryggisstjórnun/eftirliti
- Þekkingu á áhættugreiningu og áhættumati
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af vinnu í iðnaði

**Helstu verkefni:**

- Tryggja að vinnuaðstæður, búnaður og verklag sé í samræmi við öryggisstaðla og vinnuverndarlög
- Sinna mælingum í vinnuumhverfi
- Veita starfsmönnum ráðgjöf og þjálfun
- Skjalavarsla
- Rannsókn á frávikum og fyrirbyggjandi ráðgjöf
- Miðlun á öryggistengdu efni
- Umsjón með aðgangskerfi og öryggismyndavélum

**Umsóknarfrestur er til og með 26. desember n.k.**
Leggja skal inn umsókn á **www.nordural.is.**
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Trausti Gylfason öryggisstjóri í síma 430 1000.

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

NORÐURÁL Century ALUMINUM

*Hagsýni - Liðsheild - Heilindi*

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Fjöldi starfsmanna er á sjötta hundrað og árleg framleiðslugeta fyrirtækisins um 280 þúsund tonn af hágæða áli.
Hjá Norðuráli starfar fólk með afar fjölbreytta menntun og bakgrunn. Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til vinnu. Norðurál er í eigu Century Aluminum.

---

Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.

## Sölu- og afgreiðslustarf

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölumennsku og afgreiðslustörfum
- Góð framkoma og snyrtimennska
- Metnaður og heiðarleiki
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð
- Enskukunnátta

**Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið:**
eyglo@icewear.is fyrir 21. desember.
Umsóknum ekki svarað í síma.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf 2. janúar.

---

EPS AI TIFF PDF PSD

## Grafískur hönnuður

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu af hönnun, umbroti og myndvinnslu. Hann þarf að vera mjög vel að sér í helstu forritum, sem notuð eru í prentiðnaði, þekkja prentferli og frágang prentgripa.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og geta unnið hratt. Í boði er skemmtilegt og fjölbreytt starf í fyrsta flokks umhverfi, með skemmtilegu fólki.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Guðlaugsson í síma 869 2008 eða á hlynur@prentun.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

prentun.is

Stafræna prentsmiðjan / Bæjarhraun 22 / Hafnarfirði / Sími 544 2100 / www.prentun.is

---

## Sölumaður í lýsingardeild

Óskum eftir því að ráða sölumann í lýsingardeild okkar. Leitum að stundvísum áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstakling sem vill vinna með góðri liðsheild. Vinnutími er frá 08.00-17.00 og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Sala á lýsingar- og rafbúnaði til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja.
- Ráðgjöf til verkfræðistofa, arkitekta, rafverktaka, rafvirkja o.fl. varðandi val á lýsingarbúnaði.
- Tilboðsgerð.
- Umsjón með mjög þekktum erlendum birgjum á sviði lýsingar.
- Halda kynningar fyrir mismunandi hópa varðandi það nýjasta sem er að gerast á sviði lýsingartækni.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Rafvirkjamenntun og reynsla af lýsingarmálum, hönnun og/eða ráðgjöf.
- Þekking á ljóstækniforritum.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Góð ensku kunnátta.
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar og lýsingar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 35 starfsmenn við sölu- lager-, skrifstofu- og framleiðslustörf.
**Nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 575 6631.**

*Umsóknarfrestur er til og með föstudeginum 14. desember.*
*Umsóknir sendist á **hannes@reykjafell.is***

REYKJAFELL

Skipholti 35 • 105 Reykjavík • Sími söludeildar 588 6000 • Sími skrifstofu 588 6010
Óseyri 4 • 603 Akureyri • Sími 462 5000 • **www.reykjafell.is**

HB GRANDI

## Mötuneyti HB Granda hf Reykjavík auglýsir eftir starfmanni.

Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og viðkomandi þarf að geta leyst matráð af í fríum. Nánari upplýsingar gefur Arnbjörn í síma 550-1059 eða með tölvupósti á matsalur@hbgrandi.is



## Hafnarvörður

Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa hafnarvörð með starfsstöð í Reykjavík frá og með 15. janúar 2013. Starfið felst aðallega í móttöku skipa, vigtun á sjávarafla, þrifum á bryggjum og öðrum tilfallandi störfum.

**Æskilegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómanna
- Hafi réttindi vigtarmanns
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum. Starfið er á tvískiptum vöktum (7-15 / 15-23) alla virka daga.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt HAFNARVÖRÐUR **fyrir 20. desember n.k.** Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnarvernd þá er óskað eftir að umsókn fylgi sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525-8900.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

# VERKFRÆÐINGUR EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

### Siglingastofnun Íslands óskar eftir að ráða verkfræðing eða tæknifræðing á skipaeftirlitssvið

**Helstu verkefni:**

- Skipaskoðun
- Gerð og endurskoðun skoðanahandbóka og verklagsreglna, samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

**Menntun og hæfni:**

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði
- Þekking eða menntun tengd skipum er kostur
- Sjálfstæð, nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

**Umsókn merkt „Skipaeftirlit" ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Siglingastofnunar Íslands, Vesturvör 2, 200 Kópavogi eða á netfangið thorhildure@sigling.is í síðasta lagi 22. desember nk.**

*Jafnt konur sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra.*

Nánari upplýsingar veitir Geir Þór Geirsson, forstöðumaður skipaeftirlitssviðs, í síma 560 0000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

SIGLINGASTOFNUN

Siglingastofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.
www.sigling.is

# Starfsmenn í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Starfsmenn í pökkunardeild vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og fylgja verkferlum. Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum sem skiptast í dag-, kvöld- og næturvaktir og hver starfsmaður vinnur fjórðu hverja helgi og þá er unnið á tólf tíma vöktum.



**Helstu verkefni:**

- Framkvæmd allra nauðsynlegra prófa í pökkun
- Mötun véla á kartonum, fylgiseðlum, töflum og hylkjum
- Eftirfylgni með því að vélar gangi eðlilega
- Aðstoð við frágang eftir lotur og skiptingar
- Uppgjör eftir vinnslu og skjalfestingar
- Þrif á vélbúnaði á milli framleiðslulota
- Þátttaka í umbótaverkefnum

**Við leitum að einstaklingum:**

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem líkar vel að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu

**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag



Nánari upplýsingar veita Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is** og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, **risaksdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **16. desember nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

# DEILDARSTJÓRI FRAMKVÆMDA OG ÞJÓNUSTU

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða deildarstjóra framkvæmda og þjónustu til starfa sem fyrst. Starfið heyrir beint undir framkvæmda- og veitustjóra.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Ábyrgðar og starfssvið:**
- Ábyrgð á verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis og gatnakerfis
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar
- Umsjón með sorphirðu og rekstri gámasvæðis Árborgar
- Umsjón með fráveitu Árborgar
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglur
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna
- Samningagerð í samráði við framkvæmda- og veitustjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BS-tæknifræði, iðnfræði eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannahaldi og stýringu verkefna
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af áætlunargerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking á og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri, í síma 480 1500 á skrifstofutíma.
Umsóknum skal fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsókn þarf að berast fyrir **21. desember n.k.** á netfangið jont@arborg.is.

## Útkeyrsla og almenn störf, hlutastarf

**Starfið felst í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, frágangi pantana o.fl. tilfallandi störf s.s. þrif á bifreið og lager.**

Umsækjandi þarf að geta séð um og keyrt sendibifreið fyrirtækisins, vera reglusamur og stundvís.
Góð laun í boði. Vinnutími er 9-13, eftir atvikum er meiri vinna þannig að starfshlutfallið getur verið hærra. Meðmæla er óskað og hreins sakavottorðs er krafist. Um er að ræða framtíðarstarf. Fyrirtækið er staðsett í 104 Reykjavík. Vinsamlega sendið umsóknir á auglýsingadeild Fréttablaðsins, netfangið box@frett.is merkt „Útkeyrsla"

uno cucina italiana

## Matreiðslumaður þjónar, aðstoð í sal

Leitum að öflugum matreiðslumanni, röskum þjónum og liprum aðstoðarmanneskjum í sal – til að gleðja viðskiptavini okkar á UNO.

**Vinsamlega sendið ferilskrá á uno@uno.is**

UNO er líflegur ítalskur veitingastaður við Ingólfstorg, í hjarta borgarinnar.

# Rannsóknasetur um norðurslóðir

## Forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir – Háskóli Íslands

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns nýs rannsóknaseturs um norðurslóðir sem ráðgert er að stofna undir Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

Nýja rannsóknarsetrinu er ætlað að vera vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarannsókna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana og stjórnarhætti á norðurslóðum. Það mun starfa við hlið Rannsóknaseturs um smáríki innan vébanda Alþjóðamálastofnunar. Forstöðumaður þess mun starfa í nánu samstarfi við forstöðumann Alþjóðamálastofnunar og stjórn stofnunarinnar.

Nánar um menntunar- og hæfniskröfur á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus_storf**.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar 2013.**
Nánari upplýsingar veitir Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar, í síma 525 5262 eða í tölvupósti **ams@hi.is**.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 123657

Fjallabyggð

## Forstöðumaður bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum forstöðumanni til að leiða stofnunina. Forstöðumaður sér um flokkun og skráningar safngagna, daglegan rekstur, starfsmannamál, skipulag og umsýslu. Hann er jafnframt umsjónarmaður Listasafns Fjallabyggðar og sér um upplýsingamiðstöð ferðamála á Siglufirði sem staðsett er í bókasafni. Starfsstöðvar bóka- og héraðsskjalasafns eru á Siglufirði og Ólafsfirði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum skilyrði
- Reynsla í starfi æskileg
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli
- Góð tölvukunnátta
- Bílpróf

Ráðið er í stöðuna frá og með 1. janúar 2013.
Umsókn skal fylgja yfirlit um nám og störf og berast til Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa, Ólafsvegi 4, Ólafsfirði.

**Umsóknarfrestur er til 21.des. nk.**

**Tengiliðir:** Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri, sigurður@fjallabyggd.is, s. 464 9100 og Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi, karitas@fjallabyggd.is, s. 464 9100.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
SKÚLAGATA 4, 121 REYKJAVÍK,
P.O.BOX 1390, S: 575 2000

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf-og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 150 starfsmenn í þjónustu sinni.

# Staða aðstoðarforstjóra fjármála hjá Hafrannsóknastofnuninni er laus til umsóknar

Aðstoðarforstjórinn skal vera forstjóra til aðstoðar við fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Hann ber ábyrgð gagnvart forstjóra á að meðferð fjármála hjá stofnuninni fari eftir settum lögum, reglum og markmiðum stofnunarinnar.

**Helstu verkefni eru**
- Dagleg fjármálastjórn
- Umsjón með áætlanagerð
- Starfsmannahald
- Skiparekstur

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórnun
- Þekking og reynsla af áætlanagerð
- Stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Miðað er við að ráðið verði í stöðuna í mars 2013. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri, sími 575 2000 (margret@hafro.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar n.k.** og skal umsóknum skilað til Hafrannsóknastofnunarinnar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða á netfang margret@hafro.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem rökstudd er hæfni viðkomandi í starfið og gerð grein fyrir ástæðu umsókna.

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

vinna.is
sími: 511 1144

MýSköpun er nýstofnað félag í eigu Skútustaðahrepps, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Landeigendafélags Reykjahlíðar, Landeigendafélags Voga, Baðfélags Mývatnssveitar, Orkuveitu Húsavíkur og Tækifæris auk fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja í Mývatnssveit og annarsstaðar á landinu. Tilgangur félagsins er stuðningur við nýsköpun og atvinnuþróun í Mývatnssveit, rannsóknir og undirbúningur að ræktun lífmassa, þ.m.t ræktun þörunga.

**MýSköpun ehf. Mývatnssveit**

## Framkvæmdastjóri fyrir nýtt fyrirtæki í þörungaeldi og annarri atvinnusköpun í Mývatnssveit

MýSköpun ehf. auglýsir eftir framkvæmdastjóra við væntanlega starfsstöð félagsins í Mývatnssveit.

**Starfssvið**
Undirbúningur og fjármögnun verkefna félagsins, þar sem stefnt er að ræktun og eldi þörunga og annarri ræktun sem byggist á nýtingu jarðvarma auk annarra verkefna við atvinnusköpun í Mývatnssveit.

**Helstu verkefni**
- Umsjón með rekstri MýSköpunar ehf.
- Vinna við fjármögnun verkefna
- Undirbúningur að ræktun og eldi þörunga
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila í þörungaeldi
- Önnur verkefni á sviði atvinnusköpunar í Mývatnssveit

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Þekking á líftækni og rekstri
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Bjarnadóttir í síma 898 9558 eða á dagbjort@myv.is.

Umsóknum skal skila fyrir **10. janúar 2013** merktum:
Mýsköpun ehf.
Vt. Dagbjört Bjarnadóttir
Hlíðavegi 6
660 Mývatn
Eða á netfangið dagbjort@myv.is merktum MýSköpun starfsumsókn.

# VAKA óskar eftir rekstrarstjóra

VAKA óskar eftir að ráða kraftmikinn einstakling til að sjá um rekstur á einni af starfsstöðvum VÖKU. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af bifreiðaþjónustu.

Starfið felst í alhliða bifreiðaþjónustu svo sem dekkjaþjónustu, smurþjónustu og minni bifreiðaviðgerðum.

**Helstu áherslur**
- Móttaka viðskiptavina
- Stýring verkefna
- Almenn bifreiðaþjónusta
- Ábyrgð á rekstri starfsstöðvar
- Starfsmannastjórnun á starfsstöð

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af smurþjónustu, dekkjaþjónustu og annarri bifreiðaþjónustu æskileg
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Verkefnastjórnun

Áhugasamir geta sótt um með því að senda umsókn fyrir 18. desember á starf@vakahf.is, merkt „Rekstrarstjóri".

Umsækjendur þurfa að geta lagt fram hreint sakavottorð.

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins, nú bæði í Skútuvogi og á Smiðjuvegi.

Dekkjaþjónusta · Bifreiðaverkstæði · Varahlutir · Bifreiðaflutningar · Úrvinnsla bíla · Smurþjónusta

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Að VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk sjóðsins er m.a. að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Nánari upplýsingar um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.virk.is.**

## Öflugur sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og úrvinnslu gagna

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður leitar að öflugum og metnaðarfullum sérfræðingi til að hafa umsjón með þróun og uppbyggingu á upplýsingatækni og upplýsingakerfum innan VIRK, sjá um tölfræðilega úrvinnslu gagna og taka þátt í þróun á mismunandi árangursmælikvörðum. Um er að ræða fullt starf.

**Verkefni eru meðal annars:**
- Þjónusta við starfsmenn og ráðgjafa VIRK vegna notkunar á upplýsingakerfum, þar á meðal notendaþjónusta og aðgangsstýringar
- Umsjón með frekari þróun og breytingum á sviði upplýsingatækni hjá VIRK
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Umsjón með skýrslugerð og upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda
- Þróun og framsetning á árangursmælikvörðum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og tölfræðilegri úrvinnslu gagna
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki, jákvætt viðmót, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

**Upplýsingar veita:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. desember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

GRILLMARKAÐURINN ÓSKAR EFTIR

# ÞJÓNUM & BARÞJÓNUM

Við á Grillmarkaðnum erum að leita að vönum þjónum í sal og reyndum barþjónum til að slást í hópinn. Þú verður að geta unnið vel með öðrum, vera stundvís og 20 ára eða eldri. Metnaður er af hinu góða og við bjóðum skemmtilegt vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun fyrir rétta fólkið.



Sendu okkur línu á
info@grillmarkadurinn.is
með umsókn og upplýsingum.

GRILLMARKAÐURINN

LÆKJARGÖTU 2A | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 571 7777

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfr. fjár- og áhættustýringar | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201212/013 |
| Forstöðumaður rannsóknaseturs | HÍ, Alþjóðamálastofnun | Reykjavík | 201212/012 |
| Ritstjóri | HÍ, Háskólaútgáfan | Reykjavík | 201212/011 |
| Stuðningsfulltrúar | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201212/010 |
| Aðstoðarforstjóri | Hafrannsóknastofnunin | Reykjavík | 201212/009 |
| Lektor, dósent, prófessor í sálfræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201212/008 |
| Sjúkraliði | LSH, bráðaöldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201212/007 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, öldrunarlækningadeild K1 | Reykjavík | 201212/006 |
| Verkfræðingur, tæknifræðingur | Siglingastofnun Íslands | Kópavogur | 201212/005 |
| Forstjóri | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201212/004 |
| Sérfræðingur | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201212/003 |
| Raungreinakennari | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellss. | Höfn | 201212/002 |
| Verkefnast. á uppl.- og tæknisvið | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201212/001 |

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

# Verkefnisstjóri kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnisstjóra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar laust til umsóknar. Verkefnisstjórinn starfar með stýrihópi. Hlutverk hans er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg og hafa umsjón með fræðslu þar um.

**Ábyrgðarsvið**
- Fylgir eftir ákvörðunum stýrihópsins.
- Veitir fagsviðum og stofnunum ráðgjöf og aðstoð vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- Undirbýr fræðslu og fræðsluefni í samvinnu við mannréttindaskrifstofu
- Skýrslugjöf
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila.
- Starfar með áætlanadeild Fjármálaskrifstofu að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun að því marki sem hún tengist kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.
- Gagnavinnsla og umbótavinna vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunarvinnu æskileg.
- Reynsla af breytingastjórnun æskileg.
- Haldgóð tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórntæki.
- Þekking á starfsemi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar æskileg.
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum.

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

**Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Upplýsingar um starfið veitir Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Umsóknarfrestur er til og með **28. desember nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik

**Um er að ræða fullt starf og nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Sölumaður fasteigna

Rótgróin, traust og metnaðarfull fasteignasala óskar eftir sölumanni. Þar sem þóknun er afkastatengd geta duglegir einstaklingar náð mjög góðum árangri. Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á box@frett.is merkt **„Sölumaður fast-12“**

RÍKISKAUP

## Verkefnastjóri á Ráðgjafarsvið

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Ráðgjafarsvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins.

**Meðal helstu verkefna eru:**
- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun, sem nýtist í starfi
- Krafist er 3-5 ára reynslu af sambærilegum störfum
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.

Ríkiskaup er þjónustufyrirtæki í fremstu röð þar sem vilji er til að alltaf séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni. Ríkiskaup gera gott fólk betra.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Hannesson, forstöðumaður Ráðgjafarsviðs í síma: 530 1417 eða á netfanginu: gudmundur.hannesson@rikiskaup.is.

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir **21. desember n.k.**

gæludýr.is

**Gæludýr.is óskar eftir:**

## Starfsmanni í verslun okkar á Korputorgi

Vinnutími mán- fim 15-18:30, föstudag 11-18:30 og aðra hverja helgi

**Umsækjendur þurfa að:**
- Hafa reynslu af verslunarstörfum.
- Hafa brennandi áhuga á og vera eigandi gæludýra.
- Hafa metnað í starfi.
- Vera jákvæður og með mjög ríka þjónustulund.

## Starfsmanni í útkeyrslu

Vinnutími er alla virka daga frá kl 17.

**Umsækjendur þurfa að:**
- Vera ratvísir og góðir bílstjórar.
- Hafa brennandi áhuga á og vera eigandi gæludýra.
- Hafa metnað í starfi og vinna vel undir álagi.
- Vera jákvæður og með mjög ríka þjónustulund.

Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.

Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á inga@gaeludyr.is,. Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, fjármálastjóri í síma 616-9124.

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Borgarleikhúsið - lýsingarbúnaður,** útboð nr. 12954.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## 15367 - AUGLÝSING EFTIR HÚSNÆÐI FYRIR VÍNBÚÐ Á REYÐARFIRÐI

**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að leigja eða kaupau.þ.b.80-100 m² húsnæði fyrir Vínbúðina áReyðarfirði.**

**Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:**

1. Vera miðsvæðis og á jarðhæð
2. Umferð að og frá húsnæðinu sé greið
3. Húsnæði bjóði upp á að vínbúðin opnist beint inn af gangstétt eða bílaplani og jafnframt að vörumóttaka sé sér og opnist beint út, þó helst ekki frá sömu hlið
4. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavini og næg bílastæði fyrir þá
5. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílaplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
6. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla og lyftarameð vörur skal vera góð
7. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekkihamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins
8. Hljóðdempun í verslun skal tryggja góða hljóðvist og birtulýsing skal vera 500-600 lux ef loftakerfi og lýsing er til staðar
9. Góð aðstaða þarf að vera fyrir starfsfólk og allt aðgengi í húsnæðinu þarf að hæfa vel hreyfihömluðum
10. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim
11. Leigutími húsnæðisins skal vera 7 – 10 ár
12. Afhending óskast sem allra fyrst.
13. Við mat tilboða verður bæði tekið tillit til verðs og ofangreindra atriða.

Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupa, Borgatúni 7, 105 Reykjavík fyrir kl. 15:00, miðvikudaginn 19. desember 2012.

**Merkt : 15367– Leiga/kaup á húsnæði fyrir vínbúð Á.T.V.R. á Reyðarfirði**

**Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:**

1. Staðsetning
2. Teikningar af húsnæði
3. Afhendingartími
4. Ástand húsnæðis við afhendingu (frágangur lóðar, veggja, lofta og gólfaí húsnæði)
5. Leiguverð (án vsk.) og eða kaupverð og skal það innifela allan kostnað sem til fellur
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfuliði 1- 11 að ofan á leigutímanum

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# Vegna aukinna umsvifa

**óskum við eftir að ráða öfluga bifvélavirkja og bifreiðasmiði**

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

## Bifvélavirkjar

**Starfssvið:**
- Almennar bílaviðgerðir

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

## Bifreiðasmiðir

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 15. desember á netfangið atvinna@toyota.is**
**Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

Toyota Kauptúni er öflugt þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Toyota og Lexus bílum sem hafa um árabil verið þeir vinsælustu á Íslandi.

Framtíðarsýn okkar er:
„Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi“

FISKISTOFA

## Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2012/2013 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 628, 13. júlí 2012

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:

**Vesturbyggð (Patreksfjörður)**
Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1045/2012 í Stjórnartíðindum:

**Sveitarfélagið Garður**
**Vesturbyggð (Brjánslækur og Bíldudalur)**
**Blönduósbær**
**Fjallabyggð (Siglufjörður og Ólafsfjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2012.**

*Fiskistofa, 7. desember 2012.*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til gæðaverkefna árið 2012

Velferðarráðuneytið auglýsir styrki vegna gæðaverkefna árið 2012. Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á verkefni tengd samþættingu heilbrigðis- og félagsþjónustu, s.s. verkefni sem stuðla að umbótarstarfi, nýbreytni eða auknum gæðum þjónustunnar.

Í styrkumsókn skal m.a. koma fram markmið verkefnis, framkvæmdaáætlun og hvernig unnt væri að nýta niðurstöður til að bæta þjónustuna. Sótt skal um í nafni einstakra stofnana og/eða starfseininga. Styrkirnir eru að hámarki 400 þúsund krónur.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið ásamt nánari upplýsingum aðgengilegt á vef velferðarráðuneytisins http://vel.is.

Umsóknarfrestur er til og með 21. desember 2012.



## Nýbýlavegur 2




Höfum til leigu í þessu húsi ca 1100 fermetra þjónustu og iðnaðarhúsnæði á efri hæð. Húsnæðið er snyrtilega innréttað með móttöku rými og og góðri aðstöðu fyrir starfsmenn í bakrými, kaffiaðstöðu og salernis og sturtuaðstöðu. Vinnusalur er flísalagður með flúorlýsingu. Í bakhluta eru afstúkað lagerrými. Fjórar innkeyrsluhurðir eru á húsinu. Húsnæðið hýsti áður starfssemi þjónustuverkstæðis Toyota en hentar undir margvíslega starfssemi. Stutt er í stofnbrautir.

Nánari uppýsingar veittar á skrifstofu Miðgarðs s: 578-5544 eða Brandur Gunnarsson s: 897-1401.

Miðgarður fasteignasala - Sími: 578-5544 - Guðbjarni Eggertsson, Löggiltur fasteignasali hdl.




800 Selfoss

**OPIÐ HÚS**
Sunnudag 9. des. 14:00 - 16:00

## Kálfhólar 2

Fallegt og vel skipulagt parhús
Opið stofu, borðstofu og eldhús rými
3 rúmgóð svefnherbergi auk fataherb.
Glæsilegt baðherbergi og gestasnyrting
Góður bílskúr og vel innréttað þvottahús
Að utan er húsið stílhreint og viðhaldsfrítt
Gróin skjólgóð lóð, verönd og skjólveggir
Stutt í grunnskóla og leikskóla

verð: **28,9 millj.**



Allar nánari upplýsingar gefur
**Atli S. Sigvarðsson**
sölufulltrúi
**sími:** 899-1178
atli@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# Einstakt tækifæri

## Spennandi tækifæri í veitingarekstri á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu.

**Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu Domusnova.**



**Bókið fund hjá Ársæli í síma 896 6076 eða sendið póst á as@domusnova.is**

**Ársæll**
s. 896 6076
as@domusnova.is

DOMUSNOVA Fasteignasala
Turninum 12. hæð - 201 Kópavogur - www.domusnova.is

**Grétar Hannesson Hdl., Löggiltur fasteignasali.**
**gretar@domusnova.is**






## Ljósvallagata 30

101 Reykjavík

Sunnudag 9. desember
**frá kl. 14:00-15:00**

Glæsileg hæð samtals 126,3 fm
Rúmgott, mikið endurnýjað eldhús
Vestursvalir
Þvottahús innan íbúðar
Frábær staðsetning

Allar upplýsingar um eignina veitir
Jórunn gsm 845-8958
sem einnig verður á staðnum.
VERIÐ VELKOMIN.



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **40,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# www.vinna.is

# Tröllakór 13 –15, 203 Kópavogur

## Sölumenn sýna – Bókið skoðunartíma








Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir í nýju fjölbýli sem er staðsett innst í botnlangagötu.

Íbúðirnar skilast allar fullbúnar með gólfefnum. Stæði í bílageymslu fylgir. Allar innréttingar og gólfefni frá Parka ehf. Dalvegi 10-14 Kópavogi. Hreinlætistæki og blöndunartæki frá Tengi.

**Stærðir frá 80,7 fm.**
**Verð frá: 21,9 millj.**

Landmark leiðir þig heim!



**Sigurður Samúelsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri
Sími 770 0309

**Upplýsingar veita:**
**Sigurður Samúelsson** sími 896 2312
**Þórarinn Thorarensen** sími 770 0309

TENGI

Parki INTERIORS
Dalvegi 10-14 / 593 0570 / Parki.is

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
**Sími 512 4900**
**landmark.is**
**Magnús Einarsson**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

## Til sölu




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun






**FÆRÐ ÞÚ EKKI FULLNÆGINGU ?**

Europe Magic Wand er kominn! www.töfrasproti.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

slakandi, sportnudd, Sogæða- og cellulitenudd. Opið fra 10 til 18. Sími 771 2117 Urszula.




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Faglegt heilsunudd, heilsusamlegt Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu. S:891 6447 Óli.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**WWW.AKSTURINN.IS**

**S. 694 9515**

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Risaschnauzer hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Frábærir fjölskylduhundar. www.heljuheims.net Ragnhildur 865 1945.

**LANGAR ÞIG Í HUND?**

Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is



**LAGOTTO ROMAGNOLO!**

Barngóðir, námfúsir og fara lítið sem ekkert úr hárum. www.sleggjubeina.weebly.com S. 694-3194.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. **Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGA.IS**

Leigusali auglýstu Frítt
Leigjandi leitaðu Frítt
s:450 5544

Til leigu mjög snyrtileg stúdíóíbúð ca. 50 fm. í Grafarvogi. Uppl. í S: 696 0288

3 herbergja íbúð til leigu, 80 fm, á besta stað í 220 Hafnarfirði, laus 1 jan, gsm:822-5925

2ja herb. íbúð í Hfj og herbergi við kringluna til leigu. S. 499 2072.

4ra herb. íbúð í 111 Rvk. til leigu. 170þ. á mán. Laus 2.janúar. Uppl. í S: 774 0742.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Fyrirmyndarleigjendur óska eftir 4 herb. íbúð til langtímaleigu, helst í eða við Vesturbæ. Góð meðmæli. Uppl. í 825 6335 og 618 5721.

Óska eftir herbergi í miðbænum. Greiðslugeta 135.þús með tryggingu 43.þús húsaleiga pr.mán. Get yfirt. herb. með 5-9 daga f.v. Skilvísi áskilin Áhugs. Vinsl. Hafa samband, ragnar. magnusson@gmail.com

Öruggur 56 ára karlmaður óskar eftir 2 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Hef leigt hjá sama leigusala s.l. 14 ár. Umsögn hans fyrir hendi ef óskað er. Uppl. í s. 895 1190.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu Atvinnuhúsnæði Í Kópavogi 202 fm. Lofthæð 4,5m stór innkeyrslu hurð. Uppl. í s. 660-3833.

Óska eftir litlu iðnaðarhúsnæði eða bílskúr í Kópavogi eða nágrenni. S. 867 7753.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði



**JL HÚSIÐ - VERSLUNARSTJÓRI**

ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA VERSLUNARSTJÓRA . VIÐKOMANDI ÞARF AÐ SJÁ UM ALLAN DAGLEGAN REKSTUR. ÆSKILEGT ER AÐ VIÐKOMANDI SÉ EKKI YNGRI EN 25.ÁRA OG HAFI STARFSREYNSLU ÚR BAKARÍ-KAFFIHÚSI-VEITINGASTAÐ. VIÐKOMANDI ÞARF AÐ HEFJA STÖRF SEM FYRST.

**VINSAMLEGA SKILIÐ UMSÓKNUM Á JOIFEL@JOIFEL.IS EÐA HAFI SAMBAND VIÐ LINDU 863-7579**



**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**

Erum að leita að starfskrafti í 50% starf. Vinnutími virka daga en viðkomandi þarf að geta leyst af um kvöld og helgar þegar svo ber undir. Aðeins ábyrg og snyrtileg manneskja kemur til greina. Nánari upplýsingar á staðnum og í s. 555 7272.

Markaðs og þróunarst. í ferðaþj. Leitum af skapandi og sjálfst. einstakl. s. 696 9696

**PERNUR / HLUTASTARF**

Íbúðar hótel í miðbæ reykjavíkur óskar eftir þernum í hlutastarf um er að ræða dagvinnu og/eða helgarvinnu sem gæti hentað skólafólki. Áhugasamir sendið uppl. á netfangið unnur@apartmentk.is

Óskum eftir starfskrafti á skrifstofu í 20-30% starf. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „skrifstofa"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

33 kk óskar eftir vinnu. sími 8468602

Tveir smiðir, múrari og rafvirkj. Óska eftir fleiri verkefnum. Við flísalagnir, milliveggji, málingavinnu og öll almenn rafvirkjast. S:8929295 Rain ehf.

## skemmtanir






# Næsta skref í myndavélum

**Síðustu fimmtán árin hefur orðið ótrúleg þróun á myndavélamarkaðnum. Ljósmyndaáhugi hefur náð áður óþekktum hæðum og mikill fjöldi fólks hefur keypt sér stórar og öflugar atvinnumannavélar. Þær hafa þann ókost að vera fyrirferðarmiklar. Fujifilm hefur séð við því og sett á markað nettar vélar sem gefa þó ekkert eftir í gæðum.**

Fyrstu stafrænu myndavélarnar voru ekki merkilegar, myndgæðin voru döpur, sérstaklega í lélegu ljósi, og þær voru mjög lengi að taka myndir. En fólk sætti sig við ókostina því það var svo frábært að geta skoðað myndirnar strax. Vélarnar seldust vel og gæði þeirra jukust gríðarlega hratt. Fljótlega var hægt að fá fínar myndavélar í öllum stærðum og gerðum," segir Bergur Gíslason, eigandi verslunarinnar Ljósmyndavörur.

Hann segir einn af helstu kostum stafrænnar ljósmyndunar þann að þeir sem leggja stund á hana verða fljótt betri ljósmyndarar. „Ljósmyndaáhugi hefur náð áður óþekktum hæðum og mikill fjöldi fólks hefur keypt sér stórar og öflugar atvinnumannavélar og dýrar og þungar linsur til að uppfylla síauknar gæðakröfur. Sá böggull fylgir þó skammrifi að þær hafa verið stórar og þungar, notendum til mæðu. Með auknum gæðum myndavélasíma hefur fólk því oft gripið til þeirra og eru alvöru vélarnar oftar en ekki skildar eftir heima, í bílnum, sumarbústaðnum á hótelinu og svo framvegis. En þegar fólk er orðið vant gæðunum úr stóru vélunum verður það aldrei sátt við gæðin úr símum. Við þessu hefur Fujifilm brugðist með X-línunni. Þar er áherslan á að búa til eins litlar og nettar vélar og mögulega er hægt, án þess að gefa þumlung eftir í gæðakröfum," segir Bergur.

Í byrjun árs 2011 kom Fujifilm X100 á markað en hún setti myndavélaheiminn á annan endann. „Allt í einu var komin á sjónarsviðið lítil og létt myndavél með myndgæðum á við stóru DSLR-vélarnar, sem leit út og virkaði eins og myndavél – bara miklu léttari. X100 er allt öðruvísi en aðrar vélar. Útlitið minnir á fyrri tíma, með lokhraðastilli ofan á vélinni og ljósopsstillingu á linsunni – í stað þess að grafa stillingar djúpt í valmyndum. Hún er með glugga með rammalínum auk stafrænna upplýsinga, framúrskarandi Fujinon-linsu og skilar frábærum myndgæðum. X100 er falleg og öflug vél sem hægt er að stinga í vasann og nú er aftur orðið gaman að taka myndir," segir Bergur.


Nýju Fujifilm-vélarnar eru litlar og léttar en myndgæðin eru á við myndgæði stóru DSLR-vélanna. Útlitið minnir á fyrri tíma.

X100 fékk fljúgandi start og seldist ítrekað upp um allan heim. Í fyrstu voru kaupendur flestir atvinnuljósmyndarar eða miklir áhugaljósmyndarar sem áttu stórar atvinnuvélar, en vildu fá vél sem hægt væri að grípa með sér og taka á sér til ánægju. „Fujifilm fylgdist grannt með óskum notenda og bætti vélina með hugbúnaðaruppfærslum eftir því sem leið á árið. Vorið 2012 kom Fujifilm með X-Pro 1 en hún kemur til móts við þá sem óskuðu eftir vél sem var í sama anda og X100 en með skiptanlegum linsum," upplýsir Bergur. „X-Pro 1 er stútfull af nýjungum. Hún er með nýja byltingarkennda 16M díla X-Trans-flögu sem er ólík öðrum flögum og það þarf engan AA-filter fyrir framan. Það eykur myndgæðin svo mikið að X-Pro 1-vélin, sem er með APS-C-flögu keppir við „Full-Frame"-vélar í myndgæðum. Það er algert grundvallaratriði að nota APS-C-stærð af flögu því þannig er hægt að hafa linsurnar og vélina minni og léttari. En það þarf fleira en góða flögu, X-Pro 1 er fyrsta vélin með X-mount-linsutengi og Fujinon, (linsuarmur Fujifilm) hefur hannað og sett á markað 5 linsur sérstaklega fyrir X-mount kerfið. Linsurnar eru sérstaklega bjartar og skarpar. Þá eru fimm aðrar linsur væntanlegar á næsta ári. Auk þess sem hægt er að nota M-mount-linsur með millihring. Eins er hægt að nota fjöldann allan af öðrum linsum með millihring frá þriðja aðila."

Meðal annarra nýjunga í X-Pro 1 er Hybrid viewfinder-glugginn en hann er bæði hefðbundinn og stafrænn. Notandinn getur ákveðið hvort hann notar hefðbundinn optískan glugga, elektróniskan glugga eða blöndu af báðum. Þegar skipt er um linsur breytast línurnar í optíska glugganum þannig að hægt er að ramma myndina að vild.

Fyrir örstuttu kom Fujifilm svo með X-E1 sem er í meginatriðum eins og X-Pro 1, að því frátöldu því að glugginn er aðeins elektrónískur. X-E1 hefur þann kost að vera 100.000 krónum ódýrari auk þess sem hún er fáanleg með 18-55mm linsunni á tilboðsverði á 239.900 krónur.

Fyrir þá sem vilja minni vélar býður Fujifilm að sögn Bergs upp á X10 sem kom fyrir um ári síðan og XF1 sem var að koma á markað. Báðar nota þær sömu flöguna en eru með mismunandi byggingarlag. Sú nýrri, XF1, er hönnuð til að komast í vasa eða veski en X10 er örlítið fyrirferðarmeiri. „Sé ætlunin að taka næsta skef í ljósmyndun er örugglega til Fujifilm X-vél sem hentar."


## Gerðu meira úr myndunum þínum hjá okkur!

Gerðu jólakort, dagatöl, ljósmyndir, striga, bolla, boli, púsluspil, músamottur, iPhone bök og fleira á einfaldan og fljótlegan hátt á vefnum okkar.

Einfalt, fljótlegt og ódýrt!

Sæktu eða fáðu sent.



Fujifilm X myndavélar – ný hugsun í myndavélum!

Öll viljum við frábær myndgæði, en engin nennir að burðast með of stórar myndavélar allan daginn.

Fujifilm X serían – myndavélar fyrir alla.





XP150 – vatns- og höggheld, GPS............ kr. 43.900
XP170 – vatns- og höggheld, Wifi ............kr. 48.500
XF1 - f1.8-4.9, 25-100mm, OIS ................ kr. 89.900
X10 - f2.0-2-8, 28-112mm, OIS .................kr. 99.900
X-S1 f2.8-5.6, 24-624mm, LSIS ............. kr. 119.000
X-E1 (hús) X Trans CMOS, X mount, OLED gluggi, ..........................................kr. 169.900
X-Pro 1 (hús) X Trans CMOS, X mount, Hybrid gluggi, ............................kr. 269.000



LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími: 568-0450, www.ljosmyndavorur.is

FUJIFILM

BETRI MYNDIR!



## GÓÐ RÁÐ NATIONAL GEOGRAPHIC

**Á vefnum** www.nationalgeographic.com er að finna ráðleggingar um hvernig best er að taka góðar ljósmyndir við mismunandi aðstæður. Þar kemur meðal annars fram:

- að þegar myndir eru teknar úti í frosti eða slæmu veðri ætti aldrei að skipta um linsur utandyra. Annars gæti raki komist inn í myndavélina sjálfa.
- að þegar myndefnið er af óræðri stærð, svo sem fjall, sjávarflötur eða snjór er sniðugt að setja inn á myndina hlut af þekktri stærð svo sem manneskju, tré eða dýr. Með því öðlast áhorfandinn betri skilning á myndinni.
- að sniðugt sé að horfa á myndefnið gegnum nokkrar mismunandi linsur til að átta sig betur á hvernig hver linsa breytir sjónarhorninu.

Fyrir fleiri ráð sjá www.nationalgeographic.com.



## DÝRASTA LJÓSMYNDIN

**Dýrasta ljósmynd** sögunnar er ljósmyndin Rhein II eftir þýska listamanninn Andreas Gursky. Myndin er frá árinu 1999 og var seld á uppboði hjá uppboðshúsinu Christie's í New York árið 2011 fyrir tæplega 550 milljónir króna. Ljósmyndin var önnur í röð sex mynda af ánni Rín eftir Gursky. Við vinnslu ljósmyndarinnar fjarlægði hann fólk og verksmiðjubyggingu af henni. Ljósmyndin er 190 x 360 sm að flatarmáli. Eigandi ljósmyndarinnar er óþekktur. Næst dýrasta ljósmynd sögunnar er eftir bandaríska ljósmyndarann Cynthiu Morris Sherman. Myndin ber ekkert nafn, Untitled #96. Ljósmyndin var einnig seld á uppboði hjá Christie's í New York árið 2011 en fyrir tæplega 500 milljónir króna. Næst á listanum er ljósmyndin Dead Troops Talk eftir kanadíska listamanninn Jeff Wall. Hún var seld á rúmlega 460 milljónir króna árið 2012, einnig hjá uppboðshúsinu Christie's. Elsta ljósmyndin á lista yfir 20 dýrustu ljósmyndir sögunnar er talin vera frá árunum 1879-1880. Hún er af Billy the Kid og er metin á um 290 milljónir króna.



## ALLIR AÐ SEGJA „SÍS"

**Það er** erfitt að festa rétta augnablikið á filmu. Að fanga augnablikið þar sem allir eru fínir og sætir og horfa í linsuna á sama tíma er nánast ómögulegt. Það er ekki nóg með að erfitt sé að ná rétta andartakinu, það þarf líka að fullvissa sig um að birtan hafi verið rétt og bakgrunnurinn í lagi. Fjölskyldumyndataka getur því verið heljarinnar mál. Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga

- **Veljið** viðeigandi bakgrunn. Ekki smala öllum saman fyrir framan skrautlegt veggfóður, veljið frekar einlitan, ljósan vegg til að standa við. Það gengur líka að stilla sér upp við borð eða píanó, svo lengi sem húsgagnið keppir ekki um athyglina við myndefnið sjálft. Það er líka sniðugt að vera úti í góðu veðri.
- Gefið fólki tíma til að taka sig aðeins til fyrir myndatökuna. Látið vita að það verði myndataka eftir til dæmis tíu mínútur. Þá nær fólk að punta sig.
- Athugið lýsingu. Mesta birtan ætti að koma aftan frá ljósmyndaranum. Stillið fólki þannig upp að það sé á móti birtu. Notið flass á viðeigandi hátt.
- Takið nógu margar myndir, þá ættu nokkrar að vera í lagi.
- Hafið gaman. Ef fólk skemmtir sér á meðan myndatakan fer fram eru meiri líkur á að myndirnar sjálfar verði skemmtilegar.




AÐVENTUTILBOÐ

IÐA

Sigurveig býður gestum og gangandi upp á súpu kl. 14 á laugardaginn í IÐU Lækjargötu




verð 1.990





Höfundar lesa upp úr bókum sínum kl. 14 á sunnudaginn á Café Mezzo í IÐU Lækjargötu.
Maxímús Músíkús verður á staðnum!




verð 2.990




verð 3.490




verð 2.690




verð 2.690




verð 11.990




verð 3.990




verð 4.990

finndu okkur á facebook

IÐA Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið 9 - 22 alla daga
IÐA ZIMSEN Vesturgata 2a 101 Reykjavík sími 511-5004 opið 9 - 22 alla daga


„ÆSISPENNANDI“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON
FRÉTTABLAÐINU
KULDI
spennusaga
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
„… magnaður draugagangur …Það er vandasamt að smíða góða draugasögu en hér tekst Yrsu betur upp en í Ég man þig … Á köflum er sagan æsispennandi og henni tekst að halda lesandanum í kitlandi óvissu. … Spennandi og áhrifamikil draugasaga.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON, FRÉTTABLAÐINU
„Enn sterkari og áhrifameiri bók en Ég man þig.“
SIGURJÓN SIGHVATSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI SEM TRYGGT HEFUR SÉR RÉTTINN Á ÉG MAN ÞIG OG KULDA
VERÖLD





Hvað langaði mig að verða? Mig langaði að verða dökkhærður. Mig langaði að verða rólegur. Mig langaði líka til að verða söngvari.



# Rauðhærður og asnalegur

Í nýrri bók **Jóns Gnarr**, Sjóræningjanum, stendur rauðhærði drengurinn Jón á vegamótum að loknum grunnskóla og upplifir sig algjörlega utangarðs í samfélaginu. Í bókinni fjallar hann hispurslaust um hrakfarir sínar og áföll í íslensku skólakerfi, lýsir svæsnu einelti sem hann varð fyrir, tímabili sínu sem Hlemmari og misjafnri framgöngu sinni í íslensku atvinnulífi.

**Sjóræninginn**
Höfundur: **Jón Gnarr**
Útgáfa: **Mál og menning**
Fjöldi síðna: **266**

Á þessum tíma var ég mikið að væflast og þvælast um borgina, bæði á nóttu sem degi, ýmist gangandi eða með strætó. Það var með þeim hætti sem ég kynntist Útideildinni sem var verkefni á vegum Reykjavíkurborgar og var með aðstöðu í Tryggvagötu. Útideildin samanstóð af fullorðnu fólki sem keyrði um bæinn og þjónustaði lánlausa unglinga eins og mig. Þau höfðu alloft í gegnum tíðina tekið mig upp á arma sína, keyrt með mig í athvarfið á Tryggvagötu, kjaftað við mig og jafnvel tekist að draga mig inn í mismunandi virkniúrræði. Þau lögðu sig sérstaklega fram við að komast að því hvaða áhugamál unglingarnir höfðu og reyndu svo að finna hinar og þessar leiðir til þess að virkja krakkana í áhugamálum sínum. Þarna átti ég margar góðar stundir. Mitt helsta áhugamál var anarkismi svo í mínu tilfelli fólst úrræði þeirra að mestu í að spjalla við mig um hitt og þetta tengt anarkisma. En þau skynjuðu meira en ég gerði mér grein fyrir og sáu glöggt að mér leið illa í sálinni. Ég var orðinn illa laskaður af öllu eineltinu sem ég varð fyrir án þess þó að gera mér grein fyrir því. Mér fannst ég bara eiga það skilið og fannst það þar að auki fullkomlega skiljanlegt þar sem ég væri bæði heimskur og leiðinlegur, ljótur og asnalegur. Ég var asnaleg manneskja og auðvitað stríðir fólk asnalegum manneskjum. Fólkið í útideildinni hafði meiri áhuga á að ræða við mig um þetta en anarkisma.

– Hvernig líður þér, Jón?

Ég vissi ekki hvernig ég ætti að svara því. Það hafði aldrei neinn spurt mig hvernig mér liði. Ég hafði í raun og veru enga hugmynd um hvernig mér leið. Ég var stressaður, alltaf stressaður. Ég var áhyggjufullur, óskaði þess að vera einhver annar en ég var. Svo vildi ég að ég væri rólegur og ekki rauðhærður. Fólkið í útideildinni reyndi mikið að hvetja mig og gerði hvað það gat til þess að auka sjálfstraust mitt. Þau töluðu til dæmis oft um framtíðina en allt tal um framtíðina stressaði mig enn frekar. Ég vildi helst ekki leiða hugann að framtíðinni.

– Getum við ekki bara talað um anarkisma? Vitið þið hver munurinn er á Proudhonisma og Bakuninisma?

**Þau vissu það ekki.**

– Hvað langar þig að verða, Jón?

Óþægileg og stressandi spurning. Hvað langaði mig að verða? Mig langaði að verða dökkhærður. Mig langaði að verða rólegur. Mig langaði líka til að verða söngvari. En ég vissi einnig að það sem mig langaði að verða yrði að öllum líkindum aldrei að veruleika. Ég var bara misheppnaður, taugaveiklaður, rauðhærður og asnalegur. Hálfviti með gleraugu. Þegar ég yrði stór myndi ég örugglega enda á Kleppi eins og Kiddi frændi. Kannski er til hellingur af fólki eins og ég sem verður til og fæðist fyrir mistök, eins og sumir hlutir sem eru framleiddir eru gallaðir og virka aldrei. Ónýtir frá upphafi. Það eina sem hægt er að gera við svoleiðis hluti er að henda þeim. Kannski var ég bara þannig eintak af manneskju. Ég talaði þó ekki um þetta við neinn, ekki einu sinni við fólkið í útideildinni. Á ákveðinn hátt gerði ég mér kannski ekki grein fyrir þessu. Mér fannst þetta liggja í augum uppi og ég var hræddur um að ef ég myndi segja þetta upphátt myndu þau taka undir. Aðalástæðan var þó skömmin. Ég skammaðist mín. Skammaðist mín fyrir að vera ég, að vera eins og ég var svo ég talaði bara ekki um það. Ég skildi í rauninni ekki hvers vegna þau voru yfir höfuð að skipta sér af mér. Stundum þegar þau sátu og spjölluðu við mig velti ég því fyrir mér hvers vegna þau væru að eyða orðum á mig. Vorkenndu þau mér? Já, líklega vorkenndu þau mér en svo var þetta líka vinnan þeirra. Einhvern tímann þegar við sátum og vorum að spjalla saman, ég að tala um anarkisma og pönk og þau að reyna að fá mig til að tala um eitthvað annað barst talið einu sinni sem oftar að framtíðinni.

– Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór, Jón?

Spurningin ein vakti hjá mér köfnunartilfinningu, ég fékk þyngsli fyrir brjóstið og verk í ennið.

– Ég veit það ekki, bara eitthvað.

– Áttu ekki kærustu, Jón?

Ég? Ég ljótasti og asnalegasti strákurinn í Reykjavík. Hvaða stelpa myndi vilja verða kærastan mín? – Neei, mér finnst stelpur eiginlega ekkert rosalega skemmtilegar, sagði ég til útskýringar.

– Skrítið að þú skulir ekki eiga kærustu, svona sætur strákur eins og þú!

Orðin bergmáluðu í höfðinu á mér. Sætur strákur eins og ég? Ég horfði rannsakandi á konuna og velti orðum hennar fyrir mér. Hún brosti og virtist meina þetta. Það leit út fyrir að henni fyndist þetta virkilega og að orðin væru ekki sögð af meðaumkun. Ótrúlegt! Hún var töff þó hún væri auðvitað ekki pönkari, en hún var heldur ekki hippi heldur meira bara venjuleg, sæt og átti kærasta. Hún var alveg tuttugu og eitthvað ára gella, með allt á hreinu og henni fannst ég sætur! „Svona sætur strákur eins og þú, Jón.“ Að manneskja eins og hún segði eitthvað svona um mig var hreint út sagt ótrúlegt og olli byltingu í sálartetri mínu. Mér fannst hún miklu merkilegri manneskja en allir sem höfðu svo oft í gegnum tíðina sagt mér hvað ég væri vitlaus og ljótur. Því vógu orð hennar miklu þyngra en þeirra. Mig rak ekki minni til þess að einhver hefði nokkurn tímann sagt að ég væri sætur. Ég fylltist áður óþekktu sjálfstrausti. Starfsfólkið hjá Útideildinni hafði haft veður af því að ég væri í hljómsveit. Stundum voru haldnir tónleikar í portinu fyrir utan útideildina og þau spurðu mig stundum hvort Nefrennsli vildi ekki spila. Ég kom mér snyrtilega frá spurningunum og bar fyrir mig endalausar afsakanir. Ýmist vorum við ekki búnir að æfa nægilega vel eða þá að ég var með einhverja kvefpest og gæti því ekki sungið, og svo var hitt að það væri ekki nógu mikið pönk að spila í porti Útideildarinnar og ekki samboðið pönkhljómsveit eins og Nefrennsli.

– Við erum nefnilega alvöru pönkhljómsveit sko.

Ég ætlaði sko ekki að fara að spila á tónleikum með einhverjum asnalegum hljómsveitum. Útideildin ákvað því að halda alvöru pönkhátíð. Á þessum tíma voru allar afsakanir uppurnar. Þetta yrði pönkhátíð og ekki hægt að komast hjá því að Nefrennsli stigi á stokk. Tónleikarnir yrðu bara fyrir pönkara. Þarna kæmu engir hálfvitar sem myndu hlæja að mér eða stríða mér. Alli og Hannes hoppuðu hæð sína af gleði þegar ég tilkynnti þeim hvað væri fram undan. Tónleikarnir voru skipulagðir og nöfn þeirra hljómsveita sem ætluðu að spila voru skrifuð á miða sem voru síðan hengdir á ljósastaura úti um víðan völl. „Bestu pönkhljómsveitir Reykjavíkur. Pönkhátíð í porti útideildarinnar við Tryggvagötu á milli 13 og 16 nk. sunnudag!“ Á meðal hljómsveitanafnanna stóð NEFRENNSLI. Stóra stundin var að renna upp. Eftirvæntingin og spennan voru að fara með mig. Ég var að fara að stíga það skref sem ég hafði alltaf þráð en aldrei þorað. Þegar tónleikadagurinn rann svo upp hafði ég ekki sofið dúr í tvo sólarhringa. Mig langaði að hætta við. Átti ég að þykjast vera veikur? Nei, ég gat ekki gert það, þetta var frágengið og nú þýddi ekki annað en að bíta á jaxlinn og stökkva fram af hengifluginu. Ég fór í mín fínustu pönkföt sem samanstóðu af mest rifnu gallabuxunum sem ég átti, Sid Vicious-bolnum og svo setti ég sikkrisnælu í eyrað. Ég ætlaði sko ekki að vera með gleraugun og ákvað að syngja án þeirra.







# 20% afsláttur

## af öllum vörum í Intersport Lindum og Bíldshöfða laugardaginn 8. desember



INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / WWW.INTERSPORT.IS

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

# SYNGJA SAMAN INN JÓLIN

Helga Möller og Elísabet Ormslev eru skemmtilegar og söngelskar mæðgur sem elska jólin. Þær vinna nú að tveimur nýjum jóladúettum saman en þær sungu fyrst saman á plötu þegar Elísabet var aðeins 14 ára gömul.

**Kolbrún Pálína Helgadóttir**
kolbrunp@365.is

*Tvær farsælar og flottar söngkonur, er það tilviljun ein að dóttir þín syngur svona fallega eins og þú eða áttu kannski svolítinn þá í því?*

**Helga:** Elísabet lærði á fiðlu í 10 ár en þegar að því námi lauk fór hún að syngja mikið með alls konar tónlist inni í herberginu sínu, stundum langt fram á nótt. Hún hafði reyndar alltaf sungið og var farin að syngja meira heldur en tala um eins og hálfs árs aldurinn. Þegar hún var 14 ára gömul hvatti ég hana til að sækja um í Tónlistarskóla FÍH í söngnám. Ég sagði henni að það yrðu örugglega litlar líkur á að hún kæmist inn sökum ungs aldurs en viti menn, hún komst inn og hóf þar söngnám árið 2007.

*Var alltaf draumurinn að verða söngkona eins og mamma?*

**Elísabet:** Ég hafði alltaf gaman af því að syngja sem barn, en ég fór ekki að hugsa til þess að gera atvinnu úr því fyrr en ég var komin á táningsaldur. Mamma var þá auðvitað fyrirmyndin sem ég hafði til að elta þann draum. En ég verð að segja að mér er þetta algjörlega í blóð borið þar sem það er tónlist báðum megin í fjölskyldunni minni.

### Mikið tónlistarheimili

*Var heimili ykkar sem sagt sannkallað tónlistarheimili?*

**H:** Ég er alin upp við tónlist á mínu æskuheimili þar sem pabbi minn var harmónikuleikari og píanóleikari á sínum yngri árum og hann spilaði mikið á píanóið þegar ég var að alast upp. Á heimili okkar Elísabetar var mikið hlustað á tónlist. Eins vorum við báðar alltaf syngjandi og Elísabet æfði á fiðluna sína frá þriggja ára aldri þar til að hún varð 13 ára.

**E:** Fyrir utan að hafa æft daglega á fiðlu þá man ég mikið eftir því að hlusta á geisladiska inni í stofu með mömmu og syngja með, þá aðallega á Celine Dion, Michael Jackson, Joni Mitchell og fleiri.

*Hafið þið unnið mikið saman?*

**H:** Ég gaf út jólaplötu árið 2007 og þá söng Elísabet, þá 14 ára, allar bakraddir ásamt Magnúsi Kjartanssyni. Það er gaman að segja frá því að fyrir þessi jól erum við mæðgur að vinna að tveimur nýjum jóladúettum eftir Gunnar Þórðarson og Þorstein Eggertsson og allavega annar þeirra verður frumfluttur á jólatónleikum mínum í Laugarneskirkju.

*Hvernig upplifun var það fyrir þig sem barn að eiga fræga mömmu?*

**E:** Þegar ég var lítil þá velti ég mér satt að segja ekki mikið upp úr því að mamma mín væri þekkt söngkona. Eftir að ég fór sjálf að syngja meira og sérstaklega þegar ég fór að læra söng, þá fór ég að finna meira fyrir því. Að eiga „frægt“ foreldri getur stundum verið yfirþyrmandi og getur orðið þreytandi, en ég er svo sem löngu orðin vön og er auðvitað stolt af því að hún er mamma mín.

### Rjúpa og hamborgarhryggur

*Nú styttist í jólin, hvaða hefðir hafið þið tileinkað ykkur?*

**H:** Það er ein hefð sem er búin að vera í okkar fjölskyldu í áraraðir og hún er sú að öll stórfjölskyldan hittist saman á aðfangadagskvöld og borðar saman og opnar gjafirnar. Þannig man ég eftir þessu heima hjá foreldrum mínum og þegar mamma og pabbi urðu eldri færðist þessi hefð yfir á heimili mitt og hefur verið þannig í nokkur ár.

**E:** Öll mín ár hefur verið hefð í pabbafjölskyldu að stórfjölskyldan hittist að morgni aðfangadags við leiði afa og ömmu. Við kveikjum á kertum, skreytum leiðin með greni og tökum að lokum hópmynd af allri fjölskyldunni saman. Heima hjá mömmu hefur síðan oftast tíðkast að borða rjúpu á aðfangadagskvöld en núna á síðustu árum hefur hamborgarhryggur bæst við. Við borðum einnig alltaf möndlugraut og eplakakan hennar ömmu og jólaísinn hennar mömmu eru ómissandi. Eins er alltaf jólaboð á jóladag í pabbafjölskyldu og á annan í jólum hittumst við mamma, maðurinn hennar, systkini mín, tengdasonur mömmu og barnabarn í náttfatapartíi og borðum saman jólaafganga og spilum.

*Er eitthvað sérstakt sem þið mæðgurnar gerið saman fyrir hver jól eða í hverri aðventu?*

**H&E:** Við höfum alltaf pakkað saman inn öllum jólagjöfum og hlustum á jólatónlist á meðan. Ef við náum að baka, þá bökum við saman smákökur. Við höfum alltaf skreytt jólatréð og heimilið saman og núna síðastliðin fimm ár höfum við sungið saman á árlegu jólatónleikunum í Laugarneskirkju.



**TEKUR FRAM ÚR** „Við höfum starfað saman í fimm ár núna og við munum eflaust starfa meira saman í framtíðinni þegar blaðið snýst við, ég tek fram úr og mamma syngur bakraddir hjá mér!“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Eigið þið ykkur uppáhaldsjólalag?*

**H:** Ó helga nótt og Jólaengill.

**E:** Dansaðu vindur og Heyr himna smiður.

### Lífa í núinu

*Nú er mikill annatími í lífi söngvara. Stefnið þið á frekara samstarf í framtíðinni?*

**E:** Við höfum starfað saman í fimm ár núna og við munum eflaust starfa meira saman í framtíðinni þegar blaðið snýst við, ég tek fram úr og mamma syngur bakraddir hjá mér!

*Hvar sjáið þið ykkur eftir 10 ár?*

**H:** Úff, ég vil bara lifa í núinu.

**E:** Ég stefni á að fara eitthvert út í meira förðunarnám, en annars er ég sammála mömmu um að lifa bara í núinu, taka einn dag í einu; það sem gerist gerist.

*Að lokum, viljið þið deila með okkur eftirminnilegri jólaupplifun eða augnabliki sem situr ykkur ofarlega í huga og hjarta fyrir einhverjar sakir?*

**E:** Þetta er kannski ekki hamingjusöm minning en það sem er mér efst í huga er þegar mamma þurfti að fara í flug og vera í útlöndum um jólin. Ég man hvað ég átti erfitt með að njóta jólanna án hennar og ég er búin að ákveða að þetta gerist ALDREI aftur! Eins man ég hvað afi var lítill í sér og saknaði mömmu. Þetta var glatað! En hey, gleðileg jól!

**H:** Ó guð já, ég man svo vel eftir þessu. Ég var með tárin í augunum þegar ég fór og þó svo að allt hafi verið gert til að gera þessa stund hátíðlega fyrir okkur, áhöfn Icelandair í Baltimore, þá var ég eins og lítið barn, hálf kjökrandi þessi jól. Ég segi eins og Elísabet, eins mikið jólabarn og ég er, þá vona ég að ég lendi aldrei í þessari aðstöðu aftur en ef svo verður þá tek ég alla með mér út!

AÐVENTAN Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland





Fjölskylduskemmtun með Felix og Gunna 9. desember kl.14

Jólasýningin Sérkenni sveinanna á Torginu
Munið jólaratleikinn: Hvar er jólakötturinn?
Komdu og hittu jólasveinana **12.-24.desember kl.11**

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is

Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11-17



# „LISTILEGA VEL GERÐ.“

INGI FREYR VILHJÁLMSSON / DV

*„Gríðarlega áhrifamikið.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

*„Mjög vönduð bók ... mögnuð sagnfræði.“*

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / KILJAN

*„Þetta er merkisbók.“*

EGILL HELGASON / KILJAN

*„... mjög flott bók hjá Jóni og vel unnin.“*

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

**Vera Hertzsch var handtekin í Moskvu 1938 ásamt dóttur sinni að Halldóri Laxness viðstöddum. Aldrei spurðist til mæðgnanna aftur. Jón Ólafsson hefur rannsakað þessa örlagasögu og rekur hana á eftirminnilegan hátt.**

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Þröngt máttu sáttir sofa

Svefnvenjur Íslendinga hafa tekið stakkaskiptum í gegnum tíðina. Í kringum aldamótin 1900 var persónulegt rými fólks mun minna en nú og varð fólk að sætta sig við að sofa í þeim þrengslum sem húsakostur þess tíma bauð upp á.



**BAÐSTOFA Í ÁRBÆJARSAFNI** Persónulegt rými var ekki mikið í baðstofunum og þurfti fólk að sætta sig við að deila svefnstað með mörgum öðrum, ekki bara vistarveru heldur einnig rúmi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þegar 20. öldin var að ganga í garð áttu sér stað miklar breytingar í húsakosti fólks á Íslandi. Húsin sem oft og tíðum voru ekki mjög stór þurftu oft að hýsa margt fólk. Timbur- og steinsteypuhús voru að taka við af torfbæjunum, en þó bjó um helmingur þjóðarinnar enn í torfbæjum á fyrsta áratugnum. Á þessum tíma hafðist fólk mest við í baðstofunum, en þar var oft þröng á þingi. Fólk stundaði flesta sína iðju þar. Þar var unnið og sofið og á kvöldin var þar unnin ull, kembt, spunnið, prjónað, þæft, og svo framvegis.

Baðstofur voru eins misjafnar og þær voru margar, og á það við um stærð þeirra líka. Stærð þeirra var mæld í álnum, sem var mikilvægasta lengdareiningin hér áður fyrr. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hversu löng ein alin var, en hún hefur verið í kringum 50-60 sm. Sumar baðstofur voru 5 álnir á breidd og 8-9 á lengd en aðrar voru 12 álnir á lengd. Allar áttu þær þó það sameiginlegt að föst rúm voru á báðum hliðum. Í baðstofunni voru einnig borð, bekkir, kistur og stólar, eins mikið og þurfti.

### Rekkjunautar

Langalgengast var að tveir svæfu saman í rúmi, og voru þeir þá kallaðir rekkjunautar, rúmfélagar eða jafnvel lagsmenn. Vegna plássleysis þurftu stundum að vera þrír saman í rúmi, þá oft hjón og eitt barn, og þurfti þá barnið að sofa til fóta. Þeir sem sváfu saman í rúmi voru oft rekkjubræður og rekkjusystur. Börn og unglingar sem þurftu að sofa upp í hjá fullorðnum voru nefnd hjálúrur.

Misjafnt var hvenær háttatími var hjá börnum. Sums staðar voru þau háttuð fyrr en aðrir en á öðrum stöðum fóru þau ekki bælið fyrr en á sama tíma og þeir fullorðnu, nema þau kysu sjálf að fara fyrr að sofa. Einnig fór eftir árstíðum hvenær fólk háttaði, en oftast gekk fólk seinna til rekkju á vorin heldur en í skammdeginu.

Þegar tveir voru saman í rúmi var misjafnt hvernig þeir lágu. Ef annar var með höfuðið til fóta en hinn með höfuðið á höfðalagi, kallaðist það að sofa andfætis. Ef báðir voru með höfuð við höfðalag kallaðist það oft að sofa upp í arminn. Gera má ráð fyrir að í hverri baðstofu hafi sofið allt að 10 manns, og þar sem fjölmennast var hafa jafnvel verið hátt í 20 manns sem deildu rýminu.

### Frágangur fata og fatavenjur

Margar mæður vöndu börn sín strax á það að ganga snyrtilega um föt sín þegar þau háttuðu. Algengast virðist hafa verið að ganga snyrtilega og fallega frá fötunum sínum annað hvort á rúmstokkinn, eða koffort sem stóð við rúmstokkinn. Var þetta gert svo auðveldara yrði að finna fötin í myrkrinu þegar farið var á fætur, og var það líka hentugt ef ske kynni að fólk þyrfti að klæða sig í flýti af einhverjum ástæðum. Oft var buxunum þó stungið undir koddaendann, sokkum undir rekkjuvoðina, og kjólar hengdir á snaga eða lagðir á bekki og borð.

Á mörgum stöðum tíðkaðist að geyma sokkana undir laki yfir nóttina, svo þeir yrðu þurrir og hlýir að morgni. Þrátt fyrir að þetta hafi verið algengast eru líka til dæmi um að sokkar og skór hafi alls ekki verið geymdir í baðstofunni yfir nóttina.

Á sumum stöðum þótti það heldur letilegt að klæða sig úr öllum hamnum í einu, frekar átti að taka eina spjör af sér í einu.

Skór voru geymdir á gólfinu og sokkar oft ofan á þeim, og þá brotnir á hæl svo þeir væru tilbúnir daginn eftir. Næstum algilt var að skór skyldu snúa þannig að tærnar sneru fram, og þeir hafðir undir rúminu, eða eins nálægt því og kostur gæfist, svo fólk myndi ekki fella sig á þeim í myrkrinu.

### Þvegið upp úr hangikjötssoðinu

Yfirleitt tíðkaðist ekki að sofa nakinn, enda var líklega of kalt til þess, að minnsta kosti á veturna. Þó eru dæmi um að fólk hafi ávallt sofið nakið. Helst var það elsta kynslóðin á heimilinu sem svaf berrössuð. Algengara virðist hafa verið að karlar svæfu naktir en konur.

Dæmi er þekkt um eldri mann sem hafði þann sið að berhátta, enda hafði hann ekki fataskipti nema einu sinni á ári, á Þorláksmessu. Þá voru nærfötin þvegin upp úr hangikjötssoðinu, en eftir hálft ár var þeim snúið við og farið í þau úthverf.

Náttföt tíðkuðust ekki. Vitað er til þess að gamlar konur með þunnt hár hafi sofið með nátthúfu, og líka gamlir sköllóttir menn.

Sumir höfðu þann sið að sofa í öllum fötunum, og var það oftast kallað að sofa í belgnum, leggja sig fyrir eða fá sér dúr. Fólk sofnaði oft í öllum fötunum ef það tók lúr yfir daginn, en annars þótti það hinn mesti ósiður að leggjast svona til svefns, og merki um leti. Á sumum stöðum var einungis sofið í öllum fötunum ef fólk óttaðist yfirvofandi jarðskjálfta.

Einhverjir siðir varðandi háttumál hafa haldist í gegnum tíðina og aðrir lagst algjörlega af. Líklega fylgir því ekki lengur hjátrú hvernig fólk háttar sig eða hvar það geymir fötin. Fróðlegt gæti verið að kanna hvort og þá hvernig siðir eru nú í kringum þá daglegu athöfn að ganga til náða. Hvernig gengur fólk í dag frá fötunum sínum, eru þau brotin snyrtilega saman eða er þeim hent á gólfið eða næsta stól?

**Elísa Björt Guðjónsdóttir**
þjóðfræðinemi

## HJÁTRÚ FYLGDI HÁTTUMÁLUM
## AÐ KLÆÐA SIG Í OG ÚR GÆFUNNI



Hjátrú var nokkuð almenn í byrjun 20. aldarinnar, sem hefur jafnvel fylgt fólki í gegnum tíðina, og sumt þekkjum við enn í dag. Einhver hjátrú fylgdi einnig háttumálum.

Margir trúðu því að ef sokkar voru geymdir undir koddanum um nóttina gætu þeir misst minnið, og því var það aldrei gert. Sumir tengdu þetta ekki við hjátrú, sögðu bara að þetta þætti argasti sóðaskapur.

Að klæða sig rangt úr sokkum og skófatnaði gat haft ýmsar afleiðingar í för með sér. Ef fólk klæddi sig úr skó og sokk af sama fæti í einu lagi var talað um að klæða sig úr gæfunni og þetta forðuðust margir. Sumir gerðu þetta ávallt, en hægt var að klæða sig í gæfuna aftur með að hafa sama hátt á þegar maður klæddi sig aftur í að morgni. Einnig var það kallað að hengja smalann ef svona var farið að því að klæða sig úr. Ein hjátrúin er þó frábrugðin þessum. Sumir töldu það varhugavert að láta sjá sig ef maður klæddi sig í sokk og skó á annan fótinn áður en farið væri í sokk á hinn. Sá sem þetta sá átti að geta ráðið hverjum sú manneskja giftist. Sumir sögðu það skipta máli hvort um vinstri eða hægri fót væri að ræða, og var þá misjafnt hvort var verra. Líka var talað um að skemmta skrattanum ef farið var úr sokk og skó í einu lagi af sama fæti.

➜ Oftast sváfu tveir saman í rúmi, og voru þeir þá kallaðir rekkjunautar, rúmfélagar eða jafnvel lagsmenn.

➜ Margir geymdu sokkana undir laki yfir nóttina, svo þeir yrðu þurrir og hlýir þegar nota átti þá næst.

➜ Þegar sofið var í öllum fötunum kallaðist það að sofa í belgnum. Það þótti ósiður nema fólk væri að leggja sig yfir daginn.








**Í BAÐSTOFUNNI** Mörgum vökustundum var eytt í baðstofunni. Ýmis iðja var þar stunduð, og hér sést fólk við kaffidrykkju í baðstofu í Galtalæk árið 1890.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Verð frá 349.900.-




# I AM A GAME CHANGER

**I AM THE NIKON D600.** Ný hágæða stafræn SLR myndavél með CMOS FX (full frame) 24.3 Megapixla myndflögu. Verulega næmur fókus með Multi-CAM4800 39 punkta AF-kerfi hátt ljósnæmni, allt að 6400 ISO sem má framlengja uppí 25600 ISO. Fjölsvæða D-kvikmyndataka í fullri háskerpu (1080p) og stór og vandaður 3,2 tommu skjár með 921.000 punkta upplausn. Tekur allt að 5.5 ramma á sek og sjálfvirk myndataka með reglulegu millibili (time-lapse) ásamt mörgum öðrum eiginleikum gera þessa vél að einstakri upplifun.




Innifalið í kaupunum er WU-1b tengi sem gerir kleift að senda myndir og myndbönd þráðlaust frá vélinni yfir í snjallsíma og spjaldtölvur að verðmæti 10.900.-

**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík
533 3411 – **www.beco.is**
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík
553 9200 – **www.fotoval.is**
**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík
569 1500 – **www.ht.is**
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík
568 9090 – **www.sm.is**

*At the heart of the image*

**Nikon**

NÝTT
VISATÍMABIL

# NÝJAR ÞÁTTASERÍUR




5.699

**DESPERATE HOUSEWIVES**
**SERÍA 8 KOMIN Á DVD**
SERÍUR 1-7 EINNIG FÁANLEGAR






5.699

**GREY´S ANATOMY**
**SERÍA 8 KOMIN Á DVD**
SERÍUR 1-7 EINNIG FÁANLEGAR






4.999

**PRIVATE PRACTICE**
**SERÍA 5 KOMIN Á DVD**
SERÍUR 1-4 EINNIG FÁANLEGAR



# EINNIG FÁANLEGAR




2.499




2.499




2.499




2.499




3.299

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

OG
Í SMÁRALIND
TIL JÓLA

Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.

~ÍSLENSK TÓNLIST ER~
JÓLAGJÖFIN
2012
-RANNSÓKNARSETUR VERSLUNARINNAR-

# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

**ÁRITAR OG SPILAR**
SUNNUDAG Kringlunni kl.15 og Smáralind kl. 16




2.699

**ÁRITAR OG SPILAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl.17
SUNNUDAG Smáralind kl.14



2.499

**ÁRITAR**
LAUGARDAG Smáralind kl.14




4 DVD

5.199

**ÁRITAR OG SPILAR**
LAUGARDAG & SUNNUDAG Smáralind kl.15 og Kringlunni kl.16




DVD

2.799




CD DVD

3.699

**ÁRITAR OG SPILAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl.16




2.699

**ÁRITAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl.14




2.699

**ÁRITAR OG SPILAR**
LAUGARDAG Kringlunni kl.15 og Smáralind kl. 17



2.499



CD DVD

3.699




2.699



2.699




3.999




CD DVD

2.999




3.299




3.299




2.699

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## Konráð og félagar á ferð og flugi 21

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja Róbert,“ sagði Kata pirruð. „Þú veist náttúrulega allt um þennan fugl er það ekki? Hvað hann heitir, hefur örugglega bæði ungað honum út úr eggi, þekkir ömmu hans og ef ég þekki þig rétt líka étið hann.“ Það sauð á Kötu. „Svona, svona,“ sagði Róbert óvenju auðmjúkur. „Ég veit lítið um þennan fugl og ekki hvað hann heitir.“ Svo bætti hann við: „Nema að ég hef séð hann og hann er mjög kvikur, hleypur um og dillar stélinu upp og niður.“ Kata lét þetta svar sér nægja og þagði þótt pirruð væri.

En veist þú hvaða fugl þetta er?
Er þetta:



**A** Auðnutittlingur
**B** Maríuerla
**D** Sandlóa



## Heilabrot

1. Framan á vopni fastur hékk.
Fyrrum trúðu menn á hann.
Uppi á honum útsýn fékk.
Efst í hlöðu sá ég hann.

2. Eitt er að saga annað sker.
Með augu tvö en lítið sér.
Ýmsar fréttir flytur þér.
Fellur oft í september.

**SVÖR:**

1. Ás: (Ásgeir), guð, hæð á landi, mæniás. 2. Blað: sagarblað, hnífsblað, augablað (á bíl), dagblað, laufblað.



**OFTAST KALLAÐUR GÓI** „Jólasagan er leikrit eftir okkur Þröst, byggt á sögu eftir mig,“ segir Gói.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alltaf mjög lélegur í skammarstrikum

Þegar Guðjón Davíð Karlsson leikari – oftast kallaður Gói – var lítill þá leiddist honum í tölvuleikjum en var oft eitthvað að prakkarast með vinum sínum.

**Hvað ertu gamall?** Ég er þrjátíu og tveggja.

**Hver er þín fyrsta minning?** Þegar pabbi seldi brúna Allegroinn okkar. Ég var tveggja. Það var rosa sorglegt að skilja hann eftir á bílasölunni. Svo man ég líka mjög greinilega þegar ég ákvað einn morguninn, þegar ég var að verða fjögurra ára, að nú væri ég of stór fyrir snuð og henti því út um gluggann. Ég hef ALDREI séð eftir neinu eins og þessu.

**En fyrsta minning um jólin?** Ég á margar góðar minningar. Mér fannst alltaf hátíðlegt að fara í messu hjá pabba á aðfangadag bæði klukkan 18 og 23.30. Mér fannst alltaf gaman og hátíðlegt að fara í kirkju.

**Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir að leika?** Ég byrjaði að leika í jólaleikritum í skóla. Svo var ég unglingur þegar ég lék fyrst með atvinnuleikurum, þar á meðal Þresti Leó. Þannig að við höfum þekkst lengi.

**Gerðir þú einhvern tíma skammarstrik þegar þú varst lítill?** Ég var mjög lélegur í þeim. Oft vorum við vinirnir eitthvað að prakkarast og þá náðist ég eiginlega alltaf. Dyraat var mjög vinsælt og símaat líka.

**Lékstu þér í tölvuleikjum þegar þú varst strákur?** Nei, mér fannst alltaf leiðinlegt í tölvuleikjum. Var stundum í tölvuspili en aldrei lengi í einu.

**Ertu góður í einhverri íþrótt?** Ég æfði handbolta með Val. Ég elska handbolta. Ég átti bók sem sýndi hvernig maður verður góður í handbolta. Núna í dag er hægt að kaupa DVD-disk með handboltakennslu. Mig langar í svoleiðis.

**Átt þú börn?** Já, tvö, strák og stelpu.

**Hvernig hlutverk finnst þér skemmtilegast að leika?** Alls konar. Það er svo gaman að skipta um og breyta til. Nú er ég að leika Jólasögu með Þresti, Hinn eini sanni jólaandi, við sýnum í Borgarleikhúsinu! Það er rosalega gaman.

**Hefurðu búið til mörg leikrit sjálfur?** Jólasagan er leikrit eftir okkur Þröst byggt á sögu eftir mig. Svo gerði ég Eldfærin og baunagrasið upp úr ævintýrum sem eru til. Mér finnst mjög gaman að búa til leikrit.

**Hvað finnst þér best við jólin?** Að leika mér með fjölskyldunni og eiga notalega stund með þeim sem mér þykir vænt um. Borða góðan mat, gefa gjafir og fara í messu til pabba.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Krakkakynning

***Nafn og aldur:*** Arndís Birta Ólafsdóttir, 11 ára.

***Í hvaða skóla ertu?*** Hamraskóla.

***Í hvaða stjörnumerki ertu?*** Tvíburi.

***Áttu happatölu?*** Já, 18.

***Helstu áhugamál?*** Syngja, lesa bækur, leika við vini og vera með fjölskyldunni.

***Eftirlætissjónvarpsþáttur?*** Vampire Diaries.

***Besti matur?*** Pitsa.

***Eftirlætisdrykkur?*** Sprite og Yippy (grænn).

***Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?*** Heimilisfræði.

***Áttu gæludýr?*** Ekkert núna en átti einu sinni hamstur sem hét María.

***Skemmtilegasti dagurinn?*** Laugardagur því þá er maður í fríi og fjölskyldan hefur kósýkvöld.

***Eftirlætistónlistarmaður?*** Carly Rae Jespen.

***Uppáhaldslitur?*** Fjólublár.

***Hvað gerðirðu í sumar?*** Lék við litlu systur mínar og svo flutti ég í nýtt hús.

***Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?*** Allar bækurnar eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur frænku mína, en sérstaklega bækurnar um Ólafíu Arndísi.

***Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?*** Kennari og búðarkona.



# Heilsuréttir fjölskyldunnar

*Heilsuréttir fjölskyldunnar* hefur slegið rækilega í gegn.
**Fjórða prentun komin í verslanir.**







# Heilsusúpur og salöt

Girnilegar og hollar súpur og salöt við allra hæfi.




# Pítsur

Fjöldi uppskrifta að ljúffengum pítsum og pítsugerðin verður leikur einn.




# Bollakökur og Konfekt

**Bollakökur**
Dýrindis bollakökuuppskriftir og 16 silíkonform.
Sérlega falleg og hagnýt gjöf.

**Konfekt**
Konfekt fyrir alla sælkera. Ómótstæðilegar konfektuppskriftir og 30 silíkonform.

BÓKAFÉLAGIÐ

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1. Passar íþróttaviðburður í álform? (7)
5. Rök fjörga lappa um regnríka tíð (12)
11. Hér er peli, segir fatlafól (11)
12. Tóku óhapp í auðlind (8)
13. Frá blöndu yfir í fyrirgefningu (7)
14. Ragna Smára gerir örlítlar breytingar (10)
15. Klaufdýr að berja rykrottur (7)
16. Fyrr í að rugla stálið sem súr bítur ei (7)
19. Tölum gegn andófi (8)
22. Hér molnar eðlileg röð bókstafa (6)
26. Fjölskylda dregin og fóstruð til frambúðar (8)
28. Sé klúra fara í káetu (5)
31. Örlög gátta má rekja til ramma þeirra (9)
32. Kem upp um sveip í afa (8)
33. Fjölfjórflúoretýltölvan er með ónýtt minni (13)
34. Íhaldslengja er frænka þorsksins (8)
35. Önd eggja fyrir himneska söngvana (7)
36. Bara ég og þessi sígræni (5)
39. Þetta skar var brenglun frækinnar (7)
41. Kóreskur smellur enn á smala (10)
42. Bæði löggan og leigubílstjórarnir stóla á keyrslukrotarana (9)
43. Hemja fellingu í bága við hegðunarreglur (7)
44. Gamall skítur úr íslenskum víkingi (9)

**LÓÐRÉTT**
1. Óbrengluð sporkaka hylur báða fætur (8)
2. Bruðlandi þjóð kveður sinn sólundarsöng (8)
3. Kontóristi er kvikindi í harðri kápu (8)
4. Tvöfalda girni (10)
5. Blóðþyrstar hengja greifa í vír (9)
6. Blæðingar ávaxta í höfuðfötin (9)
7. Út fyrir víðáttu án innihalds (8)
8. Almanak náði ei lengra, útheimtir gáta þrengra? (8)
9. Messa fær vinsælt korn út úr þessu rugli (8)
10. Auga stúlku er bleikt sem flagahnoðri (10)
17. Drep þá sem fjærst eru á bílasafnsbænum (9)
18. Kennd kysi sjálfstæði (9)
20. Skrækir ku vera byggingar fyrir músík (8)
21. Mynda dreifinguna fyrir milliveginn (13)
23. Einn er tindafjöldi (8)
24. Bitvargur, harðnað harpix, sjór og síða–votlendið sameinar allt þetta (11)
25. Hræ visna vegna húðhnúða (8)
27. Óróleiki í duglegri (6)
29. Brekkusjór er á milli Sveifluháls og Vatnshlíðar (11)
30. Próf sýnir að þær eru alvöru (10)
36. En hvað með einiberjasnafs spyr ekki nokkur manneskja (5)
37. Janni er ruglaður bardagakappi (5)
38. Dóttir Matthíasar og Lovísu (5)
39. Gáir til veðurs og sér fimm rómverska orma í ruglinu (5)
40. Snyrtir slompaðar (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**SJÁLFBOÐALIÐAR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Ár Kattarins frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jónína P. Stefánsdóttir, Kópavogi** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vinsælt byggingarform. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „8. desember".


**Mímir-símenntun býður upp á margvíslegar námsleiðir í fullorðinsfræðslu**
**Skráning stendur yfir núna í síma 580 1800**



**Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?**
**Menntastoðir** brúa bilið
– næsti hópur byrjar **14. janúar**

**Förstu ekki í framhaldsskóla?**
Skoðaðu **Grunnmenntaskólann**
– næsti hópur byrjar **8. janúar**

**Er lesblinda í þinni fjölskyldu?**
**Aftur í nám** styrkir stöðu lesblindra
– næsti hópur byrjar **4. febrúar**



▶ **Náms- og starfsráðgjöf er þér að kostnaðarlausu**
▶ **Raunfærnimat í verslunarfagnámi og í skrifstofugreinum er þér að kostnaðarlausu**

MÍMIR símenntun

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - Sími: 580 1800 - www.mimir.is


## DÝR VIKUNNAR
DRAUGAPI



# Augnstórt rándýr með haus á við uglu

Draugapar – öðru nafni vofuapar – eru sannkallaðar furðuskepnur. Þeir eru pínulitlir, búkurinn og hausinn saman ekki nema tíu til fimmtán sentímetrar, og með langar lappir, en augun í þeim risavaxin; hvort um sig er um sextán millimetrar í þvermál og jafnstórt og heilinn í þeim.

Draugaparnir, sem finnast hvergi nema á eyjum í Suðaustur-Asíu, hafa valdið vísindamönnum heilabrotum í hundrað ár. Þeir vita nefnilega ekki almennilega hvernig ber að flokka þessa einkennilegu prímata. Ýmist eru þeir sagðir af sömu ættkvísl og hálfapar á borð við lemúra eða í sérstökum systurflokki þeirra dýra sem á íslensku heita einfaldlega apar. Margt virðist benda til þess að þeir hafi kvíslast frá öðrum prímötum mjög snemma í þróunarsögunni.

Það er fleira sem gerir draugapana einstaka í dýraríkinu. Þökk sé óvenjulegri hryggsúlu geta þeir snúið höfðinu í 180 gráður eins og uglur. Það hjálpar þeim auðvitað að verjast árásum að geta horft allt í kringum sig án þess að hreyfa sig úr stað. Þeir hafa einnig ofurnæma heyrn, ekki ósvipaða og leðurblökur.

Þessi litlu næturdýr, sem eru af nokkrum lítils háttar ólíkum tegundum, hafa mikinn kraft í löngum löppunum og geta stokkið tí- til tuttugufalda lengd sína í loft upp. Pegar draugapi kemur í heiminn eftir hálfs árs meðgöngu er hann þegar loðinn og með opin augu. Innan sólarhrings er hann farinn að príla í trjám.

Að síðustu má nefna að draugapar eru einu prímatarnir sem eru alfarið rándýr. Þeir stökkva fyrst og fremst á skordýr og éta en veiða sér líka af og til fugla, snáka, eðlur og leðurblökur til matar. Staða allra tegundanna er viðkvæm og sumar eru í bráðri útrýmingarhættu. - sh

# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**

**40% afsláttur**

**1199 kr. kg**

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Esju bayonneskinka

**40% afsláttur**

**1199 kr. kg**

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Esju sænsk jólaskinka

**JÓLALÆRI**

**1598 kr. kg**

Lambalæri með trönuberjum og eplum

**20% afsláttur**

**798 kr. kg**

Verð áður 998 kr. kg
Grísasíður pörusteik

**15% afsláttur**

**998 kr. kg**

Verð áður 1198 kr. kg
Grísahryggur með pöru

# Helgar-tilboð!

aðeins **696 kr. kippan**

Pepsi, 4 x 2 lítrar

4x2 lítrar

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

✝



Við sendum innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR PÁLÍNU KARLSDÓTTUR**
**frá Látrum í Aðalvík.**

**Óli Örn Andreassen** **Annette T. Andreassen**
**Inga Lovísa Andreassen** **Matthías Viktorsson**
**Karl Andreassen** **Elma Vagnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR B. SIGMARSSON**

andaðist á líknardeild LSH Kópavogi þann 5. desember síðastliðinn. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskapellu þriðjudaginn 11. desember kl. 15.00. Útför fer fram á Seyðisfirði laugardaginn 15. desember kl. 13.30.

**Björgvin Ólafur Gunnarson** **Ólöf Jóhanna Sigurðardóttir**
**Sigmar Gunnarsson** **Hulda Gunnarsdóttir**
**Friðrik Már Gunnarsson** **Guðveig Bjarný Guðmundsdóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir, systir og dóttir,

**ANNA KRISTJANA TORFADÓTTIR**
**fyrrverandi borgarbókavörður,**

andaðist á líknardeild Landspítalans 30. nóvember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 11. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans og Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Vera Júlíusdóttir**
**Gauti Sigþórsson**
**Ásgeir Torfason**
**Ólafur Torfason**
**Ragnheiður Torfadóttir**
**Vera Pálsdóttir**



ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284• Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947



Rúnar Geirmundsson
Sigurður Rúnarsson
Elís Rúnarsson
Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is





Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla
Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn





ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**ORGANISTINN** „Ég hafði alltaf verið í klassísku námi og ekki séð neitt annað fyrir mér en eitthvað á þeim nótum en allt í einu var ég farinn að spila fyrir dansi þrjú kvöld um hverja helgi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frelsi til að gera tilraunir

## Organistinn Gunnar Gunnarsson hefur gengið til liðs við Fríkirkjuna. Þar sér hann fram á fjölbreytt verkefni og er feginn að mega víkja aðeins frá því hefðbundna.

„Það er voða gott að breyta til. Mér finnst ég nú hafa frelsi til að gera tilraunir, spyrja spurninga og gera heiðarleg mistök ef illa fer,“ segir tónlistarmaðurinn Gunnar Gunnarsson, nýráðinn organisti í Fríkirkjunni. „Ég er búinn að vera í Laugarneskirkju í 17 ár og var ekki orðinn leiður á neinu nema sjálfum mér. Ég vissi að það voru mannabreytingar í Fríkirkjunni og ákvað að athuga málið. Við séra Hjörtur Magni höfum mikið unnið saman, í giftingum og ýmsum athöfnum, þannig að við höfum svo sem verið að daðra hvor við annan um langa hríð.“

Eru Laugarnesbúar ekki sárir og svekktir? „Ég vona að minnsta kosti að þeir séu ekki glaðir yfir því að ég fór en þeir verða það með nýjan organista því það kemur alltaf maður í manns stað.“

Gunnar segir Fríkirkjuna gott tónlistarhús. „Eftirhljómurinn þar er hagstæður og svo tekur hún marga,“ segir hann og sér fyrir sér að verða með djassmessur sem mætti þróa í ýmsar áttir. „Í Fríkirkjunni er góð lausn á kórmálunum,“ segir hann. „Forveri minn í starfi, Anna Sigríður Helgadóttir, laðaði til sín ungt fólk sem er að læra söng í FÍH og ég tek við þeim ágæta hópi.

Gunnar er frá Akureyri, á foreldra þar og rætur. „Ég kom hingað suður í Tónskóla Þjóðkirkjunnar og kláraði kantorspróf, fór líka í Tónlistarskólann í Reykjavík og tók burtfararpróf í tónsmíðum,“ segir hann. Var hann í tónlist fyrir norðan? „Já, heilmikið. Ég byrjaði 16 ára gamall í Hljómsveit Finns Eydal. Þá riðluðust svolítið plönin. Ég hafði alltaf verið í klassísku námi og ekki séð neitt annað fyrir mér en eitthvað á þeim nótum en allt í einu var ég farinn að spila fyrir dansi þrjú kvöld um hverja helgi.“

Gunnar hefur leikið á Hammond-orgel undir söng Bjarna Ara að undanförnu og á aðventukvöldinu annað kvöld ætlar hann að þenja jólalögin á það hljóðfæri líka. Fram undan eru tónleikar með Esther Jökulsdóttur þann 13., þar sem lög Mahaliu Jackson óma, og svo allar jólamessurnar auðvitað. Hann kveðst hlynntur margs konar tónlist, ekki bara hákirkjulegri og segir þá afstöðu passa vel í Fríkirkjunni. Þar sé til dæmis ekki um víxlsöng að ræða milli prests og kórs. „Tónið hjá prestum var upphaflega notað til að láta hið talaða orð berast í stórri dómkirkju, og maður veltir fyrir sér hvort það hefði mátt endurskoða það þegar hljóðkerfið var fundið upp.“

gun@frettabladid.is

# Mozart vafið inn í messuformið

„Við ákváðum að opna dyr kirkjunnar á öðrum forsendum en þeim hefðbundnu og í gær efndum við til kaffihúsakvölds sem heppnaðist vel og var heimilislegt. Díana Bryndís ljósmyndanemi opnaði líka listsýningu í anddyrinu sem stendur fram í febrúar,“ segir Gunnhildur Helgadóttir, formaður afmælisnefndar Glerárkirkju. Kirkjan heldur upp á 20 ára vígsluafmæli nú um helgina. Um tvöfalt afmæli er að ræða því suðurálman er 25 ára, var tekin í notkun 1987.

„Gunnhildur segir eitthvað við allra hæfi í dagskránni. „Doktor Hjalti Hugason flytur erindið *Samfylgd þjóðar og kristni í þúsund ár* klukkan 16 í dag og á eftir verða umræður yfir kaffibolla ásamt tónlist. Afmælissunnudagaskóli verður á morgun og hápunkturinn er hátíðarmessa klukkan 14 þar sem biskupinn prédikar og Krýningarmessa eftir Mozart er vafin inn í messuformið. Bíókvöld æskunnar er svo annað kvöld.“

- gun



**GLERÁRKIRKJA** Glerárprestakall var stofnað 1981 og fyrsta skóflustunga að kirkjunni var tekin 1984. MYND/BJÖRGVIN STEINDÓRSSON

✝



Okkar ástkæra móðir, amma og langamma,

**UNNUR ÞÓRA ÞORGILSDÓTTIR**
**ljósmóðir,**
**síðast til heimilis að Hrafnistu Laugarási,**

áður búsett í Sandgerði og Kópavogi, lést 2. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 14. desember kl. 13. Starfsfólki hjúkrunardeildar A-4 á Hrafnistu eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Hrafnistu eða önnur líknarfélög.

**Þorgils Baldursson** **Inga Jónsdóttir**
**Sigurbjörg Baldursdóttir** **Ásgeir Beinteinsson**
**Hallur Andrés Baldursson** **Kristín Sædal Sigtryggsdóttir**
**Sigurður Baldursson** **Borghildur Sigurbergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörnin.**

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar hjartkæru,

**KRISTÍNAR STEINARSDÓTTUR**
**kennara,**
**Bleikjukvísl 11, Reykjavík.**

Þökkum ómetanlega vináttu, umhyggju og stuðning í veikindum hennar með bænum ykkar og nærveru.

**Sigurbjörn Magnússon**
**Magnús Sigurbjörnsson**
**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
**Nína Kristín Sigurbjörnsdóttir**
**Elsa Pétursdóttir** **Steinarr Guðjónsson**
**Björg Steinarsdóttir** **Gísli V. Guðlaugsson**
**Rakel Steinarsdóttir**
**Bryndís Steinarsdóttir** **Hermann Hermannsson**

# Bókabúðin þín

Tilboð
12.999,-
Fullt verð 17.999,-




Dr. Gunni kynnir bókina milli kl 15 og 16 í dag

★★★★★ / Fréttablaðið

**„Dr. Gunni hefur unnið þrekvirki.“**
Kolbeinn Óttarsson Proppé / Fréttablaðið

**„Feykivel heppnuð bók ... Stuð á hverri síðu.“**
Jón Agnar Ólason / Morgunblaðið

**„Algerlega heillaður af þessu stórvirki.“**
Páll Ásgeir Ásgeirsson

**„Magnað verk.“**
Þorgeir Tryggvason / Rás 2

Tilboð
10.990,-
Fullt verð 14.990,-




**„Þetta er vegleg og eiguleg bók, upplýsandi og oft bráðskemmtileg.“**
Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

**„Þrekvirki, virkilega skemmtileg og vel unnin í alla staði.“**
Guðfinnur Sigurvinsson / síðdegisútvarp Rásar 2

Tilboð 5.590,- Fullt verð 6.990,-




*Nonni – Pater Jón Sveinsson*
**Gunnar F. Guðmundsson**

Tilboð 6.990,- Fullt verð 7.990,-




*Höfnin*
**Björn Pétursson**
**Steinunn Þorsteinsdóttir**

Tilboð 5.190,- Fullt verð 6.490,-




*Húsið*
**Stefán Máni**

Tilboð 5.590,- Fullt verð 6.990,-




*Hreint út sagt*
**Svavar Gestsson**

Tilboð 2.990,- Fullt verð 3.990,-




*Grimmsævintýri*
**Ýmsir**

Tilboð 4.990,- Fullt verð 6.290,-




*Hlaupið í skarðið*
**J.K. Rowling**

Tilboð 2.390,- Fullt verð 2.990,-




*Búkolla*
**Huginn Þór Grétarsson**

Tilboð 2.390,- Fullt verð 2.990,-



Svavar Knútur spilar í dag kl. 15.00

*Ölduslóð*
**Svavar Knútur**



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**

Kynningarverð gildir til og með 14. des. 2012

svavar@skakkapopp.is

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** aðaltenging, **8.** merki, **9.** aum, **11.** skst., **12.** táknmynd, **14.** skýli, **16.** í röð, **17.** fiskilína, **18.** upphaf, **20.** tvíhljóði, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** skammstöfun, **4.** fugl, **5.** sjáðu, **7.** kennslubók, **10.** ar, **13.** til sauma, **15.** innyfli, **16.** púka, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sess, **6.** en, **8.** hak, **9.** sár, **11.** no, **12.** ímynd, **14.** skáli, **16.** áb, **17.** löð, **18.** rót, **20.** au, **21.** akur.
**LÓÐRÉTT:** **1.** desi, **3.** eh, **4.** sandlóa, **5.** skó, **7.** námsbók, **10.** ryk, **13.** nál, **15.** iður, **16.** ára, **19.** tó.






# Látið börnin koma til mín

**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur



Kirkjuferð á aðventu er stór hluti af starfi fjölmargra skóla og leikskóla. Þá trítla börn af öllum stærðum og gerðum í næstu kirkju til að hlusta á hugvekju, taka þátt í helgihaldi og syngja sálma. Þetta er gamall og góður siður sem starfsfólki skólanna og kirkjunnar finnst bæði hátíðlegur og hlýlegur, jafnvel marka upphaf hátíðleika aðventunnar og jólahaldsins. Því hvað er fallegra en bænakvak lítilla barna, sálmasöngur smárra og tærra radda inni í hljómandi kirkjuskipum, æska landsins að lofsyngja með gleðiraust og helgum hljóm?

**ÞAÐ** er bara smávandi sem tengist þessum sið. Sum börn eiga ekkert erindi í þessa kirkjuferð. Ekki vegna þess að þau séu ekki jafngóð og gild og hin börnin, enda telja flestir sem aðhyllast slíkar kirkjuferðir að öll börn séu jafngóð í hjartanu, heldur vegna þess að foreldrar þeirra eru ekki hluti af samfélagi kirkjunnar og hafa valið sér það hlutskipti sjálfir. Foreldrarnir hafa ýmist aðra trú eða enga trú og síðarnefnda hópnum finnst jafnvel að börn eigi að fá að ráða því sjálf hvort þau tileinka sér boðskap einhverra trúarbragða þegar þau hafa vit og þroska til en ekki þegar þau eru of lítil til að geta valið sér föt á morgnana, hvað þá lífsskoðanir eða fjárhagslegar skuldbindingar. Þessir foreldrar sjá ekki tilganginn með því að fara með börn á staði sem jafn vandlega eru merktir ákveðnum lífsskoðunum og kirkjur eru.

**ÞAÐ** er sjálfsagt ekki hægt að finna neitt stórkostlega skaðlegt við kirkjuferðir skólabarna á aðventu. Í versta falli fara börnin út með fræ að lífsskoðun sem alls ekki allir foreldrar telja æskilega fyrir börnin sín. Í besta falli upplifa þau einhvers konar frið og fegurð í sálinni og fara jafnvel að tengja þann frið við textann í lögunum. En það skiptir bara engu máli. Trúboð er bannað í skólum og þeir foreldrar sem telja að kirkjustarf sé börnum þeirra til góðs hafa fjölmörg tækifæri til að sinna því utan skólatíma því í flestum kirkjum er öflugt barnastarf.

**JESÚ** sagði: Leyfið börnunum að koma til mín. Hann sagði ekki: Komiði meððau, sama hvað foreldrum þeirra finnst! Sjálfur var hann ekki skírður fyrr en hann var þrítugur. Þeir sem trúa á Jesú segja að hann sé kærleiksríkur, umburðarlyndur og þolinmóður. Hann getur örugglega alveg beðið eftir því að börn ákveði sjálf sem fullorðið fólk að trúa á hann.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tilboðin gilda **8. - 9.** desember




KULDI

**3.959 KR**

FRÁBÆRT HÁR

**2.955 KR**







HLAUPIÐ Í SKARÐIÐ

**3.963 KR**




STELPUR GETA ALLT

**3.544 KR**




UNDANTEKNINGIN

**3.900 KR**




ANGRY BIRDS

**2.645 KR**




LJÓSMÓÐIRIN

**4.277 KR**




MÁNASÖNGVARINN
TULIPOP

**2.793 KR**




TOP GEAR
100 GEGGJUÐUSTU BÍLARNIR

**2.955 KR**




MEISTARINN

**3.953 KR**




BOXARINN

**3.963 KR**

markhonnun.is

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# ÁREYNSLULEYSIÐ KEMUR MEÐ MIKILLI ÁREYNSLU

**Pétur Gunnarsson er í essinu sínu í Íslendingablokk, fyrstu skáldsögu sinni í átta ár, þar sem hann fléttar saman sögur nokkurra íbúa í blokk við Lönguhlíð. Hann segir að eftir 40 ára rithöfundarferil njóti hann þess enn að vakna og koma nýr að textanum.**

**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is



Skáldsögur sem fjalla um samtímann gerast ekki mikið meira í núinu en Íslendingablokk Péturs Gunnarssonar. Bókin hefst á nýársdag á þessu ári og lýkur á útgáfudegi bókarinnar nú fyrir skemmstu. Pétur sat líka að skriftum fram á haust.

En þótt Íslendingablokk sé samtímasaga liggja þræðir hennar víða, bæði í tíma og rúmi og ná jafnvel alla leiðina aftur í Miklahvell. Verkið sjálft teygir anga sína líka langt aftur, tuttugur ár nánar tiltekið, og átti upphaflega að vera hluti að öðru verki.

„Ég réðst á sínum tíma í verkefni sem ég nefni Skáldsögu Íslands, undir þeim hatti hafa til þessa komið út þrjú verk á árunum 2000 til 2004. Ég hafði viðað að mér efni um þónokkurt skeið, en vildi ekki beinlínis fara í þetta far að skrifa sögulega skáldsögu, sem er ákveðið „genre“; sá sem skrifar sögulega skáldsögu þarf að vera mjög vel heima í þeim tíma sem hann fjallar um og þarf að gæta sín á anakrónisma, svo sem í málfari eða láta atburði henda sem passa ekki við sögutímann og svo framvegis. Ég aftur á móti vildi vísvitandi stíga yfir þetta strik og hræra nútímanum saman við söguna. Ég var því alltaf með eitt nútímahorn í þeim sögum.“



**PÉTUR GUNNARSSON** Persónurnar í Íslendingablokk fæddust fyrir tuttugu árum og Pétur ákvað að skrifa um þær sögu sem átti að gerast á rauntíma líðandi stundar. Tuttugu árum síðar og nokkrum uppfærslum er sagan komin út. „Það er dálítið skondið að sjálf uppfærslan varð síðan eitt af yrkisefnum bókarinnar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Uppfærslan varð yrkisefni

Nútíðarkaflinn vildi hins vegar stækka og þenjast út.

„Fyrir tuttugu árum ætlaði ég að skrifa sögu um þessa karaktera og hafa þá hreinlega inn í Skáldsögu Ísland. Hún hafði hins vegar tilhneigingu til að verða of stór fyrir þær bækur og að lokum afréð að gera sjálfstætt verk úr þessum nútíðarkafla.“

Pétur setti sér fyrir að láta þá sögu gerast í rauntíma stundarinnar sem er að líða. Sá rauntími var upphaflega árið 1992 en varð að endingu árið 2012. Í millitíðinni hafði Pétur gert nokkrar atlögur að sögunni og fór því eðli málsins samkvæmt jafnan mikið púður í að uppfæra hana.

„Það er dálítið skondið að sjálf uppfærslan varð síðan eitt af yrkisefnum bókarinnar. Árið 1992 var fólk enn að skrifa ávísanir, netið var ekki komið eða farsímar og svo framvegis. Alltaf þegar ég réðst til atlögu við verkið á ný þurfti ég að taka tillit til þessa, uppfæra tæknistigið og láta karakterana fá þessi tæki og tól í hendur og uppgötva jafnvel hvernig það breytti samskiptum þeirra. Ýmislegt fleira breyttist að sjálfsögðu einnig; persónur sem voru 65 ára þegar ég byrjaði voru orðnar 85 ára núna og ég hafði ástæðu til að óttast um að ég væri að missa þær yfir móðuna miklu.“

### Að hliðra veruleikanum til

Sagan er nokkuð kyrfilega staðsett í Reykjavík nútímans og vísar í atburði sem voru ofarlega á baugi á árinu sem var að líða. Sumar persónurnar gætu líka komið kunnuglega fyrir sjónir úr raunveruleikanum, til dæmis Máni Ísaksson, sem hefur getið sér orð fyrir hjálparstarf í Afríku en snýr heim til að bjóða sig fram til forseta. (Stefán Jón Hafstein?) Pétur tekur þó fyrir að Íslendingablokk sé lykilsaga.

„Hitt er annað mál að maður nótar oft hjá sér eitthvað skemmtilegt sem maður heyrir eða verður vitni að og það kann að rata löngu löngu síðar inn í bók. Mín aðferð er að hliðra veruleikanum aðeins til, vera á skjön við hann til að sjá hann betur. Ef ég færi bara akkúrat ofan í hjólförin sem við erum í skilaði það kannski ekki miklu. Ég er svolítið í því að leika mér að veruleikanum og get ekki merkt að það séu persónur á bakvið persónurnar. Máni kemur úr Skáldsögu Íslands og ég var fyrir löngu búinn að staðsetja hann í hjálparstarfi í Afríku áður en þetta með Stefán Jón kom upp á. Það helgaðist af því að Máni var búinn að ferðast um allan heiminn og hans niðurstaða eftir þá reisu var að fólk væri gott. Mögulega hefur það ýtt undir löngun hans til að verða að liði.“

### Fólk er gott

Allar persónurnar í bókinni eru dregnar af slíkri næmni og samlíðan að það liggur beint við að spyrja Pétur hvort hann deili þessari lífsskoðun með Mána, að fólk sé gott.

„Já, alveg hiksta- og skilyrðislaust. Það er svo mikill munur á fólki sem maður kynnist í raun og þeirri mynd sem kann að framkallast af fólki í fjölmiðlafárinu. Það er að minnsta kosti mín reynsla. Ég hef sjálfur farið í mína reisu og mætti aldrei öðru en góðvild. Raunar lygilegri góðvild.“

Jafnvel má líta á Íslendingablokk sem mótvægi við raðuppnámið og dómhörkuna, sem oft einkennir þjóðmálaumræðuna.

„Ég held að það sé gríðarlegur munur á því sem er að gerast í fjölmiðlaumræðunni og því sem er að gerast hjá fólki upp og ofan. Tökum sem dæmi þessa borgarastyrjöld sem ríkir á Alþingi Íslendinga, hún er svo afmörkuð við þennan hóp. Ég held að þú finnir hvergi á Íslandi mengi af fólki sem er svipað innstillt og þetta litla mengi í þinginu. Samt breiðist þetta yfir allt þjóðlífið – þetta er nú einusinni fólkið sem við höfum kosið til að standa vaktina og koma þjóðarskútunni í heila höfn. En það sem okkur er boðið upp á jaðrar við að vera óbærilegt á köflum.“

Pétur segist þó ekki hafa skrifað bókina með neinn meðvitaðan boðskap í huga, hann komi meira ósjálfrátt.

„Þegar maður stendur upp frá verki lokast það á vissan hátt fyrir manni, maður stendur fyrir utan það. Þetta er svolítið svipað og með drauma. Þegar þú vaknar manstu óljóst eftir draumnum en svo gufar hann upp á meðan þú ert að klæða þig í. Skáldskapur er smíðaður að verulegu leyti úr dulvitund og fyrir bragðið hefur verkið tilhneigingu til að fjarlægjast mann um leið og punktur er settur. Fyrir vikið á ég oft erfitt með að tilgreina hvað er hvaðan og hvað er hvað.“

### Lýtur járnhörðum lögmálum

Sem stílisti er Pétur upp á sitt allra besta í Íslendingablokk; textinn meitlaður og drekkhlaðinn merkingu en um leið svo lipur og flæðandi að það er engu líkara en hann hafi verið skrifaður áreynslulaust.

„Ég held að það sé alltaf blekking,“ segir Pétur. „Áreynsluleysið er búið til með mikilli áreynslu. Þótt ég hafi ekki verið tuttugu ár að skrifa bókina þá var hún mjög lengi í gerjun.

Ég get verið mjög lengi að vinna með texta sem stafar af því að hann virðist lúta einhverjum lögmálum sem eru járnhörð; ég reyni kannski að koma með viðbætur og textinn hrindir þeim jafnharðan frá sér. Það er einhver músík í textanum sem ég verð að hlíta. Á meðan ég er að vinna textann er ég samrunninn honum – hann er svo að segja runninn mér í merg og blóð. En svo kemur að því stigi að hann er tilbúinn og hafnar öllu sem kemur nýtt í viðbót og þá skilar maður af sér.“

> **Mín kenning um muninn á rithöfundi og ekki rithöfundi er sú að sá sem er ekki rithöfundur brotnar saman yfir vangetu sinni.**

### Að gleðjast yfir ómögulegum texta

Textinn í Íslendingabók afspyrnuskemmtilegur aflestrar. Var skemmtilegra að skrifa þessa bók en aðrar?

„Ég man ekki til þess. Yfirleitt finnst mér mjög gaman að kljást við texta. Mín kenning um muninn á rithöfundi og ekki rithöfundi er sú að sá sem er ekki rithöfundur brotnar saman yfir vangetu sinni. Hann les það sem hann skrifaði í miklu stuði daginn áður, sér að það er ekki boðlegt og missir móðinn. Rithöfundur hins vegar gleðst yfir því hvað afraksturinn frá því í gær er ómögulegur því þá eygir hann möguleika til að betrumbæta.

Þetta er það sem drífur mann áfram. Maður skrifar á hverjum degi í nokkra klukkutíma á meðan frjómagn er í hugsuninni og sköpun í gangi. Að því búnu er brýnt að hætta, að ætla að halda áfram eftir að maður er orðinn tómur er dæmt til að mistakast. Síðan gerist eitthvað stórkostlegt um nóttina, í svefninum. Undirvitundin heldur áfram að vinna – maður vaknar endurnýjaður og kemur nýr að verkinu. Ég hef nú verið nokkuð lengi að verki, í 40 ár, en ég nýt þess alltaf jafn mikið að vakna og uppgötva lífið í textanum.“



# JÓLATILBOÐIN Í FULLUM GANGI!

## Opið alla daga til jóla!



## Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte Julien

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLANLEGT

**Dorma-verð**

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x 80x200 | 375.800,- |
| 2x 90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 407.800,- |
| 2x100x200 | 429.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.



## Nature's Rest heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm$^2$

Nature's Bedding

Aðeins kr. 10.250,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

FRÁBÆR KAUP



**Dorma-verð**

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Shape heilsukoddar

frábær jólagjöf

Shape Classic kr. 5.900,-



Þéttur

Shape Comfort kr. 5.900,-



Mjúkur

Shape Original kr. 8.900,-



Stuðningslag

## Jóla-tilboð!



TVENNU Sæng+koddi TILBOÐ

| | |
|---|---|
| Dúnsæng + dúnkoddi | kr. 15.900,- |
| Trölla-dúnsæng | kr. 13.900,- |
| Stakur dúnkoddi | kr. 4.900,- |

Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður. Koddi:15% dúnn/85% smáfiður.

## Dúnvörur mikið úrval!



**COMFORT SÆNG**

kr. 25.900,-

700 gr. 70% andadúnn og 30% smáfiður.
Hlý og góð dúnsæng.
Stærð: 135x205cm.



**CARE-BOX SÆNG**

kr. 37.900,-

800 gr. 90% gæsadúnn og 10% smáfiður.
Ótrúlega hlý og góð haust- og vetrarsæng.
Stærð: 135x205 cm.

## MEMORY FOAM heilsuinniskór

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!



1 par kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

Heilsuinniskór sem lagar sig að fætinum – einstök þægindi

BEST BUY




JÓLA- 25% AFSLÁTTUR

Ilmur mánaðarins

**OPIÐ**
**Holtagörðum**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**
**Sunnud.aga kl. 13-16**

# DORMA

– býður góða nótt

**Pöntunarsími**
**☎ 512 6800**
**www.dorma.is**

# Klassík og kórperlur

Kammerkór Mosfellsbæjar heldur aðventutónleika í Listasafni Íslands á morgun, 9. desember, klukkan 20. Á efnisskránni eru klassísk jólalög í bland við þekktar kórperlur frá ýmsum tímabilum og löndum. Einsöngvarar verða Ástrún Friðbjörnsdóttir, Gyrðir Viktorsson, Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir, Magdalena Kullas og Viktor Guðlaugsson. Stjórnandi er Símon H. Ívarsson og meðleikarar Liwen Huang á píanó og Ívar Símonarson á gítar. Þá leikur Helga R. Óskarsdóttir einleik á fiðlu.



**KAMMERKÓR MOSFELLSBÆJAR** Píanó, gítar og fiðla koma líka við sögu á tónleikunum.





Út er komið glæsilegt *Söngvasafn*, sem er aukin og endurskoðuð útgáfa bókarinnar *Nýtt söngvasafn handa skólum og heimilum.* Ingólfur Guðbrandsson, Þorgerður Ingólfsdóttir og Snorri Sigfús Birgisson völdu lögin í bókina.

*Söngvasafn* er 240 blaðsíður og hefur að geyma rúmlega 200 sönglög, gömul og ný, með nótum fyrir píanóundirleik og bókstafshljóma fyrir gítarundirleik.

Hægt er að kaupa bókina hjá **www.nams.is** og í nokkrum bóka- og hljóðfæraverslunum.

NÁMSGAGNASTOFNUN


# Saga um sögur um sögur

BÆKUR ★★☆☆☆

**Fjarvera**
Bragi Ólafsson
**MÁL OG MENNING**




Nýjasta skáldsaga Braga Ólafssonar, Fjarvera, er nokkuð einkennileg í laginu og hún teygir anga sína víða. Samt er ekki laust við að lesandi geti fengið ákveðna innilokunarkennd við lesturinn. Sagan er, eins og flest verk Braga, uppfull af tilvísunum í aðra bókmenntatexta, í tónlist og myndlist. Innilokunarkenndin getur stafað að því að mjög stór hluti þeirra tilvísana í önnur verk sem birtast í textanum eru í fyrri verk Braga sjálfs. Aðalsöguhetja Fjarveru, málfræðingurinn og prófarkalesarinn Ármann, er þannig lesendum Braga að góðu kunnur úr Gæludýrunum, skáldsögu Braga frá árinu 2001. Sögumaður þeirrar sögu, Emil S. Halldórsson, sá sem faldi sig svo eftirminnilega undir rúmi nær alla söguna, kemur hér einnig við sögu auk persóna úr Sendiherranum, Handritinu að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenny Alexson og fleiri skáldverkum Braga. En þótt Fjarvera sé í einhverjum skilningi framhald á Gæludýrunum verður lesandi litlu nær um örlög Emils eftir að dvöl hans undir rúminu lýkur og það sama á við um persónur úr öðrum verkum. Hér er safnað saman ótal lausum endum úr fyrri verkum, en þeir eru ekki hnýttir eða gengið frá þeim heldur verða til enn fleiri lausir endar.

Skáldsögur Braga eru smám saman að verða að sjálfstæðum skáldskaparheimi þar sem sömu persónurnar ganga inn og út úr einstökum sögum, rekast hver á aðra og grípa inn í líf hver annarrar. Fjarvera er svolítið eins og ættarmót þar sem safnast saman persónur annarra bóka Braga, án þess að þær eigi endilega allar skýrt eða ákveðið erindi. Einstakir kaflar sögunnar bera mörg bestu höfundareinkenni Braga. Hér eru neyðarlegar uppákomur þar sem er teygt á frásögninni og tímanum þar til fer að reyna á bæði þolrif og hláturtaugar lesanda, og samtöl sem vega salt á milli hins fáránlega og hversdagslega. Á hinn bóginn eru hér líka kaflar sem hreyfa furðu lítið við lesanda.

Sjálfssögur eða metaskáldskapur kallast sögur sem fjalla um eigin bókmenntaleika. Fjarvera er slík saga, hún fjallar um skáldskap og tilurð hans og á í margvíslegri samræðu við aðra texta. Sjálfssögur einkennast iðulega af leik og húmor, hvorttveggja er að finna í Fjarveru, en þrátt fyrir glimrandi góða kafla er sagan sem heild ákveðin vonbrigði. Eins og í mörgum fyrri verkum Braga er lesandinn teymdur í ýmsar áttir sem flestar reynast vera blindgötur, en ferðalagið um það völundarhús er ekki jafn kitlandi og spennandi og oft áður.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Saga um sögur þar sem persónur og viðfangsefni úr fyrri sögum höfundar birtast á fjölbreyttan hátt.

# Fengu næstum fullt hús í BBC Magazine

## Graduale Nobili halda tónleika annað kvöld.

Dancing Day eftir John Rutter og Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten eru á söngskrá Graduale Nobili í Langholtskirkju annað kvöld. klukkan 20. Diskur kórsins með verkunum var meðal jóladiska sem BBC Magazine valdi sem þá áhugaverðustu fyrir þessi jól. Blaðið gefur kórnum fjórar stjörnur fyrir flutning og fimm fyrir upptöku.

Auk þessara verka verða fluttar nokkrar íslenskar jólaperlur, meðal annarra Hátíð fer að höndum ein, Nóttin var sú ágæt ein og Jólasöngur Huga Guðmundssonar. Fjölmargir einsöngvarar úr röðum kórfélaga koma fram.

Eftir tónleikana er boðið upp á heimabakaðar eðalsmákökur að hætti Nobili.

Stjórnandi er Jón Stefánsson og Elísabet Waage leikur á hörpu.





Íslandsbanki kynnir fimm vikna námskeið fyrir konur í gerð viðskiptaáætlana

Íslandsbanki og Félag kvenna í atvinnulífinu standa fyrir námskeiði í gerð viðskiptaáætlana í samstarfi við Opna háskólann í HR.

Í lok námskeiðs geta þátttakendur skilað viðskiptaáætlun til dómnefndar. Fimm eru valdar áfram í nánari ráðgjöf. Sú viðskiptaáætlun sem þykir best fær **2.000.000 kr.** styrk frá Íslandsbanka.

**Kennsla hefst 29. janúar 2013.**

**Skráning og nánari upplýsingar á islandsbanki.is**

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

FKA | OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK | Íslandsbanki

# VILTU KYNNAST FÓLKINU Í BLOKKINNI?



JPV ÚTGÁFA

★★★★

**„Hvert orð skiptir máli, hver mynd er þaulhugsuð og heildaráhrifin eru fjandanum magnaðri … Fádæma vel skrifuð saga, leiftrandi af húmor, mannskilningi og hlýju en með grafalvarlegum undirtón.“**

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ




**Íslendingablokk** er hugljúf og fyndin samtímasaga.
En þó að hún fjalli um fólk í blokk í Reykjavík hér og nú fer hún víða í tíma og rúmi, jafnvel alla leiðina aftur í Miklahvell …

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## OPNUNARTILBOÐ AÐEINS Í BÓNUS Á NÝBÝLAVEGI

398 KR. 498 KR.
**GEVALIA KAFFI**
EBONY MÖRKRÖSTED BAUNIR 500gr
ABYSSINIAD DAWN LATT RÖSTED 400gr

198 KR.
**KJÖRÍS TILBOÐSÍS 1 LTR.**
SÚKKULAÐI & VANILLA

98 KR.
**SÍRÍUS KONSÚM 100gr**

129 KR.
**NÓA KROPP 150 gr**

298 KR.
GÓU LJÓSAR
**SÚKKULAÐIRÚSÍNUR** 500gr

398 KR.
GILLIE **PIPARKÖKUR** 425gr

595 KR.
**COKE-KIPPA** 4 x 2 ltr

159 KR.
**EGILS MIX** 2 ltr.

59 KR.
HEILKORNA **FLATKÖKUR 4 stk**

59 KR.
BÓNUS **FLATKÖKUR 5 stk**

598 KR.KG
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

1198 KR.KG
BÓNUS: **NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR**

1198 KR.KG
ÞYKKAR SNEIÐAR
BÓNUS BACON

59 KR.DS
**MOUNTAIN DEW - EGILS APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX 330 ml**

198 KR.KG
FERSKIR BÓNUS **KJÚKLINGAVÆNGIR**

BÓNUS FERSKUR
**HEILL KJÚKLINGUR**
**698 KR.KG**

FERSKAR BÓNUS
**KJÚKLINGABRINGUR**
1798 KR.KG

498 KR.KG
FERSKIR BÓNUS **KJÚKLINGABITAR**

OPNUM KL.10
LAUGARDAG

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VELKOMIN Í **NÝJA BÓNUSVERSLUN** Á NÝBÝLAVEGI Í KÓPAVOGI - OPNUM KL.10




BÓNUS SKAGFIRSKT **ÚRBEINAÐ HANGILÆRI**

BÓNUS




**98 KR. 500GR**

**BÓNUS KORNBRAUÐ 500gr**



**2298 KR.**




**1598 KR.**

**MACKINTOSH** KRUKKA 870gr

## 10 STK. MEÐALSTÓR EGG 279 KR. BAKKINN

ATH. AÐEINS ÞRÍR EGGJABAKKAR Á HVERN VIÐSKIPTAVIN !



**198 KR.**

**MYLLU MÖNDLUKAKA** 420gr



**279 KR.BAKKINN**

BÓNUS



BÓNUS FERSKT **LAMBALÆRI** AF NÝSLÁTRUÐU

**1395 KR.**




NORÐANFISKUR
***REYKTUR LAX***

**1995 KR.KG**




NORÐANFISKUR
***GRAFINN LAX***

**1995 KR.KG**



**2598KR.**

**NÓA KONFEKT 940 GR KASSI**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# The Stories of Raymond Carver eftir Raymond Carver

**BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU**

**Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur**



Árið 1991 rakst ég á bókina The Stories of Raymond Carver í Bókabúð Máls og menningar. Ég var að nálgast þrítugt, hafði gefið sjálfur út eitt smásagnasafn og pínulítið ljóðakver en það var nokkrum árum áður, ég hafði ekkert skrifað í nokkur ár, byrjað á sömu blaðsíðunni, sömu málsgreininni, sömu setningunni aftur og aftur án þess að þokast áfram. Í mér bjó efni, andrúmsloft og þrá en ég hafði ekki fundið tóninn.

Það sem fyrst dró mig að bókinni var kápan: Drungalegar myndir af hversdagslegu fólki við hversdaglega iðju. Ég hef alltaf kunnað vel við hversdagsleikann og þráð að gera honum skil í skáldskap. Í sögum bókarinnar öðluðust myndirnar á kápunni sterkara og dýpra líf. Í bókinni eru þrjú smásagnasöfn eftir Carver og sögurnar lýsa baráttu fólks við sjálft sig í hversdagslegum aðstæðum, vangetu til að tjá tilfinningar sínar, áráttu og fíkn, ofbeldi og vanrækslu. Þrátt fyrir dapurlegt efni eru sögurnar mjög fyndnar en það sem hafði mest áhrif á mig var hvernig Carver náði að bregða upp ljóslifandi og eftirminnilegum myndum með mjög einföldu orðalagi.




Sögur Raymonds Carver gáfu mér tóninn fyrir mínar eigin sögur en ekki fyrr en ég hafði legið í þeim í tvö ár og lesið þær fram og aftur. Fór svo að kápan rifnaði utan af mínu eintaki af bókinni og týndist.

Carver lést úr krabbameini árið 1988, aðeins fimmtugur að aldri eða á sama aldri og þessi lærisveinn hans hefur náð í dag. Margir hafa velt því fyrir sér hvers konar snilldarverk heimurinn fór á mis við vegna dauða hans. En ég held áfram mínu pári, stálhraustur, í skugga hans og annarra meistara, eða hvíli á herðum þeirra – allt eftir því hvernig á það er litið.


Hátíðlegir fjölskyldutónleikar

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



BAKHJARLAR:
VÍS GAMMA

**JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR**

Lau. 15. DES. » 14:00 & 16:00
Sun. 16. DES. » 14:00
AUKATÓNLEIKAR » 16:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár verður þjóðlegur hátíðleiki í fyrirrúmi á fjölbreyttri jólaskemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Trúðurinn Barbara** kynnir
**Þóra Einarsdóttir** einsöngvari
**Ungir trommuleikarar**

**Nemendur úr Listdansskóla Íslands**
**Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar**
**Stúlknakór Reykjavíkur**

Verð 2.100 / 2.500 kr.

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar


# Sá sem hefur drepið …

BÆKUR ★★★☆☆

**Endimörk heimsins**
Sigurjón Magnússon
**ORMSTUNGA**




Nóvella Sigurjóns Magnússonar, Endimörk heimsins, segir söguna af því þegar rússneska keisarafjölskyldan var tekin af lífi í júlí 1918. Sagan er sögð af Pétri Jermakov, einum úr aftökusveitinni, 21 ári seinna. Þá hafa ýmsir af forsprökkunum sem fyrir aftökunni stóðu iðrast gerða sinna og heimurinn sameinast um að hún hafi verið hið versta níðingsverk.

Jermakov er ekki á sama máli. Í hans augum voru drápin einungis nauðsynlegur hluti byltingarinnar. Hann þykist þó hafa átt persónulegra harma að hefna hafandi setið í fangelsi keisarans, berandi þess ævarandi merki. Hatur hans á keisarahjónunum er engu minna árið 1939, þegar hann segir sögu sína háttsettum mönnum úr flokknum, og iðrun er fjarri honum. Skítverk var aftakan kannski, en níðingsverk aldrei.

Hugsanlega vefst það fyrir einhverjum hvaða erindi þessi saga eigi við Íslendinga í dag en boðskapurinn er kristalskír: hugsjónir spilla ef menn verða svo trúir málstaðnum að þeir hætta að sjá mun á réttu og röngu. Boðskapur sem sannarlega á erindi inn í samfélag samtímans. Undirtitill bókarinnar er: Frásögn hugsjónamannsins og svo enginn velkist nú í vafa eru einkunnarorð bókarinnar sótt í smiðju Ismails Kadare: „Þeir sem sameinast um völdin verða að gera fleira en skipta með sér ábreiðum og gullskrauti. Það gerist seinna. Fyrst og fremst verða þeir að sameinast um glæpaverkin!“

Trúr þessum boðskap gerir Sigurjón persónu Jermakovs að fullkomlega blinduðum bolsévika. Frekar ógeðfelldri persónu sem þó vekur vissa aðdáun fyrir að standa með sjálfum sér og taka ábyrgð á sínum hlut í ódæðisverkinu. Samkvæmt heimildum er það sannleikanum samkvæmt og því nokkuð augljóst hví höfundur valdi hann sem málpípu en ekki til dæmis stjórnanda aðgerðarinnar, Júrovskí, sem seinna iðraðist sáran.

Sigurjón er betri höfundur en svo að honum detti predikunartónn í hug, orð og gerðir Jermakovs eru látin tala og úr verður óhugnanleg frásögn af aðdraganda og útfærslu á aftöku heillar fjölskyldu, þjónustufólki hennar og lækni. Svo sterk er lýsingin á morðunum sjálfum að lesanda liggur við að kúgast, eins og höfundur lætur ýmsa þá sem þátt taka í aðgerðinni gera.

Stíllinn er knappur og laus við alla útúrdúra. Hér talar persóna sem sannfærð er um eigin málstað, ekkert rúm fyrir tilfinningasemi og titlingaskít. Þetta þrönga sjónarhorn er þó veikleiki sögunnar, ofstækismaður er ekki trúverðug málpípa og áhrifin verða ekki eins sterk og þau hefðu getað orðið ef fleiri hefðu fengið að leggja orð í belg. Það er of auðvelt að afgreiða Jermakov sem bilaðan mann og draga þannig úr áhrifamætti frásagnar hans.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin og sterk nóvella um óhugnanlegan atburð. Rörsýni aðalpersónunnar dregur þó úr áhrifamættinum.


**Gallerí Fold** 1992–2012

Uppboð á listaverkasafni
spron

sunnudaginn 9. desember kl. 16
og mánudaginn 10. desember kl. 18

Sérstakt uppboð á listaverkum úr búi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis verður haldið í Gallerí Fold.



Sigurbjörn Jónsson

Verkin verða sýnd
laugardag 11–17, sunnudag 12–15 og mánudag 10–17.
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

**Silfur- og speglauppboð**
1. – 12. desember

**Myndlistaruppboð**
8. – 17. desember

uppbod.is





Jón Stefánsson

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

**Sýning í Forsalnum**



Elísabet Ásberg
8. – 23. desember
**Opnun laugardag 8. desember kl. 15**
**Allir velkomnir**

Sigrún Lilja For 101

# NÝ SKÓLÍNA ÍSLENSK HÖNNUN



TÍSKUSÝNING
Í SMÁRALIND
LAUGARDAGINN
8. DESEMBER KL.16:00



SÉRHÖNNUÐ AF SIGRÚNU LILJU GUÐJÓNSDÓTTUR FYRIR HAGKAUP

**TAX FREE DAGAR**

Dagana 6. - 9. desember
afnemum við VSK* af
**ÖLLU Á DÖMUNA.**

**NÝTT VISATÍMABIL**

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. desember.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

STICK



Tilboð kr. 22.850
með örmum 29.900

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN
Ármúla 22 · 108 Reykjavík
Sími 533 5900 · Fax 533 5901
www.skrifstofa.is




**EINLEIKUR Á KLÓSETTI** Lilja Nótt flytur einleik á Norðurpólnum í kvöld með ráðleggingum til þeirra sem hyggjast leggja vændi fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einleikur um vændi á Vinnslunni

**Blíða nefnist einleikur eftir Guðmund Inga Þorvaldsson sem Lilja Nótt Þórarinsdóttir flytur á Norðurpólnum í kvöld. Sýningin er hluti af dagskránni Vinnslan 4 þar sem um 30 listamenn úr öllum listgreinum sýna verk sín.**

„Við erum að skoða hvort það að banna vændi færi það bara lengra undir yfirborðið og geri það þar af leiðandi verra,“ segir Lilja Nótt Þórarinsdóttir, sem mun flytja einleik eftir Guðmund Inga Þorvaldsson á klósetti fyrir fatlaða á Norðurpólnum í kvöld. „Ég er ósammála Gumma um að það þurfi að ræða þetta, ég vil bara að það sé bannað, en það gerir það bara enn meira spennandi fyrir okkur að vinna saman.“

Guðmundur Ingi byggir einleikinn á bókinni When Sex Becomes Work eftir hollenska konu sem heitir Mariska Majoor. „Hún er ekki að hvetja fólk til að stunda vændi,“ segir Guðmundur Ingi, „heldur að tala til þeirra sem eru búnir að ákveða, eða eru alvarlega að velta fyrir sér, að byrja að stunda vændi. Í bókinni heldur hún því fram að ef þú sért búinn að ákveða að byrja sé betra fyrir þig að vita ákveðna hluti en að þurfa að læra með því að reka sig á. Hún er fyrrverandi vændiskona sem stofnaði og heldur úti Prostitute Information Center í Amsterdam og vill meina að eina leiðin til að eiga við vændi sé að lögleiða það.“

Hvernig kom þetta til? „Hugmyndin og verkstjórnin er algerlega mín en Vinnslan – sviðslistahópur setur þetta upp,“ segir Guðmundur. „Ekkert okkar er á nokkurn hátt hallt undir vændi. Við viljum bara bera upp þessa spurningu við almenning. Best er að taka fram að verkið er í vinnslu og þetta er fyrsta tilraun.“

Einleikurinn er hluti af dagskránni Vinnslan 4 þar sem um þrjátíu listamenn koma fram og sýna verk sín. Listamennirnir eru eins ólíkir og þeir eru margir. Þarna koma fram sviðslistamenn, tónlistarmenn, myndlistarmenn, vídeólistamenn, dansarar og fleiri og fleiri. Dagskráin hefst klukkan 20 í kvöld og stendur til 1 eftir miðnætti.

Listrænir stjórnendur Vinnslunnar eru Vala Ómarsdóttir, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, María Kjartansdóttir og Birgir Hilmarsson. Vinnsluna setja þau upp í samvinnu við Alheiminn – Norðurpólinn.

fridrikab@frettabladid.is

> **Ég er ósammála Gumma um að það þurfi að ræða þetta, ég vil bara að það sé bannað.**




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

15% AFSLÁTTUR AF GJAFABRÉFUM Í EINA VIKU

GEFÐU GÓMSÆTA GJÖF UM JÓLIN

VIÐ Á FISKMARKAÐNUM OG GRILLMARKAÐNUM ÆTLUM AÐ BJÓÐA 15% AFSLÁTT AF ÖLLUM GJAFABRÉFUM OKKAR TIL 15. DESEMBER. ÁNÆGÐUR VIÐTAKANDI VELUR SVO SJÁLFUR VEITINGASTAÐINN Á NÝJU ÁRI.



Hrefna og gengið





KOMDU Á STAÐINN EÐA FÁÐU GJAFABRÉFIN SEND Í PÓSTI

FISKMARKAÐURINN

GRILLMARKAÐURINN

AÐALSTRÆTI 12 | SÍMI 578 8877 | INFO@FISKMARKADURINN.IS

LÆKJARGÖTU 2A | SÍMI 571 7777 | INFO@GRILLMARKADURINN.IS



Jólaís
BORGARÍS
Eftirréttir fyrir alla
Kjörís
HIN EINA OG SANNA
KONFEKT TERTA
GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRÍS
JÓLAPINNAR
VANILLUÍS





**Apótekarinn** *lyf á lægra verði*
Gott úrval af snyrti- og gjafavörum
**20%** afsláttur af öllum vörum
568 7040 / apotekarinn.is

**Arion banki**
Gjafakort sem hægt er að nota hvar sem er
**GJAFAKORT** án endurgjalds í desember
444 7000 / arionbanki.is

**ÖRNINN** GOLFVERSLUN
Stærsta golfverslun landsins
**15%** afsláttur af öllum vörum
577 2525 / orninngolf.is

**Bakarameistarinn**
Bakarí og kaffihús
**20%** afsláttur af öllum okkar framleiðsluvörum
533 3000 / bakarameistarinn.is

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
Húsgögn, gjafavara og jólaskraut
**20%** afsláttur af öllum vörum
585 7200 / husgagnahollin.is

...m fá glaðning!

# JÓLA-GLEÐI

## AFSLÁTTUR Í ÖLLUM VERSLUNUM

### JÓLAGLEÐI FYRIR BÖRNIN

Skemmtilegur ratleikur fyrir börnin. Öll börn sem taka þátt fá smá glaðning frá jólasveininum auk þess sem þau gætu unnið eina af 50 flottum Latabæjardúkkum.

Litli jólakórinn verður á ferð og flugi um Höllina og kemur öllum í sannkallað jólaskap með fallegum jólasöng.

### AFSLÁTTUR Í ÖLLUM VERSLUNUM

Í dag verður afsláttur í öllum verslunum Húsgagnahallarinnar, stórum sem smáum! Sjá nánar hér fyrir neðan.

Komdu og kláraðu öll jólainnkaupin í einni ferð.

Vinnur þú eina af 50 Latabæjardúkkum?

**INTERSPORT**

Íþrótta- og útivistarvörur fyrir alla fjölskylduna

**20%** afsláttur af öllum vörum

585 7220 / intersport.is

**KRÓNAN**

Matvara, bækur og fullt af jólagjöfum!

**TILBOÐ** á fjölmörgum vörum

585 7355 / kronan.is

**fifa** SÍÐAN 1978

Allt fyrir börnin

**20%** afsláttur á öllu nema Simo, Tripp Trapp og gjafabréfum

565 6500 / fifa.is

**Runni**

Blóm og skreytingar

**20%** afsláttur af öllum vörum

567 0760

EXPO – www.expo.is

# Kærleiks og kyrrðarstund



**Mánudagskvöldið 10. desember kl. 20:00**

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur heldur í aðdraganda jólanna Kærleiks- og kyrrðarstund í safnaðarheimili Laugarneskirkju við Kirkjuteig 105 Reykjavík.

**Dagskrá:**

Fróðleikur úr fortíðinni – Ingi Þór Jónsson, formaður NLFR

Kærleikur og virðing – Gunnar Hersveinn, heimspekingur og rithöfundur

Stólajóga og slökun – Guðrún Ásta Gunnarsdóttir, jógakennari á HNLFÍ

Léttar veitingar og jólaglaðningur.
Allir velkomnir.
Aðgangur kr. 500 – frítt fyrir félagsmenn

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR NLFR

Berum ábyrgð á eigin heilsu


# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 9. DESEMBER 2012**

## Sýningar

**14.00** Bergljót Sveinsdóttir opnar sýningu á vatnslitamyndum í Bókasafni Kópavogs.

**19.30** Hulda Hlín Magnúsdóttir opnar sýningu á stórum málverkum og teikningum í Vinnslunni á Norðurpólnum, Sefgörðum 3. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

## Hátíðir

**11.00** Jólahátíð verður haldin við Gömlu höfnina í Reykjavík. Smáhýsum við Slippinn verður breytt í jólamarkað og alls kyns uppákomur verða í gangi.

## Umræður

**10.30** Oddný Steina Valsdóttir bóndi og varaformaður sauðfjárbænda og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson bóndi og varaþingmaður mæta á laugardagsspjall Framsóknar í Reykjavík. Rætt verður um lausagöngu búfjár og árásir í sauðfjárbúskap. Spjallið fer fram að Hverfisgötu 33.

## Kvikmyndir

**15.00** Ævisögulega heimildarmyndin Imagine John Lennon verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Myndin er frá árinu 1998 og sett saman úr 240 tímum af myndefni úr hans eigin mydasafni. Íslenskur texti er á myndinni.

## Uppákomur



**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**20.00** Árleg jólagleði Kramhússins verður haldin í Gamla Bíói. Dans úr öllum áttum og kærkomin gleði- og vítamínssprauta á aðventunni. Aðgangur er ókeypis fyrir 12 ára og yngri en kr. 1.800 fyrir aðra.

## Kynningar

**14.00** Bókmenntakynning MFÍK verður haldin í MÍR salnum, Hverfisgötu 105. Sjö höfundar kynna verk sín.

## Dagskrá

**14.00** Haldin verður dagskrá tengd jólunum og aðventunni í Ásmundarsafni í Laugardalnum. Dagskráin er tileinkuð sögu fyrstu byggðar í Laugardal.

## Dans

**13.30** Nemendasýning hjá yngri hópum Dansskóla Jóns Péturs og Köru fer fram í Valsheimilinu að Hlíðarenda. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**15.00** Nemendasýning hjá eldri börnum og unglingum úr Dansskóla Jóns Péturs og Köru fer fram í Valsheimilinu að Hlíðarenda. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**22.00** Dansskóli Jóns Péturs og Köru býður fullorðnum til jólaballs í Valsheimilinu að Hlíðarenda. Aðgangur er ókeypis.



## Tónlist

**15.00** Jólatónar á aðventu verða haldnir í Guðríðarkirkju. Kórar Árbæjarkirkju, Guðríðarkirkju og Grafarvogskirkju syngja jólalög ásamt organistum kirknanna.

**16.00** Aðventutónleikar kvennakórsins Léttsveitar Reykjavíkur verða haldnir í Langholtskirkju. Einsöngvari er Hulda Björk Garðarsdóttir og yfirskrift tónleikana er Föngum í dag! Miðaverð er kr. 2.800.

**16.00** Karlakór Kjalnesinga heldur jólatónleika ásamt Kristjönu Stefánsdóttur. Tónleikarnir fara fram í Fella- og Hólakirkju og er miðaverð við inngang kr. 3.000.

**18.00** Jólatónleikarnir Jólatónar á aðventu verða haldnir í Grafarvogskirkju. Kórar Árbæjarkirkju, Guðríðarkirkju og Grafarvogskirkju syngja jólalög.

**20.00** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar halda útgáfutónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Seinni tónleikar verða haldnir klukkan 23.00. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir, ásamt hljómsveit Óskars og Ife Tolentonu, halda tónleika í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði.

**21.00** Útgáfutónleikar Pascal Pinon vegna annarar breiðskífu þeirra, Twosomeness, verða haldnir í Fríkirkjunni. Dúettinn er skipaður tvíburasystrunum Jófríði og Ásthildi Ákadætrum. Arnljótur Sigurðsson og Klarinettkór Tónlistarskóla Reykjavíkur sjá um upphitun og miðaverð við hurð er kr. 2.000.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

## Bækur

**12.00** Kynning á bókinni Álfagarðurinn verður í Álfagarðinum í Hellisgerði. Bókin er eftir Ragnhildi Jónsdóttur sjáanda, ásamt huldukonunni Púldu og álfkonunni Ömbu og fjallar um fjölbreyttar tegundir náttúruvera í Hellisgerði.

## Leiðsögn

**20.00** Hjónin Helga og Viðar verða á veitingahúsinu Energia í Smáralind og leiða fólk um sýningu sína, YÖNTRUR.

## Fyrirlestrar

**13.00** Kristín Einarsdóttir aðjúnkt í þjóðfræði við Háskóla Íslands heldur fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Hreinsun, átak og áramótaheit. Aðgangur er ókeypis.

## Dans

**14.00** Dansskóli Jóns Péturs og Köru býður börnum og unglingum til jólaballs í Valsheimilinu að Hlíðarenda. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind






# EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson Bóksali frá 1872 HAGKAUP Ein ferð betri verð

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

# SKÁLDIÐ STÍGUR FRAM



Með *Skáldi* lýkur Einar Kárason Sturlungasögu sinni. Í *Óvinafagnaði* var Þórður kakali í sögumiðju, í *Ofsa* þeir Gissur Þorvaldsson og Eyjólfur ofsi en hér er það skáldið Sturla sem lifði þessa róstusömu tíma og færði okkur þá í frásögnum sínum.









★★★★

*„Einari Kárasyni virðist það ... sérstaklega tamt að gæða persónurnar í bókum sínum lífi ...“*

HARALDUR JÓNASSON / FRÉTTATÍMINN

*„Einar er meistari í að skapa persónur ... ómissandi fyrir áhugamenn um bókmenntir Íslendinga á söguöld ...“*

EGILL ÓLAFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

*„Skáld er verðugur lokapunktur hinnar nýju Sturlungu Einars Kárasonar ... Bestu kaflarnir eru gerðir af meistarahöndum. “*

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

Jólabækur á frábæru verði!



ÓDÝRAST Í A4*

Kuldi eftir Yrsu Sigurðardóttur 3.890,-



GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

Myndin í speglinum eftir Ragnheiði Gestsdóttur 2.785,-



ÓDÝRAST Í A4*

Ár kattarins eftir Árna Þórarinsson 4.280,-

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum A4 Austurvegi 65, Selfossi

A4

* Samkvæmt verðkönnun ASÍ frá 5. des. 2012


# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SUNNUDAGUR 9. DESEMBER 2012**



## Sýningar

**13.00** Danskennarasamband Íslands stendur fyrir jólahátíð á Broadway. Fjölbreytt dansatriði úr öllum áttum verða á dagskrá. Í beinu framhaldi verður jólakeppni sambandsins. Miðaverð og keppnisgjald er kr. 1.500 en frítt er fyrir áhorfendur 8 ára og yngri sem og eldri borgara.

## Hátíðir

**16.00** Bergmál, líknar- og vinafélag krabbameinssjúkra og langveikra barna, heldur aðventuhátíð í Háteigskirkju. Nánari dagskrá má finna á heimasíðunni bergmal.is.

## Upplestur

**16.00** Auður Jónsdóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Eiríkur Örn Norðdahl og Þórarinn Eldjárn lesa úr nýútkomnum verkum sínum á Gljúfrasteini. Aðgangur er ókeypis.

## Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**13.00** Jólasýning Árbæjarsafns verður opin í safninu. Hægt er að rölta á milli húsanna og fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Auk þess verður ýmis dagskrá í boði. Aðgangseyrir er kr. 1.100 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börn, ellilífeyrirþega og örykja.

**13.30** Viðeyjarstofa býður upp á kennslu í laufabrauðsútskurði og hlýlega aðventustemningu. Reynt útskurðarfólk hvatt til að koma og miðla reynslu sinni.

**14.00** Gunni og Felix skemmta gestum Þjóðminjasafnsins ásamt Grýlu og Leppalúða. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Jólaföndur verður haldið í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15.

**20.00** Dansk-íslenska félagið boðar til samkomu í Norræna húsinu. Jóhannes Møllehave heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni At være eller ikke være og Eysteinn Pétursson syngum dönsk lög. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og enginn posi er á staðnum.

## Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík fer fram að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félaga FEB í Reykjavík og kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

## Tónlist

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Kór Neskirkju, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og valdir einsöngvarar flytja Messías eftir Händel í Neskirkju. Um er að ræða svokallaða sing-along tónleika þar sem tónleikagestum gefst færi á að syngja með í kórköflum. Miðaverð er kr. 3.000 við inngang.

**20.00** Haldnir verða tónleikar til heiðurs Kópavogsskáldinu Böðvars Guðlaugssonar í Salnum, Kópavogi. Á efnisskránni verða lög Jóns Gunnars Biering Margeirssonar við ljóð Böðvars, auk fleiri frumsaminna laga.

**20.00** Árlegir Aðventutónleikar Kórs Hjallakirkju verða haldnir í kirkjunni. Kakó og piparkökur eftir tónleika og aðgangur ókeypis.

**20.00** Graduale Nobili halda tónleika í Langholtskirkju.

## Leiðsögn

**14.00** Harpa Þórsdóttir forstöðumaður sér um leiðsögn um sýninguna Fimm áratugir í grafískri hönnum í Hönnunarsafni Íslands. Þar má sjá verk grafíska hönnuðarins Gísla B. Björnssonar.

**14.00** Rakel Pétursdóttir, safnafræðingur, verður með leiðsögn um yfirstandandi sýningar í Listasafni Íslands við Tjörnina.

**15.00** Eiríkur Þorláksson listfræðingur og sýningastjóri leiðir gesti um yfirlitssýningu Ragnheiðar Jónsdóttur á Kjarvalsstöðum. Sýningin ber heitið Hugleikir og fingraflakk – Stiklur úr starfsævi Ragnheiðar Jónsdóttur.

**15.00** Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir leiða gesti um sýninguna Sviðsett í Gallerí Ágúst. Ingunn og Þórdís mynda saman listamannatvíeykið Hugsteypuna sem stendur að baki sýningunni.

**20.00** Hjónin Helga og Viðar verða á veitingahúsinu Energia í Smáralind og leiða fólk um sýningu sína, YÖNTRUR.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




# LYSTADÚN

**Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð - Jólatilboð**



## SVEFNHERBERGIS TILBOÐ

Mediline heilsurúm til í öllum stærðum og 6 stífleikum, Mediline heilsurúmið er klæðskerasniðið að þínum þörfum: Islensk Hönnun og hugvit sem stendur öðru framar. **Berið saman verð og gæði**

Jólatilboð - verð frá
**154.160.-**
(160 x 200)

### NAPCO HEILSURÚM



Rafmagnsrúm 160x200
**Verð: 379.900.-**

**Napco heilsurúm**
160x200
tvöfalt fjaðurkerfi
með höfðagafli

Jólatilboð
**188.600.-**
Verð áður: 269.400.-

### SVEFNIHERBERGIÐ



Einnig hægt að fá í stærðinni **180x200**

**Liam rafmagnsrúm**
160x200
tvö náttborð og
Mediline heilsudýna

Jólatilboð
**398.900.-**
Verð áður: 575.000.-

### STARLUX HEILSURÚM



Starlux heilsurúm eru til í öllum stærðum

**Starlux heilsurúm**
160x200

Jólatilboð
**99.900.-**
Verð áður: 141.100.-

### SATIN SÆNGURVER



**Satin sængurver**
Frá Seba og
Fussenger
Mikið úrval

Jólatilboð
Verð frá: **9.200.-**

### DÚNSÆNG



**Dúnsæng** 800gr.
**90%** andadúnn
**10%** andafiður
hreinsað

Jólatilboð
**21.520.-**
Verð áður: 26.900.-

### HRÚGÖLD



**Hrúgöld**
Margir litir

Jólatilboð
**19.920.-**
Verð áður: 24.900.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 24 des eða meðan birgðir endast
*Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu

## NOEL JÓLAILMURINN ER KOMIN

**VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI***

> **Mörkinni 4** > 105 Reykjavík > Sími: 533 3500
> **Hofsbót 4** > 600 Akureyri > Sími: 462 3504
> **Opnunartímar:** Virka daga 10-18 | Laug 10-16 > **www.lystadun.is**








**FÉKK EINTAK** Rúnar Rúnarsson afhendir Theódóri Júlíussyni eintak.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eldfjall á mynddiski

## Leikstjórinn afhenti Theódóri Júlíussyni eintak.

Útgáfuteiti kvikmyndarinnar Eldfjalls á DVD-mynddiski var haldið í Bíói Paradís. Þar veitti Rúnar Rúnarsson, leikstjóri myndarinnar, aðalleikaranum Theodóri Júlíussyni fyrsta eintakið.

Myndin hefur hlotið þann heiður að vera frumsýnd á Cannes-hátíðinni og unnið til verðlauna sem besta myndin á nokkrum hátíðum og þá hefur Theodór einnig unnið til verðlauna fyrir leik sinn. Auk þess vann myndin til fjölda verðlauna á Edduhátíðinni 2012; besta myndin, besti leikstjórinn, besti leikarinn og besta leikkonan.

Veglegt aukaefni er á mynddisknum, þar á meðal stuttmynd Rúnars, Síðasti bærinn, sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna 2006. Á disknum eru einnig viðtöl við leikara og leikstjóra myndarinnar og meira efni um gerð hennar.

# Draga sig úr Eurovision

Fréttir úr Eurovision-heimi herma að Pólland, Portúgal, Grikkland og Kýpur hafi ákveðið að draga sig úr keppni fyrir árið 2013. Ástæða þess er sögð vera slæmt efnahagsástand landanna en þátttaka í keppninni er síður en svo ókeypis. Óttinn við að vinna keppnina og þurfa í kjölfarið að halda hana í heimalandinu er einnig sagður spila inn í. Pólverjar og Portúgalar hafa staðfest það að þeir taki ekki þátt á næsta ári, en Pólverjar drógu sig líka úr keppninni í ár af sömu ástæðu.



**UNNU 2005** Grikkir hafa dregið sig úr Eurovision 2013. Þeir hafa oft gert góða hluti í keppninni og unnu seinast árið 2005 með Helena Paparizou og laginu My Number One.




1


2


3


4

# Hægelduð svínasíða

Hægeldaður matur er heillandi á marga vegu. Hann bragðast á einstakan hátt og eldamennskan er afslappandi og gefandi. Hér er hægelduð svínasíða með rjómalöguðum cannelini-baunum, frábær jólamatur og einstakur í afganga.

**Halla Bára Gestsdóttir**
**Gunnar Sverrisson**
homeanddelicious.com

**1. Svínasíða**

- 1 ½ kg svínasíða
- 3 msk. ólífuolía
- 1 ½ msk. fennelfræ
- 4 greinar ferskt rósmarín
- 2 hvítlaukar
- 2 rauðlaukar
- 2 laukar
- Salt og svartur pipar
- 500 ml kjúklingasoð

Hitið ofn í 220 gráður. Skerið rákir þvert í puruna á svínasíðunni. Hitið um 1 lítra af vatni að suðu. Hellið heitu vatninu yfir puruna og þerrið kjötið að því loknu. Þetta er gert til að opna puruna og gera hana mögulega stökkari við eldun. Saxið rósmarínið smátt. Skerið hvítlaukinn í tvennt, þvert, án þess að afhýða hann. Afhýðið laukinn og skerið hann í tvennt, einnig þvert. Smyrjið kjötið og puruna með ólífuolíu, nuddið fennelfræjum og rósmaríni vel í kjötið og inn í rákirnar á purunni. Gerið þetta sömuleiðis með saltið og piparinn. Leggið laukinn í botninn á djúpri ofnskúffu eða stóru fati sem þolir hita. Setjið laukinn í tvær skipulegar raðir. Leggið kjötið ofan á laukinn þannig að það hvíli ekki í skúffunni. Þetta hindrar það að kjötið brenni við botninn og gerir soðið enn bragðbetra. Leggið hálfu hvítlaukana í kring. Stingið í 220 gráðu heitan ofninn í 20 mínútur. Að þeim tíma liðnum hellið þið helmingnum af kjúklingasoðinu í ofnskúffuna og setjið hana aftur í ofninn í 20 mínútur. Þá er hitinn á ofninum lækkaður í 130 gráður, afgangurinn af soðinu settur í ofnskúffuna og allt látið malla í ofni í 3 klukkustundir. Fylgist vel með matnum í ofninum, takið skúffuna út og ausið soði yfir á 20-30 mínútna fresti. Takið kjötið úr ofninum og látið það standa í 15 mínútur. Hellið soðinu í pott og ef þarf, skafið kryddskán úr botninum á ofnskúffunni í pottinn. Komið upp suðu og látið sjóða niður í nokkrar mínútur. Geymið soðið þar til maturinn er borinn fram. Skerið kjötið í sneiðar eða rífið það niður í smærri bita. Berið það fram með baununum.

**2. Rjómalagaðar baunir**

- 1 msk. ólífuolía
- 50 g smjör
- 3 skalottulaukar, smátt saxaðir
- 4 msk. hvítvínsedik
- 150 ml kjúklingasoð
- 2 msk. rósmarín, smátt saxað
- 2 dl rjómi
- 3 hvítlauksrif
- 2 msk. steinselja, smátt söxuð
- 3x400 g dósir af cannelini-baunum
- Salt og svartur pipar

Látið renna vel af cannelini-baununum í sigti. Hellið ólífuolíunni á pönnu og bræðið smjörið með. Mýkið laukinn í 3 mínútur. Setjið hvítlaukinn saman við og mýkið áfram í tvær mínútur en gætið vel að því að hann brúnist ekki. Skvettið hvítvínsedikinu á pönnuna. Þá fer rósmarínið saman við og hrærið allt vel saman. Hellið rjómanum út í ásamt kjúklingasoðinu. Komið upp suðu og látið blönduna sjóða niður í nokkrar mínútur eða þar til hún hefur minnkað um þriðjung. Hrærið baunirnar varlega saman við og hitið þær vel í gegn. Hrærið steinselju saman við og smakkið til með salti og pipar.

**3. Berið fram**

Setjið baunir á disk fyrir hvern og einn, gott að nota djúpa diska. Kjötið fer ofan á baunirnar og vel af soðsósunni yfir allt saman. Njótið vel og lengi.

**4. Afgangar**

Það sem er einstakt við þennan rétt er að hann er ekki síðri daginn eftir. Ef afgangar eru af kjöti og soði er um að gera að nota þá í pastaréttinn sem hér fylgir.

Sjóðið tagliatelle skv. leiðbeiningum eða annað pasta. Rífið kjötið niður í pott og hellið soði út í þannig að rétt fljóti yfir. Komið upp suðu og lækkið hitann. Sjóðið örlítið niður þar til blandan tekur að þykkna. Hrærið þá saman við 3-5 msk. af rifnum parmesanosti, allt eftir smekk. Smakkið til með salti og svörtum pipar. Setjið pastað saman við sósuna og blandið vel. Berið fram og stráið parmesanosti yfir.



# DÓMAR 1.12.2012 → 7.12.2012

## BÍÓ



★★★★☆
**Silver Linings Playbook**
Gríðarsterk mynd með mikinn karakter. - hva

★★★☆☆
**Killing Them Softly**
Skrýtinn, hægfara og hrottalegur krimmi, en skilur lítið eftir sig. - hva

## MYNDLIST

★★★★☆
**Fjarlægð**
**Sigurður Guðjónsson**
Áhrifarík myndbandsverk Sigurðar tala til skynfæranna, hvert út af fyrir sig. Meiri myrkvun hefði þjappað verkunum meira saman í heildræna upplifun. - þb

## LEIKHÚS

★★★☆☆
**Ævintýrið um Augastein**
Verk þar sem hin forna jólastemning skilar sér vel en heldur langdregið á köflum. - eb




## TÓNLIST

★★★★★
**Enter 4**
**Hjaltalín**
Hjaltalín hugsar hlutina upp á nýtt á frábærri plötu. - tj



★★★★☆
**Skúli mennski ásamt Þungri byrði**
**Blúsinn í fangið**
Plata sem er vel yfir meðallagi frá mjög frambærilegum blúsara. Blúsaðdáendur ættu að gæða sér á skífunni hið snarasta. - bt

★★★★☆
**Okkar menn í Havana**
**Sigurður Guðmundsson og Memfismafían**
Flott latín-plata gerð með Tómasi R. og kúbverskum tónlistarmönnum. - tj

★★★★☆
**Halldór Haraldsson**
**Chopin & Liszt**
Fallega yfirveguð, en einnig tilfinningaþrungin túlkun á Chopin og Liszt.

★★★☆☆
**Raggi Bjarna**
**Dúettar**
Skemmtileg plata og frábær kvikmynd í kaupbæti. - tj

★★★☆☆
**Nóra**
**Himinbrim**
Metnaðarfyllri og kraftmeiri Nóra. - tj

★★★☆☆
**Egill Ólafsson**
**Vetur**
Róleg og gamaldags plata undir sterkum áhrifum þjóðlagatónlistar. - tj

★★★☆☆
**Hylur**
**Agnar Már Magnússon**
Þægilegur, vandaður en fremur tilþrifalítill geisladiskur. - js

★★☆☆☆
**Dans á rósum**
**Dans á rósum**
Ballhljómsveit rifjar upp gamla slagara. - tj

## TÓNLEIKAR

★★★★☆
**Hörð efni – verk eftir Atla Ingólfsson**
**Caput-hópurinn**
Dulmögnuð, spennandi verk eftir Atla Ingólfsson voru skemmtileg áheyrnar. - js

## BÆKUR

★★★★★
**Stuð vors lands**
**Dr. Gunni**
Vandað og vel unnið yfirlitsrit yfir íslenska tónlist. Sérstaklega skemmtileg bók. - kóp



★★★★☆
**Íslendingablokk**
**Pétur Gunnarsson**
Fádæma vel skrifuð saga, leiftrandi af húmor, mannskilningi og hlýju en með grafalvarlegum undirtóni. - fb

★★★★☆
**Kuldi**
**Yrsa Sigurðardóttir**
Spennandi og áhrifamikil draugasaga. - jyj

★★★☆☆
**Aukaspyrna á Akureyri**
**Gunnar Helgason**
Bók fyrir börn sem hafa brennandi áhuga á fótbolta, en fyrir hina getur áherslan á það sem gerist inni á vellinum orðið þreytandi til lengdar. - bhó



★★★☆☆
**Húsið**
**Stefán Máni**
Fín og vel fléttuð saga, flottur glæpon og enn flottari lögga gera Húsið að einni bestu íslensku glæpasögu þessa árs. - fb

★★★☆☆
**Vígroði**
**Vilborg Davíðsdóttir**
Vandlega unnin og vel skrifuð saga um aðdraganda þess að Auður djúpúðga nam land á Íslandi en geldur þess að vera millikafli sögunnar og stendur illa ein og sér. - fb

★★☆☆☆
**Sjálfstæðisflokkurinn: Átök og uppgjör**
**Styrmir Gunnarsson**
Frekar þunn tilraun til að endurskrifa sögu íslenskra stjórnmála þannig að Geir Hallgrímsson sé í aðalhlutverki. Veitir þó áhugaverða innsýn inn í hugarheim höfundar. - þsj

## TÖLVULEIKIR

★★★★☆
**Call of Duty: Black Ops II**
**Activision**
Virkilega vel gerður og spennandi fyrstu persónu skotleikur sem heldur spilaranum föngnum allt frá fyrstu mínútu. - bþj




EGF
Íslensku Húðdroparnir™
um allan heim
Við erum stolt af árangri okkar á erlendri grundu og umfjöllun um vörur okkar hefur birst í öllum helstu tískutímaritum heims.
„Skin saviour“ - Vogue, Ástralía
„Eine Wunderwaffe“ - Elle, Þýskaland
„Véritable ‘bijou’ de cosmétique“ - Marie Claire, Frakkland
„One pot wonder“ - Daily Mail
„Go get it“ - Sunday Times
EGF
HÚÐDROPAR
ENDURNÆRA HÚÐINA
OG GEFA FALLEGRI ÁFERÐ

# Buxnadragtin í staðinn fyrir jólakjólinn

Flestir eru farnir að huga að jólaklæðnaðinum enda er nóg af hátíðarhöldum í vændum. Í ár fær gamla góða buxnadragtin uppreisn æru sem sparidress. Dragtin býður upp á marga möguleika en hægt er að skipta út efri og neðri parti og nota skyrtu eða bol innan undir. Góð leið til að halda fjölbreytileikanum í fataskápnum í veisluhöldunum fram undan. Á tískupöllunum í vetur var mikið um munstraðar dragtir með samstæðum buxum og jökkum.



MIU MIU ERDEM PRABAL GURUNG



PAUL&JOE



PRADA


Gefðu betri líðan í jólagjöf




Nýtt



hnésokkar

Dr. Comfort heilsusokkar

„Ég heiti Gísli Lárusson og er sykursjúkur. Í mörg ár hef ég verið að fá mikinn bjúg á fætur, var kominn með húðbreytingar og kominn með taugaskaða í fótum. Ég hef verið í sjúkrasokkum í mörg ár en var hættur að þola þá vegna verkja í fótum auk þess sem mér fannst alltaf eins og mér væri kalt á fótum þó þeir væru heitir viðkomu. Í sumar var staðan orðin þannig að ég gat varla gengið nokkuð vegna verkja og eins og ég sagði þoldi ekki við í sokkunum þannig að ég var kominn með mikinn bjúg á fætur. Þá var mér sagt frá heilsusokkum sem heita Dr. Comfort og væru sérhannaðir fyrir fólk eins og mig. Mér fannst ég ekki hafa neinu að tapa þannig að ég prufaði þá. Í dag eru verkirnir mikið minni og bjúgurinn líka auk þess sem mér er þægilega heitt á fótum. Ég get gengið án verkja, sem er ekki lítið. Þessir sokkar líta út fyrir að vera venjulegir bómullarsokkar en eitthvað í þeim virkar ótrúlega vel og hefur alveg gerbreytt minni líðan."

*Gísli Lárusson, 71 árs Kópavogsbúi*

Dr. Comfort heilsusokkarnir eru sérhannaðir fyrir þá sem hafa **sykursýki, gigt, bjúg, taugakvilla** og/eða **skert blóðflæði í fótum**, en henta líka öllum þeim sem vilja þægilega og vandaða sokka.

- Einstaklega þægilegir
- Geta minnkað bjúg
- Saumlausir og hlífa fótunum mjög vel
- Innihalda bambus-koltrefjar
- Geta minnkað vandamál tengd blóðrás
- Geta minnkað þreytu og verki í fótum
- Stuðla að þægilegu hita- og rakastigi
- Hamla vexti örvera og minnka lykt
- Endingargóðir og halda sér vel
- Eru til í X-vídd fyrir þá sem hafa breiða fætur



venjulegir



X-vídd



ökkla



tátiljur

www.portfarma.is

Dr. Comfort heilsusokkar fást í apótekum um allt land




**NANNA** Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Óma í stiklu Promised Land

Í stiklu fyrir kvikmyndina Promised Land eftir leikstjórann Gus Van Sant má heyra lagið King and Lionheart með hljómsveitinni Of Monsters and Men óma undir. Myndin skartar stórleikurum á borð við Matt Damon, Frances McDormand, Hal Holbrook og John Krasinski í aðalhlutverkum og var hún forsýnd í Los Angeles á fimmtudag. Myndin verður frumsýnd í Bandaríkjunum hinn 28. desember og bíða margir spenntir eftir henni enda svíkur Damon sjaldan aðdáendur sína.

- sm

## APP VIKUNNAR



### Viber

Um stórhátíðir eins og jólin vill maður vera í góðu sambandi við fjölskyldu og vini nær og fær. Síminn er jafnan notaður til þessa ef ættingjarnir eru sérlega langt í burtu og komast ekki heim yfir hátíðarnar. Viber er frábær viðbót við símann því það er internet-sími í snjallsímanum. Samtölin við góða vini í útlöndum verða strax mun ódýrari en ef hringt er í gegnum hefðbundið símkerfi.

Viber virkar í raun eins og farsími nema hann notar 3G eða þráðlausa nettengingu til að tengjast umheiminum. Hægt er að hringja símtöl og myndsímtöl og senda textaskilaboð.

Viber-appið er hægt að fá í langflestar gerðir nettengdra síma.

**Skýringar:**
App fyrir Apple-tæki
App fyrir Android-tæki
App fyrir Windows

# SPORTS DIRECT.com

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

-20% -40% -60% -20% -40% -60% -20% -40% -60% -20% -40% -60%

# ÚTSALA

## ALLT VERÐUR AÐ FARA!

## -60% -40% -20%

**LONSDALE CAMDEN**



MARGIN LITIR

CRAZY PRICES!

3.990 KR

**NIKE CIRCUIT TRAINER**



VAR ~~9890KR~~

-40%

5.990 KR

**DUNLOP TOUR TP12 HERRA GOLF SETT**



CRAZY PRICES!

39.590 KR

**STORMLITE PEAK HERRA SKÓR**



VAR ~~6990KR~~

CRAZY PRICES!

2.790 KR




## OPNUNARTÍMAR:

### OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10-22

SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI

VERÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND




# Jólagjöf heimilisins

Safnaðu saman öllum uppáhalds-uppskriftunum þínum og frá mömmu og ömmu á einn stað.

- Uppskriftabók með góðu uppskriftunum
- Pláss til að skrifa niður allar gömlu góðu uppskriftirnar
- Plastvasi til að geyma í úrklippur
- Snjöll húsráð o.fl.

Fæst í verslunum Hagkaupa, Eymundsson, A4, Forlaginu o.fl.











**Háskóli Íslands býður upp á úrval námskeiða í viðskiptafræði með vinnu**

**Námskeið kennd í janúar - febrúar**

-Rekstrarhagfræði II
-Stjórnun starfsmannamála
-Reikningsskil
-Tölfræði B
-Markaðsáætlanagerð

**Námskeið kennd í febrúar - mars**

-UI-tölvunotkun
-Rekstrarstjórnun
-Stefnumótun fyrirtækja
-Fjármál I
-Viðskipti og alþjóðasamskipti
-Ársreikningagerð A

**Námskeið kennd í mars - maí**

-Markaðsfærsla þjónustu
-Fjármál II
-Ársreikningagerð B
-Lögfræði A
-Verkefnastjórnun

Nánari upplýsingar á www.vmv.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD


# Skreytum hús með grænum greinum

**Fallega skreytt jólatré setja svip sinn á flest íslensk heimili um jólin. Jólatré í þeirri mynd sem við þekkjum er ekki gamall siður, á Íslandi eru fyrstu merki um jólatré frá miðri 19. öld.**



## Engin grenitré á Íslandi

Jólatré sáust fyrst hér á landi um miðja nítjándu öld og voru þau þá helst á heimilum hjá hjá dönskum eða danskmenntuðum fjölskyldum. Jólatré urðu algengari á heimilum er komið var fram yfir aldamótin 1900 en lengi vel voru flestir með heimatilbúin tré enda engin grenitré að fá hér á landi og flutningstími langur. Innflutningur á grenitrjám fyrir jól hófst fyrir alvöru eftir heimsstyrjöldina síðari en eftir 1970 fóru íslensk grenitré að koma á markað.

## Óslóartréð 60 ára

Árið 1952 fékk Reykjavík í fyrsta sinn stórt jólatré að gjöf frá Ósló. Var það sett upp á Austurvelli, og hefur sú venja haldist síðan. Í fyrstu var kveikt á trénu síðasta sunnudag fyrir jól, en sú dagsetning hefur færst framar og er nú farið að kveikja á ljósunum fyrsta sunnudag í aðventu í takt við það að jólaundirbúningur hefst fyrr en áður tíðkaðist. Síðan 1952 hafa margar erlendar borgir tekið upp á því að senda íslenskum vinabæjum tré.

## Náð í jólatré

Rúmlega 20 skógræktarfélög um land allt bjóða fólki að koma á aðventunni og er fyrsti opnunardagur jólaskóga í dag. Fáein skógræktarfélög, til dæmis Skógræktarfélag Reykjavíkur í Heiðmörk, bjóða einnig upp á söguð tré af ýmsum stærðum og gerðum. Þá er sums staðar einnig hægt að kaupa tré í pottum, tröpputré, eldivið, greinar og aðrar viðarafurðir. Þess má geta að fyrir hvert tré sem selt er er má reikna með að hægt verði að gróðursetja 30–40 ný tré. Nánari upplýsingar á www.skog.is.

## Stafafura sækir í sig veðrið

Undanfarin ár hefur hin íslenska stafafura orðið sífellt vinsælli á heimilum yfir jólahátíðina. Normansþinur hefur hins vegar verið vinsælasta tegundin um árabil en hann er barrheldinn og fagurgrænn. Hann er ekki ræktaður hér á landi. Aðrar tegundir jólatrjáa eru rauðgreni, blágreni og sitkagreni.

## Geymt úti

Þeir sem ná sér í tré tímanlega gætu þurft að geyma það í marga daga og þá er best að láta það standa úti og upp á endann svo það frjósi ekki niður. Tréð skal geymt í netinu en gott er að taka það inn sólarhring áður en það er skreytt. Ef mjög kalt er í veðri er best að geyma það fyrst í millihita, til dæmis í bílskúr. Mælt er með því að sagað sé neðan af trénu til að auðvelda vatnsupptöku. Sömuleiðis að stinga neðri enda þess í sjóðandi heitt vatn í nokkrar mínútur áður því er stungið í fótinn til að auka barrheldnina.

## Skrautið

Hefð er fyrir að skreyta jólatré með ljósum. Upphaflega voru sett kerti á jólatré en langflestir hafa skipt þeim út fyrir rafmagnsseríur. Jólatré eru skreytt með margvíslegum öðrum hætti, með jólakúlum, englum, borðum og hjörtum. Toppurinn er svo skreyttur ýmist með stjörnu eða skrauttoppi.

## Stærð ræður verði

Verð á jólatrjám er vitaskuld mjög misjafnt og fer verð jólatrjáa eftir stærð þeirra. Svo dæmi séu tekin kosta jólatré í Garðheimum frá 2.500 til 19.900 krónur. Ódýrustu trén eru Norðmannsþinur undir metra á hæð en dýrustu trén eru stafafurur, rauðgreni og blágreni sem eru þrír metrar á hæð. Í jólaskóginum í Heiðmörk eru það einnig hæðin sem ræður verði trjáa. Svo dæmi séu tekin má þar fá stafafuru sem er á bilinu 1,5 til 2 metrar á hæð fyrir 8.500 krónur.

Heimild: Saga jólanna eftir Árna Björnsson, Jólavefur Júlla og vefur Garðheima.

FRÉTTABLAÐIÐ/SILJA



sodastream

Eitt gashylki dugar í um 60 lítra af kranavatni

Vnr. 94990000
SODA STREAM TÆKI.
Eitt 60 lítra gashylki og eins lítra plastflaska fylgir.

**12.890 kr.**



Vnr. 74804112
PRO WORK
rafhlöðuborvél, 14,4V

**2.990 kr.**

**GERÐU GÓÐ KAUP**
FYRIR JÓLIN

# LÆKKAÐ VERÐ Á JÓLAVÖRUM

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

## LIFANDI JÓLATRÉ ERU KOMIN Í BYKO



Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**Sölustaðir:**

| | |
|---|---|
| **Timburverslun Breidd** | |
| Virka daga: | kl. 8-18 |
| Laugardaga: | kl. 10-14 |
| **Grandi** | |
| Virka daga: | kl. 8 -19 |
| Laugardaga: | kl. 10 -19 |
| Sunnudaga: | kl. 10 -18 |
| **Selfoss** | |
| Virka daga: | kl. 8 -18 |
| Laugardaga: | kl. 10 -18 |
| Sunnudaga: | kl. 12 -16 |

## JÓLAHLAÐBORÐ Í BREIDD

laugardag og sunnudag kl. 11:30 - 15:00



JÓLAHLAÐBORÐ
**1.290 kr.**
börn 12 ára og yngri 800 kr.

## JÓLAGLEÐI



**Laugardag**

Sjonni og Vigga skemmta í kaffihorninu í BYKO Breidd kl. 12-13.

Geislar Hönnunarhús kynnir vörur sínar í BYKO Breidd kl. 12-16.

Álafosskórinn syngur jólalög í BYKO Breidd kl. 14-15 og í BYKO Granda kl. 16-17.

**Sunnudag**

Einar Mikael töframaður sýnir töfrabrögð og áritar DVD diskinn sinn, Hókus Pókus, í BYKO Breidd kl. 13 og í BYKO Granda kl. 15:30.

Jólasveinn kemur í heimsókn í BYKO Breidd og situr fyrir á myndum með börnunum kl. 14-15.

**Föndur í BYKO Breidd**

Jólaföndur fyrir börn og foreldra í föndurhorninu á laugardag og sunnudag kl. 12-16.

**Heitar vöfflur í öllum verslunum í dag**

Boðið upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi í dag laugardag milli kl. 13 og 16.

**OPNUNARTÍMI UM HELGINA**

| | | Breidd | Grandi | Akureyri | Selfoss |
|---|---|---|---|---|---|
| Laugardagur | 8. des. | 10-19 | 10-19 | 10-18 | 10-18 |
| Sunnudagur | 9. des. | 10-18 | 10-18 | 12-16 | 12-16 |

Sjá nánar á byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

BARCELONA
Með eða án arma



Tilboð kr. 17.900
með örmum 23.850

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN
Ármúla 22 · 108 Reykjavík
Sími 533 5900 · Fax 533 5901
www.skrifstofa.is

SAFT
MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!
Heimili og skóli
www.saft.is



**BROSMILD** Linda Reimarsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Sveinn Ómar Grétarsson.

# Skálað fyrir Mýrinni og Mar

Fjölmennt var í opnun hönnunarbúðarinnar Mýrarinnar og veitingastaðarins Marar við Geirsgötu í vikunni. Opið er á milli búðarinnar og veitingahússins sem eru kærkomin viðbót í annars fjölbreytta flóru búðar og matsölustaða á hafnarsvæðinu. Matargerð Marar sækir áhrifa í evrópska og suður-ameríska matargerð. Þetta er önnur verslun Mýrarinnar, sem hingað til hefur bara verið í Kringlunni, en hún einbeitir sér að erlendri sem og íslenskri hönnunarvöru.



**GÓÐIR GESTIR** Guðrún Mist Sigfúsdóttir, Guðlaugur Örn Jónsson og Stefán Eiríks Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKEMMTILEGT** Steinunn Guðmundsdóttir, Júlia Andersen og Sigríður Halldórsdóttir.




**VEITINGASTAÐUR OG BÚÐ** Mikið er lagt upp úr útliti búðarinnar og veitingahússins.



Íbúðalánasjóður

Átt þú rétt á lækkun skulda?

Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

Sótt er um sértæka skuldaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969
www.ils.is


Jóla skósprengja
Hefst í dag
Grafarholti opið
Laugardag milli kl. 11 og 16
Sunnudag milli kl. 13 og 17
Smáratorgi opið
Laugardag og sunnudag
milli kl. 11 og 18
Nýtt kortatímabil
LÁGMARK
50%
afsláttur
ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM
Þú finnur okkur á: facebook
Vörur frá
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlunni • Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
Toppskórinn Markaður
Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys´R´us
www.skor.is

# Heimilislegt og blátt áfram

TÓNLIST ★★★★☆

**Prammi**
Stafrænn Hákon
**SOUND IN SILENCE**



**STAFRÆNN HÁKON** „Að heyra strengjahljóðin í gripaskiptingum er í rauninni plús, ef eitthvað er, og hæfir hljóðheiminum fullkomlega.“ MYND/VALDÍS THOR

Stafrænn Hákon er tónlistarsjálf Ólafs Josephssonar sem hefur fengist við tónlist síðan seint árið 1999, en segja má að hann hafi verið hluti þeirrar „lo-fi“-hreyfingar sem var áberandi á Íslandi um síðustu aldamót. Ætla mætti að Stafrænn Hákon sé farinn að kunna vel til verka með slíka reynslu á bakinu, og það er einnig raunin.

Prammi er sjöunda breiðskífa Stafræns Hákons og er hún tekin upp í heimahúsi með aðstoð vina og vandamanna – sem á reyndar við um flest af efni listamannsins. Hljóðheimur plötunnar byggir á elektróskotnu „lo-fi“ indírokki með smá skammti af ambient og annarri tilraunamennsku. Prammi nær fyrirtaks flugi á þeim lögum þar sem söngur og raddanir fá að njóta sín (Klump, The Son, Hoff). Rækjuháls er að öðrum ólöstuðum besta lag plötunnar og er það eina sem sungið er á íslensku. Textinn, sem fjallar um afbrigðilegar matarvenjur, er bráðfyndinn.

Aðgengilegustu lögin án söngs renna einnig ágætlega niður og þá er rétt að hrósa góðum trommuleik í Hvarfi 12. Upptökurnar eru heimilislegar og blátt áfram, án þess að hægt sé að kvarta yfir nokkrum viðvaningshætti. Að heyra strengjahljóðin í gripaskiptingum er í rauninni plús, ef eitthvað er, og hæfir hljóðheiminum fullkomlega.

Prammi er ekki gallalaus plata en engu að síður góður og gildur fulltrúi íslenskrar indítónlistar. Hönnun umslagsins er einnig mjög indí, einungis plastvasi og blað með ljósmynd. Ef til vill hefði verið heppilegra að leggja aðeins meira í umbúðirnar, en það er kannski svipað og að kvarta yfir að frönskurnar komi með kartöflukryddi – þegar þig langaði í raun bara í salt. Franskar eru samt franskar og svona er lífið bara stundum.

Björn Teitsson



**NIÐURSTAÐA:** Prammi lætur lítið yfir sér en er fín viðbót í flóru íslenskrar indítónlistar.


SAMBÍÓIN SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1:30 - 3:40 L
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 L
PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20 12
PLAYING FOR KEEPS KL. 1:30 - 3:40 - 8 VIP
CHRISTMAS VACATION KL. 1:30 - 5:50 - 8 L
ALEX CROSS KL. 8 - 10:20 16
ALEX CROSS VIP KL. 5:50 - 10:20 VIP
POSSESSION KL. 10:20 16
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 5:40 - 8 - 10:30 12
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D KL. 3:40 L
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 L
ARGO KL. 8 - 10:30 14
HOPE SPRINGS KL. 3:40 L
BRAVE ÍSL TAL KL. 1:30

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1:30 L
RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL KL. 5:50 L
PLAYING FOR KEEPS KL. 8 - 10:10 L
CHRISTMAS VACATION KL. 2 - 8 L
ALEX CROSS KL. 10:10 16
HEIMILDARMYND UM GUÐMUND STEINARSSON KL. 4 - 6 L
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D KL. 3:40 L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1 - 3:20 - 5:30 L
RISE OF GUARDIANS ENS TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 L
ALEX CROSS KL. 8 - 10:20 16
TWILIGHT BREAKING DAWN 2 KL. 1 - 3 - 5:30 - 8 12
HERE COMES BOOM KL. 8 - 10:30 7
ARGO KL. 8 - 10:30 14
CLOUD ATLAS KL. 10:10 16
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D KL. 1 L
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 3:20 - 5:40 L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
UN BALLO IN MASCHERA ÓPERA KL. 17:55 L
RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 1:30 - 3:40 L
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 L
RISE OF GUARDIANS ENS TAL KL. 5:50 - 11 L
PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20 12
ALEX CROSS KL. 11 16
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 1:30 - 3:40 L
SKYFALL KL. 8 - 10:20 12

SAMBÍÓIN AKUREYRI
RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D KL. 2 - 6 L
RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL KL. 8 L
CHRISTMAS VACATION KL. 2 - 4 - 8 L
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D KL. 4 L
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 10:20 12
ALEX CROSS KL. 10:20 16
HOPE SPRINGS KL. 6 L

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
SO UNDERCOVER KL. 1 (TILB.) - 3.10 - 5.50 - 8 - 10.10 7
SO UNDERCOVER LÚXUS KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7
GOÐSAGNIRNAR FIMM 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.10 7
GOÐSAGNIRNAR FIMM 2D KL. 1 (TILB.) - 3.10 - 5.50 7
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 6 - 10.20 16
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 7
NIKO 2 KL. 1 (TILBOÐ) - 3 L
SKYFALL KL. 9 12

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
JACKPOT KL. 4 - 6 - 8 - 10 16
NIKO 2 KL. 3.20 (TILBOÐ) L
HOTEL TRANSYLVANIA ENSKT TAL ÍSL. TEXTI KL. 3.20 (TILB.) 7
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40 16
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9 16
DJÚPIÐ KL. 3.40 - 5.50 10

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
SO UNDERCOVER KL. 8 - 10 L
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10 16
HERE COMES THE BOOM KL. 6 7
HOTEL TRANSYLVANIA KL. 4 (TILB.) 7 / NIKO 2 KL. 4 (TILB.)

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
SO UNDERCOVER 4, 6, 8, 10 7
RISE OF THE GUARDIANS 3D 2, 4, 6 L
RISE OF THE GUARDIANS 2D 2, 4 L
KILLING THEM SOFTLY 10 16
SKYFALL 6, 9 12
PITCH PERFECT 8 12
NIKO 2 2 L



Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND Í 2D OG 3D
ÍSL TAL GOÐSAGNIRNAR FIMM TILBOÐ KL. 2
ÍSL TAL Niko 2 TILBOÐ KL. 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS



KOMIN AFTUR Í BÍÓ
EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ UPPLIFA JÓLAMYND ALLRA ÍSLENDINGA Í BÍÓ
CHEVY CHASE
NATIONAL LAMPOON'S CHRISTMAS VACATION
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is SAMBÍÓIN



TILBOÐ Í SMÁRABÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ
SO UNDERCOVER KL. 1 SB
ENSKT TAL/ÍSL TEXTI HOTEL TRANSYLVANIA KL. 3.20 HB
Niko 2 KL. 1 SB & 3.20 HB
3D MEÐ ÍSLENSKU TALI 2D GOÐSAGNIRNAR FIMM KL. 1 SB Í 2D OG 3D



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS
LAUGARDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 SUNNUDAGUR: NEXUS ÞRJÚBÍÓ: LABYRINTH (FRÍTT INN) (L) 15:00 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVARTIR SUNNUDAGAR: CARNIVAL OF SOULS (16) 20:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00
VÍDEÓVERK FRÁ KL. 14-18. FRÍTT INN.
SUN. KL. 20. AÐEINS ÞESSI EINA SÝNING
NEXUS ÞRJÚBÍÓ: FRÍTT INN!


Vodafone þakkar öllum sem lögðu UNICEF lið
Starfsfólk Vodafone, fjölskyldur þeirra og fjölmargir sjálfboðaliðar svöruðu í símann í þjónustuveri Vodafone í gær. Við þökkum öllum þeim sem lögðu málefninu lið og UNICEF innilega fyrir samstarfið.
Þín ánægja er okkar markmið
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# Rússneska birnan enn með fast tak

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er úr leik á Evrópumótinu í Serbíu eftir níu marka skell á móti Rússlandi í lokaleik sínum í gær. Íslensku stelpurnar þurftu sigur til að komast í milliriðilinn en eftir slæma byrjun dóu þær vonir svo gott sem í fyrri hálfleiknum.

Óskar Ó. Jónsson
ooj@frettabladid.is
Stefán Karlsson
stefank@365.is
Frá EM í Serbíu



**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er á heimleið frá Serbíu eftir þriðja tapið í röð í Vrsac í gær. Rússar voru betri á öllum sviðum frá upphafi leiks, unnu sannfærandi 30-21 sigur og fara því í milliriðilinn í Novi Sad ásamt Svartfellingum og Rúmenum. Slæm byrjun í leiknum fór nánast með alla möguleika stelpnanna á því að ná í söguleg úrslit og komast upp úr riðlinum. Rússland skoraði fjögur fyrstu mörkin, var átta mörkum yfir í hálfleik og gaf síðan ekkert eftir í þeim síðari.

„Við byrjuðum illa og þá má eiginlega segja það að byrjunin hafi orðið okkur að falli. Þetta var eins slæmt og þetta gat orðið í upphafi leiks og það er erfitt að lenda strax nokkrum mörkum undir á móti Rússum. Varnarleikurinn lagaðist í seinni hálfleik og ég var pínu ósáttur með að við náðum ekki að minnka þetta enn meira niður,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins.

Íslenska liðið hafði ávallt tapað stórt í leikjum sínum við Rússana og rússneska birnan var ekkert búin að létta takið þegar koma að leiknum í Vrsac. Rússneska liðið hafði verið í vandræðum í mótinu en sýndi styrk sinn.

„Við erum að elta þær allan leikinn sem er erfitt. Mér fannst við vera vel stemmdar fyrir leikinn en ég skil ekki alveg hvað gerðist. Á móti svona góðu liði þá má þetta ekki gerast því við verðum að vera tilbúnar frá byrjun,“ sagði Rut Jónsdóttir, besti maður íslenska liðsins ásamt Jenný Ásmundsdóttur í markinu.

Íslenska stelpurnar töpuðu öllum þremur leikjum sínum á mótinu , alveg eins og á EM 2010. Þrátt fyrir góðan varnarleik og markvörslu Jennýjar Ásmundsdóttur komast íslensku stelpurnar aldrei langt á svo sterku móti án betri sóknarleiks.

„Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta voru mjög sterk lið sem við mættum. Við erum líka margar mjög ungar og eigum mikið eftir. Við þurfum helst að bæta líkamlegan styrk hjá okkur. Við getum ekki orðið hærri en við getum bætt styrk,“ sagði Rut.



**LOK LOK OG LÆS** Rakel Dögg Bragadóttur og félagar áttu í mestu vandræðum með varnarmúr Rússa sem reyndist ekki árennilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stelpurnar höfðu ekki heppnina með sér þegar dregið var í riðla og þegar á reyndi þá voru mótherjarnir of stórir og of sterkir.

„Markmiðin voru að fara áfram og það hefði verið metnaðarleysi og fáránlegt af okkur að fara inn í þessa riðlakeppni og hafa ekki markmiðið að komast áfram. Ég er mest svekktur yfir því að við skulum ekki hafa náð jafnari leikjum. Ég vissi það alltaf að þetta yrði mjög erfitt og þessi lið eru bara gríðarlega sterk,“ sagði Ágúst.

„Það voru of margar sem náðu sér ekki á strik í mótinu og við náðum eiginlega ekki alveg nógu góðum takti frá fyrsta degi þó svo að leikur tvö á móti Rúmenum hafi verið mjög góður. Þetta er fúlt en við þurfum að taka þetta í reynsluboltann og horfa fram á veginn.“

„Það eru fullt af verkefnum framundan og liðið er á flottum aldri. Leikmenn eins og Þorgerður og Birna Berg eru líka fyrir utan liðið sem eru miklir framtíðarleikmenn og handan við hornið. Það er bara stefnan að halda áfram. Við fáum tvo leiki við Svía í mars og svo er það bara umspilsleikir í maí og júní. Við höldum tvíefld áfram,“ sagði Ágúst.

### EM KVENNA

| | |
|---|---|
| ÍSLAND | 21 |
| RÚSSLAND | 30 |

**Ísland - Mörk (skot):** Rut Jónsdóttir 4 (7), Rakel Dögg Bragadóttir 3/3 (6/3), Karen Knútsdóttir 3 (7), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3/1 (10/1), Arna Sif Pálsdóttir 2 (2), Þórey Rósa Stefánsdóttir 2 (5), Dagný Skúladóttir 1 (1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (1), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1 (2), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (3), Jóna Margrét Ragnarsdóttir (1), Stella Sigurðardóttir (1), Ramune Pekarskyte (5),

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 13/3 (39/7, 33%), Dröfn Haraldsdóttir 2/1 (5/4, 40%), (1, 0%),






**Í STRANGRI GÆSLU** Anna Úrsúla fékk að glíma við nautsterka og hávaxna varnarmenn Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Enn þá leiðinlegra en á Evrópumótinu 2010

**HANDBOLTI** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, línumaður íslenska liðsins, var svekkt eftir átta marka tapið gegn Rússum.

„Þetta fór ekki samkvæmt áætlun. Svo fór sem fór. Við þurfum að bíta í það súra epli,“ sagði Anna.

Rússarnir skoruðu fjögur fyrstu mörk leiksins sem var ekki í takt við upplegg Önnu og félaga fyrir leikinn.

„Mér fannst þær loksins sýna sitt rétta andlit. Um leið vorum við kannski ekki að ná nógu vel saman til að ná toppleik eins og hefði þurft gegn þessu liði.“

Rússneska liðið tapaði fyrsta leik sínum gegn Svartfellingum og gerði jafntefli gegn Rúmenum. Anna velti því fyrir sér hvort Rússarnir hefðu hreinlega verið að spara sig í leikjunum tveimur.

„Þær hafa auðvitað þessa sigurvegarareynslu til margra ára og kannski hjálpaði það með þeim í dag. Þær voru allavega miklu betri aðilinn í dag,“ sagði Anna óánægð með sóknarleik íslenska liðsins sem gekk illa þriðja leikinn í röð.

„Ég er ekki frá því að þessi lið hafi skoðað okkur í þaula og náð að stoppa sóknina okkar mjög vel.“

Íslenska liðið tapaði öllum leikjum sínum á mótinu líkt og var tilfellið á Evrópumótinu í Danmörku og Noregi fyrir tveimur árum.

„Þetta er enn þá leiðinlegra en síðast því núna ætluðum við að ná árangri. Þrjú töp er niðurstaðan sem er engan veginn nógu gott,“ sagði Anna en ítrekaði að liðið hefði þó lagt sig fram.

„Maður ætlar aldrei að hætta og við hentum okkur á alla bolta. Sama hvort það gekk eða ekki þá reyndum við. Það var hart barist fram á lokasekúndu. Það skiptir máli að ganga af velli ánægður með sitt framlag,“ sagði Anna.

Karen Knútsdóttir, leikstjórnandi Íslands, sagði liðið hafa verið lélegt á öllum sviðum gegn Rússum.

„Við þurfum að vera fljótari upp völlinn, fljótari að koma boltanum í leik og keyra upp hraðann. Við skorum ekki yfir 25 mörk í uppstilltum sóknum í hverjum leik. Það er einfaldlega of erfitt. Þær eru 190 cm og standa á sex metrum og bíða eftir manni,“ sagði Karen. - óój


VERSLAÐU Á ÚTSÖLU ... FYRIR JÓL!
JÓLA BOMBA
ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!
FÁÐU SKIPTIMIÐA • Á ALLAR JÓLAGJAFIR!
KORPU OUTLET
Skiptimiði
Þessari vöru fæst skipt
í aðra vöru til:
AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!
Ráðandi - auglýsingastofa ehf
TAX FREE
KORPU OUTLET
Fylgstu með okkur á Facebook!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400

# Óli fer til Katar

Eigendur setja ný viðmið fyrir handboltann í Katar.



Ólafur Stefánsson hefur samið við handboltaliðið Lakhwiya Sports Club í Doha í Katar. Ólafur, sem er 39 ára, mun fara til Katar í janúar og leika með liðinu út leiktíðina.

„Við höfum það á tilfinningunni að eigendur félagsins ætli sér að setja ný viðmið fyrir handboltann í Katar,“ segir umboðsmaður Ólafs, Wolfgang Gütschow í samtali við Handball World. Lakhwiya er nýliði í deildinni en liðið var stofnað árið 2009.

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
Veiðisögur • Veiðisvæði • Veiðifréttir • Veiðimenn


Fæst á flestum bóksölustöðum

# Manchester mun nötra

Stórslagur ársins í enska boltanum fer fram í Manchester á morgun. Þá takast á tvö bestu lið deildarinnar, Manchester City og Manchester United. Liðin eru þegar farin að stinga andstæðinga sína í ensku úrvalsdeildinni af.

**FÓTBOLTI** Sálfræðistríðið fyrir stórleikinn er þegar hafið. Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, lagði grunninn í gær er hann setti spurningamerki við þann fjölda vítaspyrna sem City fær á heimavelli.

Frá árinu 2010 hefur City fengið 20 víti á heimavelli en United 13. United fékk aftur á móti 9 víti í fyrra eða einu meira en City. City er búið að fá fjögur víti á heimavelli í vetur en United tvö.

„Ef við fengjum sama fjölda af vítum og City þá yrði líklega gerð þingrannsókn á málinu. Menn myndu mótmæla harkalega,“ sagði Ferguson, en fáir stjórar hafa haft betur í sálfræðistríði við hann.

Það er ansi margt sem bendir til þess að Manchester-liðin muni berjast um meistaratitilinn allt til enda tímabilsins.

„Það er ansi ólíklegt að annað þessara liða hrynji og leyfi öðru liði að koma í slaginn. Ég held að þetta verði barátta þessara liða í vetur,“ sagði Ferguson og bætti við.

„Við erum komnir með fínt forskot á Chelsea, Arsenal og Tottenham. Við erum hættulegasti andstæðingur City og City er okkar hættulegasti andstæðingur. Nágrannaslagir eru þekktir fyrir að koma á óvart. City hefur ekki tapað fyrir okkur í tvö ár. Þetta verður erfitt en við getum unnið hvaða lið sem er.“

Roberto Mancini, stjóri Man. City, hélt því fram allt til enda síðasta tímabils að United myndi vinna titilinn. Hann heldur sig við svipaða sálfræði í ár.

„United hefur 20 ára reynslu af því að berjast á toppnum. Þess vegna eru þeir aðeins líklegri. Liðið getur leyft sér að tapa um helgina því þeir eru með þriggja stiga forskot á okkur. Við megum aftur á móti ekki við því að tapa. United er því betra en við um þessar mundir,“ sagði Ítalinn sem vill ólmur halda pressunni í hinum enda Manchester-borgar.

Sigur hjá City myndi létta pressunni á ítalska stjóranum sem mistókst í vikunni að koma liðinu upp úr riðlakeppni Meistaradeilar Evrópu annað árið í röð.

henry@frettabladid.is




**LYKILMENN** Þeir Wayne Rooney og Sergio Aguero verða væntanlega í lykilhlutverkum á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY

## Leikir helgarinnar

**Laugardagur:**
Arsenal–WBA
*Sport 3*
Aston Villa–Stoke City
*Sport 4*
Southampton–Reading
*Sport 6*
Sunderland–Chelsea
*Sport 2 og HD*
Swansea–Norwich
*Sport 5*
Wigan–QPR
Sunnudagur:
Man. City–Man. Utd
*Sport 2 og HD*
Everton–Tottenham
*Sport 3*
West Ham–Liverpool
*Sport 2 og HD*




BMW X5 M SPORT

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði. Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

ENNEMM / SÍA / NM55672

BMW M Sport xDrive
30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað
40d, 306 hestöfl – 7,5 l / 100 km* – 6,6 sek. í hundrað

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ATHUGIÐ!
Tryggið ykkur nýjan BMW X5 á hagstæðu verði.
Breytingar verða á vörugjöldum 1. jan. nk.

Verð frá: 13.790 þús.

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Nýttu tækifærið

## Kauptu nýlegan bíl fyrir 15. des. á sérstöku verði

## Hagstæð fjármögnun hjá Ergo
### Settu gamla bílinn uppí sem útborgun

ergo

*Lengri lánstími: Allt að 84 mánuðir*
*Minni útborgun: Aðeins 20%*

***Dæmi um úrvalið sem er í boði:***



Tilboðsverð
3.090.000 kr.

**Ford Mondeo Trend skrd. 5/2011**
2,0 dísil, sjálfskiptur
OET04. Ekinn 59.000 km.
Verð áður 3.390.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.



Tilboðsverð
4.990.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S AWD skrd. 4/2012**
2,0 dísil, sjálfskiptur
RLG43. Ekinn 32.000 km.
Verð áður 5.390.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.



Tilboðsverð
2.190.000 kr.

**Ford Focus Trend skrd. 6/2011**
1,6 bensín, beinskiptur
ZUB23. Ekinn 58.000 km.
Verð áður 2.450.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.



Tilboðsverð
1.950.000 kr.

**Ford Fiesta Trend skrd. 5/2011**
1,4 bensín, sjálfskiptur
NUD95. Ekinn 42.000 km.
Verð áður 2.080.000 kr.
Afsláttur 130.000 kr.



Tilboðsverð
3.950.000 kr.

**Mazda 6 Premium skrd. 4/2012**
2,0 bensín, sjálfskiptur
LHP94. Ekinn 25.000 km.



Tilboðsverð
1.350.000 kr.

**Citroën C1 SX skrd. 6/2011**
1,0 bensín, beinskiptur
RUY83. Ekinn 39.000 km.
Verð áður 1.490.000 kr.
Afsláttur 140.000 kr.

ergo

*Lengri lánstími og minni útborgun hjá Ergo*
*Komdu í Brimborg - opið í dag 12-16*

*Skoðaðu fleiri dæmi á* ***notadir.brimborg.is***

*Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu*
**3 sýningarsvæði Brimborgar Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri**
Sími 515 7000 I notadir.brimborg.is

Thrifty® *Bílaleiga*

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR



### Zach Braff

„Ég hef alltaf verið hrifinn af sögunni um Örkina hans Nóa. Finnst þetta frábær hugmynd að byrja alveg upp á nýtt með því bjarga bara því sem þér er vel við en skilja allt hitt eftir."

*Það er spurning hvað Scrubs-leikarinn þekkti myndi velja að taka með sér ef hann fengi að byrja með hreint borð. Hann myndi líklegast taka með sér disk með myndinni The Ex sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.20 og aftur klukkan 01.40 í nótt.*

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.30

### Steve Jobs – Billion Dollar Hippy

Stöð 2 sýnir í kvöld einstaka heimildarmynd um Steve Jobs og Apple-ævintýrið. Hann stofnaði Apple í bílskúrnum heima hjá foreldrum sínum ásamt Steve Wozniak og Roland Wayne. Í dag er Apple-vörumerkið eitt það verðmætasta í heimi. Í myndinni er varpað nýju ljósi á líf þessa snillings, sem lést í fyrra eftir langa baráttu við krabbamein. Meðal annars eru sýnd viðtöl við Steve Wozniak og frumkvöðulinn Sir Tim Berners-Lee, sem oft er kallaður upphafsmaður internetsins. Þetta er einkar áhugaverð mynd um einstakan mann og söguna á bak við það hvernig Apple varð eitt af stærstu fyrirtækjum heims á hans vakt.



### RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **07.25** Leynifélagið **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Girni, grúsk og gloríur **11.00** Guðsþjónusta í Hjallakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Ástand - Seinni hluti **14.00** Víðsjá **15.00** Orð um bækur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Kveikjan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Bókaþing **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Íslendingasögur **20.30** Okkar á milli **21.10** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.10 Ævintýri Merlíns** *(5:13) (The Adventures of Merlin IV) (e)*

**10.55 Dans dans dans** *(e)* Úrslitaþáttur.

**12.30 Silfur Egils**

**13.50 Djöflaeyjan** *(16:30) (e)*

**14.30 Íslensku björgunarsveitirnar** *(4:4) (Náttúruhamfarir) (e)*

**15.15 Af hverju fátækt? Látið okkur fá féð** *(e)*

**16.10 Af hverju fátækt? Sólarorkumömmur** *(e)*

**17.05 Mín New York – Bjarke Ingels** *(e)*

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Jóladagatalið**

**17.31 Hvar er Völundur?**

**17.37 Jól í Snædal**

**18.00 Stundin okkar**

**18.25 Hið ljúfa líf – Jól** *(2:4) (e)*

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur.

**20.15 Downton Abbey** *(4:8) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur.

**21.10 Sinfóníuhljómsveitin á tímamótum – Fyrsta árið í Hörpu** Sinfóníuhljómsveit Íslands fluttist inn í glæsilegt tónleikahús Íslendinga á vordögum 2011. Draumur allra þeirra sem unna tónlistarflutningi á Íslandi varð loksins að veruleika.

**22.05 Sunnudagsbíó – Biutiful** Uxbal, sem er einstæður faðir og glæpamaður í Barcelona, fær að vita að hann er með ólæknandi krabbamein. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.30 Silfur Egils** *(e)*

**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**11.00 Hachiko: A Dog's Story**

**12.35 The Prince and Me II**

**14.10 The Full Monty**

**15.40 Hachiko: A Dog's Story**

**17.15 The Prince and Me II**

**18.50 The Full Monty**

**20.20 The Ex**

**22.00 Köld slóð**

**23.40 Repo Men**

**01.40 The Ex**

**03.10 Köld slóð**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**12.00 Nágrannar**

**12.40 Nágrannar**

**13.20 Nágrannar**

**13.45 The X-Factor** *(23:27)*

**14.30 Dallas** *(9:10)*

**15.15 Sjálfstætt fólk**

**15.55 How I Met Your Mother** *(1:24)*

**16.20 Eldsnöggt með Jóa Fel**

**16.55 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.

**17.45 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** Endursýndir allir þættir í Jóladagatali Skoppu og Skrítlu síðustu vikunna

**18.20 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(9:24)*

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.55 Um land allt** Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót.

**19.30 Steve Jobs – Billion Dollar Hippy** Afar áhugaverð heimildarmynd um Steve Jobs.

**20.25 The Mentalist** *(3:22)* Fimmta þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.

**21.15 Homeland** *(10:12)* Önnur þáttaröð þessarra mögnuðu spennuþátta þar sem við fylgdumst við með Carrie Mathieson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar, sem fékk upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandaríska stríðsfangann Brody á sitt band. Ekki var þó allt sem sýndist í fyrstu, á meðan Brody virðist leika tveimur skjöldum, ágerast andleg veikindi Carrie, sem virðist þó sannfærð um að lausn sé í sjónmáli.

**22.10 Boardwalk Empire** *(5:12)* Þriðja þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.

**23.15 60 mínútur**

**00.05 The Daily Show: Global Edition** *(39:41)*

**00.35 Covert Affairs** *(1:16)*

**01.20 The Newsroom** *(9:10)*

**02.20 What to Do When Someone Dies** *(1:2) (2:2)*

**04.40 Angel and the Bad Man**

**06.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT — *besta sætið*

**08.25 Evrópudeildin: FC København - Steaua Búkarest**

**10.05 Spænski boltinn: Valladolid - Real Madrid**

**11.45 Meistaradeild Evrópu: Endursýndur leikur**

**13.25 Meistaradeild Evrópu:** Endursýndur leikur

**15.05 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

**15.50 Tvöfaldur skolli**

**16.25 Þýski handboltinn: Kiel - Melsungen** BEINT

**18.05 Evrópudeildin: Tottenham - Panathinaikos**

**19.50 Spænski boltinn: Betis - Barcelona** BEINT

**22.00 Box: Pacquiao - Marquez**

**23.30 Þýski handboltinn: Kiel - Melsungen**

**00.55 Spænski boltinn: Betis - Barcelona**

### SPORT 2 — *enski boltinn*

**09.55 Sunderland - Chelsea**

**11.35 Arsenal - WBA**

**13.15 Man. City - Man. Utd** BEINT

**15.45 West Ham - Liverpool** BEINT

**18.00 Sunnudagsmessan**

**19.15 Everton - Tottenham**

**20.55 Sunnudagsmessan**

**22.10 Man. City - Man. Utd**

**23.50 Sunnudagsmessan**

**01.05 West Ham - Liverpool**

**02.45 Sunnudagsmessan**

### krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Krakkarnir í næsta húsi**

**08.45 Tricky TV** *(11:23)*

**09.30 Villingarnir**

**09.55 Ævintýri Tinna**

**10.45 Brunabílarnir**

**11.35 Könnuðurinn Dóra**

**12.25 Doddi litli og Eyrnastór**

**12.35 Ofurhundurinn Krypto**

**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

### POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)*

**17.20 Íslenski listinn**

**17.45 Sjáðu**

**18.10 Game Tíví** Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.

**18.35 American Dad** *(16:19)* Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.

**19.00 Friends** *(6:24)* Í hrekkjavökuteiti Monicu skapast búningasamkeppni milli Monicu og Phoebe en Phoebe hittir einnig fyrir unnusta tvíburasystur sinnar sem enginn annar en Sean Penn leikur.

**19.25 The Simpsons** *(20:23)*

**19.50 The Cleveland Show** *(16:21)* Þættirnir um líf Cleveland-fjölskyldunnar.

**20.15 Suburgatory** *(17:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.

**20.40 Privileged** *(16:18)* Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.

**21.25 Game Tíví**

**21.50 American Dad** *(16:19)*

**22.15 The Cleveland Show** *(16:21)*

**22.40 Suburgatory** *(17:22)*

**23.05 Privileged** *(16:18)*

**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### GULL

**18.10 Doctors** *(84:175)*

**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(9:24)*

**19.00 Ellen** *(54:170)*

**19.45 Viltu vinna milljón?**

**20.30 Cold Case** *(9:23)*

**21.15 The Sopranos** *(4:13)*

**22.10 Viltu vinna milljón?**

**22.55 Cold Case** *(9:23)*

**23.40 The Sopranos** *(4:13)*

**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**09.40 Rachael Ray** *(e)*

**11.45 Dr. Phil** *(e)*

**13.05 The Bachelor** *(4:12) (e)*

**14.35 A Gifted Man** *(15:16) (e)*

**15.25 License to Kill** *(e)*

**17.25 30 Rock** *(16:22) (e)*

**17.50 House** *(12:23) (e)*

**18.40 Last Resort** *(3:13) (e)*

**19.30 Survivor** *(6:15)* Einn vinsælasti þáttur SkjásEins frá upphafi snýr nú aftur.

**20.15 Top Gear 2012 Special**

**21.15 Law & Order: Special Victims Unit** *(17:24)* Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg.

**22.00 Dexter** *(7:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Ástin blómstrar hjá Dexter og Hannah sem byrgir honum sýn á raunveruleg vandamál.

**23.00 Combat Hospital** *(1:13)* Spennandi þáttaröð um líf og störf lækna og hermanna í Afganistan. Þáttunum hefur verið líkt við Gray's Anatomy og Private Practice.

**23.50 Sönn íslensk sakamál** *(6:8) (e)*

**00.20 House of Lies** *(8:12) (e)*

**00.45 In Plain Sight** *(11:13) (e)*

**01.30 Combat Hospital** *(1:13) (e)*

**02.20 Excused** *(e)*

**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Franklin Templeton Shootout **2012** (**2:3**) **10.10** Golfing World **11.00** Ryder Cup Official Film **2004** **12**.15 Franklin Templeton Shootout **2012** (**2:3**) **14.15** Northern Trust Open **2012** (**4:4**) **20.00** Franklin Templeton Shootout **2012** (**3:3**) **23.00** Franklin Templeton Shootout **2012** (**3:3**) **02.00** ESPN America

### ÍNN

**11.00** Sunnudagur með Geir Haarde **12.00** Hrafnaþing **13.00** Sunnudagur með Geir Haarde **14.00** Hrafnaþing **15.00** Sunnudagur með Geir Haarde **16.00** Hrafnaþing **17.00** Sunnudagur með Geir Haarde **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Vínsmakkarinn **20.00** Hrafnaþing **21.00** Sunnudagur með Geir Haarde **22.00** Hrafnaþing **23.00** Sunnudagur með Geir Haarde **00.00** Heilsuþáttur Jóhönnu

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




# fullkomnun í ÚTLITI og KRAFTI

DELL

## Dell XPS-línan er einstök fágun í hönnun og uppfyllir kröfur þínar um gæði og léttleika.

Nýja XPS fartölvulínan frá Dell var gerð til að standast ítrustu kröfur. XPS fartölvurnar eru stílhreinar og þunnar Ultrabook-vélar í stærðum frá 12–15". Allar XPS-vélarnar eru gerðar úr sérstyrktu koltrefjaefni í bland við ál sem veitir betri kælingu og gerir tölvuna sterkbyggðari. Solid State-drif og Rapid Start-tækni frá Intel gera það að verkum að þær eru gífurlega snöggar að ræsa sig og skjáirnir eru einstaklega skarpir, enda úr níðsterku Gorilla Glass-efni.




PIPAR\TBWA • SÍA • 123625

| ▼ Dell XPS 14 Ultrabook | Dell XPS 15 fartölva ▲ |
|---|---|
| Intel Core i7-3517U | Intel Core i7-3612QM |
| 4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni | 8GB 1600MHz DDR3 vinnsluminni |
| Windows 8 Home stýrikerfi | Windows 8 Home stýrikerfi |
| 14" HD+ (1600x900) 900p WLED | 15,6" FHD (1920X1080) WLED |
| 1GB NVIDIA GeForce skjákort | 2GB NVIDIA GeForce skjákort |
| 32GB m-SATA SSD-drif | 32GB m-SATA SSD-drif |
| 500GB SATA harður diskur | 1TB SATA harður diskur |
| 1,3 MP vefmyndavél | 1,3 MP vefmyndavél |
| Minniskortalesari 3-in-1 | Minniskortalesari 3-in-1 |
| 2 x USB 3.0 | 3 x USB 3.0 |
| 1 x HDMI | 1 x HDMI |
| 1 x mini DisplayPort | 1 x mini DisplayPort |
| Heyrnartólatengi | Heyrnartólatengi |
| Mál: 20,7mm x 335,8mm x 233mm (hxbxd) | Mál: 23,2mm x 371mm x 249mm (hxbxd) |
| Þyngd: 2,6 kg | Þyngd: 2,6 kg |
| **248.995 kr.** | **344.995 kr.** |

Windows 8



Hátækni

advania
Welcome to IT

Advania valdi traustan og öflugan söluaðila fyrir Dell-tölvur. Hátækni selur Dell.

Ármúla 26 • 522 3000 • www.hataekni.is

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Stöð 2 kl. 21.15
### The Dilemma



Kevin James og Vince Vaughn leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni The Dilemma sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Hún fjallar um mann sem kemst að því að eiginkona besta vinar hans er að halda framhjá honum og þarf að gera upp við sig hvort hann segi vininum sannleikann. Jennifer Connelly og Winona Ryder leika einnig stór hlutverk í myndinni.

## Í KVÖLD



### G.I. Joe: The Rise of Cobra
**RÚV KL. 22.15** Mynd gerð eftir leikfangadúkkunni G.I. Joe. Dennis Quaid og Channing Tatum fara með hlutverk Hawk liðsforingja og Duke Hauser, tveggja hermanna sem ganga í sérsveitina G.I. Joe. Með sveitinni þurfa þeir að takast á við hættuleg glæpasamtök sem alræmdur vopnasali stjórnar.

Rotten Tomatoes 34% IMDb 5,7



### Higher Learning
**SKJÁR 1 KL. 22.45** Spennumynd um einstaklinga sem allir eiga sér mismunandi fortíð og koma saman í heimavistinni í háskólanum. Öll eiga þau við sín vandamál að stríða og þurfa að klást við þau samhliða náminu. Ice Cube, Tyra Banks, Omar Epps, Laurence Fishburne og Jennifer Connelly eru á meðal leikara.

Rotten Tomatoes 50% IMDb 6,2



### Delgo
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 10.35** Freddie Prinze Jr., Jennifer Love Hewitt og Val Kilmer eru á meðal þeirra sem ljá þessari teiknimynd rödd sína. Þegar töfraheimurinn stendur frammi fyrir algjörri eyðileggingu er það á ábyrgð hins barnalega en ævintýragjarna Delgo að bjarga honum og fær hann vini sína með sér í lið.

Rotten Tomatoes 12% IMDb 4,4

## RÁS 1
FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperlur: Noregsferðin 1954 **08.00** Morgunfréttir **08.05** Norðurslóð **09.00** Fréttir

**09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Matur er fyrir öllu **15.30** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Albúmið: P.J. Harvey - Rid of me **17.35** Íslendingasögur **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Guð reykir Havana vindla **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Laugardagskvöld með Svavari Gests **20.00** Prússland - Ris og fall járnríkis **21.00** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.55 Dans dans dans – Keppendur kynntir**
**11.00 Á tali við Hemma Gunn** *(Rósa Ingólfsdóttir) (e)*
**11.50 Útsvar** *(Grindavíkurbær - Snæfellsbær) (e)*
**12.50 Landinn** *(e)*
**13.25 Kiljan** *(e)*
**14.15 Ástin grípur unglinginn** *(60:61)*
**15.00 Íþróttaannáll 2012** *(e)*
**15.35 Grace Kelly** *(e)*
**16.25 Síðustu dagar Sovétríkjanna** *(Les Derniers jours de l'URSS) (e)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**18.00 Vöffluhjarta** *(6:7)*
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** *(5:13) (The Adventures of Merlin IV)*
**20.30 Dans dans dans** Úrslitaþátturinn. Kynnir er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.
**22.05 Hraðfréttir** *(e)*
**22.15 Dátar: Uppgangur Kóbru** *(G.I. Joe: The Rise of Cobra)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.15 Blórabögglll** *(Framed)* Safnvörður á Þjóðarlistasafninu breska kemur í afskekkt þorp í Wales í sérstökum erindagjörðum.
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.00 Funny Money**
**10.35 Delgo**
**12.05 Far and Away**
**14.25 Funny Money**
**16.00 Delgo**
**17.30 Far and Away**
**19.50 Secretariat**
**22.00 Lethal Weapon**
**00.00 w Delta z**
**01.45 Secretariat**
**03.45 Lethal Weapon**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 Glee** *(6:22)*
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 The X-Factor** *(22:27)*
**15.10 2 Broke Girls** *(1:24)*
**15.35 Jamie's Family Christmas** Jamie Oliver er snillingur þegar kemur að því að framreiða fljótlegan og gómsætan mat. Nú býður hann okkur velkomin á heimili sitt þar sem hann sýnir okkur hvernig hægt er að undirbúa veislumat með litlili fyrirhöfn.
**16.00 ET Weekend**
**16.50 Íslenski listinn**
**17.20 Game Tíví**
**17.50 Sjáðu**
**18.20 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(8:24)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.56 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**19.13 Lottó**
**19.23 Veður**
**19.35 Pictures of Hollis Woods** Einkar hugljúf og áhrifamikil mynd um unga munaðarlausa stúlku sem hefur alla tíð átt erfitt með að finna sér heimastað. Nú loks hefur hún fundið heimili sem vel er tekið á móti henni og hennar hæfileikar fá að njóta sín.
**21.15 The Dilemma** Skemmtileg gamanmynd með Kevin James og Jennifer Connelly og fjallar um mann sem þarf að taka erfiða ákvörðun þegar hann kemst að því að eiginkona besta vinar hans er að halda framhjá honum. Með önnur aðalhlutverk fara Vince Vaughn og Winona Ryder.
**23.05 Cleaverville** Dramatísk spennumynd um ógreluknou sem er á flótta undan réttvísinni.
**00.35 The Jackal** Alræmdur leigumorðingi, Sjakalinn, tekur að sér að ráða yfirmann bandarísku alríkislögreglunnar af dögum. Yfirvöld bregða á það ráð að leysa írskan hryðjuverkamann úr haldi til að stöðva hann. Æsispennandi mynd með úrvalsleikurum.
**02.40 The Chamber**
**04.30 Flirting With Forty**
**05.55 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT
*besta sætið*

**08.45 Meistaradeild.: Kiel - Atl. Madrid**
**10.10 Meistaradeild.: Montpellier - Flensburg**
**11.35 Meistaradeildin: markaþáttur**
**12.05 Evrópud.: Udinese - Liverpool**
**13.45 Meistarad: Dortmund - Man. City**
**15.25 Meistaradeild Evrópu: Paris St. Germain - Porto**
**17.05 Þorsteinn J. og gestir**
**17.50 Arnold Classic**
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spænski boltinn: Valladolid - Real Madrid** BEINT
**21.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**21.35 Grænland** Farið verður á framandi slóðir og í þessu sinni og Grænland heimsótt og skoðað hvernig er að veiða hjá þessari nágrannaþjóð.
**22.10 Being Liverpool**
**23.00 24/7 Pacquiao - Marquez**
**01.00 Box: Pacquiao - Marquez** BEINT frá hnefaleikabardaga á milli Manny Pacquiao og Juan Manuel Marquez.

## STÖÐ 2 SPORT 2
*enski boltinn*

**09.30 Blackburn - Cardiff**
**11.10 Newcastle - Wigan**
**12.50 Premier League World**
**13.20 Premier League Review Show**
**14.15 Premier League Preview Show**
**14.45 Sunderland - Chelsea** BEINT
**17.00 Arsenal - WBA**
**18.40 Aston Villa - Stoke**
**20.20 Swansea - Norwich**
**22.00 Southampton - Reading**
**23.40 Sunderland - Chelsea**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Krakkarnir í næsta húsi**
**08.45 Tricky TV** *(8:23) (9:23)*
**09.30 Villingarnir**
**09.55 Ævintýri Tinna**
**10.45 Brunabílarnir**
**11.05 Dóra könnuður**
**11.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.35 Ofurhundurinn Krypto**
**13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)*
**17.25 Sjáðu**
**17.50 Íslenski listinn**
**18.15 The Cougar** *(3:8)* Skemmtilegur raunveruleikaþáttur frá þeim sem sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem er í aðalhlutverkinu.
**19.00 Friends** *(5:24)* Ross hryllir við því að Rachel sé að fara á stefnumót við myndarlegan leikara, sérstaklega þar sem hún gengur með barnið hans.
**19.25 The Simpsons** *(19:23)*
**19.50 Hart of Dixie** *(13:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**20.35 The Cougar** *(3:8)* Skemmtilegur raunveruleikaþáttur frá þeim sem sömu og gerðu The Bachelor en hér er um að ræða þroskaða konu sem er í aðalhlutverkinu. Hún verður umkringd ungum mönnum sem þurfa að keppa um athygli hennar með ýmsum hætti. Markmiðið er að hún muni svo að lokum finna sálufélaga sinn.
**21.20 Gossip Girl** *(8:10)* Líf unglinganna á Manhattan ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum.
**22.00 Hart of Dixie** *(13:22)*
**22.40 Gossip Girl** *(8:10)*
**23.20 The Cougar** *(3:8)*
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.10 Doctors** *(83:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(8:24)*
**19.00 Ellen** *(53:170)*
**19.45 Tekinn**
**20.10 Næturvaktin**
**21.00 Réttur** *(3:6)*
**21.50 NCIS** *(9:24)*
**22.35 Tekinn**
**23.00 Næturvaktin**
**23.50 Réttur** *(3:6)*
**00.35 NCIS** *(9:24)*
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.50 Rachael Ray** *(e)*
**12.20 Dr. Phil** *(e)*
**14.20 Kitchen Nightmares** *(8:17) (e)*
**15.10 Parks & Recreation** *(6:22) (e)*
**15.35 Happy Endings** *(6:22) (e)*
**16.00 The Good Wife** *(4:22) (e)*
**16.50 The Voice** *(13:15) (e)*
**19.00 Minute To Win It** *(e)*
**19.45 The Bachelor** *(4:12)* Rómantísk þáttaröð um piparsvein sem er í leit að hinni einu sönnu ást.
**21.15 A Gifted Man** *(15:16)* Athyglisverður þáttur um líf skurðlæknis sem umbreytist þegar konan hans fyrrverandi deyr langt fyrir aldur fram og andi hennar leitar á hann.
**22.00 Ringer** *(15:22)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna. Andrew biður Bridget að giftast sér öðru sinni og þá uppgötvar hún raunverulega galla þess að vera systir sín.
**22.45 Higher Learning**
**00.55 Rocky Balboa** Bandarísk kvikmynd frá árinu 2006. Þetta er síðasta kvikmyndin um ítalska folann Rocky Balboa. Mikið vatn er runnið til sjávar hjá hnefaleikamanninum goðsagnakennda. Adrian er látin úr krabbameini og samband hans við son sinn er afar stirt en á sama tíma finnur Rocky fyrir löngu.
**02.40 Secret Diary of a Call Girl** *(8:8) (e)*
**03.05 Excused** *(e)*
**03.30 Ringer** *(15:22) (e)*
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.05** Franklin Templeton Shootout **2012** (**1:3**) **11.05** Golfing World **11.55** Franklin Templeton Shootout **2012** (**1:3**) **14.55** Tiger gegn Rory **18.25** LPGA Highlights (**21:22**) **19.45** Ryder Cup Official Film **2010** **21.00** Franklin Templeton Shootout **2012** (**2:3**) **23.00** Franklin Templeton Shootout **2012** (**2:3**) **01.00** ESPN America

## ÍNN

**17.00** Randver **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Vínsmakkarinn **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun










**SKOGSTAD MIKKA ÚLPA**
Stærðir 1–6 ára.
Bláar og svartar.
**15.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.**




**SKOGSTAD MIKKA ÚLPA**
Stærðir 1–6 ára.
Bláar og svartar.
**15.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.**



**DIDRIKSONS VONZO PEYSA**
Stærðir 130–170 til í svörtu,
bláu og fjólubláu.
**4.990 KR.**




**SKOGSTAD LINKIN ÚLPA**
Stærðir 6–14.
Svartar og grænar.
**15.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.**




**SKOGSTAD PANTHER HLÍFÐARBUXUR**
Stærðir 116–164. Svartar
**11.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.**



**DIDRIKSONS SHEY PEYSA**
Stærðir 80–130 til í bleiku,
fjólubláu, grænu, bláu og gráu.
**5.990 KR.**



**DIDRIKSONS SHEY FLÍSBUXUR**
Stærðir 80–130 til í bleiku, fjólubláu,
grænu, bláu og gráu.
**4.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
SAMFELLA. Stærðir 74–98.
Bláar og fjólubláar.
**6.490 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BABY**
BUXUR. Stærðir 74–98
Bláar og fjólubláar
**5.490 KR.**



**DIDRIKSONS ALPI FLÍSBUXUR**
Stærðir 130–170. Svartar.
**3.990 KR.**




**SCOTT FLATIRON HÚFA** Nokkrir litir.
**1.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 2.490 KR.**



**DIDRIKSONS VEGA HÚFA** Nokkrir litir.
**3.590 KR.**



**DIDRIKSONS BIGGLES HÚFA**
Stærðir 50–56 cm til
í nokkrum litum.
**2.950 KR.**



**COLUMBIA ROPE TOW KULDASKÓR**
Stærðir 21–35. Svartir, bláir
og gráir/fjólubláir.
**13.990 KR.**



**SOREL YOOT PAC KULDASKÓR**
Stærðir 32–40.
Ljósbrúnir og svartir.
**17.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122939

## HVETJA TIL MYNDATÖKU

Gestir á tónleikum Mika í Silfurbergi í Hörpunni 18. desember eru hvattir til að mynda söngvarann og sjálfa sig og setja á opinbera Facebook-síðu Mika eftir tónleikana. Þetta er heldur óvenjuleg beiðni því venjulega eru tónlistarmenn ekki ánægðir með að gestir taki mikið af myndum á tónleikunum sínum. Örfáir miðar eru eftir en eins og Fréttablaðið greindi frá mun Páll Óskar hita upp. Með Palla uppi á sviði verða dansarar og má því búast við flottu upphitunaratriði. - fb





„Wow...WTF“

**BANDARÍSKI TÓNLISTARMAÐURINN FRANK OCEAN** VAR GÁTTAÐUR Á ÞVÍ AÐ HLJÓTA SEX TILNEFNINGAR TIL GRAMMY-VERÐLAUNANNA Á MIÐVIKUDAG.

## SAMNINGUR Í BANDARÍKJUNUM

Bandaríski útgáfurisinn St. Martin's Press hefur tryggt sér Auðnina og Ég man þig eftir Yrsu Sigurðardóttur. Í vor kom Aska út undir merkjum forlagsins en áður höfðu Þriðja táknið og Sér grefur gröf verið gefnar út í Bandaríkjunum. Bandaríkin eru einn erfiðasti markaður í heimi fyrir þýðingar en þýddar bækur eru innan við tvö prósent útgefinna titla. Útgáfan St. Martins´s Press er með aðsetur í hinni sögufrægu Flatiron-byggingu á miðri Manhattan í New York, sem hefur komið við sögu í mörgum kvikmyndum, þar á meðal Spider-Man. - fb



## STOLTUR AF BRÓÐUR SÍNUM

Fjallað var um fatalínu Ostwald Helgason í breska blaðinu Telegraph í gær. Ostwald Helgason er í eigu fatahönnuðanna Ingvars Helgasonar og Susanne Ostwald, sem gera út frá London. Þau fengu nýverið styrk til að taka þátt í tískuvikunni í New York á næsta ári. Það vita ekki allir að Ingvar er bróðir sjónvarpsmannsins **Egils Helgasonar**, sem er stoltur af litla bróður og tengir á grein Telegraph á Facebook-síðu sinni í gær.



KÆRLEIKSKÚLAN



LOKKANDI

Hrafnhildur Arnardóttir

Sölutímabil 5.-19. desember

Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð
Hafnarborg - Hafnarfirði
Kokka - Laugavegi
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind
Módern - Hlíðarsmára
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Þjóðmenningarhúsið - Hverfisgötu
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun - www.kaerleikskulan.is

Með kaupum á Kærleikskúlunni styður þú starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

# Unnur Birna fær málflutningsréttindi

**Fann kjarnann í hefðbundnu fjölskyldulífi á milli þess að gegna formennsku í Félagi um foreldrajafnrétti og fullu starfi sem lögfræðingur.**

„Ég er ekki komin með skírteinið í hendurnar en ef allt gengur eftir ætti ég að fá það í næstu viku. Réttindin gera það að verkum að ég má flytja mál fyrir héraðsdómi og get þar með fylgt mínum málum eftir dómstólaleiðina ef svo ber undir. Þá er mér jafnframt heimilt að taka að mér verjandastörf í sakamálum,“ segir lögfræðingurinn og fyrrverandi alheimsfegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir. Hún lauk í síðustu viku við síðasta prófið áður en hún fær málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Unnur Birna lauk meistaranámi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðið vor og hefur starfað á Íslensku lögfræðistofunni síðan þá. Meistararitgerðin hennar fjallaði um orku-, auðlinda- og umhverfisrétt en aðspurð segist hún ekki einbeita sér að slíkum málum í starfi sínu. „Ég er mjög langt frá því,“ segir hún og hlær. „Mér skilst reyndar að það sé ekki óalgengt að nemendur velji sér annað ritgerðarefni á meistarastigi en þeir leggja svo áherslu á þegar út í starfið er komið,“ bætir hún við.

Undanfarin tvö ár hefur Unnur Birna verið mikið tengd störfum Félags um foreldrajafnrétti og tekur hún formannssæti í stjórn félagsins um áramótin. „Maðurinn minn [Pétur Rúnar Heimisson] á barn úr fyrra sambandi. Það var kveikjan að því að ég fór að kynna mér það réttarsvið sérstaklega er snýr að rétti barna til beggja foreldra. Ég sá þá hversu mikið ójafnrétti er á milli kynjanna í barnaréttarlöggjöf Íslendinga,“ segir hún. Félagið hefur barist ötullega fyrir breytingu á löggjöfinni og hefur það skilað sér í því að breytingarfrumvarp var samþykkt síðastliðið vor og eiga breytingarnar að taka gildi núna 1. janúar. „Ögmundur er reyndar að reyna að fresta gildistöku þeirra þar til í sumar en við vonum að þingið sjái við honum þar. Hvort heldur sem verður þá eru mikilvægar breytingar í farvatninu,“ segir Unnur Birna og greinilegt að hún hefur brennandi áhuga fyrir málefninu.



**LÖGMAÐUR** Unnur Birna fær formleg réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi í næstu viku og getur þar með fylgt málum sínum alla leið og borið fulla ábyrgð á þeim. MYND/PÉTUR RÚNAR HEIMISSON

Unnur Birna og Pétur Rúnar búa saman í Garðabænum með dóttur sína Erlu Rún sem er eins og hálfs árs gömul og fimm ára dóttur Péturs, Lilju Karitas, þegar hún er á landinu, en meirihluta árs er hún búsett í Austurríki. „Systurnar eru báðar algjörir töffarar. Þær eru góðar saman og miklar vinkonur þrátt fyrir að vera mjög ákveðnar báðar tvær,“ segir Unnur Birna og hlær. Það er því allt útlit fyrir að hún sé nú dottin í hið hefðbundna fjölskyldulíf eftir ævintýri síðustu ára. „Já, en svona á þetta að vera. Það sem ég hef tekið mér fyrir hendur hingað til hefur bara verið ákveðinn forsmekkur að lífinu. Mér fannst ég ekki finna tilgang minn og kjarna fyrr en ég fékk dóttur mína í hendurnar, eins dramatískt og það nú hljómar,“ segir Unnur Birna og hlær.

tinnaros@frettabladid.is

# Dönsum ekki Gangnam Style

**Áramótabomba Mið-Íslands og Önnu Svövu í samkeppni við Áramótaskaupið.**

„Við ætlum að pakka árinu saman og binda slaufu á það,“ segir Halldór Halldórsson, meðlimur grínhópsins Mið-Íslands, um Áramótabombu hópsins í Þjóðleikhúsinu hinn 29. desember. Að sögn Halldórs vonast hópurinn til þess að sýningin geti orðið árviss viðburður, en drengjunum til halds og trausts verður leikkonan Anna Svava Knútsdóttir.

„Ég get nánast lofað því að það verða einhver söngatriði,“ segir Halldór, en bætir við að enginn þurfi að óttast það að Gangnam Style verði snarað á íslensku og tilheyrandi dans tekinn. Hópurinn hefur grínast með það að hann sé kominn í samkeppni við Áramótaskaupið en Halldór segir engin illindi þarna á milli. „Áramótaskaupið er mjög fyndið og Anna Svava er reyndar ein af þeim sem skrifa það. En þetta er vissulega áramótaskop eins og Áramótaskaupið.“

Nálgunin er þó ólík og Halldór viðurkennir að uppistandinu fylgi ákveðinn lúxus. „Suma brandara væri aldrei hægt að segja í skaupinu, einfaldlega vegna þess að það væri of kostnaðarsamt. Í uppistandi er hægt að segja hvað sem er og áhorfendur ímynda sér það undir eins. Það er ekkert sem heftir uppistandarann.“ - hva



**FÍNASTA PÚSS** Dóri DNA lofar slaufum og ekta áramótafíling.

# Gerum hús að heimili

**20%** afsláttur af öllum húsgögnum frá **ETHNICRAFT**

**30%** afsláttur af völdum vörum frá **UMBRA**

Mikið úrval jólagjafa

Heitt á könnunni í Kauptúninu!

Bjóðum vaxtalausar afborganir
í allt að 12 mánuði









*Afborganir eru vaxtalausar en 3% lántökugjald bætist við verðið




TEKK COMPANY

Kringlunni og Kauptúni - Sími 564 4400 - www.tekk.is
Opið mánudaga til föstudaga 11-18, laugardaga 11-18 og sunnudaga 13-18

Við erum á Facebook

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060


## Mest lesið vísir

**1** Eldur í húsnæði Maníu: María Birta bjargar verðmætum
**2** Konan varð fyrir strætisvagni
**3** Bílstjórinn í áfalli
**4** Kólumbíumartröðin á enda: "Við erum komin heim!!!!"

## FIMM SPURNINGAR



**Daníel Óliver Sveinsson**
27 ára tónlistarmaður.
Maki: Nafni minn, hann Daniel Nyback (við köllum hann Bareback).
Börn: Engin svo ég viti.

**Hefur maður náð heimsfrægð þegar maður leikur á tónleikum í Stokkhólmi?**
Já, þá er maður heimsfrægur í Stokkhólmi og hugsanlega á Álandseyjum líka.

**Hvort myndirðu frekar semja lag fyrir Lindex-auglýsingu eða H&M-auglýsingu?**
Hvorugt! Mig dreymir hins vegar um að leika í Dressmann-auglýsingu.

**Hvenær ætlarðu að vinna Eurovision fyrir Íslands hönd?**
Ég held að það sé eitthvað samráð í gangi hvað varðar framgöngu okkar í Júró! Við vinnum aldrei en erum alltaf með flottasta lagið. Ég meina, við getum klárlega haldið þetta í Hörpunni. Hún tekur níu þúsund manns, er það ekki?

**Hvort er vænlegra til árangurs, ljósabekkir eða brúnkukrem?**
Ef maður vill líta út eins og Arnar Grant, þá notar maður kremin. En ef maður vill líta út eins og mamma Stiflers þá notar maður bekkina!

**Hvert verður þitt fyrsta verk sem „Poppprins norðursins" þegar sá titill er í höfn?**
Ég ætla að láta byggja stóra styttu af mér við Kungsholmstorg, þar sem ég bý, og ég vil fá fálkaorðuna frá Ólafi Ragnari, forseta vorum!







595,-
**IKEA 365+** diskur B18×L18cm. Hvítt

**FANTASTISK** servíettur. B40×L40cm Ýmsir litir **495,-/50 í pk.**

**IKEA 365+** bolli m/undirskál 20cl. Hvítt **495,-/2 í setti**

**GODTA** skálar. Ø11, H8cm Ýmis mynstur **495,-/stk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Himnasending á veisluborðið þitt



**JULFINT** servíettur B33×L33cm Ýmis mynstur **295,-/30 í pk.**

**TRIVSAM** sósukanna 0,6l. H11cm. Hvítt **995,-**
*Einnig til blátt*

**DRAGON** kaffiskeiðar L11cm. Ryðfrítt stál **795,-/6 í pk.**

**IKEA 365+** kaffisett. Inniheldur: Bakka L25×B11cm, mjólkurkönnu 28cl, sykurkar H6cm og töng L13cm. Hvítt/ryðfrítt stál **1.690,-/4 í setti**

**IKEA 365+** skál. L11×B11, H4cm. Hvítt **695,-**

**JULFINT** kampavínsglös Gler. 18cl Doppótt **995,-/2 í pk.**

**FÄRGRIK** matarstell. Inniheldur: Diska Ø27, djúpa diska Ø24 og hliðardiska Ø21cm, 6 af hverju **5.990,-/18 í setti**

495,-
**JULFINT** servíettustandur H14cm. Silfurlitt

695,-
**MÅLTID** skál. L16×B16, H5cm. Hvítt

595,-/stk.
**RÄTTVIK** rauðvínsglös. 35cl. H18cm. Glært gler

**BÄRBAR** bakki. B20×L28cm Hvítt/jólasveinar **595,-**

**LOJA** hnífaparasett Inniheldur: Gaffla, hnífa, matskeiðar og teskeiðar, 6 af hverju **5.490,-/24 í setti**

**GODIS MIX** glös. Gler. 23cl H10cm. Rautt **995,-/6 í pk.**

**VEITINGASTAÐURINN**



995,-
Steiktur kalkúnn, sósa, fylling, maísbaunir, rauðkál og brúnaðar kartöflur

## Dagskrá helgarinnar kl. 13-17

- Ókeypis myndataka með jólasveininum.
- Jólaglögg fyrir byrjendur og lengra komna.
- Við búum til góðgæti úr marsipani og bökum smákökur.
- Tónlistaratriði í anddyri laugardag og sunnudag kl. 15 og 17:30.

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**